Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók skólanefndar 1901-1931

Aðfnr. 83

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók skólanefndar

1901
:
1931

.077.5 - .851

83

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi, sem er 470 - fjögur hundruð og sjötíu - blaðsíður, gegnumdregin og búin innsigli Stiptsyfirvalda Íslands, löggildist hjer með til þess að vera

Gjörðabók fyrir barnaskólanefnd
Reykjavíkur.

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 30. septbr. 1901

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
83.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901, 29. dag septembermán. kl. 4e. hád. átti skólanefndin fund með sér.

1. Umsóknir um kenslu voru 33, þaraf frá 19, sem eigi höfðu kent áður. Skólastjóri lagði fram tillögu sína um skifting kenslunnar og ráðning kennara, sem hér fer á eftir, og samþykti skólanefndin hana.

| | | |
|---|---|---|
| Frk. Þóra Friðriksson kennir | 17 | stundir á viku |
| – Guðlaug Arasen – | 24 | – – – |
| Frú Anna Magnúsdóttir – | 10 | – – – |
| Frk. Laufey Vilhjálmsdóttir – | 25 | – – – |
| – Martha Stephensen – | 10 | – – – |
| – Sólveig Sveinsson – | 23 | – – – |
| – Ólafía Jóhannsdóttir – | 16 | – – – |
| – Guðrún Daníelsdóttir – | 6 | – – – |
| – Ingibjörg Guðbrandsdóttir – | 5 | – – – |
| – Ingibjörg Sigurðardóttir – | 8 | – – – |
| – Sigríður Olafsson – | 6 | – – – |
| – Þórunn Kristjánsdóttir – | 3 | – – – |
| Hjálmar Sigurðsson – | 7 | – – – |
| Pjetur Hjaltested cand. phil. – | 20 | – – – |
| Þórður Jensson – | 20 | – – – |
| Magnús Magnússon B.A. | 5 | – – – |
| Magnús Þorsteinsson cand. theol. | 22 | – – – |
| Einar Gunnarsson cand. phil. | 9 | – – – |
| Benedikt Sveinsson student | 20 | – – – |
| Frk. Louise Zimsen – | 6 | – – – |
| Frú – Siemsen – | 6 | – – – |
| Stefán Eiríksson myndskeri | 6 | |
| | 274 | |

Þorl. Bjarnason – 3
Jónas Helgason – 13
aðst. kenn. – 29
skólastj. – 6
325

Ingibjörg Guðbrandsdóttir og Magnús Magnússon kenna að eins leikfimi, Frk. Zimsen, frú Siemsen og Stefán Eiríksson að eins handavinnu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lector Þórhallur Bjarnarson tók að sér að kenna Íslandssögu í 5. bekk eins og í fyrra, 3 stundir á viku. Jónas Helgason organisti kennir söngfræði og söng í öllum skólanum, eins og að undanförnu, 13 stundir á viku. Aðstoðarkennarinn skyldi kenna 29 stundir og skólastjóri 6 stundir á viku.

2. Áhöld til smíðakenslu voru komin og byrjað að búa út smíðastofu í suðurenda kjallarans. Stefán Eiríksson kom til viðtals á fundinn og kvaðst hann geta verið þrjá daga vikunnar frá kl. 1–3 við smíðakensluna í 3 efstu bekkjunum og gæti skólastjóri ákveðið dagana. Skólastjóra var falið að fá til viðtals frú Siemsen og fröken Zimsen til að koma niður kenslu í saum og prjóni samhliða smíðakenslutímunum. Var ætlast til að kenslan í saum taki hálfu lengri tíma alls skóla-ársins, en kenslan í prjóni

Eins og áður hefur verið samþykkt af bæjarstjórn verður borgun til Stefáns Eiríkssonar 75 aurar um stundina

3. Skólastjóri lagði fram tillögu um niðurröðun kenslunnar í framhaldsbekknum, sem nú er stofnaður. Aðalkenslugreinir verða þar enska, 6 stund. á viku, íslenzka, 3 stundir, danska 3 stundir, stærðfræði með bókfærslu 4 stundir. Auk þessa verður kristindómur (1 st.), landafræði (1 st.), sagnafræði (1 st.), teikning (2 st.), söngfræði og söngur (2 st.), handavinna (2 st.), leikfimi fyrir stúlkurnar 1 st., fyrir drengi 1 st. Heilsufræðin, sem kend var í 6. bekk í fyrra, færist til þessa bekkjar í sambandi við náttúrufræði, og hefur héraðslæknir Guðmundur Björnsson tekið að sér kensluna í þessum greinum (1 st.) Aðrir kennarar í bekknum eru: Árn. J. Friðriksson (landafræði), frk. Sigríður Ólafsson (enska) frk. Laufey Vilhjálmsdóttir (teikning) Pétur Hjaltested (danska) Magnús Þorsteinsson (íslenzka), Einar Gunnarsson (stærðfræði ..), Jónas Helgason (söngfræði ..) Haraldur Níelsson cand. theol. (kristindómur), skólastjóri (sagnafræði.) Handavinnu og leikfimi kenna sömu kennarar sem í 5. og 6. bekk.

4. Bæjarstjórnin hafði eftir tillögum skólanefndarinnar fært borgunina fyrir tímakenslu upp í 4800 kr. og skyldi skólanefndin gjöra tillögur um það, hvernig bæta skyldi launakjör eldri kennaranna. Skólanefndin leggur til, að þeir kennarar, sem kenna að minsta kosti 12 stundir vikulega, fái á 5. kensluári sínu hækkun upp í 60 aura um stundina, en á 10. kensluári upp í 75 aura. Samkvæmt því fengju nú 5 kennarar, sem allir hafa unnið við skólann 9 ár og lengur og allir hafa 12–24 stundir á viku, hækkun, sem nemur samtals um 600 kr. Kennararnir eru þessir: Jónas Helgason, Þóra Friðriksson, Guðlaug Arason, Pétur Hjaltested og Þórður Jónsson.

5. Meðmæli skólanefndar til ókeypis kenslu að öllu leyti voru gefin með 10 börnum og 2 að hálfu leyti. Ein umsókn (Sigurðar Jónssonar í Lindarhúsi) skyldi rannsakast betur.

6. Skólastjóri skýrði frá, að nú væru fengin tvísetin borð í allar tólf kenslustofur eftir smíði því, er fengið var frá Kaupmannahöfn árið, sem skólinn var bygður, samtals í allan skólann 180 borð fyrir 360 börn. Verðið öll árin, sem borðakaupin standa yfir (1898–1902) 14 kr. að meðaltali fyrir hvert borð

7. Jón Sveinsson smiður hafði í erindi 21. sept. farið fram á, að fá nú útborguð þau 30 borð, er borgað skyldu á yfirstandandi ári, en skólanefndin var ekki ánægð með, með 13 krónum hvert. Þar sem Jón Sveinsson hafði að nokkru bætt borðin og með hliðsjón af hækkuðu timburverði, vildi skólanefndin eigi synja samþykktar á þeirri útborgun. Ennfremur beiddist Jón Sveinsson útborgunar nú þegar á 5 af þeim 30 borðum, er hann hefur skilað, en fyrst eiga að borgast næsta ár, hvert með 15 krónum. Skólanefndin vonar að fé sé fyrir hendi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þetta ár til þeirrar útborgunar.

Ákvæði um einkunnagjafir, skyldur tímakennara og útreikning einkunna, skyldu standa sömu og áður, nema hvað nauðsyn er að hækka borgun fyrir útreikning einkunna úr 100 kr. upp í 125 krónur, þar sem nú verða 12 bekkir og fyrirsjáanlega fleiri börn en síðastl. ár.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Jóhann Þorkelsson. Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson.

---

Eftir að hafa tvívegis sett forföllum meðal nefndarmanna kom skólanefndin saman á fund til að líta eftir, hvort fyrirmælum 8. gr. og fyrra stafl. 31. gr. í reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík 27. okt. 1862 væri fullnægt hjá þeim mönnum sem tilkynnt hafa bæjarstjórninni skólahald sitt samkvæmt viðauka við VIII. kafla lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkur kaupstað 15. nóvbr. 1890. (90 ten. feta rúm handa hverju barni, nauðsynleg áhöld og loftthreinsunarglugga).

Var fyrst skoðaður skólinn í Landakoti. 1. stofa 1343 ten. fet. fyrir 14,9 börn. Þar voru 14. — 2. stofa 1255 ten. fet. fyrir 13,9 börn. Þar voru 11. — 3. stofa 1255 ten. fet. fyrir 13,9 börn. Þar voru 12. — Loftthreinsun í ræðum. Umgengni þrifaleg.

Síðan var skoðaður skólinn í Bröttugötu 4. — 1 stofa 810 ten. fet fyrir 9 börn. Þar er kennt 14. — Glugga má opna. Að öðru leyti vantaði loftthreinsun, sem er fyrirskipuð. Umgengni góð.

Skólinn í Mjóstræti 8. 1 stofa 856 ten. fet. fyrir 9,5 börn. Þar er kennt 16 í einum flokki, 10 í öðrum. Glugga má opna. Loftthreinsun heimtuð. Umgengni teljl. fullnægjandi.

Skólinn í good-templarahúsinu. Stofa björt og vel rúmgóð. Þar er kennt 26 börnum, og nægilegt rúm. Loft gott. Umgengni góð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólinn á Skólavörðuveg 4. 1 stofa 919 ten. fet, fyrir 10 börn. Þar er kent börnum í 2 flokkum, 11 í hvorum, 3 stundir í senn. Lagt fyrir að bæta loftræsinguna. Umgangur góður.

Komið var til Þórðar Stefánssonar á Smiðjustíg 4, sem kennir 5+5+6 börnum í 3 flokkum og heyrir því eðli meðir framangreint eftirlit nefndarinnar. Sömuleiðis til Sigurðar Eiríkssonar á Laugaveg 26, sem kennir 4+5 börnum í 2 flokkum.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson

Ár 1901, 2. dag desbr. kom skólanefndin saman í barnaskólahúsinu kl. 11 árdegis til að athuga og segja álit sitt um tvö umsóknarskjöl um styrk til að ganga eitt ár (1902-1903) á kennslustofnun í Kaupmannahöfn, frá meyjunum Laufeyju Vilhjálmsdóttur og Ingibjörgu Guðbrandsdóttur. Skólanefndin samþykti og gaf svolátandi meðmæli: meyjr. Laufeyju:

" Skolekommissionen anbefaler Ansøgningen paa det Varmeste, idet den fremhæver, at den unge Lærerinde har stor Interesse for sin Gjerning og er i Besiddelse af udmærkede Evner, og at Skolen trænger særlig til flinke Klasselærerinder.

Fra Borgerskolen i Reykjavik indgaar denne Gang 2 Ansøgninger om eetaarigt Kursus, og det er os særlig magtpaaliggende at begge Ansøgninger maatte komme i Betragtning. Hvis det ikke lader sig gjøre, saa vil vi særlig anbefale Frøken Bjarnasons Ansøgning som værende af størst Betydning for Skolen."

og meyjr. Ingebjörgu:

Skolekommissione anbefaler Ansøgeren paa det Varmeste. Ansøgeren har kun været kort Tid ved Skolen, men lader til at være meget flink og energisk, og Skolen trænger meget til en uddannet Gymnastiklærerinde, der ogsaa kunde lære

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1901–1902.

Pigebörn Svömning, hvilken Undervisning vi hidtil har maattet undvære for Pigebörnenes Vedkommende.

Skolekommissionen i Reykjavik, 2. december 1901

Jóhann Þorkelsson. Björn Bjarnarson. G. Björnsson

Þriðjudaginn 4. marz 1902 átti skólanefndin fund með sér í barnaskólahúsinu, kl. 8½ síðdegis.

Thorvaldsensfélagið hafði sótt um húsnæði í skólanum til ókeypis handvinnuskóla fyrir fátæk stúlkubörn, frá 14. marz – 14. maí næstk., 2 stundir síðdegis, og óskar að fá 2 herbergi hituð eftir þörfum í þessu skyni. Hið umbeðna var veitt, þar með talin ókeypis ræsting.

Skólanefndin hafði milli funda heimilað nefnd frá Stúdentafélaginu (University Extension) eina kennslustofu til afnota, að kveldi dags, mánuðina desember–febrúar, til fyrirlestra.

Sömuleiðis hafði leikfimiskennara Ingibjörgu ~~Brands~~ Guðbrandsdóttur verið leyft leikfimishúsið til að kenna nokkrum ungum stúlkum leikfimi, frá byrjun febrúarmánaðar, 3 stundir á viku, með því skilyrði að þær einu og börnin notuðu sérstaka leikfimisskó.

Bæjarstjórnin hafði vísað til úrslita nefndarinnar umkvörtun Einars Björnssonar í Ráðagerði yfir hálfu skólagjaldi er honum hafði verið gjört að greiða með einu barni. Nefndin áleit að kringumstæðum Einars væri svo varið, að ástæða væri til að gefa eftir alt gjaldið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1902.

Þar eð héraðslæknir Guðmundur Björnsson varð sökum anna að hætta við kennslu í heilbrigðisfræði í framhalds-bekknum, var stud. med. Jón Jónsson ráðinn til þess frá nýári.

Skólastjóri skýrði frá að vatn gengi niður með grunni leikfimishússins að austan og norðan og kæmi upp í kjallaranum. Nefndin áleit nauðsynlegt að gjöra öflugt lokræsi við austurgafl hússins og leiða vatnið norður úr, og fól skólastjóra framkvæmd á verkinu, þegar frost væri farið úr jörðu.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson.

Laugardaginn 26. april átti skóla-nefndin fund með sér í barnaskólahúsinu kl. 8½ síðdegis.

Bæjarstjórnin hafði sent til umsagnar erindi Sigurðs kaupmanns Torfasonar um linun á skólagjaldi fyrir dóttur sína er 6 vikur hafði verið frá skólanum vegna veikinda, og óskaði bæjarstjórn að fá tillögur um hverjum reglum skyldi fylgja í slíkum tilfellum.

Skólanefndin áleit ~~heppilegast~~ örðugt að setja fastar reglur um slíkt, en taldi rétt að læknisvottorð fylgdi jafnan beiðnum um eftirgjöf vegna sjúkdómsfor-falla. Eftir atvikum vildi nefndin mæla með því að veitt væri eftirgjöf á hálfu skólagjaldi þessa barns Sigurðs kaupmanns um tímann frá 1/10 – 31/12 1901

(~~Ábúanda hafði Thorvaldsensfélagið~~)

Hallgrímur kennari Jónsson í Breiðabólstöðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1902

á Álftanesi hafði ~~sótt~~ umsókn um kenslu frá næsta hausti, 24 st. minst á viku, og beiðst svars hið skjótasta. Skólanefndin gat ekki, sist nú, tekið umsóknina til greina.

Skólastjóri lagði fram uppkast að próftöflu, hann vakti og máls á því að örðugt væri að fá utanskóla-prófdómendur og áleit að þeir mættu missa sig. Nefndin var því samþykk og ráðgjörði sjálf að vera við prófið að því er hún hefði tíma til. Prófið skyldi byrja 2. maí og enda 10.

Ákveðið var að drengirnir mættu eiga muni þá sem þeir hafa smíðað við „slöjd“-kensluna. Slöjd-kennaranum skyldi lánað ókeypis hús með áhöldum til framhalds-kenslu í sumar fyrir börn, sem voru á skólanum í vetur.

Skólastjóra falið að auglýsa sundkenslu sem að undanförnu, og þess krafist að kenslan sé vel notuð.

Skólastjóri gat þess að einstaka börn vildu nú sem fyr sleppa því að taka prófið, ekki sízt fermingarbörnin, og ráðgjörði dómkirkjuprestur inn að tala við hlutaðeigandi foreldra.

Skólastjóra var falið að hugsa fyrir verðlaunabókum.

Jóhann Þorkelsson. Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson.

Mánudaginn 12. maí kl. 8 e. h. átti skólanefndin fund með sér, og gjörðist það er hér segir:

Verðlaun skyldu veitt þessum börnum:

1. Svava Þórhallsdóttir (5,79): Sálmabókin
2. Marta Indriðadóttir (5,71) Sálmabókin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Sigrún Jóhannesdóttir (5,69): Austan hafs og vestan
4. Ásmundur Guðmundsson (5,64): Bók: Danske Læsestykker

Þessi 4 börn öll í 6. bekk.

5. Margrét Sveinsdóttir í 5. b. (5,83): Austan hafs og vestan
6. Júlíana Hansdóttir í 4. b. B. (5,79): Sálmabókin.

Ennfremur þessi 2 börn í framhaldsbekknum:

7. Ingigerður Zoëga (5,47): Sálmabókin
8. Soffía Ásgeirsdóttir (5,42): Sálmabókin.

Drengir í framhaldsbekknum, sem fengið höfðu hærri einkunnir við prófið, koma eigi til greina við verðlaunaveitinguna, af því að þeir höfðu með samtökum verið burtu frá kenslustund.

Frá því snemma í marzmánuði hafði fröken Þóra Friðriksson af heimilisástæðum mælst undan því að halda áfram kenslu til loka skólaársins, og hafði stúdent Karl Nikulásson tekið stundir hennar og haldið prófið.

Skólastjóra var falið að láta mála ofnplöturnar í skólahúsinu, svo og láta gjöra að herbergi í íbúðinni, ~~og bætta~~ og mála slöjd-kenslustofuna.

Jóhann Þorkelsson. Björn Bjarnarson. G. Björnsson.

Miðvikudaginn 17. september 1902 átti skólanefndin fund með sér til að álíta umsóknir um eftirgjöf á skólagjaldi. Fundurinn haldinn kl. 9 e. h. Nefndin mælti með að 45 börn fengu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1902.

eftirgefið alt skólagjaldið, og 48 börn hálft.

Jóhann Þorkelsson  Þórh. Bjarnarson.  G. Björnsson.

Mánudaginn 29. sept. átti skólanefndin fund með sér, kl. 8 e.h. í barnaskólahúsinu.

Nefndin gjörði tillögur um eftirgjöf á skólagjaldi að öllu leyti fyrir 6 börn og að hálfu leyti fyrir 8 börn og 3/4 hlutir gjaldsins eftirgefnir fyrir 2 börn.

Tala barna sem væntanleg eru í skólann sem stendur nam um 400, og áleit nefndin því óumflýjanlegt að skifta 2-3 bekkjum, byrjaði því kenslan kl. 8-9 að morgni og endaði 3-4. Að svo miklu leyti sem sú skifting kæmi niður á neðstu bekkjunum skyldi kenslan eigi standa yfir nema 3 stundir á dag.

Framhaldsbekknum skyldi haldið áfram í sama formi og síðastliðinn vetur, og skyldi auglýst að nýfermd börn yrðu líka tekin í hann.

Litið var yfir umsóknir kennara, höfðu 16 eigi sótt, og var talað um hverjir þeirra væri líklegastir, en eigi fært að ákveða frekar um ráðning kennara, meðan bekkjaskipunin er eigi gjörð. Búist var við að bekkjakennarar væru 4-5 í neðstu bekkjunum, og þeir teknir helzt meðal hinna eldri kennara.

Reynt skyldi að fá Ólaf Rósinkranz til að kenna drengjunum leikfimi, altend í efstu bekkjunum, fröken Sigríði Björnsdóttur til að kenna teikning í 7 bekk, og Harald Níelsson til að kenna íslenzku í sama bekk.

Fundur ákveðinn til kennararáðningar föstudagsmorgun kl. 8.

Jóhann Þorkelsson  Þórh. Bjarnarson.  G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 3. október kl. 8 e.h. átti nefndin fund með sér í barnaskólahúsinu.

Skólastjóri skýrði frá að hann hefði skift börnunum í 15 bekki, 5. og 6. bekkur í einu lagi, 4. bekkur þrískiftur, 3. bekkur tvískiftur, 2. bekkur fjórskiftur og 1. þrískiftur.

Kennarar þeir sem á næsta fundi á undan eru nefndir höfðu orðið við tilmælum nefndarinnar, Ólafur Rósinkranz þó ekki treyst sér að hafa fleiri en 3–4 stundir á viku. Samþykt var að fela Rósinkranz að útvega sem fyrst hin nauðsynlegustu leikfimisáhöld til viðbótar við þau sem eru.

Skólastjóri lagði fram tillögu sína um skifting kenslunnar og ráðning kennara og var hún samþykt eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fröken Þóra Friðriksson | 24 | stundir á viku |
| — " — Guðlaug Arason | 24 | — " — |
| Hjálmar Sigurðsson | 4 | — " — |
| Þórður Jónsson | 24 | — " — |
| Pétur Hjaltested | 20 | — " — |
| Ingibjörg Bjarnason | 27 | — " — |
| Kristín Aradóttir | 19 | — " — |
| Anna Magnúsdóttir | 18 | — " — |
| Martha Stephensen | 17 | — " — |
| Guðrún Daníelsdóttir | 17 | — " — |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 17 | — " — |
| Sigríður Ólafsson | 6 | — " — |
| Þórunn Kristjánsdóttir | 17 | — " — |
| Haraldur Níelsson | 3 | — " — |
| Einar Þórðarson | 15 | — " — |
| Jón Jónasson | 12 | — " — |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1902

Jón Jónsson stud. med. (heilsufræði) . . 1 st. á viku
Karl Nikulásson . . 12 — " — Skólastj. = 7
Lárus Benediktsson uppgjafaprestur . . 4 — " — Aðstkenn. = 28
Margrét Þorkelsdóttir ungfrú . . . . . 6 — " — Þ.B = 3
Sigríður Björnsdóttir — " — (teikning) . 2 — " — J.H = 17
Sigurbjörn Á. Gíslason . . . . . 9 — " — M.E = 8
S.Þ = 6
M.S. = 6
H.P = 6

Lector Þórhallur Bjarnarson tók að sér að kenna Íslandssögu í 5. bekk, eins og næst undanfarna vetur, 3 stundir á viku. Jónas Helgason organisti kennir söng 17 stundir á viku. Ólafur Rósenkranz kennir leikfimi og sömul. Matthías Einarsson stud. med., hvor 4 stundir á viku. Stefán Eiríksson myndskeri kennir drengjunum í framh. 6., 6. og 5. bekk trésmíði (Slöjd) 6 stundir á viku. Frú M. Siemsen og ungfrú Hallfríður Proppé eru ráðnar til að kenna stúlkum í sömu bekkjum handavinnu, hin fyrnefnda prjónaskap fyrri part vetrar (6 st.), hin síðarnefnda léreftasaum seinni part vetrar (6 st.)

Aðstoðarkennarinn skyldi kenna 28 stundir á viku og skólastjóri 7 st.

Ákveðið var að gefa að eins mánaðarlega einkunnir í 4 neðstu bekkjum skólans (1. A., 1. B., 1. C., 2. A.) og viku-einkunnir þeim börnum, er þeirra hafa óskað.

Öll stundakensla veitt með sömu skilyrðum og áður að því er snertir skyldur kennara til að taka þátt í umsjón milli kenslustunda o. fl.

Vegna hins mikla barnafjölda, sem kominn er í skólann og þar af leiðandi talsvert umfangsmikilla starfa og snúninga fór skóla-stjóri fram á að mega vera laus við umsjón á leikvellinum. Þetta samþykkti skólanefndin og fól aðstoðarkennaranum yfirumsjónina úti við meðan hann væri í skólanum.

Loks var skólastjóra falið að ráða menn fyrir hæfilega borgun til að annast útreikning einkunna og umfærslu nafna í dagbækurnar o. fl.

Jóhann Þorkelsson  Björn Bjarnarson.  G. Björnsson.

Miðvikudag 8. okt. kl. 9 e. hád. átti skólanefndin fund með sér í barnaskólahúsinu til þess að ráðstafa stundum þeim, er veittar höfðu verið ungfrú Ingibjörgu Bjarnason, en hún kom ekki með póstskipinu („Laura"), eins og til stóð, hinn 7. þ. m.

Þær 19 kenslustundir, sem henni var ætlað að hafa í 2. B. voru nú veittar Jóni kennara Jónassyni; en þær 12 stundir, sem honum hafði verið ætlað að kenna (í 2. bekk C) voru aftur veittar cand. theol. Bjarna Hjaltested. Leikfimi með öllum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stúlkum í skólanum (8 stundir á viku), sem Ingibjörgu Bjarnason og var ætlað, var nú falin ungfrú Sigrúnu Ísleifsdóttur.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson.

Í nóvembermánuði hafði skólanefndin litið eftir skólahaldi hjá einstökum mönnum út um bæinn, samkv. viðauka við VIII kafla lögreglusamþyktar Reykjavíkur.

Börn voru í öllum stöðunum framt að 200, og hafði skólanefnd eigi verulegt að athuga, nema helzt við skólann í Mjóstræti 8, hjá kennara Þorleifi J. Jónssyni, og lofaði hann nauðsynlegum umbótum, að öðrum kosti yrði honum eigi heimilt að skólahald áfram. Hann hefur nú 46 börn í 3 deildum frá kl. 9-12; 12-2; 2-5.

Þórður Stefánsson heldur skóla á Laugav. 26. – Börn 24 að tölu í 3 deild. – 2 st. hver. Húsrúm: l. 6 áln., br. 4 áln., hæð tæp. 3½ al.

Sig. Eiríksson kennir á Laugav. 27. – Börn 22 að tölu í 4 deildum: 2 st. + 2 st. + 1 st. + 1 st. Húsrúm: kjallaraherbergi, 9×10,5×7 fet.

Sveinn Guðnason kennir á Skólav.stíg 4. Börn 10 í 3 st. og 11 í 3 st. – Húsrúm sæmilegt.

Um kaþólska skólann er allt hið sama að segja og í fyrra. Börn c. 32.

Jóhann Þorkelsson. Þórh. Bjarnarson.

Í desembermánuði var Guðrún Daníelsdóttur gefin meðmæli til að fá sem ríflegastan styrk við Statens étårige Kursus veturinn 1903-4.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1903.

Skólanefndarfundur var haldinn 11. maí 1903 til að úthluta verðlaunum. Verðlaun hlutu þessi börn:

1. Laufey Valdimarsdóttir, í framh.b. (5,67) fékk „Tilt og Stilku"
2. Sigríður Björnsdóttir, í framh.b. (5,64) fékk sömu bók.
3. Sigríður G. Zoëga, í framh.b. (5,44) fékk sömu bók.
4. Bjarni Snæbjörnsson, í framh.b. (5,44) fékk Fornsöguþætti tvö bindi
5. Hólmfríður Halldórsdóttir, í 6. bekk (5,76) fékk Sálmabókina
6. Þorkell Ólafsson, í 6. bekk (5,55) fékk Austan hafs og vestan.

Milli funda hafði skólanefndin í byrjun marzmánaðar leyft Thorvaldsensfélaginu að nota 3 bekki til handavinnukenslu fyrir fátæk ~~skólabö~~ stúlkubörn, frá 14. marz – 14. maí.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson

Ár 1903 16 sept. átti skólanefndin fund með sér til að gjöra tillögur um umsóknir um frí-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kenslu í skólanum. Bæjarstjórnin vísaði á fundi 17. s.m. umsókninni aftur til skólanefndar, að hún í samráði við bæjarfógeta veitti fríkenslu þeim börnum er ástæða væri til að veita.

Jóhann Þorkelsson  Þórh. Bjarnarson.  G. Björnsson.

Ár 1903, 28. sept. átti skólanefndin fund með sér til að athuga umsóknir um kenslu við skólann. Af fyrverandi kennurum við skólann höfðu 18 gefið kost á sér, og 14 nýir sótt um kenslu, 7 karlmenn og 7 kvennmenn. Fullnaðarúrslitum um ráðningu kennara var frestað.

Organisti Jónas Helgason, sem kent hafði við skólann 27 ár, með frábærri alúð og skyldurækni, hafði andast 2. september, og hafði skólanefndin gefið frá skólanum prýðilega vandaðan kranz á kistu hans, í virðingar og þakklætis skyni. Brynjólfur söngkennari Þorláksson hafði lofað að taka að sér söngkensluna 10–12 stundir, en hinar söngkenslustundirnar voru ætlaðar fröken Mörthu Stephensen.

Kand. mag. Guðmundur Finnbogason var ráðinn til að kenna íslensku í 6. b. og 5. b. A, samtals 8 stundir, þó að hann stöðu sinnar vegna yrði að hætta þeirri kenslu um nýjár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1903.

Fröken Ingibjörg Guðbrandsdóttir, sem verið hefir síðastliðinn liðinn vetur á leikfimiskursus í Kaupmannahöfn, skyldi líka taka að sér kenslu dreng-janna í neðri bekkjunum.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson

Ár 1903, 7. okt. átti skólanefndin fund með sér. Dómkirkjuprestur fjarverandi:

Skólastjóri skýrði frá því að komin væru 413 börn í skólann, þar af var 60 börnum ætlaður Thorkillii-styrkur, 61 ókeypis kenslu að öllu leyti og 48 að hálfu leyti. Enn fremur væru komin í skólann c 70 þurfamanna börn

Ráðning kennara var til lykta leidd á fundinum, og urðu þeir þessir:

| Fyrsta kensluár | | |
|---|---|---|
| 1890 | Guðlaug Arason | 24 stundir á viku |
| | Þórður Jensson | 24 – – – |
| 1892 | Pétur Hjaltested | 20 – – – |
| 1893 | Ingibjörg Bjarnason | 17 – – – |
| 1894 | Kristín Aradóttir | 20 – – – |
| 1899 | Anna Magnúsdóttir | 10 – – – |
| 1899 | Laufey Vilhjálmsdóttir | 29 – – – |
| 1899 | Martha Stephensen | 23 – – – |
| 1901 | Stefán Eiríksson | 6 – – – |
| 1901 | Ingibjörg Sigurðardóttir | 17 – – – |
| 1901 | Sigríður Olafsson | 5 – – – |
| 1902 | Séra Bjarni Hjaltested | 11 – – – |
| | Einar Þórðarson | 13 – – – |
| 1901 | Ingibjörg Guðbrandsdóttir | 16 – – – |
| | St. | 235 – – – |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1903.

| | | |
|---|---|---|
| | | Kr. 235 |
| | Karl Nikulásson | 24 st. á viku |
| 1902 sr. | Lárus Benediktsson | 6 |
| 1902. | Margrét Þorkelsdóttir | 10 |
| 1903. | Anna Gudbrandsdóttir | 8 |
| 1903. | Brynjólfur Þorláksson | 11 |
| 1903. | Gudmundur Finnbogason | 8 |
| 1903. | Gudmundur Tómasson | 6 |
| 1902. | Olafur Rósenkranz | 2 |
| 1903. sr. | Ingvar Nikulásson | 7 |
| 1903. | Ragna Stephensen | 6 |
| 1903. | Þurídur Jóhannsdóttir | 3 |
| | Lektor Þórhallur Bjarnarson tók að sér að kenna Íslands sögu í 5. bekk (A) eins og næst undanfarin ár | 3 |
| | Frk. Ingibjörg Erlendsdóttir kenndi handavinnu (leirflatsaum) fyrri og síðari hluta vetrarins og frú M. Siemsen prjón um miðjan veturinn | 9 |
| | Skólastjóri skyldi kenna | 5 |
| | og aðstoðarkennarinn | 36 |
| | Samtals: | 376. |

Kenslustörfin voru veitt með sömu skilyrðum og áður, að kennararnir tekju þátt í umsjóninni úti við og mættu á kennarafundum án sérstakrar borgunar o. s. frv.

Ákveðið var að gefa að eins eina einkunn á mánuði í öllum deildum 1. og 2. bekkjar og eina einkunn á viku í hinum öðrum bekkjum skólans.

Samþykt var að heimila Stúdentafélaginu eina kenslustofu til afnota, að kveldi dags, mánuðina desember – febrúar, til fyrirlestra.

Sömuleiðis var frk. Ingibjörgu Gudbrandsdóttur veitt leyfi til að nota leikfimishúsið nokkrar stundir á viku, síðari hluta dags, til leikfimiskenslu.

Jóhann Þorkelsson  Björn Bjarnarson  G. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1903.

## Tafla, er sýnir vikustundir námsgreinanna

| Námsgreinir | | 1.A. | 1.B. | 2.A. | 2.B. | 2.C. | 2.D. | 2.E. | 3.A. | 3.B. | 3.C. | 4.A. | 4.B. | 5.A. | 5.B. | 6.b. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristindómur | Kver | | | | | 3 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 60 |
| | Bibls. | 1 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | | | | |
| Íslenzka | Lestur, Réttrit. | 7 | 7 | 6 | 5 | 8 | 7 | 7 | 5 | 5 | 5 | 6 | 6 | 4 | 4 | 4 | 86 |
| Skrift | | 5 | 4 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 2 | 2 | 1 | 59 |
| Reikningur | | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 72 |
| Sagnafræði | | | | | | | | | | | | | | 3 | 3 | 3 | 9 |
| Landafræði | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 16 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 6 |
| Danska | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 13 |
| Söngfræði og söngur | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 15 |
| Teikning | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| Handavinna | stúlkur | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 12 |
| | drengir | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | 2 |
| Leikfimi | stúlkur | 1.A og 2.B | | 1.B og 2.A. | | 2.C. | 2.D og 2.E. | | 3.A og 4.A. | | 3.B. | 3.C. | 4.B og 5.B. | | 5.A og 6. | | |
| | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 9 |
| | drengir | 1.A og 2.B | | 1.B og 2.A | | 2.C. | 2.D og 2.E. | | 3.A og 4.A. | | 3.B. | 3.C. | 4.B og 5.B. | | 5.A og 6. | | |
| | | 1 | | 1 | | 1 | 1 | | 1 | | 1 | 1 | 1 | | 1 | | 9 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | 376 st. |

## Skifting kenslunnar milli kennaranna:

### Anna Guðbrandsdóttir:
Skrift í 2. bekk D og 2. bekk E. . . . . . . . . . . 8 st.

### Anna Magnúsdóttir:
Kristindómur í 3. bekk C og 4. bekk B . . . . . 10.

### Bjarni Hjaltested:
Kristindómur og reikningur í 2. bekk C . . . . . 11.

### Brynjólfur Þorláksson:
Söngfræði og söng í 1.B, 2.E, 3.A, 3.C, 4.A, 4.B, 5.A, 5.B, 6. bekk = 9 st.
Samsöngur í 5.A, 5.B og 6. bekk . . . . . . . 2. 11.

### Einar Þórðarson:
Réttritun í 2.C, Kristind. í 2.D, Skrift í 4.B . . . . . . . 13.

### Guðlaug Arason:
Skrift í 3.A, 3.B, 3.C, 4.A, 5.A, 5.B, 6. bekk . . . 24.

Fl. 77.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1903.



Fluttar . . 77 st.

## Guðmundur Finnbogason:

Íslenzka í 5. A. og 6. bekk . . . . . . . . 8

## Guðmundur Tómasson:

Náttúrusaga í 5. A., 5. B. og 6. bekk . . . . . 6

## Ingibjörg Bjarnason:

Kristindómur, lestur, skrift, reikningur . . . 17

## Ingibjörg Guðbrandsdóttir:

Leikfimi með stúlkum í öllum bekkjum . . . . . . 9
Leikfimi með drengjum í 1. A., 1. B., 2. A., 2. B., 2. C., 2. D., 2. E., 3. A., 3. B., 3. C., 4. A. = 7 . . 16

## Ingvar Nikulásson:

Kristindómur í 2. E. . . . . . 7

## Ingibjörg Sigurðardóttir:

Kristindómur, lestur, skrift, reikningur í 1. bekk B. . . 17

## Kristín Aradóttir:

Réttritun í 2. D., 2. E., 3. A., 3. B., 3. C., 4. A., 4. B., 5. B. . . 20

## Karl Nikulásson:

Reikningur í 2. E., 4. B., 5. B. – Lestur í 2. E. – Landafr. í 3. A. og 3. B. . . 24

## Lárus Benediktsson:

Kristindómur í 3. bekk B. . . . . . . 6

## Laufey Vilhjálmsdóttir

Kristindómur, lestur, skrift, reikningur í 1. A. . . 17
Teikning í 5. A., 5. B. og 6. bekk . . . . . . . 6
Lestur í 3. bekk A. og 4. bekk B. . . . . . . 6 . 29

## Morten Hansen

Saga (mannkynssagan) og Landafræði í 6. bekk . . . . 5

## Martha Stephensen

Kristindómur, lestur, skrift og reikningur í 2. A. . 17
Söngfræði og söngur í 1. A., 2. A., 2. B., 2. C., 2. D., 3. B. . . 6 . 23

## Margrét Þorkelsdóttir:

Lestur og skrift í 2. C. . . . . . . . 10

## Ólafur Rósenkranz:

Leikfimi með drengjum í 4. B. og 5. B. – 5. A. og 6. bekk . . 2

## Pétur Hjaltested:

Lestur í 3. B. og 4. A. – Reikningi í 4. A. – Danska í 5. A., 5. B., 6. b. . 20

## Ragna Stephensen:

Landafræði í 4. A. og 5. B. – Danska í 4. A. . . . . 6

## Stefán Eiríksson:

Trésmíði (Slöjd) með drengjum í 5. A., 5. B. og 6. b. . . . 6

## Sigurður Jónsson:

Kristindómur í 3. A., 4. A., 5. A., 5. B. og 6. bekk = 17
Reikningur í 3. C. og 6. bekk – Íslandssaga í 5. B. = 13
Landafræði í 3. C. og 5. A. – Teikning í 4. A. og 4. B. = 6 . 36

## Sigríður Ólafsson:

Reikningur í 2. D. . . . . . . . . 5

## Lector Þórh. Bjarnarson:

Íslandssaga í 5. A. . . . . . . . 3

Fl. 343

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1903

Þórður Jensson — Fluttar 343 st.

Reikningur í 3. Aᵃ, 3. Bᵃ og 5. Aᵃ – Lestur í 2. Dᵃ, Danska og Landafr. í 4. B. – 24

Þuríður Jóhannsdóttir:

Lestur í 3. bekk. Cᵃ . . . . . . . . 3

Ingibjörg Erlendsdóttir og frú M. Siemsen

Handavinna (léreftasaumur og prjón) með stúlkum í 5. Aᵃ, 5. Bᵃ og 6. bekk . . . 6

Samtals: 376 st.

30. dag októbermánaðar átti skólanefndin fund með sér út af beiðnum þeirra frk. Kristínar Aradóttur og Ingibjargar Bjarnasen um launahækkun.

Kristín Aradóttir hefur undanfarin ár fengið 75 aura fyrir hverja kenslustund með tilliti til þess að hún hefur haft og hefur talsverða aukavinnu heima við að leiðrétta réttritun barnanna. Þessa borgun getur skólanefndin ekki hækkað upp á sitt einsdæmi með því hún er byggð á bæjarstjórnar-ályktun, sem gjörð var á sínum tíma.

Frk. Ingibjörg Bjarnasen fer fram á að fá kaup sitt hækkað nú úr 50 a. upp í 75 a. fyrir hverja kenslustund, en skólanefndin getur ekki tekið þessa beiðni til greina vegna þess, að frk. Bjarnasen hefur enn ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem bæjarstjórnin setti haustið 1901 fyrir hækkun stunda-kennara-launanna upp í nefnda upphæð. Þar á móti álítur skólanefndin, að frk. Bjarnasen eigi nú að fá 60 aura fyrir hverja kenslustund, samkvæmt nefndum skilyrðum, settum af bæjarstjórninni.

Aðrir kennarar, sem nú í haust eiga að fá 60 aura fyrir fyrir kenslustund, eru frk. Laufey Vilhjálmsdóttir og frk. Martha Stephensen.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 1903

Samkvæmt skýrslu skólastjóra um skólabörnin á tímabilinu frá 1. okt. til 31. des. f. á., sendri bæjargjaldkera 16. nóv., ganga í skólann:

| | |
|---|---|
| Börn, er fult skólagjald er greitt fyrir . . . . . | 175 |
| börn, er greiða hálft skólagjald . . . . | 50 |
| börn, er njóta kenslustyrks af Thorkilliisjóði - - - | 48 |
| börn, er bæjarstjórnin hefur veitt kauplausa kenslu _ | 76 |
| þurfamannabörn . . . . . . | 77 |
| Alls í skóla á nefndu tímabili | 426 börn |

30. dag nóvembermánaðar 1903 átti skólanefndin fund með sér út af beiðni ungfrú Margrétar Þorkelsdóttur um meðmæli með umsókn sinni til Kenslumálastjórnarinnar í Danmörku um leyfi til að ganga í „Statens Vaaringe Kursus“.

Skólanefndin gaf svolátandi meðmæli:

„Skolecommissionen erklærer herved at der er al Sandsynlighed for at Frøken Thorkelsson i længere Tid vil vedblive at virke ved Skolen og anser for givet, at det omtalte Kursus vil komme Ansøjeren og Skolen til Nytte, hvorfor Ansøgningen paa det bedste anbefales.“

Jóhann Þorkelsson  Jóh. Bjarnason.  G. Björnsson

## 1904

Skólanefndin átti fund með sér 13. janúar 1904 kl. 10 f. hád.

Frá því er síðasti fundur var haldinn, hafði skólanefndin mælt með því við bæjarstjórnina, að stundaborgun til söngkennara Brynjólfs Þorlákssonar væri hækkuð úr 50 aur. í 75 aura, og var það gjört frá nýári. Sömul. hafði skólanefndin fengið heimild til þess hjá bæjarstjórn að borga kenslu í íslenzku 75 a. um stundina í 2 efstu bekkjunum.

Í stað cand. mag. Guðm. Finnbogasonar var cand. phil. Haraldur Þórarinsson ráðinn til að kenna íslenzku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í 2 efstu bekkjunum frá nýári út skóla-árið; skyldi þeim báðum greiddir 50 aur. fyrir stundina og auk þess 50 aur. fyrir hvern stíl. – Leitað hafði verið við sagnfræðing Jón Jónsson að taka að sér þessa kenslu og lofaði hann því næsta vetur, en í vetur gat hann að eins tekið 1 stund í hvorum bekknum, og skyldi kensla hans borguð með 75 aur. stundin; tekur hann þær stundir frá 1. febrúar.

Af ýmsum atvikum hafði eftirlit skólanefndarinnar á skólahaldi einstakra manna út um bæinn farist fyrir í desember og fór það nú fram, og heimsótti skólanefndin eftirfylgjandi staði:

1. Landakot. Kennarar: kaþólskir prestar og nunnur. Húsakynni sömu og áður, en börn nú að eins 19 í 2 deildum.
2. Mjóstræti 8. Kennari Þorleifur J. Jónsson. Skólastofan nú í vesturhlið hússins á gólfi, jafnstór og hin var áður, en nokkuð betur sett með hita og loft. Enn sem fyr ábótavant með loft og hreinlæti, og vandað um. Kennarinn lofaði að setja lofthreinsunarrúðu í herbergið. Börn alls 48 í 3 deildum
3. Skólavörðustíg 4. Kennari Sveinn Guðnason. Húsrúm sama og áður. Hreinlegt vel og gott loft. Börn alls 23, í 2 deildum (11 og 12)
4. Laugavegur 61. Kennari Sigurður Eiríksson. Loftstofa 11' x 19' x 8'. Börnin 17 í 2 deildum. Í stofunni búa og sofa 3 fullorðnir og 2 ungbörn
5. Bjarnaborg, við Vitatorg. Kennari Þórður Stefánsson. Gólfstofa sér (við hlið íbúðarstofu) 7' x 11' x 9'. Hreinlega gengið um. Börnin 30 í 3 deildum.
6. Hús K. F. U. M. Kennari séra Friðrik Friðriksson. Kenslustofan 16' x 14' x 9'. Börn alls 16, af þeim 12 í eldri deild.
7. Ingólfsstræti 5. Kennari Sigurbjörg Þorláksdóttir. Loftstofa 12' x 10' x 7'. Börn alls 19 í 2 deildum
8. Laugavegur 24. Kennari Guðmundur Sigurðsson. Gólfstofa 12' x 10' x 9', sem kennarinn jafnframt býr í. Börn alls 15 í 2 deildum (8+7)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Laugav. 64 Kennari Kristín Þórðardóttir Gólfstofa 12'×10'×9'. Börn alls 10 í 2 deildum (8+2)

10. Hverfisgata 22. Kennari Jón Jónsson. Loftstofa 11'×11'×7'. Börn alls 15 í 2 deildum (8+7)

Á þessum 10 stöðum voru þá alls 212 börn í kenslu.

Að þessu sinni hafði enginn tilkynt bæjarfógeta skólahald sitt, og voru hlutaðeigendur, sem ákvæði lögreglusamþyktarinnar náðu til, í því efni mintir á skyldu sína, og ráðgjörði skólanefndin, að rækilega yrði á það mint áður en skólar byrja næsta haust, en eftir atvikum vildi nefndin að þessu sinni eigi kæra neinn til sekta.

Hálfa eftirgjöf á kenslukaupi frá nýári hafði, eftir tilvísun frá bæjarstjórn, verið veitt Guðmundi Guðmundssyni á Vatnsstíg 4 fyrir syni hans Sigurð, 12 ára gamlan, og Ólaf Ágúst í 10. ári. – Kauplaus kensla frá nýári var veitt Sigurði Bjarnasyni Klapparstíg 3 fyrir son hans Jón Pál, 9 ára, og Einari Einarssyni í Hákoti fyrir son hans Sigurð.

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson

Þórður Jensson hafði afsalað sér kenslustundunum sínum, 24 alls, frá 1. febr. þ. á., og var þeim skift niður þannig:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Séra Bjarni Hjaltested | tók reikning | í | 5. bekk | A. | : 5 st. |
| Margrét Þorkelsdóttir | tók reikning | í | 3. – | B. | : 5 – |
| Anna Guðbrandsdóttir | tók reikning | í | 3. – | A. | : 5 – |
| Þuríður Jóhannsdóttir | tók lestur | í | 2. – | D | : 5 – |
| Einar Þórðarson | tók landafræði | í | 4. – | B | : 2 – |
| Haraldur Þórarinsson | dönsku | í | 4 – | B | : 2 |

En við þessa skiftingu varð Margrét Þorkelsdóttir að sleppa 1 stund í lestri í 2. C. og Anna Guðbrandsdóttir 1 stund í skrift í 2. bekk C., og tók Sigríður Ólafsson báðar þessar stundir að sér.

Jóhann Þorkelsson. Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1904.

Ár 1904, 23. marz, átti skólanefndin fund með sér.

Beiðni lá fyrir frá 21 ungum mönnum að fá leikfimishúsið til afnota með áhöldum þess 3-4 tíma í viku, undir stjórn leikfimiskennara Ólafs Rósinkranz, og hafði bæjarstjórn vísað því máli til úrslita skólanefndar.

Húsið með áhöldum skyldi leyft til ókeypis afnota 2 kvöld í viku, fyrst um sinn, þó ekki laugardagskvöld, 2 stundir samfleytt, og skal vera gengið frá öllu og húsinu lokað fyrir kl. 10. Sjálfir leggi þeir sér til ljós og hita og borgi fyrir þvott. Leyfi þetta er bundið því skilyrði, að leikfimiskennari Ólafur Rósinkranz sé viðstaddur allan tímann, sem menn þessir eru í húsinu, og að þeir hafi sérstaka leikfimisskó.

Sem stendur er leikfimishúsið notað af frøken Ingibjörgu Guðbrandsdóttur til aukakenslu á mánudögum og ~~miðvikudögum~~ fimtudögum frá kl. 4-10.

Skólastjóri hreifði því að fermingarbörnin mistu ofmikið af kenslunni við það að setja spurningar í kenslustundum skólans, sem hefði verið með mesta móti í vetur. Dómkirkjupresturinn kvaðst skyldi reyna að bæta úr því að svo miklu leyti sem við yrði komið.

Jóhann Þorkelsson  Þórh. Bjarnarson

Samkvæmt skýrslu skólastjóra til bæjargjaldkerans, dags. 21. marz, ganga í skólann á tímabilinu 1. jan. til 14. maí 1904:

| | |
|---|---|
| Börn, er fult skólagjald greiða | 173 |
| Börn, er greiða hálft skólagjald | 51 |
| Börn, er njóta kenslustyrks af Thorkilliisjóði | 48 |
| Börn, er bæjarstjórnin hefur veitt kauplausa kenslu | 78 |
| Þurfamannabörn | 77 |
| Samtals | 427 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1904.

Ár 1904 11. maí átti skólanefndin fund með sér til að úthluta verðlaunum. Þessi börn hlutu verðlaun:

1. Elísabet Kristjánsdóttir
   í 6. bekk (5,77)
2. Kjartan Jensen
   í 6. bekk (5,77)
3. Héðinn Valdimarsson
   í 6. bekk (5,72)
4. Ragnheiður Jónsdóttir
   í 6. bekk (5,69)
5. Páll Pálmason
   í 6. bekk (5,69)
6. Árni Einarsson
   í 6. bekk (5,57)
7. Ragnveig Þorvarðardóttir
   í 6. bekk (5,57)
8. Sigurður Einarsson
   í 5. bekk B. (5,77)
9. Magnús Tómasson
   í 5. bekk B. (5,74)

Börnunum 7 í 6. bekk skyldi gefið Íslenzkt þjóðerni, og drengjunum í 5. bekk B. Nýja testamentið með myndum.

Mála skyldi þakið á skólahúsinu í sumar og ofnskápana, þar sem þarf og fóðra veggi í 1–2 herbergjum skólastjóra.

Jóhann Þorkelsson   G. Björnsson   Þórh. Bjarnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 2. september, átti skólanefndin fund
með sér. Skólanefndarmaður Guðm. Björnson tilkynt forföll.
Kennarinn í slöjd Stefán Eiríksson var á fundinum;
hafði hann um sumarið verið á smíðaskóla Axel Michel-
sens í Kaupmannahöfn. Hann hélt því fram að nauðsyn
væri á að byrja slöjdkensluna fyr í skólanum og sérstak-
lega að kenna börnunum notkun smíðatólanna og
að teikna. Ráðgjört var að láta slöjdkensluna byrja í 4.
bekk, og þá búist við 10–12 stundum í þeirri grein. Sam-
hliða skyldi þá tekin upp handavinna fyrir stúlkur í þeim
stundum í 4. bekk.
Sigurður Sigurðsson, fyr kennari á Eiðum, sem lokið hef-
ir prófi á Blaagaardsseminarii, hafði sótt um kenslu við
skólann, helst ekki minna en 24 st. á viku, og óskað svars
um hæl. Þar sem fyrirsjáanlegt var að nokkrir kennarar fara
frá skólanum skyldi honum skrifað, að hann gæti vænst að
fá alt að 24 stundir á viku við skólann komandi vetur.
Farið skyldi fram á 100 kr. hækkun til áhalda vegna
aukinnar slöjdkenslu og til umbóta á skólaborðunum,
svo og 100 kr. hækkun til viðhalds húsinu, vegna væntanlegr-
ar málingar, á fjárhagsáætlun bæjarins næsta ár.
Skólanefndin hafði fyrir fundinn talað sig saman
um það, að bera fram á næsta bæjarstjórnarfundi þá
tillögu, að laun skólastjóra Morten Hansens væru
frá næsta nýári hækkuð úr 1200 kr. í 1500 kr.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson   Þórh. Bjarnarson

Ár 1904, 14. sept. átti skólanefndin fund með sér til
að gjöra tillögur um ókeypis kenslu, mælti hún með ókeypis kenslu
að öllu leyti fyrir 68 börn og að hálfu fyrir 54 börn.

Jóhann Þorkelsson   Þórh. Bjarnarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 20. sept., átti skólanefndin fund með sér.

Bæjarstjórnin hafði sent til umsagnar erindi frá Kristínu Aradóttur, þar sem hún æskir að fá 1 krónu fyrir kenslustund í réttritun, og að sú launahækkun nái einnig til næstliðins árs.

Skólanefndin álítur að þessi kennari, sem kom að skólanum haustið 1894, fái fyrst með byrjun næsta skólaárs rétt til launahækkunar, samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar 1901, (sbr. fund 29/9 1901, 4. lið), svo að eigi komi til mála um launahækkun fyrir næstliðið ár. Kennari þessi fær frá skólanum veturinn 1901–1902 án ~~hefir~~ samþykkis og meðmæla skólanefndar til utanferðar, svo að sá vetur telst eigi „kensluár". Skólanefndin treystir sér eigi að mæla með krónu-borgun fyrir stundina, en vill mæla með því að hún auk sinna 75 a. um stundina, fái þóknun fyrir sérstaka heimavinnu, sem nefndin mun þá síðar nánar gjöra tillögu um, þegar séð verður, hve margar réttritunarstundir hún hefir á viku næsta vetur.

Bæjarstjórnin hafði og sent til úrslita nefndarinnar beiðni leikfimiskennara Ingibjargar Guðbrandsdóttur að mega nota leikfimishús skólans 1–2 st. á dag næstk. skólaár til leikfimiskenslu, og skyldi það veitt; leggur hún sjálf til eldivið og ljós, ræstir húsið, og fara afnot hennar af húsinu að öllu eftir fyrirmælum skólastjóra.

Framhaldsbekkur skyldi hafður, svo framarlega sem hann gæti byrjað með 12 börnum. Búist var við því, að sá bekkur gæti að mestu eða öllu leyti orðið undirbúningur undir „miðskólann" (lærða skólann), eftir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinni fyrirhuguðu nýju reglugjörð hans.

Mælt var með ókeypis kenslu að öllu leyti fyrir 16 börn, og skyldi bæjarstjórn send skrá yfir þau.

Fundi slitið.

Jóhann Þorkelsson  Þórh. Bjarnarson  G. Björnsson

Ár 1904, 29. sept. átti skólanefnd fund með sér.

Rætt um ráðning kennara, en fullnaðarúrslitum um ákveðinn stundafjölda hjá hverjum um sig frestað. Í framhaldsbekk komin um 14 börn. Mælt með ókeypis kenslu fyrir 3 börn.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson.  Þórh. Bjarnarson.  G. Björnsson

Ár 1904, 3. okt., átti skólanefndin fund með sér.

Skólastjóri lagði fram tillögur um niðurröðun kenslunnar, samkvæmt umtali á síðasta fundi, er voru samþyktar með litlum breytingum. Skifting kenslunnar verður síðar færð inn í bókina eins og í fyrra. Skólastjóri bjóst við að verða mundu framt að 450 börn, og hafði skift þeim í 17 bekki að framhaldsbekknum meðtöldum.

Seld höfðu verið 2 af gömlu borðunum fyrir 5 kr. hvort, talið æskilegt að selja þau, þar sem óprýði er að þeim.

Kristínu Aradóttur voru nú ætlaðar 18 stundir í réttritun og 5 stundir við aðra kenslu. Skólanefnd leggur til (sbr. fund 20. f. m.) að hún fái 60 kr. aukaþóknun, greidda hlutfallslega í árslokin og í lok skólaársins, sem í hönd fer, og er þá sjálffallin burtu eldri ákvörðun um borgun fyrir réttritunarkenslu hennar.

Mælt var með ókeypis ~~börn~~ kenslu að öllu leyti fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 börn, og að hálfu leyti fyrir önnur 2.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson. G. Björnsson.

Ár 1904, 2. desember, átti skólanefndin
fund með sér.
Bæjarstjórn hafði vísað til úrslita skólanefndar
2 umsóknum um fríkenslu, og var hún veitt að öllu leyti
Önnu Sesselju Einarsdóttur frá Hákoti, 12 ára
Karli Sófóníasi Fædder og
Einari P. Guðjónssyni, sonum Jarþrúðar Þórarinsdóttur, 12 og 11 ára.
Glímufélag bæjarins sem í vor og sumar
sem leið hafði fengið leikfimishúsið til afnota
á sunnudögum hafði munnlega við formann
beiðst þess að fá sama leyfi í vetur, en þar sem
húsið er svo mikið notað í vetur og þarf að
ræstast og viðrast á sunnudögum, sá nefndin
sér eigi fært að veita hið umbeðna.
Leikfimiskennari ~~frk.~~ Ingibjörg Guðbrands-
dóttir hafði bréflega farið fram á að fá bómur,
„plint“ og hringi til leikfimishússins, er nam
samtals 230 kr., og fylgdi bréf frá snikkara-
meistara Niels Larsen í Kaupmannahöfn og
prislisti leikfimisáhalda frá honum. Leikfimis-
kennari Ólafur Rósinkranz var á fundi
nefndarinnar til að leiðbeina henni við þessi kaup
og tók hann góðfúslega að sér að vera í samráði
við fröken Ingibjörgu um það hvernig börnunum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yrði bert komið fyrir í húsinu og vildi nefndin
verja til að kaupa það um 120 kr. af þessa árs og næsta
árs áhaldafé. Auk þess skyldi kaupa „plint" og
hengi fyrir c 80 kr. Eftir ráði frá Ólafi Rósin-
kranz skyldi og panta kókos-mottu fyrir c 20 kr.

Skólastjóri hafði keypt línóleum til að setja í stað
taflanna, sem mest eru úr sér gengnar, og var ráðgjört
að fá línóleumstöflur í einn 6 bekki.

Tíu-tólf stúdentar höfðu beiðst leyfis að
nota leikfimishúsið í vetur tvisvar í viku til lík-
amsæfinga, og skyldi það veitt, þó að undanskild-
um síðari hluta laugardags og sunnudögum.
Skyldu þeir að nota einvörðu leikfimisskó, og
taki sá eða þeir, sem skólastjóri kýs til, ábyrgð á
fullum bótum, ef nokkrar skemdir yrðu af þeirra
völdum, borgi fyrir hita og ljós og ræsting eftir því
sem um semur við skólastjóra, og hagi þeir sér
með afnot hússins eftir fyrirmælum hans.

Skólastjóri skýrði frá að árið 1902 hefðu
nokkrir kennarar skólans tekið sig saman um að
kaupa í sameiningu rit um uppeldi og mentamál,
og fóru þeir nú fram á styrk af hálfu bæjarins til þeirra
kaupa, gegn því að ritin yrðu eign skólans til af-
nota fyrir kennarana framvegis og væru geymd í skóla-
húsinu undir umsjón skólastjóra. Ráðgjört var að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1904

skólastjóri skrifaði nánar um þetta til framlögn-
ingar í bæjarstjórn, og vildi skólanefndin sem
best mæla með því að veitt væri úr bæjarsjóði
árlega jafnmikið og kennarar leggja til, alt að 50 kr.
Guðmundur Björnsson fjarverandi.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Þórh. Bjarnarson.

Kennarar skóla-árið 1904–1905 eru:

| | | |
|---|---|---|
| Guðlaug Arason | 31 st. | á viku |
| Pétur Hjaltested | 16 – | – |
| Ingibjörg Bjarnason | 19 – | – |
| Kristín Aradóttir | 23 – | – |
| Anna Magnúsdóttir | 20 – | – |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | 30 – | – |
| Martha Stephensen | 23 – | – |
| Stefán Eiríksson | 14 – | – |
| Guðrún Daníelsdóttir | 22 – | – |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 21 – | – |
| Sigurður Ólafsson | 4 – | – |
| Þórunn Kristjánsdóttir | 4 | – |
| Séra Bjarni Hjaltested | 22 | |
| Ingibjörg Guðbrandsdóttir | 15 | – |
| Séra Lárus Benediktsson | 9 | – |
| Anna Guðbrandsdóttir | 16 | – |
| Brynjólfur Þorláksson | 12 | – |
| Ragna Stephensen | 2 | – |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 11 | – |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 11 | – |
| Bergljót Lárusdóttir, ungfrú | 6 | – |
| Guðm. Magnússon, skáld | 7 | – |
| Hallgrímur Jónsson | 12 | – |
| Haraldur Sigurðsson, stúdent | 5 | – |
| Séra Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur | 4 | – |
| Sigurður Sigurðsson, seminarist | 24 | – |
| Σ: | 383 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt: 383 stundir

Sigurður Jónsson kennir . . . . . . 36 —

Skólastjóri kennir . . . . . . . 4 —

Ungfrúrnar Ingibjörg Erlendsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir voru ráðnar til að kenna stúlkunum handavinnu (léreftasaum) 6+8 st. . . . 14 —
þóekki í desember og janúar. Þá kennir prjónamenska í stað léreftasaums, og kennir frú Margrethe Siemsen hana (14 st.)

= 437 st.

Kenslustörfin voru veitt með sömu skilyrðum og áður.

Í skólanum skyldi gefa eina einkunn á mánuði í 1.–4. bekk, öllum deildum, en í 5., 6., og 7. bekk eina einkunn á viku eða þá daglegar einkunnir eftir því sem hentast þætti í hverri kenslugrein.

Samkvæmt skilyrðum þeim, er bæjarstjórnin hefur sett fyrir kaupgjaldi til kennaranna (sjá hér að framan) skyldi frú Anna Magnúsdóttir fá 60 aura fyrir hverja kenslustund og frk. Ingibjörg Bjarnason 75 a.

# Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina

| Námsgreinir | 1.A. | 1.B. | 2.A. | 2.B. | 2.C. | 2.D. | 3.A. | 3.B. | 3.C. | 3.D. | 4.A. | 4.B. | 4.C. | 5.A. | 5.B. | 6. | Fthb. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristindómur { Kver<br>Biblíus. | 1 | 1 | 2 | 2 | 4<br>3 | 4<br>3 | 2<br>3 | 3<br>2 | 3<br>2 | 3<br>2 | 2<br>2 | 2<br>2 | 2<br>2 | 2 | 2 | 3 | | 59 |
| Íslenzka { Lestur<br>Réttritun | 6 | 6 | 5 | 5 | 5<br>2 | 5<br>2 | 4<br>2 | 4<br>2 | 4<br>2 | 4<br>2 | 3<br>3 | 3<br>3 | 3<br>3 | 1<br>3 | 1<br>3 | 1<br>3 | 4 | 94 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 3 | 2 | 2 | 1 | | 64 |
| Reikningur | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5. | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 4 | 81 |
| Sagnafræði | | | | | | | | | | | | | | 3 | 3 | 3 | 3 | 12 |
| Landafræði | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 21 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| Danska | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 18 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 |
| Söngfræði & Söngur | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 16 |
| Teikning | | | | | | | 1 | | | | 1 | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 |
| Handavinna { stúlkur:<br>drengir: | | | | | | | | | | | 2<br>2 | 2<br>2 | 2<br>2 | 2<br>2 | 2<br>2 | 2<br>2 | 2<br>2 | 28 |
| Samsöngur (5.A.–Fthb. saman) | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | 2 |
| Leikfimi stúlkur | 1.A & 2B<br>1 | | 1.B 2A<br>1 | | 2C<br>1 | 2D<br>1 | 3A<br>1 | 3B & 5B<br>1 | | 3C & 4B<br>1 | | 3D & 4C<br>1 | | 4.A & 5A<br>1 | | 6 & Fthb.<br>1 | | 10 |
| Leikfimi drengir | 1.A & 2.B<br>1 | | 1.B & 2.A<br>1 | | 2.C<br>1 | 2.D<br>1 | 3.A<br>1 | 3.B & 5.B<br>1 | | 3.C & 4.B<br>1 | | 3.D & 4.C<br>1 | | 4.A & 5.A<br>1 | | 6. & Fth.<br>1 | | 10 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | 437 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skifting kenslunnar milli kennaranna:

Anna Guðbrandsdóttir:
Reikningur í 3 B og 3. A; Skrift: 2. D. og Réttritun: 2. D

Anna Magnúsdóttir:
Kver í 5. B; Kver og Biblíus. í 4. C; Kver, Biblíus. og Lestur í 3. B; Kver Bibl. í 3 A

Séra Bjarni Hjaltested:
Reikningur í 5. A; Kver, Biblíus. og Lestur í 2. D; Reikn. í 2. D

Bergljót Lárusdóttir:
Reikningur: 4. B. og Réttritun í 2. C.

Brynjólfur Þorláksson:
Söngfræði og söngur í öllum bekkjum.

Guðlaug Arason:
Skrift í 6., 5. B, 5. A., 4. C, 4. B, 4. A, 3. C, 3. B, 3. A

Guðrún Daníelsdóttir
Reikningur í 3. C; Biblíus., Lestur, Skrift, Reikningur í 1. B.

Guðmundur Magnússon:
Íslenska og Íslandssaga í 5. A.

Hallgrímur Jónsson:
Kver, Biblíus., Réttritun og Reikningur í 3. D.

Haraldur Sigurðsson
Leikfimi

Ingibjörg Bjarnason:
Danska í 4. A., Biblíus., Lestur, Skrift og Reikningur í 2. B.

Ingibjörg Guðbrandsdóttir:
Leikfimi

Ingibjörg Sigurðardóttir:
Kver, Biblíus., Lestur, Skrift, og Reikningur í 2. C.

Kristín Aradóttir:
Réttritun í 5. B; 4. C, 4. B; 4. A; 3. C., 3. B; 3. A, Lestur í 5. B og 3 C.

Séra Lárus Benediktsson:
Kver og Biblíus. í 4. B; Kver og Biblíus. 3. C.

Laufey Vilhjálmsdóttir:
Teikning í framh.b., 6., 5. B, 5. A, 4. A., Lestur í 3. A.
Biblíus., Lestur, Skrift og Reikningur í 1. A.

Morten Hansen
Saga og Landafræði í framhaldsbekk.

Martha Stephensen:
Söngfræði og söngur í 4. B; 3. C., 2. C., 2. B; 2. A, 1. A.
Biblíusögur, Lestur, Skrift, reikningur í 2. A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Séra Ólafur Ólafsson:
Íslenzka í framhaldsbekk.

Pétur Hjaltested:
Danska í framh.b., Danska í 6., 5.B., 5.A., 4.C., 4.B.

Ragna Stephensen
Landafræði í 5.B.

Stefán Eiríksson:
Slöjd (trésmíði) í framh.b., 6., 5.B.; 5.A., 4.C.; 4.B.; 4.A.

Sigurður Jónsson:
Reikningi í frh.b., Kver, Saga og Landfr. í 6.; Kver og Landfr. í 5.A.; Teikning í 3.A.
Reikningi og Landfr. í 4.C.; Kver og Biblíus. í 4.A.; Landafr. í 3.C.

Sigríður Ólafsson:
Enska í framhaldsbekk.

Sigurður Sigurðsson:
Náttúrufræði í frh.b., 6., 5.B. og 5.A.; Íslenzka í 6.
Reikningi og Íslandssaga í 5.B.; Landafr. í 4.B. og 4.A.

Sigurbjörg Þorláksdóttir:
Lestur, Skrift og Landafræði í 3.D.

Þuríður Jóhannsdóttir:
Lestur í 4.C.; 4.B.; 4.A. Landafræði í 3.B.

Þórunn Kristjánsdóttir
Reikningur í 4.A.

Ingibjörg Erlendsdóttir, Margrethe Siemsen og Þuríður Sigurðardóttir
Handavinna með stúlkum í framh.b., 6., 5.B.; 5.A., 4.C., 4.B. og 4.A.

---

Á tímabilinu frá 1. okt. til 31. des. 1904 ganga í skólann:

| | |
|---|---|
| Börn, er fullt skólagjald er greitt fyrir | 176 |
| börn með hálfu skólagjaldi | 59 |
| Thorkilliisjóðsbörn | 48 |
| börn, er bæjarstjórnin hefur veitt kauplausa kenslu | 96 |
| þurfamannabörn | 79 |
| Alls: | 458 |

Á tímabilinu frá 1. janúar til 14. maí 1905 gengu í skólann:

| | |
|---|---|
| Börn með fullu skólagjaldi | 178 |
| Börn með hálfu gjaldi | 59 |
| Thorkiliisjóðs-börn | 48 |
| Börn, er bæjarstjórnin hefur veitt kauplausa kenslu | 96 |
| þurfamannabörn | 79 |
| Alls: | 460 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1905

Vorið 1905 var ekki haldið próf í barnaskólanum vegna mislingasýki, prófið var byrjað 3. dag maímánaðar, en að kveldi þess dags kom stjórnarráðsskipun um það að loka skólum. Þó gengu síðar 11 drengir í framhaldsbekknum undir próf. Samkvæmt því fóru ~~engar~~ engar verðlaunaveitingar fram að aflokinu skólaárinu.

---

Ár 1905 19. dag septemberm. átti skólanefndin fund með sér.

Mælt var með ókeypis kenslu að öllu leyti fyrir 84 börn og að hálfu leyti fyrir 45 börn

Mælt skyldi með því við bæjarstjórn að veita fröken Soffíu Jónsdóttur, skólastjóra Þórarinssonar í Hafnarfirði, 400 kr. styrk til fullnaðarnáms í skólamatreiðslu, með það fyrir augum að hún taki að sér slíka kenslu í barnaskólanum.

Krafist skyldi af bæjarstjórn að grindur væru settar beggja megin á skólabrúna fyrir 1. n. m. Járngrindur höfðu verið settar með allri lóð skólans að vestanverðu.

Jóhann Þorkelsson  Þórh. Bjarnarson  G. Björnsson

Ár 1905, 29. dag septembermánaðar átti skólanefnd fund með sér, aðallega um kennararáðning.

Við burtför afgreiðandi kennara höfðu borizt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1905.

um 60 stundir, sem helst var ráðgjört að bæta við á kennara, sem verið hafa við skólann, svo framarlega sem kenslubekkir verða jafnmargir og síðastliðinn vetur, sem enn er óvíst; tala barna sem komið er eigi nema um 400.

Hækkun í 60 aura fyrir kenslustund fá nú Guðrún Daníelsdóttir, Ingibjörg Guðbrandsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir.

Skólastjóri lagði til að hætt væri við hver kenslu í A-deild – yngstu deild – 3. bekkjar, þar sem þau börn nú orðið eru öll mjög ung, en teknar 2 stundir þar til dönsku. Þar sem skólastjóri taldi þetta mjög almenna ósk hjá aðstandendum barnanna, samþykti nefndin það.

Héraðslæknir Guðmundur Björnsson fjarverandi.

Jóhann Þorkelsson  Jón Bjarnarson

Kennarar skólaárið 1905–1906 eru þessir:

| | |
|---|---|
| Guðlaug Arasen | 31 st. á viku |
| Pétur Hjaltested | 16 - - - |
| Ingibjörg Bjarnason | 21 - - - |
| Kristín Aradóttir | 23 - - - |
| Anna Magnúsdóttir | 17 - - - |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | 29 - - - |
| Martha Stephensen | 23 - - - |
| Stefán Eiríksson | 14 - - - |
| Guðrún Daníelsdóttir | 19 - - - |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 18 - - - |
| Sigríður Ólafsson | 4 - - - |
| Þórunn Kristjánsdóttir | 17 - - - |
| Bjarni Hjaltested | 23 - - - |
| Ingibjörg Guðbrandsdóttir | 13 - - - |
| Lárus Benediktsson | 9 |
| M. | 277 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fl. 277

Brynjólfur Þorláksson . . . 11 st. á viku
Ragna Stephensen . . . 6 - - -
Sigurbjörg Þorláksdóttir . . . 11 - - -
Hallgrímur Jónsson . . . 18 - - -
Séra Ólafur Ólafsson . . . 4 - - -
Guðm. Finnbogason . . . 8 - - -
Elín Matthíasdóttir . . . 3 - - -
Margrét Þorkelsdóttir . . . 16 - - -
Matthías Einarsson læknir . . 2 - - -
Sigurður Jónsson kennir . . 36 - - -
Skólastjóri kennir . . . 4 - - -

Ungfrú Ingibjörg Erlendsdóttir og frú Magnea Johannessen kenna stúlkum handavinnu (léreftasaum) 8 + 6 st. = . . . 14 - - -
nema í desember og janúar, þá kemur frú Margrethe Siemsen í þeirra stað og kennir að þjóna jafnmargar stundir

Samtals. 410

Séra Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur kendi að eins viku tíma við skólann, varð þá að hætta vegna annríkis. Tók Guðm. Finnbogason þá að sér að kenna í hans stað þ: 4 stundir í íslensku í framh. bekk.

## Tafla er sýnir vikustundir námsgreina

| Námsgreinir | 1.A. | 1.B. | 2.A. | 2.B. | 2.C. | 3.A. | 3.B. | 3.C. | 3.D. | 4.A. | 4.B. | 4.C. | 5.A. | 5.B. | 6. | Fth.b. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristindómur } Kver / Bibl. | 1 | 1 | 2 | 2 | 4/3 | 3 | 3/2 | 3/2 | 3/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2 | 2 | 3 | | 51 |
| Íslenska } Lestur / Réttritun | 6 | 6 | 5 | 5 | 5/2 | 4/2 | 4/2 | 4/2 | 4/2 | 3/3 | 3/3 | 3/3 | 1/3 | 1/3 | 1/3 | 4 | 87 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 3 | 2 | 2 | 1 | | 60 |
| Reikningur | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 4 | 76 |
| Sagnafræði | | | | | | | | | | | | | 3 | 3 | 3 | 3 | 12 |
| Landafræði | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 21 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| Danska | | | | | | 2 | | | | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 20 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 |
| Söngfræði og söngur | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 15 |
| Teikning | | | | | | 1 | | | | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 12 |
| Handavinna } stúlkur / drengir | | | | | | | | | | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 28 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | 2 |
| Leikfimi – stúlkur | 1.A+2.B | | 1.B+2.A | | 2C+3B. | | 3.A+4.A. | | 3C, 3D, 4C | | 4B, 5A. | | 5.B | | 6+Fth. | | |
| | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 8 |
| Leikfimi – drengir | 1.A+2.B | | 1B+2.A. | | 2.C.+3.B | | 3.A+4.A | | 3C 3D 4.C. | | 4B+5.A. | | 5.B, 6+Fth | | | | |
| | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | 1 | | | | 7 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | 410 |

# 1906.

Ár 1906, 5 dag janúarmánaðar átti
skólanefndin fund með sér.
Kand. Guðmundur Finnbogason hafði sagt lausri
kenslunni í náttúrufræði í 5. A. og B., í 6. og í fram-
haldsbekk, alls 8 st. og hafði Magnús dýralæknir
Einarsson lofað að taka þær stundir til vors, gegn 75 a.
borgun, samkvæmt heimild fenginni hjá bæjarstjórn
í síðastliðnu hausti að borga svo kenslu í þeirri grein.
Guðmundur Finnbogason sagði og lausri kenslu í ís-
lensku í framhaldsbekknum, og skyldi leitað við stud.
theol. Bjarna Jónsson að taka þá kenslu.
Kand. Pétur Hjaltested varð nú á nýári og að sleppa
allri kenslu við skólann vegna annarar stöðu,
og skyldi stundum hans í dönsku, 16 að tölu,
skift milli Elínar Matthíasdóttur og Guðríðar
Jóhannsdóttur.
Enn hafði Matthías Einarsson læknir slept
frá nýári þeim 2 stundum í leikfimi, sem hann
hafði með elstu drengjunum, og ~~skyldi~~ var falið skóla-
stjóra að fá hæfan mann(s) til að taka þær stundir.
Bæjarstjórn hafði vísað til umsagnar erindi
frá skipstjóra Edilon Grímssyni um ~~eftir~~ uppgjöf á
½ skólagjaldi fyrir drenginn Viggó Snorrason
á skólaárinu 1904–1905, vegna lasleika drengsins.
Skólanefndin sá eigi ástæðu til að mæla með því,
þó að drengurinn hefði verið öðru hverju lasinn og fjarverandi,
enda fengin eftirgjöf fyrir hann á ½ á yfirstandandi ári.
Leikfimiskennari Ingibjörg Guðbrands-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dóttir hafði fengið leyfi skólanefndar til að nota leikfimishús skólans til leikfimiskenslu síðari hluta dags með sömu skyldum og áður.

Skilyrði fyrir veiting kenslustarfanna voru öll sömu og áður, og sömu reglur fyrir innfærslu í einkunnabækur, og einkunnagjafir sem áður, og borgun sama fyrir útreikning einkunna.

Mjölnissandur hafði verið borinn á norðurhlutann af leiksvæði skólans, er kostaði c. 50 kr.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson  Þórh. Bjarnarson  Sighvatur Bjarnason

Á tímabilinu 1. okt. til 31. des. 1905 gengu í skólann:

| | |
|---|---|
| Börn með fullu skólagjaldi | 168 |
| Börn með hálfu skólagjaldi | 51 |
| Börn, er nutu gjafkenslu . . | 82 |
| Thorkilliisjóðs börn . . . | 50 |
| Þurfamannabörn . . . | 71 |
| Samtals | 422 |

Á tímabilinu 1. jan. til 14. maí 1906:

| | |
|---|---|
| Börn með fullu skólagjaldi | 173 |
| " með hálfu " gjaldi . . | 50 |
| Thorkilliisjóðs börn . . . | 50 |
| Börn, er nutu gjafkenslu . . | 84 |
| Þurfamannabörn . . . | 72 |
| Samtals | 429 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, 22. dag janúarmánaðar átti skólanefndin fund með sér.

Voru nú gengnir úr nefndinni Lector, séra Þórhallur Bjarnarson og héraðslæknir Guðmundur Björnsson, en í þeirra stað komnir Jón Magnússon skrifstofustjóri og séra Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur.

Formaður nefndarinnar var kosinn séra Jóhann Þorkelsson, en skrifari séra Ólafur Ólafsson.

Framlagt var bréf frá bæjarfógeta þar sem vísað var til úrslita nefndarinnar, beiðni frá Guðjóni Einarssyni um hálfa eftirgjöf á skólagjaldi frá nýári fyrir Ólaf son hans, og veitti skólanefndin eftirgjöfina.

Þá kom fyrir beiðni frá stundakennurum við skólann um kaup sérstakt fyrir kennslustundir, sem falla úr á frídögum skólaársins sem aðrar kennslustundir.

Skólanefndin ákvað að beiðast upplýsingar frá skólastjóra um, hvað kosta mundi bæjarsjóð að verða við þessari beiðni kennaranna.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson.

Ár 1906, 1. dag febrúarmánaðar, átti skólanefndin fund með sér.

Tekið var til umræðu erindi frá stundakennurum skólans um launahækkun þá, er kom til umræðu á síðasta fundi; og réð nefndin af að leggja það til við bæjarstjórnina, að kennurunum yrði framvegis greitt kaup fyrir 4 vikur í mánuði hverjum (24 daga) frá 1. okt. til 30. apríl. Hafði skólastjóra talist svo til að hækkunin mundi nema á skóla-árinu tæpum 500 krónum.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Jón Magnússon Ólafur Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1906

Skólanefndin hafði falið skólastjóra að velja verðlaunabækur og úthluta þeim við skólauppsögn 14. maí.
Þessi börn hlutu verðlaun:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sigurbjörg Ásbjarnardóttir | í framh. b. | | (5,73) |
| 2. Hrefna Lárusdóttir | í | d. | (5,64) |
| 3. Dóra Þórhallsdóttir | í | d. | (5,52) |
| 4. Jóna Þórðardóttir | í | 6. bekk | (5,77) |
| 5. Theodór Vilhjálmsson | í | d. | (5,72) |
| 6. Skúli Jónsson | í | d. | (5,62) |
| 7. Gyða Sigurðardóttir | í | 5. bekk „B“ | (5,59) |
| 8. Ásta Ásmundsdóttir | í | 5. – „B“ | (5,56) |

N: 1.–4 fengu „Lýsing Íslands“ eftir Skovgaard-Petersen,
N: 5–6 fengu Nýja Testamentið, skrautútgáfu með myndum
N: 7–8 fengu Sálmabók.

1906, 18. maí var fundur haldinn til þess að ræða um beiðni frá Ungfrú Elínu Matthíasdóttur um að fá leyfi til að nota eina kennslustofu í barnaskólahúsinu mánuðina júní og júlí (til kennslu), 2–3 stundir á dag.
Nefndin er því yfir höfuð andvíg að tala mótfallin að húsið verði lánað óviðkomandi mönnum að sumrinu, en vill þó ekki leggja á móti þessari beiðni í þetta sinn, þó með því skilyrði; að skólastjóri hafi umsjón með notkun hússins.
Nefndin heimilaði skólastjóra að leyfa glímufélaginu glímur í leikfimishúsinu á sunnudögunum mánuðina júní og júlí.–

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson  Jón Magnússon  Ólafur Ólafsson.

1906

Ár 1906, hinn 4. september, átti skólanefndin fund með sér.

Girðingin austan við skólalóðina hafði verið rifin niður á vor vegna breikkunar á Laufásvegi. Ákvað skólanefndin að skora á veganefndina að setja girðinguna upp aftur fyrir lok þessa mánaðar. Jafnframt var ákveðið að fara fram á það við bæjarstjórnina að girðingin yrði hækkuð svo að hún yrði alt að 3 álnum á hæð.

Afráðið var að byrja í haust á fyrirhugaðri matreiðslukenslu í skólanum, og skyldi í því skyni útbúa norðurenda kjallarans. — Ráðin var til kenslunnar ungfrú Soffía Jónsdóttir, sem numið hefur skólamatreiðslu í Danmörku með styrk úr bæjarsjóði: Leggur skólanefndin til að laun hennar verði 45 kron. um mánuðinn gegn því að hún kenni á kvöldin ~~[illegible]~~ 12/16 stundir á viku og annist alt, er að kenslu þessari lýtur, svo sem innkaup og útveganir allar.

Vegna þess að kensla í matreiðslu heimtar aukin fjárframlög sem nemur um 500 kr. á skóla-árinu, að minsta kosti; og vegna þess að skólanefndin leggur til að gjörð verði breyting á launum kennara, er rædd var á fundi nefndarinnar 1. febr. þ. á. (sbr. bls. 40), þá ákvað skólanefndin að fara þess á leit við bæjarstjórnina, að tímakenslufé í skólanum verði hækkað um 1000 kr. að minsta kosti.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundi slitið.

Jóhann Þorkelsson Jón Magnússon Ólafur Ólafsson.

Ár 1906, 19. dag septembermánaðar, átti skólanefndin fund með sér til að ræða um beiðnir um kauplausa kenslu og eftirgjöf á kenslueyri og gjöra uppástungur um þetta til bæjarstjórnarinnar.

Mælt var með ókeypis kenslu að öllu leyti fyrir 98 börnum og að hálfu leyti fyrir 36 börnum. —

Jóhann Þorkelsson Jón Magnússon Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1906

Ár 1906, 28. dag septembermán. átti skólanefndin fund með sér til þess að skoða umsóknarbréf um stunda-kenslu, en engu var ráðið til lykta að þessu sinni vegna þess að óvíst var um barnafjöldann og þar af leiðandi um bekkjafjöldann í skólanum. Skólastjóra var falið að gjöra uppástungu um niðurröðun kenslu-stunda og stundafjölda til handa hinum gömlu kennurum og nokkrum nýjum umsækjendum.

Þá ákvað skólanefndin að leggja það til að bæjar-stjórnin veiti eina eftirgjöf á öllu skólagjaldi 11 börnum, en 4 börnum hálfa eftirgjöf.

Jóhann Þorkelsson Jón Magnússon Ólafur Ólafsson

Ár 1906, 2. dag októbermánaðar átti skólanefndin fund með sér [að] ráða til lykta kennararáðningu til næsta skóla-árs. Samþykti skólanefndin uppástungu skólastjóra, og verða þessir kennarar næsta skóla-ár:

| | |
|---|---|
| Anna Guðbrandsdóttir | 6 st. á viku |
| Anna Magnúsdóttir | 18 — — |
| Bjarni Hjaltested | 23 — — |
| Brynjólfur Þorláksson | 10 — — |
| Elín Matthíasdóttir | 23 — — |
| Guðlaug Arason | 34 — — |
| Guðrún Daníelsdóttir | 23 — — |
| Guðm. Davíðsson | 9 — — |
| Hallgrímur Jónsson | 24 — — |
| Helgi Valtýsson | 16 — — |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 22 — — |
| Ingibjörg Guðbrandsdóttir | 14 — — |
| Ingileif G. Zoëga | 6 — — |
| Ingibjörg Erlendsdóttir | 8 — — |
| Kristín Aradóttir | 29 — — |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | 30 — — |
| Martha Stephensen | 29 — — |
| Margrét Þorkelsdóttir | 20 — — |
| Magnea Jóhannessen | 10 — — |
| Pétur Hjaltested | 7 — — |
| Stefán Eiríksson | 18 — — |

383

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1906

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Bjarnason | 4 | st. á viku |
| Sigríður Þorláksdóttir | 17 | — — — |
| Guðrún Jóhannsdóttir | 17 | — — — |
| Skólastjóri (M. Hansen) skyldi kenna 4 stundir | 4 | — — |
| og aðstoðarkennarinn (Sigurður Jónsson) | 35 | — — |
| Soffía Jónsdóttir kenni matreiðslu í Framhaldsbekk, 6. bekk „B“, 6. bekk „A“ og 5. bekk „C“ – í 3 deildum – 3 stundir hverri deild og hefur auk þess munnlega fræðslu með hverri deild 1 stund á viku | 12 | — — |

Skilyrði fyrir veiting kenslustafanna voru öll söma og áður og söma reglur fyrir innfærslu í einkunnabækur og einkunnagjöf sem áður og verða mánaðareinkunnir nú gefnar í öllum bekkjum skólans nema Framhaldsbekk. Þar skulu enn gefnar einkunnir daglega. Borgun fyrir útreikning einkunna söm og áður.

Aðeins í 60 aura fyrir hverja kenslustund, fá nú, samkvæmt áður viðteknum reglum, séra Bjarni Hjaltested og ungfrú Margrét Þorkelsdóttir.

Jóhann Þorkelsson Ólafur Ólafsson Jón Magnússon

Ár 1906, 20. dag nóvembermánaðar átti skólanefndin fund með sér til þess að ræða um beiðni frá „Ungmennafélagi Reykjavíkur“ um að mega nota leikfimishús skólans til líkamsæfinga tvisvar í viku nú í vetur. Skólanefndin veitti leyfi til þess með því skilyrði; að Helgi Valtýsson leikfimiskennari við skólann mætti á hverri æfingu, gætti reglu við æfingarnar og ábyrgðist að engar skemdir yrðu, hvorki á húsi né áhöldum. Að öðru leyti yrði „Ungmennafélagið“ að koma sér saman við skólastjóra um notkun hússins.

Glímufélaginu hér í bæ var leyft að nota leikfimishúsið eitt kvöld og selja mönnum inngang til að horfa á glímur.

Skólastjóri gat þess; að Anna Guðbrandsdóttir hefði ekki getað tekið að sér kenslu þá, er henni var ætluð í dönsku í 6. bekk „B“, 3 stundir á viku, og hefði hann tekið að sér kenslu þessa. Kenslustundir Skólastjóra verða því 7 á viku

Jóhann Þorkelsson Ólafur Ólafsson Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á tímabilinu 1. okt. til 31. des. 1906 ganga í skólann:

| | |
|---|---|
| Börn með fullu skólagjaldi | 179 |
| Börn með hálfu skólagjaldi | 42 |
| Thorkilliisjóðs börn | 50 |
| Börn, er njóta gjafkenslu | 102 |
| Þurfamannabörn | 80 |
| | 453 |

Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina

| Námsgreinir | 1.A. | 1.B. | 2.A. | 2.B. | 2.C. | 3.A. | 3.B. | 3.C. | 3.D. | 4.A. | 4.B. | 4.C. | 5.A. | 5.B. | 5.C. | 6.A. | 6.B. | Fhb. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristindómur (Kver, Biblía) | 1 | 1 | 2 | 2 | 3/2 | 3 | 2/2 | 3/2 | 3/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 50 |
| Íslenzka (Lestur, Réttrit.) | 6 | 6 | 5 | 5 | 7 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 92 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 5 | 4 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | | 63 |
| Reikningur | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 84 |
| Sagnafræði | | | | | | | | | | | | | 3 | 3 | | 3 | 3 | 3 | 15 |
| Landafræði | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 27 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 12 |
| Danska | | | | | | 2 | 2 | | | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 2 | 3 | 3 | 3 | 27 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 |
| Söngfræði og Söngur | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 17 |
| Teikning | | | | | | | | | | 1 | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 13 |
| Handavinna | | | | | | | | | | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 2/2 | 36 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | 2 (5.A.–Fhb.) | | | | | | 2 |
| Leikfimi: stúlkur | 1.A. 2.A. 1 | 1.B. 2.B. 1 | | | | 3.A. 3.B. 1 | 4.A. 5.B. 1 | 2.C. 3.D. 1 | | 4.B. 4.C. 1 | | | 5.A. 6.A. 1 | | 5.C. 3.C. 1 | | 6.B. Fhb. 1 | | 9 |
| Leikfimi: drengir | 1.A. 2.A. 1 | 1.B. 2.B. 1 | | | | 3.A. 3.B. 1 | 4.A. 5.B. 1 | 2.C. 3.D. 1 | | 4.B. 4.C. 1 | | | 5.A. 6.A. 1 | | 5.C. 3.C. 1 | | 6.B. Fhb. 1 | | 9 |
| Matreiðsla og undirbúningur undir hana | | | | | | | | | | | | | 5.C. 3/1 | | 6.A. 3/1 | | 6.B. Fhb. 3/1 | | 12 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 472 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1907

Ár 1907, 1. dag febrúarmánaðar átti skólanefndin fund með sér og voru mættir á þessum fundi, tveir bæjarfulltrúar, er ~~skól~~ bæjarstjórnin hafði kosið til viðbótar í nefndina, þeir Halldór Jónsson bankagjaldkeri og Jón Þorláksson ingeniör.

I. Kom til umræðu beiðni frá stundakennurum við skólann um hækkun á launum þeirra upp í 90 aura fyrir hverja klukkustund. Skólanefndin ákvað að taka þessa beiðni þannig til greina, að leggja það til við bæjarstjórnina, að lægsta borgun fyrir hverja kennslustund yrði 60 aur. Eftir tveggja ára kennslu við skólann færist kennslukaupið upp í 75 aura og eftir fimm ár frá því kennarinn kom að skólanum fái hann 90 aura fyrir hverja kennslustund. Þó leggur nefndin ekki til að hannyrðakennslan fyrir stúlkubörnin verði borguð hærra en 60 aura kennslustundin.

II. Skólanefndin mælir með því, að Guðmundi Guðmundssyni í Skálholti verði veitt ókeypis kennsla í barnaskólanum frá nýári til vors fyrir dóttur hans Sigríði 9 ára gamla.

III. Skólanefndinni hefur borist tilkynning frá slöjdkennaranum Stefáni Eiríkssyni um að hann geti ekki haft á hendi slöjd-kennsluna við skólann lengur en til loka þessa skóla-árs.

IV. Kom fram bréf frá forstöðumanni barnaskólans þar sem hann leiðir athygli skólanefndarinnar að bráðri nauðsyn þess að byggð verði í sumar álma austur úr suðurenda skólahússins. Fól skólanefndin skólastjóranum að útvega áætlun um kostnað við nefnda viðbót við húsið.

Jóhann Þorkelsson    Ólafur Ólafsson    Jón Magnússon
Halldór Jónsson    Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, 22. dag febrúarmán. átti skólanefndin fund með sér til að ræða um beiðni frá „Reykjavík Gymnastik & Idrætsforening" um að mega ljána leikfimishús barnaskólans til leikfimisæfinga. Málinu frestað til næsta fundar.

Ákveðið var að borga frk. Soffíu Jónsdóttur laun fyrir febrúar, en þann mánuð gat hún ekki kent, vegna veikinda, nema eina viku.

Jóhann Þorkelsson Ólafur Ólafsson Halldór Jónsson
Jón Magnússon Jón Þorláksson.

Ár 1907, 1. dag marzmánaðar átti skólanefndin fund með sér.

Ákveðið var:

I að senda bæjarstjórninni teikningar og áætlun, er skólanefndinni hafði borist frá Hirti trésmið Hjartarsyni; ásamt meðmælum með byggingunni.

II. að mæla með því, að leikfimis- og íþróttafélag það, er rætt var um á síðasta fundi; fái leyfi til að nota leikfimishús barnaskólans 2 stundir á viku eftir nákvæmari samkomulagi við skólastjóra, með því skilyrði að þeir séu jafnan í leikfimisfötum eða öðrum vel hreinum fötum og hafi á fótunum hreina skó (leikfimisskó) meðan þeir dvelja í húsinu. Félagið kosti sjálft hita og ljós og alla ræsting í húsinu eftir samkomulagi við skólastjóra. Nefndinni finst hæfilegt að félagið greiði mánaðarlega 10 króna leigu fyrir afnot húss og áhalda. Félagið, eða formaður þess og kennari, ábyrgist að áhöld og hús skemmist ekki, enda bæti að fullu það, sem kann að skemmast.

III. Þá var tekið til umræðu málefni frá Ásgrími kennara Magnússyni um styrk úr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1907

bæjarsjóði árlega, 3000 kr.; til skólahalds í austurbænum.
Nefndin sá sér ekki fært að mæla með þessari málaleitun.

Fundi slitið.

Jóhann Þorkelsson  Ólafur Ólafsson. Halldór Jónsson

Jón Þorláksson.  Jón Magnússon

Ár 1907, hinn 19. dag marzmánaðar ~~til þess~~ átti skólanefndin fund með sér til þess að skoða tilboð, er fram höfðu komið um bygginga á álmu við skólahúsið. Komið höfðu tilboð frá trésmiðunum Pétri Ingimundarsyni og Jóhannesi Jósefssyni. Hallaðist nefndin að tilboði Péturs um að byggja húsið fyrir 32400 krónur.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson  Jón Þorláksson. Halldór Jónsson.

Jón Magnússon  Ólafur Ólafsson

Á tímabilinu 1. janúar til 14. maí 1907 ganga í skólann:

| | |
|---|---|
| Börn með fullu skólagjaldi . . | 180 |
| Börn - hálfu — . . | 41 |
| Thorkilliisjóðsbörn . . . . | 50 |
| Börn, er njóta gjafkenslu eftir ákvörðun bæjarstj. | 103 |
| Þurfamannabörn . . . . . | 82 |
| | 456 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A.

Ár 1907, h. 2. apríl átti skólanefndin fund með sér. Umræðuefni var: lýsing á álmunni, er byggja á út úr skólahúsinu og samningur við trésmið Pétur Ingimundarson, tekur að sér bygginguna. Hafði skólanefndarmaður Jón Þorláksson, ingeniör, skráð samninginn og samið lýsinguna. Fjelst nefndin á samningsuppkastið. Eftir áskorun nefndarmanna veitti Jón Þorláksson ádrátt um að taka að sér umsjón með byggingunni og eftirlit með því, að samningnum yrði fylgt. Kvaðst hann eigi munde geta tekið þetta starf að sér fyrir minna en 150 krónur.

Samþykt var að leggja það til, að bæjarstjórnin lækka skólagjald fyrir barnið Sigríði Arnadóttur Zakaríassonar á tímabilinu 1. jan. til 14. maí 1906 úr 12 í 7 krónur vegna veikinda hennar og þaraf leiðandi fjarveru hennar frá 22. marz til loka skóla-ársins.

Skólastjóra var ~~leyft~~ veitt heimild til að leyfa Íþróttafélagi Reykjavíkur þeim notkun leikfimishússins en áður hafði samþykt verið.

Samþykt var að fara þess á leit, að bæjarstjórnin veitti 460 krónur til þess að búa út dyravarðaríbúð í kjallaranum undir hinni nýju álmu o. fl.

Fleira eigi gjört.

Jóhann Þorkelsson Jón Þorláksson Halldór Jónsson ~~Jón Magnússon~~ Ólafur Ólafsson

Ár 1907 hinn 26. dag aprílmánaðar átti Skólanefndin fund með sér.

I. Kom til umræðu bréf frá stjórnarráðinu dags. 23 apr. þar sem það fer fram á að fá 4–5 kenslustofur í barnaskólahúsinu 6 vikna tíma eftir 14. maí til afnota fyrir Hinn almenna mentaskóla.

Skólanefndin leggur með því að bæjarstjórnin veiti hið umbeðna, eftir samráði við skólastjóra og undir umsjón hans, að öðru leyti með þeim kjörum, sem bæjarstjórn sjálf kann að ákveða.

II. Þá kom til umræðu beiðni frá ungfrúnum Önnu Jónsson, Mörtu Indriðadóttur og Sigríðu Björnsdóttur um að mega nota eina kenslustofu í skólahúsinu til að kenna í fátækum stúlkubörnum handavinnu frá 14. maí til júlíloka.

Skólanefndin vill fyrir sitt leyti veita leyfit

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1907

undir umsjón skólastjóra.

III. Lögð var fram prófstafla yfir vorpróf í barnaskólanum og var hún samþykt. –

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Halldór Jónsson.

Ár 1907, 10. maí kom skólanefndin saman til þess að ræða um verðlaunabækur handa skólabörnum.

Samþykti nefndin þá tillögu skólastjóra, að þessi börn fengju verðlaun:

1. Ingibjörg Ólafsdóttir í Framhaldsbekk (5,73)
2. Jón O. V. Jónsson d. (5,64)
3. Hafsteinn Bergþórsson d. (5,52)
4 Aldís Helgadóttir í 6. bekk. B. (5,72)
5 Kristmann Guðmundsson d. (5,69)
6. Pétur Sigurðsson d. (5,62)
7. Jón Jónsson d. (5,59)
8 Þórarinn Þorsteinsson í 6. bekk. A (5,56)

Nr. 1 og 2 fengu Gullöld Íslendinga eftir Jón Jónsson
3 fékk Þýðing trúarinnar eftir Skovgaard-Petersen
4 og 6 fengu Nýja Testamentið í nýrri þýðingu
5. fékk Nýja Testamenti með myndum
7 fékk Vafurloga eftir F. J. Bergmann
8. fékk Kvæði Bjarna Thorarensens

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Halldór Jónsson Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907. 6. maí átti skólanefndin fund með sér.

I. Rætt var um, hvort hafa skyldi gufuhitun eða vatnshitun í hinni nýju álmu, sem verið er að byggja við skólann. Mælt var með gufuhitun og loftrásarofnum (kápuofnum).

II. Nefndin leggur til við bæjarstjórnina, að lagt verði skólpræsi frá skólahúsinu og út í Tjörnina (Lækinn).

III Nefndin leggur til, að skólahúsið verði málað innan í sumar eftir þörfum.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Jón Þórarinsson Halldór Jónsson
Ólafur Ólafsson

30. ágúst átti skólanefndin fund með sér til þess að ræða um fjárframlög úr bæjarsjóði til barnaskólans næsta ár. Var ákveðið að fá komið inn á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár aukinni fjárveitingu til tímakenslu, áhalda, ræstingar o. fl.

Fram kom bréf frá skólastjóra, þar sem hann lýsir því yfir, að hann geti ekki annast um ræsting á skólahúsinu hér eftir fyrir sömu borgun og áður. Borgunin sé fyrir löngu orðin of lág og nú bætist við nýja álman með 10 kenslustofum. Býðst hann til að reyna að útvega fólk til þessara starfa, en fyrir að annast um þetta og hafa umsjón með ~~skóla~~ verki þessu og skólahúsinu vonar hann að sér verði greidd sérstök þóknun.

Í sama bréfi fer hann fram á að útvegað verði meira fé til kensluáhalda-kaupa, skápa o. fl.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson

18. September átti skólanefndin fund með sér út af beiðni frá ýmsum bæjarbúum um eftirgjöf á kenslueyri fyrir skólabörn næsta vetur. Lagði nefndin til að 70 börnum yrði veitt kauplaus kensla að öllu leyti, en 47 börnum hálf eftirgjöf á skólagjaldi. Farið hafði verið fram á Thorkilliisjóðsstyrk handa 60 börnum. En fengist sá styrkur ekki handa þeim öllum, skyldu þau, sem afgangs yrði, samt sem áður njóta kauplausrar kenslu í skólanum.

Jóhann Þorkelsson Halldór Jónsson Jón Þórarinsson Ól. Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1907.

1. dag októbermánaðar 1907. átti skólanefndin fund með sér. Kom þar til umræðu:

I. Umsóknir um gjafkenslu í barnaskólanum og eftirgjöf á kenslukaupi. Lagði nefndin til að 25 börnum væri veitt kauplaus kensla að öllu leyti og 5 börnum að hálfu leyti.

II. Skoðaðar voru umsóknir kennara og gjört ráð fyrir að halda gömlu kennurunum, en um nýja kennara verður ekkert afráðið að svo stöddu.

III. Jón Þorláksson vakti máls á því, að æskilegt væri að breyta dyraumbúnaði í búðinni í nýja álmunni: minka ytt herbergið eða skifta því í tvent og bæta við glugga. Hann mintist og á að kaupa þyrfti eldavél í íbúð þessa og ofn m. m.

IV. Barnaskólinn var ekki settur í dag vegna mislinga-sýki, sem hér gengur. en ráðgjört var að skólastjóri skyldi auglýsa í blöðum, að skóli skyldi byrja þriðjudaginn 8. þ. mán.

V. Beiðni kom fram frá kenslukonu Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um að mega nota leikfimishús barnaskólans 1-2 stundir á dag endurgjaldslaust næsta vetur, eins og undanfarandi vetur. Vildi nefndin fyrir sitt leyti leggja það til að leyfið yrði veitt á líkan hátt og áður.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Halldór Daníelsson Jón Magnússon Jón Þorláksson
Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1907

Á fundi 9. dag októbermánaðar samþykti skólanefndin uppástungu skólastjóra um skifting kenslunnar milli kennaranna. Þessi verða kennarar:

| | |
|---|---|
| Anna Magnúsdóttir | 17 st. á viku |
| Séra Bjarni Hjaltested | 23 - - - |
| Brynj. Þorláksson | 10 - - - |
| Elín Matthíasdóttir | 23 - - - |
| Guðlaug Arason | 34 - - - |
| Guðrún Daníelsdóttir | 23 - - - |
| Guðm. Davíðsson | 12 - - - |
| Hallgr. Jónsson | 24 - - - |
| Helgi Jónsson mag. sc. | 12 - - - |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 24 - - - |
| Ingibjörg Guðbrandsdóttir | 16 aðst. hefir 14 [illegible] - - - |
| Kristín Aradóttir | 29 - - - |
| Lára J. Lárusdóttir | 6 - - - |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | 30 - - - |
| Martha Stephensen | 29 - - - |
| Margrét Þorkelsdóttir | 20 - - - |
| Magnea Jóhannessen | 14 - - - |
| Matthías Þórðarson | 20 - - - |
| Ragna Stephensen | 15 - - - |
| Pétur Hjaltested | 5 - - - |
| Sigríður Bjarnason | 4 - - - |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 17 - - - |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 17 - - - |
| Þórh. Bjarnarson | 3 - - - |
| Skólastj. 2 aðstoðarkennari | ± 35 |

Skólastjóri kennir 4 stundir á viku og hinn fasti aðstoðarkennari 31 stund. – Helgi Jónsson mag. sc., grasafræðingur var ráðinn til að kenna náttúrufræði og Matth. Þórðarson cand. phil. til að kenna drengjum handavinnu (Slöjd). Ungfrú Lára J. Lárusdóttir kennir stúlkum í 3 bekkjum handavinnu. Prófessor séra Þórhallur Bjarnarson syndi skólanum þá velvild að bjóðast til að kenna Íslands-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1907.

sögu í einum bekk. Aðrir kennarar eru gamlir starfsmenn við skólann.

Jóhann Þorkelsson Ólafur Ólafsson Jón Magnússon

Ár 1907. 5. dag nóvembermánaðar átti skólanefndin fund með sér.

I. Beiðni kom fram frá „Ungmennafélagi Reykjavíkur“ um að fá leikfimishús skólans til leikfimisæfinga tvö kvöld í viku hverri undir forustu Ó. Rósenkranz leikfimiskennara.

Nefndin vildi mæla með beiðninni því því að einn að hinn áðurnefndi kennari Ó. Rósenkranz mæti fyrstur á hverju kveldi og gangi síðastur frá húsinu og ábyrgist skemdir í húsi og áhöldum. Greiða skal félagið 10 kr. um mánuðinn, kosta ljós og hita og nauðsynlega ræstingu. – Alt undir umsjón skólastjóra og í samkomulagi við hann.

II. Skólanefndin mælti með eftirgjöf á öllu skólagjaldi í vetur fyrir 5 börn og hálfri eftirgjöf fyrir 4 börn.

III. Ákveðið var að leggja það til að þeim Helga Jónssyni og Matthíasi Þórðarsyni yrði borgaðir 90 aur. kenslukaup fyrir hverja klukkustund.

Sömul. var ákveðið að leggja það til við bæjarstjórnina, að matreiðslukenslukonan frk. Soffía Jónsdóttir fengi 55 kr. kaup. um mánuðinn.

IV. Út af bréfi frá kennara Sigurbjörgu Þorláksdóttur lagði nefndin fyrir skólastjóra að borga henni nú þegar 90 aura fyrir hverja kenslustund. Skóla-árið, sem nú er að byrja er 5. kensluár hennar, en nefndin lítur svo á, að hún hafi verið full 5 ár við skólann með árinu, er hún gekk á „Statens Lærerhöjskole“ í Khöfn. með meðmælum frá skólanefndinni.

Jóhann Þorkelsson.

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1907

Ár 1907, 19. nóv. talaði skólanefndin sig utan fundar saman um að leyfa Leikfimis og íþróttafélagi Reykjavíkur að nota leikfimishús barnaskólans tvisvar í viku í vetur frá kl. 7–10 síðdegis með sömu skilmálum og ~~Ungmennafélaginu hafði verið leyft~~ því sama félagi hafði verið leyft í fyrra vetur og tilgreindir eru á bls. 45 hér á undan. Félagið sé skuldlaust frá f. á. fyrir notkun hússins.—

Jóhann Þorkelsson.—

Samkvæmt skýrslu skólastjóra til bæjargjaldkerans, dags. 1. des., ganga á skólann á tímabilinu 1. október til 31. desember:

195 Borgunarbörn (með fullu gjaldi)
47 Börn með hálfu skólagjaldi
50 Thorkilliisjóðs börn
101 Börn, er bæjarstjórnin hefur veitt kauplausa kenslu
79 Þurfamannabörn.—
472

Ólafur Ólafsson Jón Magnússon

Ár 1908, 16. dag janúarmán. átti skólanefndin fund með sér.

I. Nefndin veitti 5 börnum fulla eftirgjöf á skólagjaldi og 2 börnum hálfa eftirgjöf fyrir tímabilið frá 1. janúar til 14. maí þ. árs.

II. Með byrjun þessa árs var tekið að nota hina nýju álmu, er gjörð var í sumar; þar eru 8 kenslustofur og að auki 2 stórar stofur, önnur fyrir söngkenslu en hin fyrir kenslu í náttúrufræði og landafræði.

III. Skólanefndin lagði til að greiddar yrðu Kr. 120,00 um mánuðinn fyrir ræsting á skólahúsinu til vors

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Jón Magnússon Jón Þórarinsson
Ól. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1908.

Ár 1908, hinn 27. dag aprílmánaðar, átti skólanefndin fund með sér.

I. Var tekið fyrir erindi frá Ásgrími kennara Magnússyni um að bæjarstjórnin taki á leigu skólahús hans fyrir 60 krónur um mánuðinn og taki sjálfan hann fyrir kennara með 10-1200 kr. um skóla-árið. Ljós hiti og ræsting borgist af bæjarsjóði eftir reikningi. Að leikfimishús bæjarins fáist til afnota fyrir nemendur skólans. – Samninginum megi segja upp með 6 mánaða fyrirvara.

Eftir nokkrar umræður var máli þessu frestað til næsta mánudags, 4. ~~apríl~~ maí, kl. 8½ síðdegis.

II. Lögð var fram tafla yfir vorprófið og var hún samþykt.

Fundi slitið

Jóhann Þorkelsson Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Þórunn Jónassen Jón Jensson Halldór Jónsson.

Ár 1908, h. 4. dag maímán. átti skólanefndin fund með sér.

I. Formaður skólanefndarinnar gaf upplýsingar um að börn á skólaskyldu-aldri (10-14 ára) hefði árið 1907 verið 700 að tölu. Með því að skólastjóri áleit að taka mætti í skólahús bæjarins 9-10 hundruð börn næsta haust og gjöra má ráð fyrir að nokkur börn noti ekki kauplausa kenslu í skólanum samkv. fræðslulögunum, verður ekki betur séð, en að öll börn á skólaskyldu-aldri geti komist fyrir í skólahúsi bæjarins og auk þess að minsta kosti jafn margt af yngri börnum eins og verið hefur í skólanum ~~að~~ undanförnu.

Nefndin leggur því til, að bæjarstjórnin sinni ekki tilboði hr. Ásgríms Magnússonar.

Frk. Soffía Jónsdóttir óskar að fá leyfi til að nota skólaeldhúsið um tíma í sumar, ef börn úr skólanum skyldu óska framhalds-tilsagnar.

Skólastjóri vakti máls á því að það yrði sem fyrst að endurbæta skóla-leiksviðið. ~~eiras~~ Peningar þegar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veittir til þessa.

Jóhann Þorkelsson Halldór Jónsson Jón Jensson
Þórunn Jónassen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1908, 4. 11. dag maímánaðar átti skólanefndin fund með sér.

I. Verðlaun af Gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sáluga kaupmanns og frá nokkrum í skólanefndinni voru veitt þessum börnum:

1. Eyjólfi Grímssyni úr framh. b. (5,61)
2. Kristni Ármannssyni úr 6. B (5,51)
3. Ágústu Erlendsdóttur - 6. B (5,51)
4. Ástu Jónsdóttur . 6. A (5,77)
5. Kristínu Bjarnadóttur 6. A. (5,74)
6. Ingibjörgu Guðmundsdóttur 6 A. (5,67)
7. Þórunni Hafstein 6 A. (5,62)
8. Maríu J. Jónasdóttur 5. B. (5,72)
9. Þóru Vigfúsdóttur 5. C. (5,69)
10. Guðmundínu Kristjánsdóttur 6. A. (5,59)

1.-9 fengu: L. Wallace: Ben Húr, í ísl. þýðingu.
10. barnið fékk Barnablaðið I. -

II. Bæjarstjórnin hafði sent nefndinni til umsagnar og úrslita beiðni frá Þorsteini Jónssyni Nýlendug. 18 um eftirgjöf á skólagjaldi fyrir son hans frá nýári til 14. maí. Skólanefndin leggur það til að veitt verði hálf eftirgjöf.

Jóhann Þorkelsson Þórunn Jónassen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1908.

Ár 1908, 24. dag júnímánaðar, átti ný skólanefnd, er kosin hafði verið samkvæmt hinum nýju fræðslulögum, fund með sér.

I. Rétt var að auglýsa í blöðunum, að fyrir hvaða tíma sótt skyldi um undanþágur frá að nota Barnaskólann næsta vetur, og sömuleiðis skyldi auglýsa fyrir hvaða tíma kennarar skyldu hafa sótt um kennslustörf við skólann næsta vetur.

Halldór Jónsson. Þ. Jónassen. Jón Jensson

Ár 1908 þ. 30. júlí kl. 5 e. h. átti skólanefndin fund með sjer og gjörðist á fundinum það, er hjer segir:

1° Borgarstjórinn Páll Einarsson var kosinn formaður nefndarinnar og Magnús kennari Helgason (sem) skrifari hennar. —

2° Nefndin telur nauðsynlegt, að nú þegar verði notuð fjárupphæð sú, er bæjarstjórnin hefur veitt til aðgerðar barnaskólaportinu, og að aðgjörð á því verði lokið áður en skólinn byrjar 1. okt. þ. á. —

3° Nefndin fól formanni sínum að ganga eftir því hjá verkfræðing Knud Zimsen að loptræsin í nýju álmu skólahússins verði fullgjör fyrir 1. okt. næstkomandi. — . —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4, Eftir ~~tillögu~~ skólastjórans telur nefndin æskilegt, að settar verði ekki færri en 4 skólpsþrór í barnaskólahúsið fyrir 1. okt. þ. á. með tilheyrandi áhöldum. –

5, Var lögð fram beiðni frá Guðrúnu Pjetursdóttur vegna Bergljótar Lárusdóttur og Maren Pjetursdóttur um að fá ljeða eina eða tvær kennslustofur í barnaskólahúsinu, til þess að halda í kvöldskóla fyrir ungar stúlkur. Vegna plássleysis í skólahúsinu sá nefndin sjer ekki fært að verða við beiðni þessari. –

6, Formanni falið að fá hjá þeim, er halda vilja einkaskóla, skýrslu um fyrirhugað fyrirkomulag skólans og stundatöflu hans. –

7, Ákveðið að endurtaka auglýsinguna um hver börn vilji fá undanþágu frá að ganga í barnaskólann. –

8, Skólastjóra falið að hafa alla umsjón með hreinsun og ræsting skólans og ráða hann fólk til þess. –

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

J. Jónassen

Páll Einarsson

Jón Jensson

Halldór Jónsson

1908

Ár 1908. 27. ág. kl. 12 á hádegi átti skólanefndin fund með sjer og gjörðist á fundinum það, sem hjer segir.

1º Skólanefndin hafði kynt sjer skýrslur um kenslufyrirkomulag í Landakotsskólanum og skóla Ásgríms Magnússonar og ályktaði nefndin að heimila foreldrum að láta börn sín á skólaaldri ganga í þá skóla næsta vetur án sjerstakrar umsóknar um undanþágu fyrir hvert barn, með þeim skilyrðum, að ekki verði tekin í skólana fleiri börn en svo, að húsrúm fullnægi heilbrigðiskröfum, að próf verði haldin að lokum skólaársins í hlýrandi hljóði, og skólanefndin hafi sama tilsjónarrjett með kenslu í þeim, sem í barnaskóla bæjarins. Skólastjórar sendi skólanefndinni fyrir 20. sept. skýrslu um, hver börn sæki skóla þeirra, og til greini foreldra þeirra, aldur og heimili. Foreldrar ábyrgist, að börnin, sem í Landakotsskólann ganga fái þá kenslu í kristnum fræðum, sem lög heimta.

2º Ráðnir voru þessir kennarar næsta vetur.

- Síra Bjarni Hjaltested
- Elín Matthiasdóttir
- Guðlaug Aradóttir
- Guðmundur Davíðsson
- Guðrún Daníelsdóttir
- Hallgrímur Jónsson
- Ingibjörg Brands
- Kristín Aradóttir
- Marta Stephensen
- Magnea Johannessen
- Ragna Stephensen
- Sigurbjörg Þorláksdóttir
- Þuríður Jóhannsdóttir
- Brynjólfur Þorláksson
- Soffía Jónsdóttir
- Laufey Vilhjálmsdóttir
- Bergljót Lárusdóttir ×
- Brynjólfur Magnússon
- Guðrún Blöndal
- Elín O. Andrjesdóttir
- Guðmundur Kr. Guðmundsson
- Halldóra Matthiasdóttir
- Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Maren Pjetursdóttir
Sigfús Einarsson
Konráð Vilhjálmsson
Sigurbjörn Sveinsson
Bergljót Lárusdóttir þó því að eins, að hún geti tekið að sjer kenslu í fleirum námsgreinum, en þeim, sem hún til tekur í umsókn sinni.

Þessum umsækjendum var neitað:
Valdimar Erlendssyni
Þorsteini Björnssyni
Stefaníu Jónsdóttur
Gísla Hinrikssyni
Sigríði þ. Thorlacius
Ragnheiði Blöndal

Auk þeirra, er nú eru taldir, hafði umsókn komið frá 4 kvenmönnum, er engin fullnaðarákvörðun var gjörð um á þessum fundi.

3º Ákveðið var að borga skyldi jafnt fyrir kenslutíma í handavinnu, sem öðrum námsgreinum.

4º Falið var formanni að láta semja skrá yfir öll börn á skólaaldri.

5º Undanþága frá skólavist var veitt Páli Einarssyni borgarstjóra fyrir börn hans tvö og bróðurson hans Stefán Jóhann Guðmundsson.

6º Frestað var að verða við ósk Páls Matthíassonar Vesturgötu 32, þangað til fengnar væru upplýsingar um barnaskóla Þorleifs Jónssonar. Mjóastræti.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson

Þ. Jónatansson Jón Jensson Magnús Helgason
Halldór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1908

Árið 1908, kl. 7 e. h. átti skólanefndin fund með sjer og gjörðist á fundinum það sem hjer segir:
1º Rætt var við skólastjóra um skifting kennslunnar meðal kennaranna og jafnframt ráðnir nokkrir nýir kennarar. Verður skýrsla um það innfærð síðar.
2º Talið óhjákvæmilegt að lýsa svæðið umhverfis barnaskólann á alla vegu og formanni falið að fá því framgengt.
Fleira gjördist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson
Magnús Helgason.
J. Jónassen   Jón Jensson   Halldór Jónsson

Árið 1908. 2. nóv. kl. 5 e. h. átti skólanefndin fund með sjer og gjörðist á fundinum það sem hjer segir:
1º Samin var áætlun um kostnað við skólann árið 1909 svo hljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun fastra kennara . . . | kr. 2500.00 |
| 2. | Til aukakennara . . . | – 21000.00 |
| 3. | – hjeraðslæknis fyrir heilbrigðiseftirlit . | – 25.00 |
| 4. | – áhaldakaupa . . . | 700.00 |
| 5. | – viðhalds og endurbóta á húsi og lóð skólans . | 1000.00 |
| 6. | – brunabóta og kirkjutíundar . . | 300.00 |
| 7. | – eldiviðar og ljósa . . . . | 1800.00 |
| 8. | – ræstingar o. fl. . . . . | 1675.00 |
| | | 29000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2° Samþykt að hækka laun ungfrú Soffíu Jónsdóttur um 10 kr. á mánuði.

3° Skólanefndin mælir með að íþróttafjelagi Reykjavíkur, ungmennafjelagi Reykjavíkur og fjelaginu Iðunni verði leyft að nota leikfimishús barnaskólans eftir samráði við skólastjórann með því skilyrði, að þeir greiði fyrir það 10 kr. á mánuði og leggi sjálf til ræstingu, ljós og hita, 2 kvöld hvert á viku. Leiguna greiði þau fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Hins vegar var Ásgrími kennara Magnússyni neitað um leikfimishúsið til afnota fyrir börnin í skóla sínum 2 stundir á viku, með því að skólanefndin taldi það ófullnægjandi leikfimiskenslu.

4° Leyft var að nota leikfimishús barnaskólans til að kenna þar leikfimi stúlkum þeim, er sækja kennaraskólann í vetur, og enn fremur skólaiðnaðarstofu og áhöld skólans 1 stund á viku.

5° Leyft var kennendum daufdumbraskólans að nota leikfimishúsið 1 stund á viku og skólaiðnaðarstofu og áhöld sömul.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Jensson

Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1908

Árið 1908, 16. nóv. kl. 5 e. h. átti skólanefndin fund með sjer, og gjörðist á fundinum það sem hjer segir:

1º Á fundinum komu fram þær upplýsingar, að hvorki stúlkur kennaraskólans nje börnin daufdumbu eiga hægt með að nota leikfimishús mentaskólans, og leggur því nefndin það til af nýju, að báðir þeir skólar fái að nota leikfimishús barnaskólans, og enn fremur kvennaskóli Reykjavíkur, alt undir umsjón leikfimiskennara barnaskólans, Ingibjargar Brands.

Barnaskólastjórinn skýrði jafnframt frá því, að leikfimishús barnaskólans yrði alls ekki lánað frekar meðan kenslustundir standa yfir í skólanum; en hins vegar gæti Ásgrímur Magnússon kennari átt kost á að fá húsið ljeð handa börnum skóla síns eftir þann tíma 2 st. á viku. ~~Nefnd~~ Nefndin telur þó nauðsynlegt, að setja það skilyrði, að ~~—~~ kensluna annist annaðhvort leikfimiskennari barnaskólans eða einhver sá kennari, er nefndin tekur gildan og trúir fyrir húsi og áhöldum.

2º 16 kennarar við barnaskólann höfðu sótt um aukaborgun fyrir heimastörf við leiðrjettingar á ritæfingum.

Nefndin telur fullsamið um borgun fyrir kenslu í barnaskólanum þenna vetur, og getur því eigi tekið þessa umsókn til greina.

3º Sigfús Einarsson söngkennari hafði sótt um að fá 90 aur. um tímann, þar sem hann væri sjerfræðingur í sinni grein. Nefndin frestaði að svara þessari umsókn, en fol formanni að tala fyrst við söngkennarann um málið.

4º Umsókn var lögð fram frá barnaskólastjóranum um launahækkun. Með því að 2 nefndarmenn vantaði á fundinn, var úrslitum frestað.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Jón Jensson    Páll Einarsson
Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1908, 14. des. kl. 5 átti skólanefndin fund með sjer og gjörðist á fundinum það sem hjer segir:

1º Ályktað var, að mæla með að veita ókeypis kenslu í barnaskólanum þessum börnum yngri en 10 ára:
Haraldi Olafssyni
Ingunni Sigríði Tómasdóttur
Guðmundi N. Hannessyni
Lovísu Stefánsdóttur
Sveini Th. Gunnarssyni
og eftirgjöf á ½ kenslukaupi þessum:
Guðmundi Eyjólfssyni
Hjálmari A. Jónssyni
Guðrúnu Hafliðadóttur
og eftirgjöf á öllu skólagjaldi ~~van~~ Runólfi Þórðarsyni ~~[illegible]~~ fyrir annað barn sitt, ef hann láti 2 vera í skólanum.

2. Formaður tilkynti nefndinni að Sigfús Einarsson, söngstjóri hefði tekið aftur umsókn sína um kauphækkun (sbr. síðustu fundargj. 3º)

3. Morten Hansen skólastjóri hafði beiðst launahækkunar frá næsta nýjári. Nefndin beiðist samþykkis bæjarstjórnar til að hækka laun hans um 500 kr. á ári frá næstu áramótum.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson

Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1909

Árið 1909 hinn 19. jan. kl. 5 átti nefndin fund með sjer og gjörðist á fundinum það, sem hjer segir.

1º Beiðni kom frá foreldrum og vandamönnum þeirra barna, er ganga í skóla Ásgríms Magnússonar í Bergstaðastræti nr. 3 um þetta þrent:

I. styrk til að standast þann kostnað, er leiðir af kenslu þessara barna.

II. ~~Að~~ að börn úr nefndum skóla fái að njóta sama rjettar til sundkenslu, sem börn barnaskóla bæjarins.

III. ~~Að~~ að þau fái ókeypis böð í baðhúsi Reykjavíkur, eins og ~~þau~~ börnin, sem ganga í barnaskóla bæjarins.

Að því er I. snertir álítur nefndin, að eigi geti komið til mála, að greiða úr bæjarsjóði kenslueyri fyrir þau börn, sem ekki ganga í barnaskóla bæjarins, nema því að eins, að barnið geti eigi að áliti læknis heilsunnar vegna gengið í hann.

Að því er II snertir, er nefndin því hlynt, að börn úr skólanum í Bergstaðastræti 3. njóti sama rjettar til sundkenslu, sem börn þau, er ganga í barnaskóla bæjarins.

Að því er III snertir, var það upplýst á fundinum, að samningurinn milli bæjarstjórnarinnar og baðhúseigandanna væri á þá leið, að þau börn ein, er njóta ókeypis kenslu í barnaskólanum eigi rjett á að fá ókeypis steypiböð 2var á vetri.

2º Einar Jónsson hafði sótt um, að greiddur yrði úr bæjarsjóði kenslueyrir 20 kr. fyrir fatlaða barn hans. Nefndin leggur til, að þessi bæn verði veitt, svo framarlega sem læknir vottar, að barnið sje eigi heilsunnar vegna fært um að ganga í barnaskóla bæjarins (sbr. 1º I.).

3º Stjórn kennarafjelags barnaskólans sækir um fje til, að ~~bæ~~ barnaskólinn leggi fjelaginu til bókaskáp, og samþykti nefndin að til þess mætti verja alt að 60 kr. af því fje, sem skólanum er ætlað til áhaldakaupa.

Fleira gjörðist eigi.

Fundi slitið.

Magnús Helgason. Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1909



Árið 1909 hinn 5. ág. kl. 5 átti nefndin fund með sjer, og gjörðist á fundinum það er hjer segir. Allir á fundi nema Halldór Jónsson bankagjaldk.

1º Ungfrú Laufey Vilhjálmsdóttir hafði sótt um leyfi til að fara frá skólanum 20. þ. m. til þess að dvelja við skóla erlendis. Leyfið veitir nefndin með því móti að hún útvegi kennara í sinn stað það sem eftir er af kenslutíma skólans, og próf í hennar námsgreinum verði haldið áður en hún fer.

2º Pjetur Grísólfsson sækir um ókeypis kenslu í barnaskóla bæjarins fyrir Emilíu dóttur sína 8 ára. Bænin veitt.

3º Nefndin felur þeim skólastj. Magnúsi Helgasyni og M. Hansen að semja frumvarp til reglugjörðar fyrir barnaskólann, er síðan verði lagt fyrir nefndina svo fljótt sem unt er.

Fleira gjörðist eigi.
Fundi slitið.

Páll Einarsson

Magnús Helgason.

~~Ár 1909 hinn 15. sept. átti nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist á fundinum það, er hjer segir: Tekið var til athugunar erindi 5 borgara dags. 14 f. m. er bæjarstj~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 12. maí átti skólanefndin fund með sjer.
Á fundinum voru mættir borgarstjóri Páll Einars-
son, frú Þórunn Jónassen og Jón Jensson.
Verðlaun af Gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sáluga
kaupmanns voru veitt þessum börnum:
1. Sigríður Brynjólfsdóttir 7. B (7.00)
2. Annarie Helgason 7. A. (7.00)
3. Þorkell Gíslason, 6. B (7.00)
4. Steinunn Bjarnadóttir 6. A (7.00)
5. Gunnar Richardsson, 6. A (7.00)
7. Óskar Borgþórsson, 6. A (7.00)
8. Kristín Ólafsdóttir, 5. A. (7.00
1–4 fái afmælisdagabók Guðm. Finnbogasonar,
5–7 fái „Íþróttir fornmanna“ eptir Björn Bjarnarson
og 8. fær æfintýri H. C. Andersen II bindi.
Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið
Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1909

Stundakennarar skóla-árið 1908–1909 ásamt stundatölu hvers þeirra á viku hverri:

| | |
|---|---|
| Anna Magnúsdóttir | 23 |
| Ásgeir Torfason | 10 |
| Bjarni Hjaltested | 30 |
| Brynjólfr Þorláksson | 11 |
| Bergljót Lárusdóttir | 17 |
| Brynjólfur Magnússon | 17 |
| Elín Matthíasdóttir | 30 |
| Elín Andrésdóttir | 8 |
| Guðlaug Aradóttir | 32 |
| Guðm. Davíðsson | 23 |
| Guðrún Daníelsdóttir | 29 |
| Guðrún Blöndal | 17 |
| Guðm. Kr. Guðm.s. (síðar: Steindór Björnsson) | 20 |
| Hallgr. Jónsson | 30 |
| Halldóra Matthíasdóttir | 24 |
| Ingibjörg Brands | 29 |
| Jón Magnússon | 20 |
| Konráð Vilhjálmsson | 23 |
| Kristín Aradóttir | 30 |
| Kristín Þorvaldsdóttir | 5 |
| Lára Lárusdóttir | 8 |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | 37 |
| Mágnea Jóhannessen | 18 |
| Maren Pétursdóttir | 17 |
| Martha Stephensen | 30 |
| Margrét Þorkelsdóttir | 29 |
| Matthías Þórðarson | 28 |
| Pétur Hjaltested | 8 |
| Ragna Stephensen | 20 |
| Runólfr Runólfsson | 9 |
| Sigurður Bjarnason | 8 |
| Sigríður Hermann | 4 |
| Sigurbjörg Þorláks-dóttir | 30 |
| Sigurbjörn Sveinsson | 23 |
| Sigfús Einarsson | 9 |
| Soffía Jónsdóttir | 20 |
| Valgerður Lárus-dóttir | 7 |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 23 |

Fasti kennarar:

| | |
|---|---|
| Morten Hansen | 5 |
| Sigurður Jónsson | 30 |

Samtals 791 stund í viku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1909

# Tafla,

er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1908–09.

| Námsgreinir (Bekkir) | 1.A. | 1.B. | 1.C. | 2.A. | 2.B. | 2.C. | 2.D. | 3.A. | 3.B. | 3.C. | 3.D. | 3.E. | 3.F. | 4.A. | 4.B. | 4.C. | 4.D. | 4.E. | 5.A. | 5.B. | 5.C. | 5.D. | 5.E. | 6.A. | 6.B. | 6.C. | 7.A. | 7.B. | Drengir eldri | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristind. (Kverd. Bibls.) | 1 | 1 | 1 | 2 | 5 | 5 | 5 | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | | 3 | 87 |
| Íslenzka (Lestur Réttr.) | 6 | 6 | 6 | 5 | 7 | 7 | 7 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 6 | 151 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 4 | 104 |
| Reikningr | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 134 |
| Sagnafræði | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | | 30 |
| Landafræði | | | | | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 47 |
| Náttúruf. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 22 |
| Danska | | | | | | | | 2 | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 44 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | | 8 |
| Söngfr. og söngr | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 2 | 28 |
| Teiknun | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 21 |
| Handavinna | st. 1 | 1 | 1 | 1 | | | | | | | | | drengir / stúlkur | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | stúlkur 2 | drengir 4 (6.A.–6.C.) / stúlkur 2 | stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | drengir 2 / stúlkur 2 | | 62 |
| Matreiðsla (st.) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | 20 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 (5.A.–5.E.) | | | | | 2 (6.A.–7.B.) | | | | | | 4 |
| Leikfimi | Samtals með stúlkum og drengjum | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 29 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Samtals | 791 |

Skóla-árið 1908–1909 voru innrituð alls. í 29 deildir 772 börn (622 skólaskyld og 150 yngri) Undir vorpróf gengu þó aðeins 740 börn. Eitt barn (Magnea Þorsteinsdóttir) andaðist 24. febr. 31 sýktust eða fóru burt úr bænum fyrir prófið.

Af skólaskyldum börnum ná 140 börn 14 ára aldri fyrir byrjun næsta skóla-árs.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1909

Árið 1909, 22. júní átti skólanefndin fund með sjer. Allir nefndarmenn á fundi.

Þessi málefni komu fyrir fundinn:

1º Frumvarp til reglugjörðar fyrir barnaskólann var rætt og samþykkt.

2º Var rætt um að stofna fastar kennarastöður, og var ~~samþ.~~ lagt til að stofna 2 slíkar með 1000 kr. árslaunum og fylgi sú skylda að kenna 30 st. á viku.

3º Nefndin leggur til að veita Sigurði kennara Jónssyni 500 kr. launaviðbót frá 1. okt. að telja.

4º Umsóknir um stundakenslu við barnaskólann skulu komnar til nefndarinnar fyrir júlílok.

5º Umsóknir um undanþágur fyrir börn frá því að ganga í barnaskóla bæjarins skulu komnar til skólanefndar fyrir ágústmánaðar lok.

6º Formanni og skólastjóra falið að sjá um lagningu vatnspípnanna inn í barnaskólahúsið.

7º Sömul. felur nefndin þeim að annast um nauðsynleg áhaldakaup til skólans.

8. Umsóknir fyrir börn innan 10 ára um inntöku í barnaskólann skulu komnar til nefndarinnar fyrir lok ágústmánaðar.

Fleira kom eigi til umræðu.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Magnús Helgason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reglugjörð fyrir barnaskóla Reykjavíkur

## I. Um tilgang skólans.

1. gr.

Það er tilgangur skólans að veita nemendunum sem staðbesta þekkingu á þeim fræðigreinum, sem kendar eru í skólanum, og að hafa heillavænleg áhrif á hugsunarhátt þeirra og siðferði, svo, að þeir geti orðið góðir og nýtir borgarar í þjóðfjelaginu.

## II Um inntöku nemenda í skólann

2. gr.

Í skólann skulu ganga öll skólaskyld börn í Reykjavíkur skólahjeraði, nema þau, sem verða undanþegin samkv. lögum, enda hafi þau engan næman sjúkdóm, er geti orðið öðrum börnum að meini.

Ef húsrúm og önnur skilyrði eru fyrir hendi má og veita yngri börnum úr skólahjeraðinu aðgang að skólanum, svo og börnum, sem heimili eiga utan skólahjeraðsins, ef skólanefnd þykir ástæða til.

Umsóknir um skóla fyrir börn yngri en 10 ára skulu stílaðar til skólanefndar og vera komnar til hennar fyrir lok ágústmánaðar. Fyrir sama tíma skulu og komnar til hennar umsóknir um undanþágur fyrir börn á skólaskyldualdri samkv. 6. gr. fræðslulaganna.

## III. Um kenslutíma og leyfi

3. gr.

Skólanefnd ákveður í samráði við bæjarstjórn Reykjavíkur, hvenær skólaár skuli byrja og enda. Þó skal skólinn eigi byrja síðar en 1. oktober og eigi enda fyr en 14. maí ár hvert.

Öll börn sem skólann eiga að sækja skulu koma í skóla(árs)byrjun og vera í skólanum út allan náms-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tímann, þangað til prófi er lokið. Undantekningar frá þessu geta því að eins átt sjer stað, að veikindi, flutningar eða aðrar knýjandi ástæður sjer fyrir hendi, og skal skólanefnd í samráði við skólastjóra skera úr því, hvort ástæðurnar eru fullnægjandi.

4. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. jólaleyfi, frá 23. des. til 2. jan. að báðum dögum meðtöldum; 2. páskaleyfi, frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum að báðum dögum meðtöldum; 3. sumardaginn fyrsta; 4. hvítasunnuleyfi frá laugardegi til næsta þriðjudags að báðum dögum meðtöldum. Auk þess má skólastjóri í samráði við skólanefnd veita leyfi einstöku sinnum heilan eða hálfan dag.

Leyfi frá einstökum kenslustundum veitir skólastjóri. Hann ákveður einnig, hve langan tíma börnin fá til undirbúnings undir próf.

IV. Um kennara skólans.

5. gr.

Skólanefnd ræður kennara skólans og ákveður starfsvið þeirra og rjettindi, sbr. 30. gr. laga um fræðslu barna og 23. gr. tölul. 3 í sömu lögum.

V. Um nemendur skólans

6. gr.

Börn þau, sem í skólann ganga, skulu jafnt í kenslustundum sem utan kenslustunda hegða sjer siðsamlega og sýna kennurum virðing og hlýðni.

Að öðru leyti skipar skólanefnd fyrir um reglu og aga í skólanum og semur sjerstakar reglur þar að lútandi.

7. gr.

Börn er sýkjast af næmum sjúkdómum, mega ekki sækja skólann fyr en þau hafa fengið læknisvottorð um, að þau sjeu læknuð að fullu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. gr.

Geri barn sig sekt í ósiðsamlegu athæfi eða brjóti bág við settar reglur og fyrirskipanir skólans og álítist að hafa spillandi áhrif á önnur börn og láti eigi skipast við áminningar og fortölur kennara, getur skólastjóri vísað því burt úr skólanum um stundarsakir, en því aðeins að fullu og öllu að skólanefnd samþykki, og skal hún þá, sje barnið á skólaskyldualdri, annast um, að því sje veitt kensla utan skóla.

VI. Um skóladagbækur, skýrslur og skírteini.

9. gr.

Skólanefndin hefur gjörðabók og brjefabók; en í skólanum skulu vera dagbækur og prófbók, og ber skólastjóra að sjá um, að reglulega sje í þær ritað.—

10. gr.

Skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar um próf, fjárhag skólans, hús, kensluáhöld og hvað annað, er að skólahaldinu lýtur, semur skólanefndin og afgreiðir til yfirstjórnarinnar.—

VI. Um námsgreinar og stundatöflu.

11. gr.

Þessar námsgreinar skal kenna í skólanum: 1. íslenzka (lestur, kvæði, stíla, einföldustu atriði málfræðinnar), 2. skrift, 3. kristin fræði, 4. reikning, 5. sögu, 6. landafræði, 7. náttúrufræði, 8. söng, 9. leikfimi, 10. teikning, 11. handavinnu.

Skólanefnd má láta kenna fleiri námsgreinar eptir því sem ástæður leyfa og kröfur tímans útheimta, t. d. dönsku, ensku, matreiðslu o. fl.

Heimilt er mönnum að fá börn sín undanþegin kenslu í kristnum fræðum.—

12. gr.

Stundatöflu skal semja á hverju ári og leggja undir samþykki skólanefndar, og skal tímanum skipt milli námsgreinanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig, að sjerstök áherzla sje lögð á þá greinar, sem lögboðnar eru.

## VIII. Um próf

### 13. gr.

Aðalpróf skal haldið í lok skólaársins, og skulu þau börn, er kenslu hafa notið í skólanum ganga undir það, einnig þau, sem yngri eru en 10 ára.

Prófeinkunnir skulu gefnar í öllum námsgreinum, sem börnin hafa lært á skólaárinu, nema leikfimi og matreiðslu.

Aukapróf má halda nálægt miðju skólaári, ef skólanefnd og kennurum þykir það hentugt. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 7. ágúst átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi nema skólastjóri Magnús Helgason.

Þessi málefni komu fyrir fundinn.

1°

Að fenginni heimild frá bæjarstjórninni ályktaði nefndin að stofna tvær fastar kennarastöður við skólann frá 1. október næstkomandi að telja með 1000 króna árslaunum, og fylgi sú skylda að kenna 30 stundir á viku og hafa umsjón á hendi ef með þarf eptir ákvörðun skólastjóra. Var formanni nefndarinnar falið að auglýsa sýslan þessa.

2°

Ráðnir voru þessir stundakennarar næsta vetur:

Anna Magnúsdóttir
Ásgeir Torfason
Bergljót Lárusdóttir
Bjarni Hjaltested
Brynjólfur Magnússon
Brynjólfur Þorláksson
Elín Ó. Andrjesdóttir
Elín Matthíasdóttir
Guðlaug Arason
Guðrún Blöndal
Guðmundur Davíðsson
Guðrún Daníelsdóttir
Guðm. Kr. Guðmundsson
Halldóra Matthíasdóttir
Hallgrímur Jónsson
Ingibjörg Brands
Ingibjörg Sigurðardóttir
Jörundur Brynjólfsson
Kristín Aradóttir
Lára Á. Lárusdóttir
Laufey Vilhjálmsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Matthías Þórðarson
Maren Pjetursdóttir
Margrjet Þorkelsdóttir
Martha Stephensen
Magnea Johannessen
Pjetur Hjaltested
Ragna Stephensen
Sigríður Bjarnason
Sigurbjörn Sveinsson
Sigurbjörg Þorláksdóttir
– Steindór Björnsson
– Svava Þórhallsdóttir
Sigfús Einarsson
– Steinunn Bjartmarsdóttir
Þuríður Jóhannsdóttir

og var hverjum þeirra ætlaður svipaður kennslustundafjöldi sem næstliðinn vetur, eptir því sem seinna verður nánara ákveðið. –

Þessum, er sótt höfðu um stundakennslu var neitað:

Ásgeir ~~Sigurðsson~~ Ásgeirsson, Hvammi
Ásmundur Gestsson
Guðríður Jóhannsdóttir
Kristín Þorvaldsdóttir
Ólafía Guðmundsdóttir
Pjetur Gunnlaugsson
Valdemar Erlendsson

Auk þeirra sem nú eru taldir, hafði umsókn komið frá 7 öðrum kennaraefnum, en engin fullnaðarákvörðun var gjörð um á þessum fundi.

3°

Var samþykkt að veita af skólans fje 10 kr. ef fyrir þá upphæð fengist nokkur afnot fyrir skólabörnin af grasgarði Helga Jónssonar og Einars Helgasonar.

4°

– Ennfremur heimilaði skólanefndin foreldrum að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

láta börn sín á skólaskyldualdri ganga í Landakotsskólann og skóla Ásgríms Magnússonar næsta vetur án sjerstakrar umsóknar um ~~(sjá fund 27 ágúst '08~~) undanþágu fyrir hvert barn, með þeim skilyrðum að ekki verði tekin í skólana fleiri börn en svo, að húsrúm fullnægi heilbrigðiskröfum, að próf verði haldin að lokum skólaársins í heyranda hljóði, og skólanefndin hafi sama tilsjónarrjett með kennslu í þeim, sem í barnaskóla bæjarins. Skólastjórar sendi skólanefndinni fyrir 20. sept. skýrslu um, hver börn sæki skóla þeirra, og tilgreini foreldra þeirra, aldur og heimili. Foreldrar ábyrgist, að börnin, sem í Landakotsskólann ganga fái þá kennslu í kristnum fræðum, sem lög heimta.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Ár 1909 hinn 15. sept átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist á fundinum það, er hjer segir:

Tekið var til athugunar erindi 5. borgara dags. 14. f. m., er bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar, en í erindi þessu, er þess farið á leit

1 að 10 króna styrkur verði veittur úr bæjarsjóði hverju barni á skólaskyldum aldri, er gengur í skóla Ásgríms Magnússonar á næsta vetri

2. að börn úr þeim skóla fái ókeypis baðmiða að baðhúsi Reykjavíkur í rjettu hlutfalli við önnur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1909

börn bæjarins.

3. að börnin fái að njóta sundkenslu á næsta vori og
4. að börnin í skólanum á skólaskyldum aldri fái endurgjaldslaust sömu afnot leikfimishúss barnaskólans sem síðasta vetur.-

Skólanefndin leggur það til, að börn úr skóla Ásgríms Magnússonar á skólaskyldum aldri fái að njóta sama rjettar til sundkenslu á vori komandi, sem börn úr barnaskóla bæjarins, og sama rjettar til ókeypis baða í baðhúsinu, ef nokkur verður. Ennfremur að þau fái endurgjaldslaust afnot leikfimishúss barnaskólans eins og síðasta vetur undir umsjón skólastjóra og þannig að það ekki komi í bága við leikfimiskenslu bæjarskólans.-

Hinsvegar er nefndin því mótfallin, að nokkur kenslueyrir verði veittur úr bæjarsjóði börnum á skólaskyldum aldri, er ganga í skóla Ásgríms Magnússonar.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1909 hinn 18. sept. kl. 5 átti nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra og voru nefndarmenn allir á fundi.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Lagðar voru fram umsóknir um 2 fastar kennarastöður við barnaskólann, sem skólanefndin með samþykki bæjarstjórnar hafði ákveðið að stofna. Þessir höfðu sótt:

síra Arnór Þorláksson á Hesti
Guðlaug Arason í Reykjavík
síra Gísli Kjartansson í Haugi
Hallgrímur Jónsson Reykjavík
Jón A. Egilson í Stykkishólmi
Jónas Guðlaugsson í Reykjavík
Kristín Aradóttir —„—
Laufey Vilhjálmsdóttir —„—
Thora Friðriksson —„—
Þorsteinn M. Jónsson Seyðisfirði
Steingrímur Arason Fjelsárstöðum.

Stöðurnar voru veittar þeim Laufey Vilhjálmsdóttur og Thoru Friðriksson, og borgarstjóra falið að gefa þeim veitingarbrjef í samráði við skólastjórann.

2. Ungmennafjelagið Iðunn og íþróttafjelag Reykjavíkur höfðu sótt um leyfi til að mega nota leikfimishús barnaskólans með sama hætti og í fyrra vetur, og forstöðumaður kennaraskólans beiddist og hins sama fyrir stúlkur kennaraskólans. Nefndin veitti leyfi þessi fyrir sitt leyti með sömu kostum og næstl. vetur og gegn sama gjaldi (sjá bls. 63.)

3. Forstöðumaður kennaraskólans beiddist þess, að fá allt að 20 börn á skólaskyldum aldri í æfingabekk kennaraskólans og að greitt yrði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir kenslu þeirra þar sama gjald eins og greitt 
er undir fyrir hana í barnaskóla bæjarins. 60 au. um
tímann. Beiðni þessa samþykti nefndin.

4. Undanþága frá skólagöngu var veitt þessum sveinum:
Arna Pálssyni
Stefáni Jóhanni Guðmundssyni
Jóni Norðmann.

Fleira gjörðist eigi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Magnús Helgason

Árið 1909, hinn 2. okt. kl. 1 átti nefndin
fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. ~~þessir~~ Nefnd-
armenn allir á fundi nema Halldór Jónsson.

þetta gjörðist á fundinum:

1. Skólastjórinn lagði fram tillögur sínar um skifting kenslunnar milli kennaranna, og voru þær samþyktar; skólastjóranum falið að tilkynna kennurunum, ~~hverjir~~ margir tímar þeim eru veittir hverjum fyrir sig og að veitingin er því skilyrði bundin, að þeir taki þátt í umsjón með börnunum og afgreiðslu einkunna eftir nánari fyrirmælum skólastjóra, og sæki kennarafundi eftir boðun hans. Skýrsla um skiftingu kenslunnar verður síðar inn færð.

2. Skólastjóri fór þess á leit, að borgað yrði sanngjarnt kaup eins og að undanförnu fyrir útreikning einkunna, og var því lofað.
Þá vakti hann og máls á því, að teknar veru upp tímar nýjir einkunnir í barnaskólanum þetta kensluár, og fjelst nefndin á það.

3. Stjórnarráðið hafði farið þess á leit að fá að láni leikfimishús barnaskólans, til að kenna nemendum daufdumbraskólans leikfimi 1 stund á viku, svo og að fá lánað hús og áhöld til hannyrðakenslu handa sömu nemendum 1 stund á viku. Ennfremur að 2 af nemendum ~~mentaskólans~~ skólans megi taka þátt í matreiðslukenslu við barnaskólann á komandi vetri. Nefndin vildi fyrir sitt leyti leyfa alt þetta að svo miklu leyti, um skólastjóri sæi mögulegt, að

því yrði við komið.

4. Ingibjörg Brandsd. leikfimiskennari hafði farið þess á leit, að fá lánað leikfimishús barnaskólans 2-4 st. á viku, eins og að undanförnu; nefndin mælir með þeirri beiðni með sama skilyrði.

Fleira gjörðist eigi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 6. okt. 1909, stundu ~~fyrir~~ eftir miðaftan átti nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra, og mættu allir nefndarmenn, nema Jón Jensson.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Umsóknir höfðu komið um ókeypis kenslu í barnaskóla bæjarins fyrir 48 börn, sem ekki hafa náð skólaskyldu aldri; hafði skólastjórinn yfirfarið þær allar, og með því að honum var kunnugt um, að hjer var eingöngu um bláfátæk börn að ræða, lagði nefndin það til, að þeim yrði öllum veitt ókeypis kensla.
Sömul. höfðu komið umsóknir um eftirgjöf á hálfu skólagjaldi fyrir 4 börn, og mælti nefndin með þeim af sömu ástæðum.

2. Hallgrímur Jónsson kennari hafði sótt um borgun fyrir heimavinnu við leiðrjettingu stíla 20 kr. á mánuði, alls 140 kr. Skólastjórinn skýrði frá, að þessi kennari hefði í vetur óvenjumikla kenslu í íslensku, og þyrfti að leiðrjetta ritgerðir og stíla úr 5 bekkjum skólans, og þeim öllum ofarlega í skólanum, þar sem starf þetta er mest og vandasamast; þá kom nefndinni saman um að veita kennara Hallgrími Jónssyni 100 kr. aukaþóknun fyrir þessa heimavinnu þetta skólaár.

3. Eftir ósk skólastjóra ákvað nefndin að verja nokkurri upphæð af fje því, er ætlað er til áhaldakaupa, til þess að láta gera litla skápa til geymslu fyrir einkunnabækur o. fl. og auk þess hyllur fyrir reikningsspjöld barna í hinni nýju álmu barnaskólans; fal nefndin formanni sínum og skólastjóra að sjá um framkvæmd þess.

Fleira gerðist eigi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Magnús Helgason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 23. okt. 1909 kl. 6½ átti nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra; allir á fundi nema Halldór Jónsson.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Sigurði Eiríkssyni veitt undanþága fyrir Elisabet dóttur sína frá skólavist.
2. Pétri Arnólfssyni veitt undanþága frá skólagjaldi fyrir Emilíu dóttur sína, eftir beiðni hans.
3. Ungfrú Thoru Friðriksson veitt lausn frá kennarastöðu sinni við barnaskólann frá 1. nóv. næstkomandi, eftir ósk hennar. Nefndin ákvað að skifta kenslustundum hennar milli annara kennara skólans, en veita eigi stöðuna fyr en frá 1. okt. 1910
4. Samin áætlun um útgjöld til barnaskólans n.á. svo sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Laun fastra kennara . . | Kr. 4750.00 |
| b. | Til aukakenslu . . | - 19000.00 |
| c. | Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | - 200.00 |
| d. | Til áhaldakaupa . . . | - 700.00 |
| e. | - eldsneytis og ljósa . . | - 1800.00 |
| f. | - viðhalds og endurbóta á húsi og lóð | - 1500.00 |
| g. | Brunabótagjald, lóðargjald og kirkjugjald | - 300.00 |
| h. | Til ræstingar og ýmsra útgjalda | - 1750.00 |
| i. | - matgjafa handa fátækum börnum | - 700.00 |
| | Alls: | 30700.00 |

Auk þess óskar nefndin að fá kr. 2500.00 til þess að lengja skólatímann um einn mánuð.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1909.

Hinn 6. des. 1909 hjelt nefndin fund á sömu stund og stað sem síðast. Allir á fundi nema Jón Jensson.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Jón Halldórsson og Gísli Einarsson höfðu sótt um eftirgjöf á skólagjaldi fyrir sitt barnið hvor frá í fyrra. Nefndin leggur til að veita eftirgjöfina.
2. Sótt hafði verið um undanþágu frá skólagöngu fyrir Elisabet Pálsdóttur, Nikulás Kristinn Jónsson, K. Sveinbjörg Sveinsdóttur og Halldóru Samúelsdóttur. Undanþágan veitt.
3. Um samskonar undanþágu var sótt fyrir Ólafíu Þorláksdóttur. Borgarstjóra falið að grenslast frekar eftir ástæðum og svara síðan fyrir nefndarinnar hönd.
4. Enn fremur sótt um sömu undanþágu fyrir Valborgu Nielsen. Leyfið veitt með því móti að húsbóndi hennar ábyrgist, að hún fái lögboðna fræðslu og mæti til vorprófs í barnaskólanum.
5. Ungfrú Maren Pjetursdóttir verður að hætta við kenslu í barnaskólanum sakir veikinda. Nefndin felur skólastjóra að ráðstafa kenslustundum hennar fram að prófi, og koma síðan fram með tillögur sínar um skiftingu þeirra framvegis.
6. 16 kennarar barnaskólans höfðu sótt um borgun fyrir heimavinnu, leiðrjettingu stíla. Nefndin synjar þeirri beiðni fyrir þetta skólaár, en lofar að taka málið til íhugunar.
7. Bæjarstjórnin hefur veitt 700 kr. til matgjafa handa fátækum skólabörnum. Nefndin ræddi um tilhögun á þeim og gjörði nokkrar ráðstafanir til undirbúnings.
8. Bæjarstjórnin hefur og veitt 200 kr. til læknisumsjónar í barnaskólanum. Borgarstjóra falið að leita tilboða hjá læknum þeim, er um getur verið að ræða.

Fleira gjörðist eigi. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Magnús Helgason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 12. jan. 1910 hjelt nefndin fund kl. 5 á sama stað sem síðast. Allir á fundi.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Rætt um matgjafir handa fátækum börnum í barnaskólanum. Ákveðið að þær byrji næsta mánudag. Frú Jónassen falið að sjá um framkvæmdir ásamt skólastjóranum. Byrjað með um 60 börn. Matur ákveðinn hafragrautur með pela af nýmjólk.

2. Iðnaðarmannafjelagið hefur sótt um að fá barnaskólahúsið til iðnaðarsýningar sumarið 1911. Nefndin mælir með því að beiðnin sje veitt, með því sjálfsagða skilyrði, að það komi ekki í bága við kensluna í skólanum og húsinu verði skilað aftur í sama ástandi, sem við því var tekið, og að öðru leyti eftir samkomulagi við formann skólanefndarinnar.

3. Sigurbirni Sveinssyni, barnakennara, veitt meðmæli til inntöku á framhaldsnámskeið kennara næsta vor.

4. Sigurfinni Sigurðssyni veitt undanþága frá skólagöngu fyrir Árna son sinn, ~~og~~ Guðnýju dóttur sína því að eins, að hann útvegi henni læknisvottorð.

5. Eftirgjöf á skólagjaldi var ~~veitt~~ mælt með að fengi Runólfur Magnússon Miðhúsum Bræðraborgarstíg frá 1/10 – 31/12 f. á.

6. Sömul. að Magnús Magnússon fengi kauplausa kenslu handa Maríu dóttur sinni frá nýjári, ef hún er í skólanum; annars verður henni ekki veitt viðtaka í skólann vetrarlangt.

7. Skólastjóra falið að ráðstafa kenslustundum Maríu Pjetursdóttur, sem hefur orðið að hætta kenslu sakir heilsubrests.

8. Útaf tilmælum frá kennarafjelagi barnaskólans var skólastjóra falið að veita leyfi einn og einn dag, þegar lítið er um frátafir, í samráði við formann skólanefndar.

Páll Einarsson

Magnus Helgason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 24. jan. kl. 5½ átti nefndin fund á sama stað og áður. Halldór Jónsson og frú Þ. Jónassen gátu ekki mætt. Þetta kom til umræðu:
1º Magnúsi Blöndahl veitt undanþága frá skólagöngu fyrir Kristrúnu dóttur sína.
2º Samþykt að ráða Guðmund Hannesson, hjeraðslækni, fyrir lækni handa barnaskólanum fyrir 200 kr. þetta ár.
3º

Fundi slitið
Páll Einarsson Magnús Helgason

Eftir að ungfrú Thora Fridriksson hafði fengið lausn (sbr. bls. 85.) og kenslustundum hennar hafði verið skift niður á aðra kennara, kendi hver kennari stunda fjölda þann á viku hverri, er hér segir:

| | |
|---|---|
| Anna Magnúsdóttir | 18 |
| Ásgeir Torfason | 10 |
| Bergljót Lárusdóttir | 20 |
| Bjarni Hjaltested | 34 |
| Brynj. Magnússon | 21 |
| Brynj. Þorláksson | 12 |
| Elín Andrésdóttir | 11 |
| Elín Matthíasdóttir | 30 |
| Guðlaug Arason | 36 |
| Guðrún Blöndal | 17 |
| Guðm. Davíðsson | 23 |
| Guðrún Daníelsdóttir | 29 |
| Guðm. Kr. Guðmundsson | 16 |
| Halldóra Matthíasdóttir | 26 |
| Hallgr. Jónsson | 34 |

337

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| | Fl. | 337 |
| Ingibjörg Guðbrandsdóttir | 1 | 28 |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 1 | 26 |
| Jónas Jónsson | | 24 |
| Jörundur Brynjólfsson | | 19 |
| Kristín Aradóttir | 1 | 33 |
| Lára J. Lárusdóttir | 1 | 12 |
| Matthías Þórðarson | | 34 |
| Maren Pétursdóttir | 1 | 19 |
| Margrét Þorkelsdóttir | 1 | 30 |
| Martha Stephensen | 1 | 30 |
| Magnea Jóhannessen | 1 | 23 |
| Pétur Hjaltested | | 12 |
| Ragna Stephensen | 1 | 21 |
| Sigríður Bjarnason | 1 | 8 |
| Sigurbjörn Sveinsson | | 21 |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 1 | 30 |
| Steindór Björnsson | | 21 |
| Svava Þórhallsdóttir | 1 | 12 |
| Sigfús Einarsson | | 8 |
| Steinunn Bjartmarsdóttir | 1 | 17 |
| Soffía Jónsdóttir | 1 | 24 |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 1 | 22 |

811

Föstu kennararnir kendu:

| | |
|---|---|
| Sigurður Jónsson | 30 |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | 30 |
| Skólastjóri | 5 |

Samtals vikulega 876 stundir

337

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1909–1910

Bekkir:

| Námsgreinir | 1A | 1B | 1C | 2A | 2B | 2C | 2D | 2E | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 6A | 6B | 6C | 6D | 7 | 8 | Æfingard. í Kenn.sk. | Samtals: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kr.fræði | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 3 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 2 | 88 |
| Íslenska (Lestur, Stílar) | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 7 | 7 | 7 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 161 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 106 |
| Reikningur | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 5 | 147 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 40 |
| Landafr. | | | | | | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 51 |
| Náttúrufr. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 27 |
| Danska | | | | | | | | | 2 | | 2 | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | | | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 48 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | | 8 |
| Söngfræði | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 2 | 31 |
| Teiknun | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 22 |
| Handavinna | st. 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | dr. & st.: 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | 2+2 | | 82 |
| Matreiðsla | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | 24 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | | 2 | | | | | 4 |
| Leikfimi | Samtals með stúlkum og drengjum. . . . . | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 37 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Samtals: | 876 |

1910



Ár 1910 þ. 13. maí á skólanefndin fund með sjer og skólastjóra Morten Hansen. Af nefndarmönnunum voru að eins mættir borgarstjóri Páll Einarsson og frú Þórunn Jónassen.

Verðlaun af Gjafasjóði H. Th. A. Thomsen voru veitt þessum börnum:

1. Sveinbjörgu Ó. Arnasson 8 B. (6,75)
2. Maríu Einarsdóttur 8 B. (6,67)
3. Matthildi Guðmundsdóttur 8 B. (6,67)
4. Pálínu Þorleifsdóttur 6 D. (6,67)
5. Þorbjörgu Þorkelsdóttur 6 B. (6,67)
6. Jóhönnu Þórðardóttur 6 D (6,75)
7, Kristjáni Albertssyni 6 B. (7,17)
8, Halldóri Oddssyni 5 A. (6,58)

1-2 fái afmælisdagabók Guðmundar Finnbogasonar
5-6 fái Góðabók Heldu
3-4 fái Góðmæli (Góðmæli) Bjarna Thorarensen
7-8 fái "Íþróttir fornmanna" eptir Björn Bjarnason

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Skóla-árið 1909-1910 komu alls í skólann 825 börn. Þaraf gengu 806 í aðalskólann, en 19 í æfingabekk Kennaraskólans. Af börnum í aðalskólanum gengu 756 undir vorpróf. 50 höfðu frá forfallast á ýmsan hátt: (34 orðið sjúk eða ekki fyllt skólavist alt árið, 10 höfðu flutst burt úr bænum, 2 voru að eins til nýárs, 2 mistu móður sína snögglega í byrjun prófs og treystust ekki til að halda áfram, 2 mættu ekki í prófi). — Af 19 börnum í æfingabekk Kennaraskólans komu 5 ekki til prófs.

Af skólabörnunum ná um 134 börn 14 ára aldri fyrir byrjun næsta skóla-árs, og hafa þannig tekið fullnaðarpróf þ: þau, er undir próf hafa gengið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1910

Árið 1910 þ. 31. maí átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra stundu eptir miðaptan. Nefndarmenn allir á fundi.

Þessi mál lágu fyrir fundinum:

1. Beiðni frá aðstandendum barna þeirra, er gengu í barnaskólann Bergstaðastræti 3 næstl. vetur, um kenslustyrk úr bæjarsjóði. Nefndin gat ekki veitt beiðni þessari meðmæli sín.

2. Beiðni frá Ásgrími Magnússyni kennara um styrk til unglingaskóla síns. Nefndin gat eigi heldur mælt með þeirri beiðni.

3. Nefndin ályktaði að leita samþykkis bæjarstjórnarinnar til að setja gaslýsingu í allt barnaskólahús bæjarins; lá fyrir henni áætlun um tilhögun lýsingarinnar og kostnað við hana. Samkvæmt henni fer allur kostnaður ekki fram yfir 2800 kr. eru þar ætlast til að 4 lampar komi í kenslustofu hverja og að auki í leikfimishús og handavinnustofu; 139 lampar alls.

4. Stofnendur væntanlegs söngskóla hjer í bænum höfðu mælzt til að fá ljeða söngstofu barnaskólans og hljóðfæri til þeirrar kenslu. Nefndin vildi leyfa það ~~með því móti~~ að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við kenslu barnaskólans sjálfs.

5. Nefndin ályktaði að auglýsa til umsóknar barnakennarastöðu þá, er ungfrú Þóra Friðriksson afsalaði sjer næstl. haust, og sje umsóknarfrestur til 15. ág. í sumar.

6. Nefndin ályktaði að breyta ráðningu stundakennara við barnaskólann í það horf, að framvegis verði hver um sig ráðinn með ~~sjerstök~~ skriflegum samningi með 3ja mánaða uppsagnarfresti og fal skólastjóra Magnúsi Helgasyni að semja frumvarp til slíks samnings.

7. Stjórnarráðið hefði borið undir álit skólanefndarinnar, hvort lögin um styrktarsjóð handa barnakennurum skuli ná til stundakennaranna við barnaskóla bæjarins. Nefndin áleit, að svo eigi að vera.

8. Nefndin ræddi um aukaborgun fyrir leiðrjettingar heima á stílum og ritgjörðum í barnaskólanum, en frestaði ályktun um það efni, þangað til fengnar væru nákvæmari upplýsingar.

9. Frumvarp til lesskrár fyrir barnaskólann var lagt fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundinn og var skólastjóra Magnúsi Helgasyni falið að athuga það til næsta fundar.

Fleira gjörðist eigi.
Fundi slitið
Páll Einarsson Magnús Helgason

Árið 1910. 31. ág. átti nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi og að auki Sigurður kennari Jónsson.
Þetta gerðist á fundinum:
1. Síra Bjarni Hjaltsted var ráðinn fastur kennari við barnaskólann frá 1. okt. næstk. með 1000 kr. launum um árið.
2. Stundakennarar voru ráðnir þessir:

× Anna Magnúsdóttir
× Ásgeir Torfason
Bergljót Lárusdóttir
× Brynjólfur Þorláksson
Elín Matthíasdóttir
Guðlaug Arason
× Guðmundur Davíðsson
Guðrún Blöndahl
Guðrún Daníelsdóttir
Halldóra Matthíasdóttir
Hallgrímur Jónsson
Ingibjörg Brands
Ingibjörg Sigurðardóttir
Jörundur Brynjólfsson
Kristín Aradóttir
Margrjet Þorkelsdóttir
Martha Stephensen
Pjetur Hjaltested
Ragna Stephensen
Sigfús Einarsson
Sigríður Bjarnasón

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigríður Björnsdóttir
Sigurbjörg Þorláksdóttir
Sigurbjörn Sveinsson
Steindór Björnsdóttir
Steingrímur Arason
Steinunn Bjarnarsdóttir
Þuríður Jóhannsdóttir
Til að kenna handavinnu:
Elín Andrjesdóttir
Lára L. Lárusdóttir
Þorbjörg Friðriksdóttir
Ennfremur Matthías Þórðarson (slöjd)

Seinna verður í samráði við skólastjórn hve margar stundir hver kennari fær. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Borgarstjóra falið að ráða í hverju einstöku tilfelli hvort börn, sem eru heimilisföst utan Reykjavíkur, skuli fá inngöngu í barnaskólann og með hvaða kostum.
4. Samþykt frumvarp til samnings við tímakennarana, og verður það fært inn í bókina hjer á eftir.
5. Samþykt tilboð stjórnar gasstöðvarinnar um innleiðslu gass í barnaskólann og glóðtæki, og falið formanni að sjá um framkvæmd á því.
6. Samþykt að auglýsa eftir tilboðum í kolum og koks til barnaskólans næsta ár.
7. Frumvarp til kenslufyrirsagnar athugað.
8. Samþykt að lána leikfimishús barnaskólans til afnota fyrir kvennaskólann og stúlkurnar í kennaraskólanum, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við leikfimiskenslu barnaskólans.

Fundi slitið
Páll Einarsson.

Magnús Helgason

Frumvarp
til ráðningarsamnings við tímakennara barnaskólans

Skólanefnd Reykjavíkur ræður með brjefi þessu N. N. til kenslustarfa við barnaskóla bæjarins með þeim skilmálum er hjer segir:
1. skal hlýða reglum skólans og fyrirmælum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1910

skólastjóra í öllu er snertir kenslu, umsjón og stjórn skólans. –

2. skal kenna þar námsgreinar og svo margar, (stundir á viku) sem skólanefnd ákveður fyrir hvert skólaár, þó eigi færri en 12 alls. –

3. Kaup fyrir hverja kenslustund er 60 aurar 2 kensluárin fyrstu, þá 75 aurar 3 ár og 90 au. upp frá því og að auki þóknun fyrir heimavinnu við leiðrjettingu ísl. stíla í 5. 6. 7. og 8. bekk og danskra í 7. og 8. 3 au. fyrir nemanda á viku, ef kennarinn hefur það starf á hendi í fleiri en einum þessara bekkja.

4. Ráðning þessi gildir þangað til starfinu er sagt upp af annari hvorri hálfunni. Skal uppsögnin vera skrifleg og með 3ja mánaða fyrirvara að minnsta kosti..

Jeg undirskrifaður . . geng að þessum skilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum. –

Rvík . –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 10. september kl. 12 á hádegi voru opnuð á skrifstofu formanns nefndarinnar tilboð þau, er komið höfðu um sölu á kolum og koksi til barnaskólans. Tilboðin reyndust að vera þessi:

1, Björn Guðmundsson: kol: kr. 3,15 fyrir skpd
koksi: 26 kr. fyrir tonnið

2, J. P. T. Bryde's verslun: kol: 3 kr. fyrir skpd
koksi: 27 kr. 50 a. fyrir tonnið.

3, verslunin "Reykjavík": kol: kr. 3,12 fyrir skpd
koksi: 26 kr. fyrir tonnið.

Skólanefndin hefur samþykkt að kaupa kolin hjá J. P. T. Bryde og koksi hjá versluninni Reykjavík. það er þó skilyrði að kolin sjeu látin úti in húsi. –

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1910 hinn 29. sept. kl. 7 e. h. átti nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Halldór Jónsson. Skólastjórinn mætti og á fundinum.

Þetta gjörðist á fundinum.

1. Forsögn um kenslu í barnaskólanum var til umræðu. Höfðu kennarar skólans samið frumvarp til hennar, og það síðan gengið milli nefndarmanna. Var samþykt að byggja skyldi á því stundarskrá skólans í vetur og reyna að haga kenslu eftir því að svo miklu leyti sem við verður komið.
2. Rætt var um skiftingu kenslustunda milli kennaranna, en frestað fullnaðarályktun um það til næsta fundar.

Fundi slitið.

Páll Einarsson
Magnús Helgason

Árið 1910 hinn 3. okt. átti nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra kl. 7 e. h. Allir nefndarmenn á fundi, nema Halldór Jónsson, og að auki skólastjórinn.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Tekin var fullnaðarályktun um skiftingu kenslustunda meðal kennaranna.
2. Umsóknir höfðu komið um ókeypiskenslu handa 59 börnum, sem eigi eru á skólaskyldualdri, og um eftirgjöf á hálfu skólagjaldi fyrir eitt barn.

Leggur nefndin það til, að 52 af börnum þessum sje veitt ókeypiskensla, en eftirgjöf á hálfu gjaldi þessum þremur: Elínu og Snjólaugu Sigurðardætrum Grettisg. 38. og Hallfríði Bjarnadóttur í Hlíð.

Þó skal 7 ára börnum því að eins viðtaka veitt, að eigi þurfi að fjölga kensludeildum frá því, sem nú er.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Stjórnarráðið hafði beiðst þess að fá leikfimishús barnaskólans til að kenna nemendum daufdumbraskólans leikfimi 1 stund á viku, og hús og áhöld til skólaiðnaðarkenslu handa sömu nemendum, og enn fremur að nokkrir af þeim megi og taka þátt í matreiðslukenslu.

Nefndin vill veita þetta alt saman og vísar til skólastjóra að skipta tímunum niður. Þó vill hún því að eins lána hús og áhöld til skólaiðnaðar, að kennari barnaskólans í þeirri grein kenni.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Magnús Helgason

Árið 1910 hinn 15. nóv. átti nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra kl. 7 e.h. Á fundinum mættu ~~auk formanns~~ allir nefndarmenn, nema yfirdómari Jón Jensson. Þetta kom fyrir fundinn.

1. Beiðni frá 29 feðrum, er börn eiga í skóla Ásgríms Magnússonar Bergstaðastræti 3 um þessi 4 atriði.

a. Að börnin fái ókeypis kenslu í nefndum skóla, eða bæjarstjórnin veiti þeim svo mikinn kenslustyrk, sem hún sjer sjer fært.

b. Að börnin fái notið sama rjettar til sundkenslu.

c. Að börnin fái ókeypis böð í baðhúsi bæjarins í rjettu hlutfalli við börn úr barnaskóla bæjarins.

d. Að börnin fái tvo tíma á viku afnot af leikfimishúsi barnaskólans án nokkurs endurgjalds undir stjórn sama kennara og síðastl. ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að því er fyrsta atriði beiðninnar snertir þá er nefndin á sömu skoðun sem áður, og leggur á móti því. en að því er öll hin atriðin þrjú snertir, mælir nefndin með að þeim verði veitt að svo miklu leytinu sem verður komið.

Fleira gjörðist eigi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Magnús Helgason

Árið 1911 hinn 23. jan. kl. 7 átti nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn voru á fundi nema Jón Jensson yfirdómari.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Ályktað að mat skyldi gefa fátækum skólabörnum frá 1. febr. með sömu tilhögun sem í fyrra, nema skólastjóri og kennarar telji þess enga þörf.
2. Samþyktar reglur fyrir skólabörnin og eru þær innfærðar hjer á eftir.
3. Sú breyting var gjörð í ráðningarsamningi við kennarana, að í stað „þessara bekkja" komi „bekk".

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reglur
## fyrir börnin í Barnaskóla Reykjavíkur

1. gr.

Börnin eiga að vera kurteis við kennara sína og hlýða þeim. Þau eiga einnig að umgangast hvert annað vingjarnlega og temja sjer fagurt orðbragð.–

2. gr.

Börnin eiga að koma í skólann dag hvern, er kennsla fer fram. Verði barn sjúkt eða hindrað af öðrum gildum ástæðum, eiga foreldrar eða húsbændur að tilkynna það skólastjóra, eða bekkjakennara sama daginn, eða hinn næsta, ef barnið kemur þá eigi heldur í skólann.–

3. gr.

Börnin komi í skólann þvegin og greidd og svo þokkalega búin, sem ástæður leyfa.

4. gr.

Sjerhvert barn skal hafa með sjer í skólann allar bækur og öll áhöld, er það þarf að nota. Ekkert mega börnin skilja eptir í kennslustofunni án leyfis kennara. Börnin fari vel með áhöld sín og bækur.–

5. gr.

Börnin eiga að vera komin á skólaleiksvæðið áður en hringt er inn til fyrstu kennslustundar dag hvern.–

6. gr.

Þegar hringt er eiga börnin tafarlaust að ganga þegjandi í raðir sínar og standa þar kyrlát, 2 og 2 saman. Þegar börnin fá bendingu ganga þau greitt og hávaðalaust að kennslu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1911

stofu sinni. Þar fara þau úr yfirhöfnum og ganga síðan í rjettri röð inn í kennslustofuna og setjast þar niður eptir þeim reglum, sem kennarinn setur þeim.-

7. gr.

Í kennslustundunum eiga börnin að sitja siðprúð og eptirtektarsöm í sætum sínum. Börnin hafa það eitt handa á milli, sem nota þarf þá kennslustundina.-

Börnin mega aðeins fara út úr kennslustund, ef brýn nauðsyn er og kennarinn leyfir.

8. gr.

Börnin eiga að fara vel með alla muni skólans. Þau skulu ganga hreinlega um salernin og dvelja þar aðeins er nauðsyn krefur.-

9. gr.

Þegar kennslustund er lokið og kennarinn gefur bendingu, leggi börnin tafarlaust frá sjer bækur sínar, og áhöld og búist til útgöngu. Þau raði sjer í ganginum eins og við inngöngu og gangi út eptir sömu reglum og þau gengu inn.-

10. gr.

Börnin eiga að vera á leiksvæði skólans í frímínútunum; þar mega þau ekki fara í „boltaleik, „klink“ nje snjókast.-

Þau skulu ekki fara burt af leiksvæðinu nema nauðsyn beri til og aðalumsjónarmaður leyfi og hegði sjer þar að öllu leyti siðsamlega.

11. gr.

Þegar kennslu er lokið eiga börnin að ganga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beina leið heim til sín. Forðast ætti börnin á leið sinni í skólann eða úr honum að fara út á „tjörn", ef eigi er full vissa fyrir því, að hún sje held.-

Árið 1911, hinn 10. maí stundu eftir miðaftan átti nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Halldór Jónsson og Jón Jensson komu ekki.

Það sem gerðist á fundinum var þetta:

1. Ákveðið að veita samkvæmt tillögum skólastjóra verðlaun börnunum:

1. Ásu Þorsteinsdóttur 8.b. (7.06)
2. Sigríði Hafstein 1.b. (7.05)
3. Svövu Samúelsdóttur 3.b. (6.86)
4. Hálfdáni Helgasyni 1.b. (6.64)
5. Ingibjörgu Þórðardóttur 7.b.B. (6.69)
6. Eggert P. Briem 7.b.A. (6.85)
7. Haraldi Aspelund 6.b.C. (6.94)
8. Jóhanni Kristjánssyni 1.b. (6.76)
9. Sigríði Þorsteinsdóttur 6.b.A. (7.01)

Skólastjóra var falið að kaupa verðlaunabækurnar og útbýta þeim.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Magnús Helgason

Verðlaunabækurnar, sem nefndar eru hér að framan, voru þessar:
1. „Á guðs vegum" eftir Björnstjerne Björnson (Á.Þ.)
2. „Ljóðmæli" eftir Steingr. Thorsteinsson (S.H.)
3.-4: Vestan hafs og austan eftir Ein. Hjörl. 1. (Sv.S. og I.Þ.)
5-7: Dagrenning eftir Jón Jónsson (H.H., E.P.Br., S.Þ.)
8: Garibaldi eftir Vestergaard, ísl. þýð. (H.A.)
9: Íslensk söngbók (J.Kr.)

Allar voru bækurnar í skrautbandi.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1911.

# Kennarar og stundafjöldi

hvers þeirra vikulega skóla-árið 1910 – 1911:

Stundakennarar:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Anna Magnúsdóttir | 19 stundir |
| 2 | Ásgeir Torfason | 10 – |
| 3 | Bergljót Lárusdóttir | 25 – |
| 4 | Brynjólfur Þorláksson | 19 – |
| 5 | Elín Matthíasdóttir | 30 – |
| 6 | Guðlaug Arasón | 36 – |
| 7 | Guðmundur Davíðsson | 25 – |
| 8 | Guðrún Blöndal | 26 – |
| 9 | Guðrún Daníelsdóttir | 30 – |
| 10 | Halldóra Matthíasdóttir | 30 – |
| 11 | Hallgrímur Jónsson | 35 – |
| 12 | Ingibjörg Brands | 28 – |
| 13 | Ingibjörg Sigurðardóttir | 30 – |
| 14 | Jörundur Brynjólfsson | 25 – |
| 15 | Kristín Aradóttir | 33 – |
| 16 | Martha Stephensen | 30 – |
| 17 | Jónas Jónsson | 24 – |
| 18 | Jóhanna Þorsteinsdóttir | 24 – |
| 19 | Margrét Þorkelsdóttir | 30 – |
| 20 | Matthías Þórðarsón | 34 – |
| 21 | Pétur Hjaltested | 10 – |
| 22 | Ragna Stephensen | 27 – |
| 23 | Sigfús Einarsson | 9 – |
| 24 | Sigríður Björnsdóttir | 10 – |
| 25 | Sigurbjörn Sveinsson | 25 – |
| 26 | Sigurbjörg Þorláksdóttir | 33 – |
| 27 | Steingrímur Arason | 30 – |
| 28 | Steinunn Bjartmarsdóttir | 21 – |
| 29 | Steindór Björnsson | 22 – |
| 30 | Þorbjörg Friðriksdóttir | 38 – |
| 31 | Þuríður Jóhannsdóttir | 23 – |
| 32 | Soffía Jónsdóttir | 24 |

Fastir kennarar:

| | | |
|---|---|---|
| 33 | Sigurður Jónsson | 30 – |
| 34 | Laufey Vilhjálmsdóttir | 30 – |
| 35 | Bjarni Hjaltested | 34 – |
| 36 | Skólastjóri | 3 – |

912

Samtals vikulega 912 stundir –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1911

# Tafla,

er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1910–1911

| Námsgreinir / Bekkir: Stundir: | 1A. | 1B. | 1C. | 2A. | 2B. | 2C. | 2D. | 2E. | 3A. | 3B. | 3C. | 3D. | 3E. | 3F. | 4A. | 4B. | 4C. | 4D. | 4E. | 4F. | 5A. | 5B. | 5C. | 5D. | 5E. | 6A. | 6B. | 6C. | 7A. | 7B. | 8. | Æfingadeild Kennaraskóli | Stundir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristinfræði | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 2 | 76 |
| Íslenska (lestur, stílar) | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 162 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 106 |
| Reikningur | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 145 |
| Saga | " | " | " | " | " | " | " | " | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | " | " | " | " | " | " | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 42 |
| Landafræði | " | " | " | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 53 |
| Náttúrufræði | " | " | " | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 36 |
| Danska | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 48 |
| Enska | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | " | 4 | 4 | 4 | " | 12 |
| Söngfræði | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | " | " | " | 2 | 30 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | | 2 | | | | 2 | | | | | | 6 |
| Teiknun | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | " | " | " | " | " | " | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 36 |
| Handavinna (dr: / st:) | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | | 96 |
| Matreiðsla | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | 24 |
| Leikfimi | Samtals með stúlkum og drengjum í öllum bekkjum | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 40 |

Samtals: 912

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1911

Skóla-árið 1910–1911 komu alls í skólann 830 börn, og gengu 809 í aðalskólann, en 21 í æfingadeild kennaraskólans.

648 börn voru 10 ára og eldri (skólaskyld), en 182 yngri.

Undir vorpróf gengu alls 779 börn. 51 barn hafði því farið úr skólanum fyrir prófið. Þau höfðu orðið sjúk á skóla-árinu eða farið burt úr bænum (sbr. prófbók skólans).

Af þeim 779 börnum, er gengu undir próf, eru alls 140 börn þegar orðin 14 ára eða ná þeim aldri fyrir byrjun næsta skóla-árs — 66 stúlkur og 74 drengir — þau hafa því tekið fullnaðarpróf.

Við útreikning prófseinkunna er það að athuga, að handavinnu-einkunn stúlkna í 1., 2., og 3. bekk er ekki reiknuð með í aðaleinkunninni, með því að drengir í sömu bekkjum tóku ekki þátt í handavinnu (slöjd) (sbr. prófbók skólans)

Próf utanskólabarna fór fram í barnaskólahúsinu h. 9. maí og gengu 5 börn undir prófið. – Nöfn þeirra og einkunnir eru fært inn í prófbók skólans.

Frá skólastjóra er komið til skólanefndarinnar:

I. Skýrsla um vorpróf í aðalskólanum (útdráttur úr prófbók skólans.)
II. Skýrsla um próf í æfingadeild kennaraskólans
III. Skýrsla um próf utanskólabarna.
IV. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í barnaskólanum skóla-árið 1910–1911.
V. Listi yfir kensluáhöld, er skólinn hefur eignast skóla-árið 1910–11.
VI. Skýrsla um laun kennara við barnaskólann 1910–1911.

Alls 36 skjöl, er verða send til Stjórnarráðsins með skýrslu skólanefndarinnar

Páll Einarsson

M. Hansen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, 12. dag ágústmánaðar átti hin nýkosna skólanefnd fund með sjer hjá borgarstjóra. Þessir voru kosnir í skólanefnd af bæjarstjórninni: Borgarstjóri, Halldór Jónsson bankagjaldkeri, frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, Kristj. Ó. Þorgrímsson konsúll og síra Bjarni Jónsson. Allir mættu á fundinum nema Kr. Ó. Þorgrímsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Páll Einarsson borgarstjóri var kosinn formaður skólanefndar, en síra Bjarni Jónsson skrifari.

II. Skýrsla frá hjeraðslækni um starfsemi hans og eftirlit við skólann næstliðið skólaár var afhent skólanefndinni, svo að nefndarmenn gætu kynnt sjer hana.

III. Umsókn kom frá Elínu Andrjesdóttur um tímakenslu í handavinnu. Kenslu þessa hafði hún á hendi veturna 1908-9 og 1909-10. Nefndin veitti henni svipaða kenslu eins og hún hefir haft við skólann.

IV. Umsókn kom frá Láru J. Lárusdóttur um kenslu í smáslöjd, sjerstaklega í fyrstu bekkjum skólans. Nefndin sá sjer ekki fært að veita henni kenslu að svo stöddu.

V. Þorsteinn Finnbogason sótti um kenslu næsta skólaár, en nefndin neitaði þeirri beiðni.

VI. Sjera Bjarna Jónssyni var falið að hafa eftirlit með öðrum viðurkendum barnaskólum í bænum.

VII. Samþykt að bjóða út kol til barnaskólans næsta vetur.

Fleira gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, 19. sept. kl. 7 síðdegis átti skólanefnd fund með sjer, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Lögð fram skrá yfir börn á skólaskyldualdri, sem eru rúm 700. Var skráin afhent skólastjóra.

II. 168 umsóknir komu um ókeypis kenslu, nokkrar þeirra sóttu um styrk til bókakaupa.
Nefndin bjóst við, að um 50 börn fái styrk af Thorkillisjóði, en samþykkir ókeypis kenslu fyrir önnur börn, er sótt hafa, en þó með því skilyrði, að ekki þurfi að bæta við bekkjum vegna 6 og 7 ára gamalla barna. Umsóknum frá nokkrum foreldrum um styrk til bókakaupa var vísað til umsagnar fátækranefndar. Nefndin samþykti að veita barninu Guðrúnu Magneu Magnúsdóttur Bræðraborgarstíg 17 - 20 króna styrk, svo að hún geti notið kenslu utan skólans, þar eð heilsufari hennar er eftir dómi læknis svo háttað, að hún getur ekki haft gagn af námi með öðrum börnum. Styrkur þessi veittur með því skilyrði, að trygging sje fyrir því, að barnið fái fullnægjandi kenslu.

III. Samþykt, að Þjóðbjörg Þórðardóttir kona Jörundar kennara Brynjólfssonar hafi kenslu þá á hendi í vetur, er maður hennar hefur haft að undanförnu.

IV. Tilkynning frá umsjónarmanni fræðslumála, að barnaskólanum sje veittur styrkur af landssjóði að upphæð Kr.: 3650.00

V. Samkvæmt tillögum hjeraðslæknis var samþykt að kaupa vog handa skólanum. Skólastjóra falið að útvega hana. Enn fremur samþykt að láta prenta heilbrigðisbók handa börnunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Borgarstjóra falið að fara þess á leit við Guðmund Hannesson lækni, að hann verði skólalæknir framvegis.

Fleira gerðist ekki á fundinum.
Allir á fundi.
Fundi slitið.

K. Zimsen
settur

Bjarni Jónsson

Ár 1911, 26. sept. kl. 5 síðdegis átti skólanefnd fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Borgarstjóri skýrði frá, að Guðmundur Hannesson prófessor hefði boðið sig fúsan til að vera læknir skólans næsta skólaár með sömu launum og undanfarið.

II. Steingrímur Arason kennari sækir um leyfi til þess að vera laus við kenslu í skólanum næsta vetur, en fái kennarastöðuna aftur næsta ár. Helgi kennari Salómonsson var ráðinn í hans stað næsta vetur; en hvað tímafjölda snertir vísar nefndin til ráðstöfunar skólastjóra.

III. Tilkynning kom frá Guðrúnu Blöndal kenslukonu, að sakir veikinda gæti hún ekki komið til skólans, en óskaði eftir, að hún fengi kensluna, þegar heilsan batnaði. Samþykti nefndin, að kenslutímum hennar skyldi vera skift á milli kennaranna í fjarveru hennar, að svo miklu leyti sem slíkt þykir hentugt. Skólastjóra jafnframt falið að gera tillögur um skiftingu og fyrirkomulag kenslunnar.

IV. Skólastjóra falið að sjá um, að gamlar bækur, sem hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1911

verið lánaðar börnum árum saman, og nú eru orðnar skemdar og ónýtar, verði brendar.

V. Skólanefnd ákvað að láta gera áætlun um stækkun á leiksvæðinu við skólann og sækja síðan um fjárveitingu í því skyni til bæjarstjórnar.

Fleira gjörðist eigi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. settur.

Bjarni Jónsson

Ár 1911, 4. október kl. 7 síðd. átti skólanefnd fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Halldór Jónsson bankagjaldkeri og Kristj. Þorgrímsson konsúll gátu ekki mætt á fundinum.

Þetta gerðist á fundinum.

I. Skólastjóri tilkynti, að bætt hefði verið við tveimur bekkjum vegna barnafjölda; ennfremur að 6 og 7 ára gömlum börnum hefði verið vísað frá vegna rúmleysis í skólanum. Sjá stafl. II. 19. sept. þ. á.

II. Ungfrú Láru Lárusdóttur veitt kensla í einum bekk skólans.

III. Ungfrú Kristínu Arngrímsdóttur sömuleiðis veitt kensla í einum bekk.

IV. Skólastjóri skýrði frá, að kenslutímum Guðrúnar Blöndal hefði verið skift milli eldri kennara skólans.

V. Umsókn kom frá Ólafíu Þórðardóttur Norðurstíg 5 um nokkurra tíma kenslu á viku.
Nefndin sá sjer ekki fært að sinna þessari umsókn.

Fundi slitið.

K. Zimsen. settur.

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, 27. október kl. 7 síðd. átti skólanefnd fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi

Þetta gerðist á fundinum:

I. Kristínu Sigurðardóttur 14 ára veitt ókeypis kensla í skólanum, sömuleiðis Haraldi bróður hennar 9 ára, ef rúm leyfir.

II. Erindi kom frá Stjórnarráðinu þess efnis, að nemendur daufdumbraskólans fái lánað hús og áhöld til skólaiðnaðarkenslu og að þeir fái að taka þátt í matreiðslukenslu við barnaskólann.
Skólastjóra falið að rannsaka þetta efni og gera tillögur um málið.

III. Svohljóðandi kostnaðaráætlun var samin og samþykt fyrir árið 1912

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Laun fastra kennara | Kr. 5500,00 |
| Til tímakenslu | — 20000,00 |
| Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | — 200,00 |
| Til áhaldakaupa | 700,00 |
| Til eldiviðar og ljósa | 2200,00 |
| Til viðhalds og endurbóta á húsinu og skólalóðinni | 1000,00 |
| Ýms útgjöld skólans: ræsting, brunabótagjald o. fl. | 2800,00 |
| Til matgjafar handa fátækum börnum | 700,00 |
| Stækkun á leiksviði, girðing o. fl. | 2500,00 |
| Alls Kr.: | 35600,00 |

Fundi slitið.

K. Zimsen
sthm.

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1912

Ár 1912, 13. janúar átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Allir á fundi nema Halldór Jónsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Erindi kom frá Soffíu Jónsdóttur kenslukonu um að kenslukaup hennar verði hækkað upp í 90 aura um tímann. Nefndin samþykkti þessa hækkun.

II. Umsókn kom frá 30 kennurum barnaskólans þess efnis, að þeir fái borgun fyrir hluta maímánaðar eins og aðra mánuði skólaársins, borgun, sem samsvarar venjulegri tímakenslu borgun.

Frestað var að taka ákvörðun um þetta efni fyrst um sinn, svo að hægt væri að fá betri skýringar á málinu áður en bæjarstjórn væru gerðar ákveðnar tillögur.

III. Samþykkt var að borga Samúel Eggertssyni skrautritara kenslukaup samkv. reikningi fyrir að kenna Jóni Hallgrímssyni, 13 ára gömlum dreng, sem er svo fatlaður, að hann getur ekki verið í skólanum.

IV. Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur var fyrir hönd skólanefndar falið að sjá um matgjafir (innkaup o.fl.) handa fátækum skólabörnum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, 17. apríl átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Allir á fundi.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Ályktun var tekin ~~samkv~~ út af umsókn kennara barnaskólans um launahækkun í maímánuði.

Nefndin tók svohljóðandi ákvörðun:

Nefndin ákveður, að sömu reglu verði fylgt sem hingað til, að hver kennari fái laun eftir stundafjölda þeim, sem hann vinnur við prófið og undirbúning þess bæði heima og í skólanum.

II. Skólastjóri lagði fram töflu yfir leikfimis- ~~og~~ og söngpróf og reikningspróf, og samþykti nefndin hana.

III. Jóhannes Guðmundsson ~~sótti~~ fór þess á leit, að hann þyrfti ekki að borga skólagjald fyrir barn sitt nema fyrir 1 mánuð á tímabilinu frá 1. okt. – 31. des. 1911. Ástæður fyrir þessari beiðni voru veikindi barnsins.

Nefndin samþykti þessa beiðni.

IV. Skólastjóri gerði þá fyrirspurn, hver ráð ætti að hafa til þess að fá öll börn til að mæta til prófs. Nefndin lofaði að gera ráðstafanir til þess, að foreldrar hlýddu ákvæðum laganna og að börnin kæmu til prófsins.

V. Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir hreyfði því, hvort ekki mætti leyfa börnum að sækja skólann eftir 14. maí. Nefndin var því fylgjandi, að kennarar skólans gerðu tilraun í þessu efni, að þeir tækju börn til kenslu gegn því að foreldrar borguðu kennurunum kensluna, og til þess að þetta gæti komist í framkvæmd vill nefndin lána skólahúsið með áhöldum og hita.

Fundi slitið

Páll Einarsson     Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

1912

Árið 1912, hinn 11. maí átti skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir og sjera Bjarni Jónsson komu ekki.

Það sem gjörðist á fundinum var þetta:

Samkvæmt tillögum skólastjóra var samþykkt að veita þessum börnum verðlaun og kaupa verðlaunabækurnar fyrir vextina af Gjafasjóði H. Kr. A. Thomsen:

1, Kristínu Nordmann 8. b. (7,02)
2, Jóninu Jafetsdóttur s. b. (6,79)
3, Finni Einarssyni s. b. (6,50)
4, Jóni Þorleifssyni 7. b. (6,64)
5, Sveini Jórdanssyni 7. b.
6, Gunnd. Tómasdóttur 6 b.c. (6,67). -

Verðlaunin voru ákveðin þessi:

1 og 2 fái Góðmeti Steingríms Thorsteinsson
3 og 4 -.- Bók æskunnar
5 -.- Teiknimöppu
6, -.- Kvennafræðarann. –

Fleira gjörðist ekki á fundinum —

Fundi slitið.

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1912

# Kennarar og stundafjöldi

hvers þeirra vikulega skóla-árið 1911-1912:

Stundakennarar:

1 Anna Magnúsdóttir . . . . 18
2. Ásgeir Torfason . . . . . 12
3. Bergljót Lárusdóttir . . . . 28
4. Brynjólfur Þorláksson . . 17
5. Elín Andrésdóttir . . . . 18
6. Elín Matthíasdóttir . . . . 32
7. Guðlaug Arasen . . . . 37
8. Guðm. Davíðsson . . . 29
9. Guðrún Daníelsdóttir . . . 32
10 Halldóra Matthíasdóttir . . . 31
11. Hallgr. Jónsson . . . . . . 36
12 Helgi Salómonsson . . . . 30
13. Ingibjörg Brands . . . . 28
14. Ingibjörg Sigurðardóttir . . . 31
15 Jóhanna Þorsteinsdóttir . . 12
16. Jónas Jónsson . . . 24
17. Kristín Aradóttir . . . . 35
18. Kristín Arngrímsdóttir . . . 17
19. Lára Lárusdóttir . . . 19
20. Margrét Þorkelsdóttir . . . 31
21. Martha Stephensen . . . 32
22. Matthías Þórðarson . . . 36
23. Pétur Hjaltested . . . 12
24. Ragna Stephensen . . . 30
25 Sigfús Einarsson . . . 7
26. Sigríður Björnsdóttir . . 15
27. Sigurbjörg Þorláksdóttir . . 34
28. Sigurbjörn Sveinsson - . 31
29. Soffía Jónsdóttir . . . 24
20. Steindór Björnsson . . 28
31 Steinunn Bjartmarsdóttir . - - 26
32 Þjóðbjörg Þórðardóttir — . - . 25
33. Þorbjörg Friðriksdóttir . . - . 34.
34 Þuríður Jóhannsdóttir - . . 31

Fastir kennarar:

35. Sigurður Jónsson . . . 30
36. Laufey Vilhjálmsdóttir . . 30
37. Bjarni Hjaltested . . 36
38 Skólastjóri . . . . 2

Samtals vikulega 980 stundir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1912

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina skólaárið 1911–1912.

| Námsgreinir / Bekkir: | 1.A. | 1.B. | 1.C. | 2.A. | 2.B. | 2.C. | 2.D. | 2.E. | 2.F. | 3.A. | 3.B. | 3.C. | 3.D. | 3.E. | 3.F. | 4.A. | 4.B. | 4.C. | 4.D. | 4.E. | 4.F. | 4.G. | 5.A. | 5.B. | 5.C. | 5.D. | 5.E. | 6.A. | 6.B. | 6.C. | 6.D. | 7. | 8. | Æfingabekkur í Kennaraskóla | Stundir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristinfræði | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 2 | 76 |
| Íslenska (lestur, málfr., stílar) | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 173 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 115 |
| Reikningur | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 154 |
| Saga | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 49 |
| Landafræði | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 56 |
| Náttúrufræði | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 57 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 50 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | | 8 |
| Söngfr. & Söngur | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 32 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | | | 2 | | | | 4 |
| Teikning | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 44 |
| Handavinna dr. / st. | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | 2 / 2 | | 102 |
| Matreiðsla st. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | 24 |
| Leikfimi | Samtals með stúlkum og drengjum í öllum bekkjum | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 42 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Samtals: | 980 |

Skóla-árið 1911–1912 komu alls í skólann 940 börn. Gengu 921 í aðalskólann, en 19 í æfingadeild Kennaraskólans. 31. maí 1912

707 börn voru skólaskyld, en 233 yngri.

Undir vorpróf í maímánuði gengu samtals 861 barn Þ: 846 í aðalskólanum, en 15 í æfingabekk í Kennaraskólanum. – Höfðu þannig farið úr skóla fyrst eða síðar á skóla-árinu samtals 79 börn. Af þeim höfðu 62 orðið sjúk eða ekki þolað skólavist. 9 höfðu flutt burtu úr bænum með foreldrum sínum, 1 dáið, 7 horfið burt á annan hátt (þar af 3 vísað burtu úr æfingabekk Kennaraskólans „sökum óhæfilegrar framferðis“.

Af börnum, sem undir próf gengu, eru alls 127 börn þegar orðin 14 ára, eða ná þeim aldri áður en næsta skóla-ár byrjar – 51 drengur og 76 stúlkur –. Þessi 127 börn hafa því tekið fullnaðarpróf –, nema Þóra Jónsdóttir (14 ára) úr æfingabekk Kennaraskólans, sem ekki hefur lært það, sem krafist er til fullnaðarprófs og ekki náð þroska sérstaklega í því, sem hún hefur fengist við að nema.

Auk framantalinna 127 barna komast ekki allfá börn, (20–30), sem ekki hafa getað tekið vorpróf í þetta sinn, af skólaskyldu-aldri fyrir byrjun næsta skóla-árs.

Við útreikning prófeinkunna er það að athuga, að handavinnueinkunn stúlkna í 1., 2. og 3. bekk – öllum deildum þar – er ekki reiknuð með í aðaleinkunninni, með því að drengir í sömu bekkjum taka ekki þátt í handavinnu (slöjd) – Sbr. prófbók skólans –

Próf utanskólabarna fór fram í barnaskólahúsinu 13. dag maí-mánaðar, og gengu 2 börn undir prófið. Skýrsla um það verður færð inn í prófbók skólans.

Frá skólastjóra er komið til skólanefndarinnar:

I. Skýrsla um vorpróf í aðalskólanum (útdráttur úr prófbók skólans).
II. Skýrsla um vorpróf í Æfingadeild Kennaraskólans
III. Skýrsla um próf utanskólabarna
IV. Tafla, er sýnir ⁊ vikustundir námsgreina í barnaskólanum skóla-árið 1911–1912
V. Skýrsla um kensluáhöld, er skólinn hefur eignast skóla-árið 1911–1912.
VI. Skýrsla um barnakennara 1911–1912.

Alls 38 skjöl, er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verða send til Stjórnarráðsins með skýrslu Skólanefndarinnar

Páll Einarsson

Ár 1912, 5. júní átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra
Halldór Jónsson bankagjaldkeri og Kristján Þorgrímsson konsúll mættu ekki á fundinum.
Það sem gjörðist á fundinum var þetta:

I. Lagt fram erindi frá lestrarfjelagi kvenna í Reykjavík þess efnis, að fjelaginu sje veittur styrkur til að koma á fót lesstofu fyrir börn.
Skólanefndin mælir hið bezta fram með þessu erindi.

II. Beiðni kom frá Helga Salómonssyni þess efnis, að honum verði veitt tímakenslustarf við skólann næsta vetur.
Skólanefndin sá sjer ekki fært að gefa neitt ákveðið loforð um kenslu, að minsta kosti ekki að svo stöddu.

Fleira gjörðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Bjarni Jónsson

Ár 1912, 6. júlí átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi, nema Kristján Þorgrímsson konsúll.
Þetta gerðist á fundinum:

I. Erindi kom frá frk. Elínu Matthíasdóttur um leyfi til að dvelja erlendis næsta vetur, og að annar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kennari væri skipaður í stað kennara vetrarlangt. Fararleyfi veitt.

II. Lögð var fram beiðni frá ungfrú Ingibjörgu Benediktsdóttur um kennarastarf við barnaskólann. Engin ákvörðun tekin viðvíkjandi þessari beiðni, heldur ekki ráðstafað stöðu frk. Elínar fyrst um sinn.

Fleira gjörðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

Ár 1912, 23. sept. átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Allir á fundi nema Halldór Jónsson gjaldkeri.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Ókeypis kensla var, mælt með veitt, yfir öllum þeim börnum, sem sótt hafði verið fyrir; og var listi yfir umsóknirnar ásamt fylgiskjölum lagður fram.

II. ~~IV~~ 6 umsóknir lágu fyrir um tímakenslu. Engin ákvörðun var tekin vegna þess að ekki er búið að raða niður í bekki og því ekki víst, hvort nokkur staða losnar.

III. Frestað var að mæla með beiðninni um afnot leikfimishússins þar til sjeð verður, hve mikið verður notað af skólanum sjálfum.

IV. Samþykkt var að kaupa 200 skpd af kolum hjá Birni Guðmundssyni, 100 skpd hjá P. J. Thorsteinsson og semja um það sem á vantar við Björn Guðmundsson

V. Frú Briet var fyrir hönd skólanefndar falið að sjá um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1912

matgjafir (innkaups o. fl.) handa fátækum skólabörnum, þegar til kemur eftir nýárið.

VI. Samþykt var að gera við lóð skólans, leggja steinhellur og þrimul. eftir því, er þurfa þykir, og verja til þess alt að 500 krónum.

Fleira gjörðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

Ár 1912 þ. 2. okt. kom skólanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema sjera Bjarni Jónsson.

Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1°

Skólastjóri lagði fram tillögur sínar um niðurskipun barnanna í kensludeildir. Nefndin samþykti tillögur skólastjóra óbreyttar. Það er gjört ráð fyrir að alls muni verða í barnaskólanum allt að 1100 börn og verður þeim skipt niður í 38 kensludeildir, auk þeirrar deildar, sem er í kennaraskólanum.

2°

Þar sem börnin verða fleiri í skólanum á þessu skólaári en síðastliðið ár þarf að bæta við stundakennurum. Voru því í viðbót teknir þessir fyrir kennarar:

Tryggvi Þórhallsson
Guðrún Snæbjörnsdóttir og
Þjóðbjörg Þórðardóttir.

En skólastjóri ákveður hve margar kenslustundir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hver þeirra fengi á viku. –

Líklegt þótti einnig að vanta mundi kennara í teikningu, en frestað var fyrst um sinn að gjöra ákvörðun því viðvíkjandi. –

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson.

Ár 1912, þ. 25. okt. kom skólanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.

Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

I. Svohljóðandi kostnaðaráætlun var samin og samþykt fyrir árið 1913

| | | |
|---|---|---|
| Laun fastra kennara | Kr. | 5.500 |
| Til tímakenslu | – | 24.000 |
| Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | – | 200 |
| Til áhalda- og bókakaupa | – | 800 |
| Til eldiviðar og ljósa | – | 2,500 |
| Til viðhalds og endurbóta á húsinu og skólalóðinni | – | 1,500 |
| Ræsting | – | 1,600 |
| Brunabótagjald, vatnsskattur, eldhús barnanna og ýms útgjöld | – | 1,400 |
| Til matgjafa handa fátækum börnum | – | 800 |
| Samtals | Kr.: | 38,300 |

II. Síra Bjarni Hjaltested sendi umsókn um launahækkun. Samþykt var að mæla með því að hann fengi 200 króna hækkun frá 1. jan. 1913 að telja.

III. Umsókn kom frá þessum kvæntum kennurum barnaskólans, þeim Guðmundi Davíðssyni, Hallgrími Jónssyni, Steindóri Björnssyni, Jörundi Brynjólfssyni og Sigurbirni Sveinssyni þess efnis, að kaup-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjald þeirra verði hækkað um 25 aura um hverja kenslustund frá byrjun þessa árs að telja.
Samþykt var með öllum atkvæðum gegn 1 að mæla með því að kaupgjald þessara kennara yrði hækkað um 15 aura um hverja kenslustund frá 1. jan. 1913 að telja.

IV. Gísli Kristjánsson Vesturgötu 12 sótti um undanþágu frá skólavist fyrir son sinn Guðmund, 13 ára.
Samþykt var að veita undanþágu þessa, ef það upplýsist, að drengnum sje sjeð fyrir þeirri kenslu, er formaður skólanefndar telur gilda.

V. Umsjónarmaður fræðslumála hafði 14. okt. sent skólanefndinni brjef, þar sem hann biður um upplýsingar um hve lengi sje kent í hverri kenslustofu skólans dag hvern, 2° á hverjum aldri börn sjeu í hverjum bekk skólans; sömuleiðis biður hann um (3°) afrit af stundaskrá skólans og 4° afrit af kensluáætlun fyrir hverja námsgrein í öllum bekkjum skólans.
Formaður skólanefndar hafði beðið skólastjóra að svara þessu brjefi. Skólastjóri hafði samið hinar svara þessu brjefi. Skólastjóri hafði samið hinar ítarlegustu upplýsingar öllum þessum 4 liðum viðvíkjandi.
Skólanefnd tjáði skólastjóra beztu þakkir sínar.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið

Páll Einarsson.

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, 4. mars kom skólanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Kr. Ó. Þorgrímsson konsúll.

Gjörðist það á fundinum er hjer segir:

I. Ungfrú Laufey Vilhjálmsdóttir sendi umsókn um launahækkun, taldi hún það sanngjarnt, þar eð síra Bjarni Hjaltested hefði fengið 200 kr. hækkun.

2 atkvæði voru með þessari beiðni, en 2 á móti; en borgarstjóri kvaðst mundu leggja erindi þetta fyrir bæjarstjórnina.

II. Samþykt var, að tímakenslukonan Inga Lára Lárusdóttir skyldi hækkuð upp í 90 aura um tímann

III. Fram hafði komið í bæjarstjórninni sú spurning, hvort ekki mundi vera eldhætta í hinni nýju álmu skólans. Borgarstjóri skýrði frá, að hann og slökkviliðsstjóri hefðu athugað þetta, en ekki getað sjeð, að meiri hætta væri þar á ferðum en annarsstaðar í skólanum.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

10. maí átti skólanefndin fund með sér, og ákvað að veita nokkrum skólabörnum verðlaun (bækur) fyrir vexti af Gjafasjóði H. Th. A. Thomsens. — Samkvæmt tillögum skólastjóra hlutu þessi börn verðlaunin:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigríður Einars-dóttir | í 8. b. | (6.81) | : Ljóðmæli Stgr. Th. |
| Nóra Gunnlaugsdóttir | s. b. | (6.73) | Einfalt líf |
| Linnæus Östlund | s. b. | (6,67) | Sama bók |
| Ragnheiðr Ólafsdóttir | s. b. | (6.50) | Sama bók |
| Inga E. Þórðardóttir | s. b. | (6. 46) | Bók æskunnar |
| Karólína Magnúsdóttir | s. b. | (6 27) | Sama bók |
| Gunnl. S. Briem | í 7. b. | (6 77) | Íþróttir fornmanna. |

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1913

# Kennarar og stundafjöldi
## hvers þeirra vikulega skóla-árið 1912 – 1913.

Stundakennarar:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Anna Magnúsdóttir | 21 st. |
| 2 | Ásgeir Torfason | 12 |
| 3 | Bergljót Lárusdóttir | 28 |
| 4 | Brynjólfr Þorláksson | 17 |
| 5 | Elín Andrésdóttir | 22 |
| 6 | Guðlaug Arason | 38 |
| 7 | Guðm. Davíðsson | 30 |
| 8 | Guðrún Blöndal | 30 |
| 9 | Guðrún Daníelsdóttir | 32 |
| 10 | Guðrún Snæbjarnardóttir | 5 |
| 11 | Halldóra Matthíasdóttir | 31 |
| 12 | Hallgr. Jónsson | 36 |
| 13 | Helgi Salómonsson | 30 |
| 14 | Ingibjörg Brands | 28 |
| 15 | Ingibjörg Sigurðardóttir | 31 |
| 16 | Jónas Jónsson | 24 |
| 17 | Jóhanna Þorsteinsdóttir | 20 |
| 18 | Jörundur Brynjólfsson | 30 |
| 19 | Kristín Aradóttir | 35 |
| 20 | Kristín Arngrímsdóttir | 29 |
| 21 | Lára Lárusdóttir | 19 |
| 22 | Margrét Þorkelsdóttir | 33 |
| 23 | Martha Stephensen | 32 |
| 24 | Matthías Þórðarson | 24 |
| 25 | Pétur Hjaltested | 12 |
| 26 | Ragna Stephensen | 30 |
| 27 | Sigfús Einarsson | 18 |
| 28 | Sigurbjörg Þorláks-dóttir | 34 |
| 29 | Sigurbjörn Sveinsson | 31 |
| 30 | Soffía Jónsdóttir | 24 |
| 31 | Steindór Björnsson | 28 |
| 32 | Steingr. Arason | 30 |
| 33 | Steinunn Bjartmarsd. | 28 |
| 34 | Sigríður Björnsdóttir | 8 |
| 35 | Tryggvi Þórhallsson | 12 |
| 36 | Þóðbjörg Þórðardóttir | 25 |
| 37 | Þorbjörg Friðriksdóttir | 30 |
| 38 | Þuríður Jóhannsdóttir | 34 |

Fastir kennarar:

| | |
|---|---|
| Sigurður Jónsson | 30 |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | 32 |
| Bjarni Hjaltested | 36 |
| Skólastjóri | 2 |

Samtals vikulega 1081 stund.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1913

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1912-1913.

| Námsgreinir: (Bekkir:) | 1.A | 1.B | 1.C | 1.D | 1.E | 2.A | 2.B | 2.C | 2.D | 2.E | 2.F | 3.A | 3.B | 3.C | 3.D | 3.E | 3.F | 3.G | 4.A | 4.B | 4.C | 4.D | 4.E | 4.F | 4.G | 4.H | 5.A | 5.B | 5.C | 5.D | 5.E | 5.F | 6.A | 6.B | 6.C | 6.D | 7. | 8. | Æfingabekkur Kennaraskólans | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristinfræði | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 2 | 86 |
| Íslenzka (lestur, réttritun) | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 205 |
| Skrift | 5 | 5 | 5 | 5 | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 133 |
| Reikningur | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 169 |
| Sagnafræði | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 48 |
| Landafræði | | | | | | ½ | ½ | ½ | ½ | ½ | ½ | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 59 |
| Náttúrufræði | | | | | | ½ | ½ | ½ | ½ | ½ | ½ | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 54 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 0 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 52 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | . | 8 |
| Söngfræði og söngur | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 40 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | | | 2 | | | | |
| Teiknun | (í 1. og 2. bekk Lítilsháttar til tilbreytingar með lestri og skrift) | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 39 |
| Handavinna (drengir) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 114 |
| Handav. (stúlkur) | 2 | 2 | 2 | 2 | 0 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | |
| Matreiðsla (st.) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | 24 |
| Leikfimi | Samtals með stúlkum og drengjum í öllum bekkjum | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 50 |
| | Vikustundir Samtals | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1081 |

Skóla-árið 1912-1913 komu alls í skólann 1077 börn, 1062 í aðalskólann, en 15 í æfingabekk Kennaraskólans. – Upphaflega komu þó 16 í nefndan æfingabekk, en eitt barn var seinna flutt þaðan í aðalskólann.

754 börn voru 10 ára og eldri (skólaskyld), en 323 yngri.

Undir vorpróf í maímánuði gengu samtals 990 börn. Höfðu þannig farið úr skóla fyr og síðar á skóla-árinu samtals 87 börn. Þar af véku 8 burt úr skólahéraðinu, 4 unglingar, sem ekki voru skólaskyldir í haust, urðu að hætta námi seinni hluta vetrarins, 1 drengur andaðist í aprílmánuði; en flest hinna hafa orðið sjúk eða lasin og ekki þolað skólavist, enda hafa þau langflest sent læknisvottorð.

Af börnunum, sem undir próf gengu, eru 135 börn þegar orðin 14 ára eða ná þeim aldri áður en næsta skóla-ár byrjar — 84 stúlkur og 51 drengur — þessi börn hafa því lokið fullnaðarprófi. – Á skýrslunni til Stjórnarráðsins eru nöfn þessara barna undirstrikuð með rauðu.

Handavinnu-einkunnir stúlkna í 1., 2. og 3. bekk eru ekki innfærðar í prófbók skólans, heldur að eins í einkunnabækur barnanna sjálfra. Einkunnir ~~[illegible]~~ stúlkna fyrir handavinnu í þessum bekkjum hafa hvort sem er aldrei verið reiknaðar með í aðaleinkunninni með því að drengjum í sömu bekkjum hefur aldrei verið kend neinn handavinna (Slöjd).

Próf utanskólabarna fór fram í barnaskólahúsinu 17. maí, og verður skýrsla um það innfært í prófbók skólans.

Frá skólastjóra er komið til skólanefndarinnar:

1. Skýrsla um vorpróf í aðalskólanum – ritað eftir prófbók skólans (38 arkir)
2. Skýrsla um vorpróf í æfingabekk Kennaraskólans
3. Skýrsla um próf utanskólabarna
4. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í barnaskólanum skóla-árið 1912-1913
5. Skýrsla um kensluáhöld, er skólinn hefur eignast skóla-árið 1912 – 1913
6. Skýrsla um laun kennara.

Alls eru þetta 43 skjöl, er send verða til Stjórnarráðsins með skýrslu skólanefndarinnar –

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, 29. maí var fundur haldinn í skólanefnd Reykjavíkur. Allir á fundi nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.

Reikningar komu frá tímakennurum skólans yfir vinnu þeirra við vorpróf með þeirri ósk, að reikningunum verði ávísað.

Skólanefndin ákvað, að kennarar fengju borgun einnig fyrir prófvinnu, er þeir hafa leyst af hendi í apríl - og að reikna skyldi undirbúningstíma eftir sama hlutfalli og gjört var 1912, og próftímana sjálfa eftir próftöflunni.

Samþykt var að endursenda reikningana til lagfæringar samkvæmt þessu og borgarstjóra falið að ávísa þeim.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson.

Bjarni Jónsson

Ár 1913 þ. 13. júlí kom skólanefndin saman á fund. Allir nefndarmenn á fundi nema sjera Bjarni Jónsson, sem var erlendis. Þetta gjörðist á fundinum.

1, Björn Guðmundsson kaupmaður býðst til að selja skólanum kol fyrir kr. 4.45 skpd. Nefndin samþykkti þetta tilboð og ákvað að taka alt að 400 skpd að þessu sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2, Var samþykkt að aðvara foreldra með auglýsingu í blöðunum um að þeir yrðu fyrir 6. sept. næstkomandi að sækja skriflega til skólanefndar um inntöku fyrir börn yngri en 10 ára, í skólann, og skyldi það tekið fram í auglýsingunni, að vegna húsnæðisskorts mætti þess ekki vænta að börn yngri en 8½ árs fengju skólavist. Skyldi prenta eyðublöð undir slíkar umsóknir. –

3, Voru lagðar fram nokkrar umsóknir um stundakennslu við skólann á komandi vetri. Ákvað nefndin að gjöra kennslusamning við Helga Salomonsson og Þjóðbjörgu Þórðardóttur, er bæði hafa kennt undanfarinn vetur við skólann, en frestaði að ráða fleiri kennara við skólann að svo stöddu. –

4, Skýrt var frá því að frú Elín Laxdal og ungfrú Sigríður Björnsdóttir hefðu sagt upp ráðningarsamningi sínum frá 1. okt. að telja. –

5, Lesið var erindi Hallgríms Jónssonar og Jörundar Brynjólfssonar dags. 18. júní þar sem þeir fara þess á leit að fastar kennarastöður verði stofnaðar handa þeim með 1200 og 1000 kr. launum. Nefndin frestaði að svo komnu að gjöra nokkrar tillögur um erindi þetta. –

6, Skólanefndin telur það nauðsynlegt að vatnssalerni verði sett í skólann þegar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á þessu hausti. –
Fleira gjörðist ekki. –
Fundi slitið
Páll Einarsson.

Ár 1913 þ. 23. september kom skólanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Af skólanefndarmönnum vantaði á fundinn frú Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur og sjera Bjarna Jónsson, sem var erlendis. En viðstaddir á fundinum voru skólastjóri Morten Hansen og Sigurður kennari Jónsson. –

Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1°

Borgarstjóri tilkynnti nefndinni ályktanir bæjarstjórnarinnar frá fundi 20. þ.m. –

Út af þessum ályktunum tekur nefndin það fram, að þau börn innan 10 ára, sem í fyrra nutu kennslu í skólanum og hafa numið svo mikið, að þau vegna kunnáttu og hæfileika álitast hæf til þess, verði að flytjast upp í 3. eða efri bekk og njóta kennslu með skólaskyldum börnum. Var skólastjóra og kennurum falið að sjá um niðurröðun í bekkina samkvæmt þessu eins og að undanförnu. –

Hið sama verður einnig að gilda um nýkomin börn, sem eru svo vel að sjer, að álíta má, að ekki verði not fyrir þau að skólaverunni nema þau sjeu sett ofar en í 1. eða 2. bekk. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2°

Í því trausti að þau börn, sem fátækranefnd hefur mælt með að fái styrk úr Thorkilliisjóði verði styrksins aðnjótandi heimilar nefndin skólastjóra að veita þessum börnum viðtöku í skólann. –

3°

Lagðar voru fram 11 umsóknir með fylgiskjölum um kennslu í barnaskólanum næsta vetur. Af umsækjendunum rjeði nefndin að eins Guðmund Jónsson, sjerstaklega sem kennara í teikningu og handavinnu. – En þar sem enn þá er með öllu óvíst hve mörg börn verði í skólanum og þar af leiðandi hve mikla kennslukrapta þurfi, gat nefndin ekki að þessu sinni tekið ákvörðun um aðrar af umsóknunum. –

4°

Formaður nefndarinnar lagði fram erindi frá Laufeyju Vilhjálmsdóttur kennara um stofnun vinnustofu fyrir börn. Var það ákveðið að láta erindi þetta ganga milli nefndarmanna, svo að þeir getu kynnt sjer það rækilega. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 3. október kom skólanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru allir nefndarmennirnir nema Halldór Jónsson og sjera Bjarni Jónsson, er var erlendis. Gjördist það er hjer segir:

1°

Skólastjóra var falið að skipa börnunum niður í bekkina eins og að undanförnu.–

2°

Var skólastjóra falið að skipta kennslustundunum milli kennaranna.

3°

Var formanni nefndarinnar falið að samþykkja skólatöfluna fyrir hönd nefndarinnar.–

4°

Ungfrú Ingibjörg Benediktsdóttir var ráðin til að hafa stundakennslu á hendi í skólanum þetta vetur í stað eins af þeim kennurum, sem dvelur fjarvistum með leyfi skólanefndar. Ef það sýnir sig að þurfi verða á fleiri stundakennurum var skólastjóra falið að ráða þá til bráðabyrgða.–

5°

Frestað að taka ákvörðun um lán á leikfimis-húsinu þangað búið er að ákveða leikfimisstundir barnaskólans. En að því loknu var formanni nefndarinnar og skólastjóra falið að ákveða hverjum af umsækjendum mætti lána húsið og hve margar stundir hverjum.–

Fleira gjördist ekki.–

Fundi slitið

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, 28. okt. kom skólanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Af skólanefndarmönnum vantaði Halldór Jónsson bankagjaldkera og frú Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Samþykt var, samkv. áður kominni ósk frá 30 kennurum skólans, að greiða stundakennurum skólans hálfsmánaðarlaun af venjulegu kenslukaupi þeirra fyrir starf þeirra við próf í maímánuði, fyrir prófun, prófdóm, prófundirbúning og yfirhöfuð alt prófstarf, sem áður hefur verið borgað samkv. reikningi. Þessi samþykt nær þó aðeins til þeirra kennara, sem kenna þær námsgreinar, sem próf er tekið í, en ekki til leikfimis-, skriftar- og handavinnukennara. Verður þeim borgað eins og að undanförnu. En ef einhver þessara kennara kennir aðra námsgrein, sem próf er tekið í — svo sem annar leikfimiskennarinn — fær hann borgun fyrir það starf eins og að undanförnu.

II. Bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar skólanefndar erindi frá Hallgrími Jónssyni og Jörundi Brynjólfssyni um ~~fastar~~ að þeim verði veittar fastar kennarastöður með 1200 og 1000 króna launum. Skólanefndin ~~[illegible]~~ samþykkir að áskildu samþykki bæjarstjórnar að stofna þessar tvær föstu kennarastöður með 1200 og 1000 kr launum. Jafnframt samþykkir nefndin að áskildu samþykki bæjarstjórnar að veita Laufeyju Vilhjálmsdóttur 200 kr hækkun, svo að hún hafi 1200 kr laun.

III. Svohljóðandi kostnaðaráætlun fyrir 1914 samdi nefndin og samþykti:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun fastra kennara | Kr. 8100.00 |
| 2. | — stundakennara | — 23000.00 |
| 3. | Til læknis | 200.00 |
| 4. | Til áhalda og bókakaupa | 800.00 |
| 5. | Til eldiviðar og ljósa | 2500.00 |
| | Flyt | Kr. 34600.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flyt Kr. 34600.00

6. Til endurbóta skólahússins 2000.00
7. Ræsting 1600.00
8. Ýms útgjöld 1400.00
9. Til matgjafa 800.00

Samtals Kr: 40400.00

Fleira gjördist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

Ár 1914, 17. febr. kom skólanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

Brjef barst frá skólastjóra, þar sem hann skýrir skólanefndinni frá, að hann hafi orðið að vísa drengjunum Friðjóni A. Jóhannssyni Norðurstíg 4 og Júlíusi Hallgrímssyni Rauðarárstíg 7 burt úr barnaskólanum vegna ~~vegna~~ óknytta og leti. Telur hann þá engin not hafa af skólanáminu og hafa spillandi áhrif á önnur börn. Stingur hann upp á, að skólanefndin sjái þeim fyrir fræðslu, svo að þeir nái fullnaðarprófi.

Samþykt var að fela síra Bjarna að reyna að útvega þessum drengjum fræðslu hjá einhverjum kennara.

Að gefnu tilefni var því lýst yfir af nefndinni að hún gerði ekki kröfu í þá átt, að börnin væru skylduð til að taka böð í baðhúsinu. Var álitið, að kennarar þyrftu ekki að hafa umsjón með þessu, en aftur á móti væri nauðsynlegt að fá böð í sjálfan skólann, þegar hægt væri.

Fleira gjördist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson    Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1914.

Ár 1914, 17. apríl átti skólanefndin fund með sjer
á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

I. Erindi kom frá leikfimiskennurum skólans þess
efnis, að leikfimispróf væri flutt yfir á maímánuð.
En nefndin vildi ekki breyta áður gjörði ákvörðun
um, að próf þetta færi fram í apríl, nje heldur að breyta sjer ákvörðun um prófborgun, er nefndin ákvað 28. okt. 1913

II. Skólastjóri lagði fram töflu yfir leikfimispróf
og samþykti nefndin hana.

III. Stjórnarráðið sendi nefndinni erindi frá Verkfræðinga-
fjelagi Íslands, þar sem kvartað er yfir, að metrakerfið
sje ekki eingöngu kent við reikningskenslu í barna-
skólanum. Skólastjóri svaraði brjefi þessu og sýndi
fram á, að nauðsynlegt hefði verið að kenna börnum
einnig gamla lagið, meðan það væri aðallega notað í
viðskiftalífinu. En metrakerfið hefði verið kent og
~~bör~~ það notað við dæmi þau, sem börnin reikna
við fullnaðarpróf.
Nefndin fjelst á að senda svar skólastjóra sem
svar nefndarinnar. Jafnframt ætlast nefndin til,
að metrakerfið verði framvegis eingöngu kent við
reikningskenslu í skólanum.

IV. Umsókn kom frá frk. Guðlaugu Arason um, að
henni yrði veitt föst kennarastaða við barna-
skólann. Frestað var að taka ákvörðun um
þessa umsókn fyrst um sinn.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. dag maímánaðar átti skólanefndin fund með sér og ákvað að veita nokkrum skólabörnum verðlaun (bækur) fyrir góða frammistöðu af verðlaunasjóði H. Th. A. Thomsens sáluga kaupmanns. – Eftir uppástungu skólastjóra hlutu þessi börn verðlaunin:

Einar Magnússon í 8. bekk (6,88) Einfalt líf
Tómas Jónsson . . í 8. – (6,87) Sömu bók
Bryndís Ó. Guðmundsdóttir í 8. – (6,63) Biblía (Vasaútg.)
Helgi P. Briem í 7. B. (6,59) Bókaskunnar
Guðm. Eyjólfsson í 7. A. (6,63) Einf. líf
Ása S. Briem í 6. D. (6,75) Biblían (Vasaútg.)
Jenny Jónsdóttir í 6 B. (6,90) Sömu bók

Páll Einarsson.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið.
Páll Einarsson.

Kennarar og stundafjöldi hvers þeirra vikulega skóla-árið 1913–1914 . . .

Stundakennarar:

| | |
|---|---|
| Anna Magnúsdóttir . . . . . | 13 |
| Ásgeir Torfason . . . . . | 12 |
| Elín Andrésdóttir . . . . . | 21 |
| Guðlaug Arason . . . . . | 38 |
| Guðm. Davíðsson . . . . . | 34 |
| Guðrún Blöndal . . . . . | 30 |
| Guðrún Daníelsdóttir . . . . | 32 |
| Guðrún Snæbjarnardóttir . . . . | 17 |
| Guðm. Jónsson . . . . . | 32 |
| Helgi Salómonsson . . . . | 30 |
| Ingibjörg Brands . . . . . | 28 |
| Ingibjörg Benediktsdóttir . . . . | 24 |
| Ingibjörg Sigurðardóttir . . . | 31 |
| Fl.: | 342 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1914.

| | | |
|---|---|---|
| | Fl. | 342 |
| Jónas Jónsson | | 24 |
| Jóhanna Þorsteinsdóttir | | 20 |
| Kristín Aradóttir | | 36 (Við fráfall hennar skift milli nokkurra kennara) |
| Kristín Arngrímsdóttir | | 31 |
| Lára J. Lárusdóttir | | 22 |
| Margrét Þorkelsdóttir | | 33 |
| Martha Stephensen | | 32 |
| Matthías Þórðarson | | 24 (Afsalaði sér seinni 6, að G. Jónss. tók) |
| Pétur Hjaltested | | 12 |
| Ragna Stephensen | | 30 |
| Sigfús Einarsson | | 25 |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | | 34 |
| Sigurbjörn Sveinsson | | 31 |
| Soffía Jónsdóttir | | 24 |
| Steindór Björnsson | | 28 |
| Steingr. Arason | | 34 |
| Steinunn Bjartmarsdóttir | | 28 |
| Þjóðbjörg Þórðardóttir | | 28 |
| Þorbjörg Friðriksdóttir | | 30 |
| Guðrún Jóhannsdóttir | | 34 |
| (Söngkennari) í barnabekk kennaraskólans (G. Jónss.) | | 2 |
| **Fastir kennarar:** | | |
| Sigurður Jónsson | | 29 |
| Laufey Vilhjálmsdóttir | | 30 |
| Bjarni Hjaltested | 30+6 | 36 |
| Hallgr. Jónsson | 30+6 | 36 |
| Jörundur Brynjólfsson | 30+4 | 34 |
| Skólastjóri | | 2 |
| | | 1071 |

1071

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1914

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1913-1914.

| Námsgreinir / Bekkir: | 1. | 2A. | 2B | 2C | 2D. | 2E. | 2F. | 3A. | 3B | 3C | 3D. | 3E. | 3F. | 3G. | 3H. | 4A. | 4B | 4C | 4D. | 4E. | 4F. | 4G. | 4H. | 5A | 5B | 5C | 5D. | 5E. | 5F. | 5G. | 5H. | 6A. | 6B | 6C. | 6D. | 7A. | 7B. | 8. | Damel. Kennsl. | Samtals. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ~~Kristinfræði~~ | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Íslenzka (lestur, ritæf. o.fl.) | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 202 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 113 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 158 |
| Sögufræði | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 53 |
| Landafræði | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 63 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 55 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | ∘ | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | | 58 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 2 | 14 |
| Söngfræði og söngur | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | ∘ | ∘ | ∘ | 2 | 32 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | | | | | 2 | | | | 4 |
| Teiknun | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | ∘ | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 44 |
| Handavinna (drengir) | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 48 |
| Handavinna (stúlkur) | | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | ∘ | 71 |
| Matreiðsla (stúlkur) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | | 24 |
| Kr. fræði | | | | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 2 | 82 |
| Leikfimi | | | | | | Samtals stúlkur og drengir 50 stundir | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | - | - | - | - | - | - | | - | 50 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir samtals | 1071 |

Skóla-árið 1913–1914 komu alls í skólann 1051 barn. Þaraf voru skólaskyld 826 börn, en ekki-skólaskyld 225. Komu 1028 í aðalskólann, en 23 í barnabekk Kennaraskólans.

Undir vorpróf í maímánuði gengu alls 921, þ.e. í aðalskólanum 903 og í barnabekk Kennaraskólans 18. – Höfðu þannig farið úr skóla fyr og síðar á árinu 130 börn. –

Af börnum, sem undir próf gengu, eru 122 þegar orðin 14 ára eða ná þeim aldri áður en skóli byrjar næst. Þessi 122 börn, 59 stúlkur og 63 drengir hafa því tekið fullnaðarpróf. Sama má í raun og veru segja um flest börn í 5. 6. 7. 8. bekkjum, þótt yngri séu.

Prófbók skólans ber með sér, hvernig prófið fór fram, samkvæmt prófstöflu þeirri, er skólanefndin samþykkti. Í prófbókinni eru nöfn þeirra barna, sem eru eða verða 14 ára fyrir byrjun næsta skóla-árs og því að sjálfsögðu hafa tekið fullnaðarpróf, auðkend með rauðu striki. ~~Sama~~ Á sama hátt eru nöfn þessara barna auðkend á prófskýrslu þeirri, er send verður Stjórnarráðinu. – Handavinnueinkunnir stúlkna í 1. 2. og 3. bekk eru ekki teknar til greina við útreikning aðaleinkunna með því að drengjum í sömu bekkjum, er ekki kend nein handavinna.

Próf barna í Kennaraskóladeildinni sem og próf utanskólabarna hefur og verið innfært í prófbók skólans samhljóða skýrslum þeim, sem sendar verða Stjórnarráðinu.

Frá skólastjóra er komið til skólanefndarinnar:

1. Skýrsla um vorpróf í aðalskólanum – eftir prófbók skólans – (38 arkir)
2. Skýrsla um vorpróf í barnabekk Kennaraskólans 1914.
3. Skýrsla um próf utanskólabarna í Reykjavíkur skólahéraði árið 1914
4. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í barnaskóla Reykjavíkur skóla-árið 1913-14
5. Skýrsla um kensluáhaldakaup til barnaskóla Reykjav. frá 14/5-1913 t. 14/5-14.
6. Skýrsla um laun kennara –– skóla-árið 1913–1914.

Alls eru þetta 43 skjöl, er send verða til Stjórnarráðsins með skýrslu skólanefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, 1. september átti hin nýkosna skólanefnd fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Í nefndinni eiga sæti borgarstjórinn, síra Bjarni Jónsson, frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, frú Guðrún Lárusdóttir og síra Magnús Helgason.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Knud Zimsen borgarstjóri var kosinn formaður skólanefndar, en síra Bjarni Jónsson skrifari.

II. Tilkynning kom frá frú Laufeyju Vilhjálmsdóttur, að hún segi lausu starfi sínu við skólann frá 1. okt.

III. Umsóknir komu frá Bjarna Jenssyni fyrv. hjeraðslækni, Einari Þórðarsyni fyr kennara við Mýrarhúsaskóla, Guðnýju Jónsdóttur frá Galtarfelli, Guðrúnu Bjarnardóttur frá Gröf, Guðrúnu Snæbjörnsdóttur, Ingibjörgu Benediktsdóttur, Jóni Jónssyni frá Flatey, Jóni G. Snædal á Eiríksstöðum í Jökuldal, Ragnheiði Jónsdóttur í Reykjavík, Sigurbjörgu Jónsdóttur, og ennfremur frá Vigdísi Jónsdóttur frá Geldingalæk um kenslustarf við skólann á næsta skólaári.

Umsóknum þessum öllum var vísað til umsagnar skólastjóra og ákvarðanir látnar bíða þeirra umsagnar.

IV. Umsókn kom frá frk. Guðlaugu Arason um fasta kennarastöðu; einnig frá Sigurbirni Sveinssyni, sækir hann um fasta stöðu með 1200 kr launum, ennfremur umsókn um fasta kennarastöðu frá Guðmundi Jónssyni og sömuleiðis frá Steindóri Björnssyni um 1500 króna árslaun.

Nefndin getur ekki sint þessum beiðnum, með því að ekki er nema ein föst staða laus, sem nefndin lítur svo á, að veita skuli frá næstu áramótum. Mun sú staða auglýst með hæfilegum fyrirvara.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1914.

V. Tvö bréf komu frá Steindóri Björnssyni, í öðru bréfinu fer hann þess á leit, að hann fái alt að 40 kenslustundum á viku, og að gerðar sjeu ýmsar ~~tv~~ nauðsynlegar breytingar, hreinlætis vegna, á leikfimishúsi skólans.
Í hinu bréfinu fer hann fram á, að bæjarstjórnin sjái honum fyrir ókeypis húsnæði til þess að kenna nokkrum drengjum íslenzka glímu.
Nefndin bjóst ekki við að fjölga kenslustundum í leikfimi og álítur ekki, að til mála geti komið að láta glíma í kenslustofum.

VI. Síra Bjarni Hjaltested fer fram á aukaþóknun fyrir starf við vorpróf.
Nefndin álítur, að hluttaka kennarans í vorprófi sje borgað með 100 króna mánaðarlaununum.

VII. Borgarstjóri lagði fram skrá yfir skólaskyld börn, og eru þau 1018 ~~börn~~, skráin var afhent skólastjóra.

VIII. Margar umsóknir komu um kenslu handa börnum innan skólaskyldualdurs.
Frestað var að taka ákvörðun fyrst um sinn.

Allir á fundi, nema síra Magnús Helgason.
Morten Hansen skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

'Ár 1914, 2. okt. var skólanefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Ingibjörg Benediktsdóttir og Guðrún Snæbjörnsdóttir ráðnar stundakennarar fyrir næstkomandi skólaár. Jóni Jónssyni frá Flatey veitt kensla, minst 10 tímar á viku.

II. Samþykt að gera þá breytingu á ráðningarsamningi Guðlaugar Arason, að hún kenni 30 stundir á viku gegn 1000 króna árslaunum.

III. Frá Landakotsskóla var send skýrsla yfir 60 skólaskyld börn, sem þar eru í skóla. Skýrslan var afhent skólastjóra til athugunar.

IV. Margar umsóknir bárust um ókeypis bækur. Þessar umsóknir afhentar borgarstjóra og skólastjóra til afgreiðslu.

V. Undanþágu frá skólagöngu veitt Birni Bjarnasyni Jenssonar 10 ára, Lilju Jónsdóttur Lindarg. 26, 10 ára, Guðrúnu Gísladóttur Grettisg. 8, 13 ára, ~~Þór~~ Jórunni Björnsdóttur Lindarg. 3, 13 ára, Gústaf Sigurbjarnasyni Laufásveg 27, 13 ára.

VI. Arnbjörg Jónsdóttir sótti um leyfi til þess, að Arnbjörn sonur hennar fengi leyfi til að ganga í Landakotsskólann og að bærinn borgaði. Þessu var neitað.

VII. Hallgrímur Tómasson Laugav. 55 sækir um undanþágu fyrir Tómas son sinn. Umsókninni vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

VIII. Kvennaskóla Reykjavíkur og Ingibjörgu Brands veitt leyfi til að nota Leikfimishúsið samkvæmt umsóknunum og sömu skilyrðum og áður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Söngfjelagið 17. júní sækir um söngsal skólans til æfinga.
Beiðninni neitað eftir tillögu skólastjóra.

X. Guðm. Hannesson prófessor segir læknisstarfi sínu við skólann lausu.

XI. Jón Hj. Sigurðsson ráðinn læknir skólans með 200 kr. árslaunum.

Allir á fundi, nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir. Skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið.

Zimsen

Bjarni Jónsson

Ár 1914, 28. okt. átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Tilkynning kom frá ungfrú Halldóru Matthíasdóttur, sem nú dvelur í London. Skýrir hún nefndinni frá, að hún hafi ekki getað komist hingað til lands og treystir því, að hún fái að halda við stöðu sinni, er hún kemur aftur heim.

Nefndin fjelst á þetta.

II. Stjórnarráðið sækir um leikfimishús skólans til afnota fyrir nemendur daufdumbraskólans, svo og að fá lánað hús og áhöld til skólaiðnaðarkenslu og til matreiðslukenslu.

Nefndin samþykti þessa beiðni.

III. Servaes prestur sendi skýrslu yfir þau börn á skólaskyldualdri, sem bæst hafa við í Landakotsskóla síðan síðasta skýrsla var send.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Svohljóðandi kostnaðaráætlun fyrir 1915 samdi nefndin og samþykti:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun fastra kennara | Kr. 7900,00 |
| 2. | — stundakennara | - 24500,00 |
| 3. | Til læknis | - 200,00 |
| 4. | Til áhaldakaupa og bóka þaraf 100 krónur til bókasafns kennara. | — 800,00 |
| 5. | Til eldiviðar og ljósa | 3200,00 |
| 6. | Til endurbóta skólahússins | 2000,00 |
| 7. | Ræsting | 1600,00 |
| 8. | Til skólaeldhúss | 1000,00 |
| 9. | Til matgjafa | 1200,00 |
| 10. | Ýmis útgjöld | 800,00 |
| | Samtals Kr.: | 43200,00 |

V. Lagt fram erindi til bæjarstjórnarinnar frá „Lestrarfjelagi kvenna Rvíkur", þar sem farið er fram á 200 kr. fjárstyrk.
Skólanefndin mælir með þessari beiðni.

VI. Lagt var fram brjef til bæjarstjórnarinnar frá Guðmundi Davíðssyni. Fer hann þess á leit, að veittar sjeu Kr. 325,00 til þess að stofna gróðrarstöð, þar sem skólabörn geti unnið að trjárækt einn eða tvo daga á vori hverju.
Nefndin sjer sjer ekki fært að mæla með þessari beiðni að svo stöddu.

Fleira gjörðist ekki.
Allir á fundi nema frú Guðrún Lárusdóttir.
Skólastjóri var á fundinum.
Fundi slitið.

Magnús Helgason    K. Zimsen    Bríet Bjarnhjeðinsdóttir
Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 2. marz átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Erindi kom frá Sigurbjörgu Þorláksdóttur, um það sem hún sækir um fasta stöðu eða til vara hækkun á borgun fyrir tímakenslu, svo að hún hafi jafnt og þeir, sem eiga fyrir heimili að sjá, með því að hafi alið upp ~~annara~~ tvö börn fyrir aðra.

Nefndin sjer sjer ekki fært að sinna nú þessari beiðni.

II. Umsókn frá Matth. Þórðarsyni um 15 aura hækkun fyrir hvern tíma.

Nefndin sjer sjer ekki fært að sinna þessari beiðni.

III. Umsókn frá Ingibjörgu Sigurðardóttur um fasta kennarastöðu með 1200 kr árslaunum.

Nefndin sjer sjer ekki fært að sinna nú þessari beiðni.

IV. Umsókn frá Guðrúnu Daníelsdóttur um fasta kennarastöðu.

Nefndin sjer sjer ekki fært að sinna nú þessari beiðni.

V. Steingrímur Arason kennari biður um fararleyfi til þess að fara til Bandaríkjanna og geta dvalið þar næsta vetur og sækir um, að hann eigi, er hann kemur heim, vísa fasta stöðu við skólann með 1200 kr. árslaunum.

Nefndin samþykti að verða við þessari beiðni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Umsókn frá Helga Salómonssyni um fasta, sjerstaka stöðu með minst 1200 kr. árslaunum.

Nefndin treystir sjer ekki til að taka ákvörðun um þetta nú.

VII. Nefndin samþykti fyrir sitt leyti að greiða Margrjeti Þorkelsdóttur kenslukonu, er liggur á sjúkrahúsi, 75 krónur á mánuði, meðan hún er frá starfi sínu vegna veikinda.

Á fundinn kom ekki frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.

Fundi slitið.

Magnús Helgason K. Zimsen. Guðrún Lárusdóttir.

Bjarni Jónsson

Skólanefndin hefir utan funda ákveðið að borga Guðmundi Jónssyni kennara 75 aura fyrir hverja kenslustund á skólaárinu 1914–15 með loforði um 90 aura borgun næsta ár.

K. Zimsen. Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1914–1915

1915.

| Námsgreinir / Bekkir: | 1.A | 1B | 2A | 2B | 2C | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 3G | 3H | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 4G | 4H | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 5H | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 7A | 7B | 8 | Deild í kenn. ansk. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristin fræði | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 3 | 80 |
| Íslenzka (lestur, ritæf.) | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 6 | 200 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | . | 106 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 154 |
| Sagnafræði | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 55 |
| Landafræði | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 63 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 45 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 0 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | . | 64 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | | 12 |
| Söngfr. & söngur | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | | | 32 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | | | | | | | | 2 | | | | 4 |
| Teikning | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | (2) | 42 |
| Handavinna (drengir) | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | (2) | 50 |
| Handav. (stúlkur) | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 73 |
| Matreiðsla (stúlkur) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | | 32 |
| Leikfimi | Stúlkur og drengir samtals 52 stundir | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 52 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir samtals | 1064 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1915.

## Kennarar og stundafjöldi hvers þeirra vikulega skóla-árið 1914–1915:

Stundakennarar:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Anna Magnúsdóttir | 21 st. |
| 2 | Ásgeir Torfason | 12 |
| 3 | Bergljót Lárusdóttir | 28 |
| | ~~Bjarni Hjaltested~~ | |
| 4 | Elín Andrésdóttir | 22 |
| 5 | Guðm. Davíðsson | 34 |
| 6 | Guðrún Blöndal | 30 |
| 7 | Guðrún Daníelsdóttir | 33 |
| 8 | Guðrún Snæbjarnardóttir | 17 |
| 9 | Guðm. Jónsson | 36 |
| 10 | Helgi Salómonsson | 31 |
| 11 | Ingibjörg Benediktsdóttir | 27 |
| 12 | Ingibjörg Brands | 28 |
| 13 | Ingibjörg Sigurðardóttir | 33 |
| 14 | Jón Jónsson | 18 |
| 15 | Jóhanna Þorsteinsdóttir | 21 |
| 16 | Jónas Jónsson | 24 |
| 17 | Kristín Arngrímsdóttir | 31 |
| 18 | Lára Lárusdóttir | 22 |
| 19 | Margrét Þorkelsdóttir | 33 |
| 20 | Martha Stephensen | 32 |
| 21 | Matthías Þórðarson | 18 |
| 22 | Pétur Hjaltested | 12 |
| 23 | Pétur Lárusson | 6 |
| 24 | Ragna Stephensen | 30 |
| 25 | Sigfús Einarsson | 18 |
| 26 | Sigurbjörg Þorláksdóttir | 34 |
| 27 | Sigurbjörn Sveinsson | 31 |
| 28 | Soffía Jónsdóttir | 32 |
| 29 | Steindór Björnsson | 28 |
| 30 | Steingr. Arason | 34 |
| 31 | Steinunn Bjartmarsdóttir | 28 |
| 32 | Þjóðbjörg Þórðardóttir | 28 |
| 33 | Þorbjörg Friðriksdóttir | 30 |
| 34 | Þuríður Jóhannsdóttir | 33 |

Fastir kennarar:

| | | |
|---|---|---|
| 35 | Bjarni Hjaltested | 36 |
| 36 | Guðlaug Arason | 30 |
| 37 | Hallgr. Jónsson | 37 |
| 38 | Jörundur Brynjólfsson | 34 |
| 39 | Sigurður Jónsson | 36 |
| 40 | Skólastjóri | 2 |
| | Alls á viku: | 1064 st. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1915

## Vorpróf 1915

fór fram samkvæmt próftöflu, er skólastjóri, að vanda, hafði samið, en skólanefnd samþykt.

Fór leikfimisprófið fram dagana 15.–21. apr. incl. en aðalprófið 28. apríl til 7. maí incl.

Að loknu prófi var sýning á handavinnu skólabarnanna, teikningum, skólaeldhúsi o. fl. Stóð hún yfir í 3 daga og kom þangað fjöldi fólks.–

10., 11. og 12. maí fór fram útreikningur einkunna og röðun í 1., 2., 3., 4. og 5. bekk (öllum 29 deildum) og loks röðun í 6., 7. og 8. bekk (9 deildum) og skólauppsögn 14. maí.

Við skólauppsögn var, eins venja er til, útbýtt nokkrum verðlaunabókum af gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sáluga kaupmanns, og hlutu þessi börn bækurnar:

Sigurliði Kristjánsson í 8. bekk: Kvæði Bjarna Thorarensens
Elín Gísladóttir í sama bekk: Bók æskunnar (Skóg. Þ.)
Þorsteinn Halldórsson í s. 6.: Ljóðmæli Hannesar Blöndals
Halldóra Magnúsdóttir í s. 6.: Afmælisdagar (Guðm. Finnb.s.)
Jón Jónsson í 7. B.: Vestan hafs og austan eftir Einar Hjörleifsson
Margrét Jensen í 7. A. Nýja Testam. (vasaútgáfa)
Elín Hafstein í 7. A. N. Testam. (do.)

Skóla-árið 1914–1915 komu alls í skólann 1063 börn. Voru 859 á skólaskyldualdri, en 204 yngri. 1040 gengu í aðalskólann, en 23 í barnabekk Kennaraskólans.

Próf í maímánuði tóku alls 986 börn.– Höfðu þannig farið úr skóla á árinu 77 börn, flest vegna veikinda og burtflutnings (sbr. prófbók skólans).

Af börnum, sem undir próf gengu, eru 156 þegar orðin 14 ára eða ná þeim aldri fyrir næsta skóla-ár. Þessi 156 börn, 84 stúlkur og 72 drengir, hafa því lokið fullnaðarprófi, en sama má í raun og veru segja um flest börn í 5., 6. 7. og 8. bekk, þótt yngri séu.

Að öðru leyti ber prófbókin með sér, hvernig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

prófið fór fram. Þar eru nöfn þeirra barna, sem að sjálfsögðu hafa tekið fullnaðarpróf (14 ára) auðkend með rauðu stryki, og á sama hátt eru þau auðkend í prófskýrslu þeirri, er send verður Stjórnarráðinu.

Handavinnueinkunnir stúlkna í 1., 2. og 3. bekk eru ekki teknar til greina við útreikning aðal-einkunna, með því að drengjum í sömu bekkjum er ekki kend nein handavinna.

Próf barna í Kennaraskóladeildinni svo og próf utanskóla-barna, er fram fór 17. maí, hefur og verið innfært í prófbók skólans.

Frá skólastjóra er komið til Skólanefndarinnar (25/5):

1. Skýrsla um vorpróf í aðalskólanum – eftir prófbók skólans – á 38 örkum
2. Skýrsla um vorpróf í barnabekk Kennaraskólans.
3. Skýrsla um próf utanskólabarna.
4. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina 1914–15
5. Skýrsla um kensluáhaldakaup til skólans
6 Skýrsla um laun kennara 1914–1915

Verða öll þessi skjöl, 43 að tölu, send Stjórnarráðinu með skýrslu skólanefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 28. maí átti skólanefndin fund með sjer í skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi og auk þeirra Morten Hansen skólastjóri.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Skólastjóri lagði fram skýrslur um vorpróf í aðalskólanum, um vorpróf í barnabekk kennaraskólans, um próf utanskóla-barna, um kensluáhaldakaup til skólans, um laun kennara 1914-1915, og loks töflu, er sýnir vikustundir námsgreina – alls 43 skjöl, er þurfa að fylgja skýrslu skólanefndarinnar til Stjórnarráðsins.

Auk þessa hefir skólastjóri fært inn í gjörðabókina hjer að framan nöfn kennara skólaárið 1914-15, töflu yfir vikustundir námsgreina, og loks stutta skýrslu um tölu barnanna, próf, verðlaun o. fl.

II. Borgarstjóri talaði um ástand skólans, í hverju fyrirkomulaginu væri ábótavant, bekkir væru t. d. fleiri en fræðslulög heimtuðu til þess að hægt væri að gera börnunum hægt að ljúka fullnaðarprófi; 6. bekkur ætti að vera lokabekkur, ~~borg~~ fyrir börn í efri bekkjum ætti að borga skólagjald, sömuleiðis ætti að vera undirbúningsbekkur fyrir yngri börn, 3) fyrir þau borgað; kaup kennara þyrfti að taka til nánari yfirvegunar, fá betri ræstingu á húsi skólans o. fl.

Vildi hann láta nefndina taka alt þetta til nánari og alvarlegrar íhugunar.

III. Fræðslumálastjóra veitt leyfi til þess að fá 3 kenslustofur barnaskólans handa Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands frá 15. maí – 30. júní.

IV. Umsókn frá Ingibjörgu Benediktsdóttur um kenslustarf.

V. Umsókn kom frá Einari Þórðarsyni um fasta kennarastöðu eða tímakenslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frestað að taka ákvörðun til seinni funda.
Fleira lá ekki fyrir.
Fundi slitið.

Guðrún Lárusdóttir. K. Zimsen. Bjarni Jónsson
Magnús Helgason
Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1915, 28. júní átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Samþykt var að segja öllum stundakennurum barnaskólans upp kenslustarfi þeirra nú fyrir mánaðamót, og skyldi það gert til þess að koma betra skipulagi á ýmislegt, er kenslufyrirkomulagið snertir; en ekki skyldi þetta vera gert í þeim tilgangi að rýra kaup kennaranna eða gera þeim aðrar tálmanir, og frjálst skyldi þeim vera að sækja um kenslustarf aftur fyrir 1. september næstk.

II. Ákveðið var að fela síra Magnúsi Helgasyni og síra Bjarna Jónssyni að athuga breytingar á skólafyrirkomulaginu og koma fram með tillögur þar að lútandi.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason
Guðrún Lárusdóttir.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 3. júlí átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir nefndarmenn á fundi, nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, sem hafði tilkynt forföll.
Auk þess voru mættir 5 kennarar skólans, frú Anna Magnúsdóttir, frk. Sigurbjörg Þorláksdóttir, Helgi Salómonsson, Guðmundur Davíðsson og Steindór Björnsson, mættu þau sem fulltrúar allra stundakennara til þess að ræða um ýms atriði í brjefi því, er þeim hafði borist frá borgarstjóra samkv. samþykt síðasta fundar skólanefndarinnar. Hafði frú Anna orð fyrir þeim, taldi hún mjög óheppilegt, að umsóknarfrestur væri bundinn við 1. sept., og auk þess bað hún um fleiri skýringar brjefi þessu viðvíkjandi.
Borgarstjóri svaraði þessum fyrirspurnum.
Út af málefni þessu spunnust nokkurar umræður
Samþykt var að breyta ákvörðun síðasta fundar þannig, að umsóknarfrestur skuli vera bundinn við 1. ágúst, og lofuðu hinir mættu kennarar að tilkynna þetta öllum hlutaðeigendum. Skólanefndin lofaði að gefa ákveðið svar svo fljótt sem unt er, í síðasta lagi 3. sept.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

Steindór Björnsson frá Gröf. K. Zimsen. Magnús Helgason
Guðm. Davíðsson Bjarni Jónsson Guðrún Lárusdóttir
Helgi Salómonsson. Anna Magnúsdóttir.
Sigurbjörg Þorláksdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 16. júlí átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Allir nefndarmenn á fundi.

Þetta gjörðist á fundinum:

Síra Magnús Helgason og síra Bjarni Jónsson ~~skýrðu~~ höfðu samkv. samþykt fundar 28. júní athugað breytingar, er ef til vill mætti gera á skóla fyrirkomulaginu. Skýrði síra Magnús frá þeim tillögum, er þeir höfðu gjört til undirbúnings áður en nefndin tæki fullnaðar ákvarðanir.

Borgarstjóri las upp skýrslu, er læknir skólans hafði sent skólanefnd, var sú skýrsla um læknisskoðun barna og heilsufar ~~þeirra~~ veturinn 1914-15.

Ákveðið var að halda skólanefndarfund fyrstu daga ágústmánaðar.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Bjarni Jónsson
Magnús Helgason
Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Guðrún Lárusdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

'Ar 1915, 27. ágúst átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi og auk þess skólastjóri.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Ingibjörg Sigurðardóttir, er verið hefir stundakennari síðastliðin 13 ár, var ráðin fastur kennari með 1000 króna launum með því skilyrði, að hún kenni 30 stundir á viku.

II. Fastir kennarar skólans eru þá:
Sigurður Jónsson með 1500 kr. launum
síra Bjarni Hjaltested með 1200 — —
Hallgrímur Jónsson með 1200 — —
Jörundur Brynjólfsson með 1000 — —
og Ingibjörg Sigurðardóttir með 1000 — —

Skólanefndin ákveður, að fyrir þessi laun kenni þeir 30 stundir á viku, taki þátt í umsjón inni og úti við eftir því sem nauðsynlegt er, og skólastjóri ákveður. Einnig skal það vera á valdi skólastjóra, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, að bæta aukatímum við hina föstu kennara gegn sjerstakri borgun, 90 aura fyrir kenslustund.

II. Ráðnir voru þessir stundakennarar með ákveðnum árslaunum:
Guðmundur Davíðsson með 1100 kr. launum fyrir 33 stunda kenslu á viku.
og Sigfús Einarsson með 500 kr. launum fyrir 18 stunda kenslu í viku.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurbjörn Sveinsson með 1000 kr launum fyrir 30 stunda kenslu á viku.
Steindór Björnsson með 1000 kr launum fyrir 30 stunda kenslu á viku,
Guðlaug Arason með 1000 kr launum fyrir 30 stunda kenslu á viku.

Um þessa kennara gildir hið sama og ákveðið var um fasta kennara.

III. Ráðnir voru þessir stundakennarar með ákveðnu kaupi fyrir hverja stund:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Anna Magnúsdóttir | með 90 | aura | fyrir | stundina |
| Bergljót Lárusdóttir | 90 | – | – | – |
| Elín Andrjesdóttir | 90 | – | – | – |
| Guðmundur Jónsson | 90 | – | – | – |
| Guðrún Blöndal | 90 | – | – | – |
| Guðrún Daníelsdóttir | 90 | – | – | – |
| Halldóra Matthíasdóttir | 90 | – | – | – |
| Helgi Salómonsson | 75 | – | – | – |
| Ingibjörg Benediktsdóttir | 75 | – | – | – |
| Ingibjörg Brands | 90 | – | – | – |
| Inga Lára Lárusdóttir | 90 | – | – | – |
| Jóhanna Þorsteinsdóttir | 90 | – | – | – |
| Jón Jónsson frá Flatey | 60 | – | – | – |
| Kristín Arngrímsdóttir | 75 | – | – | – |
| Margrjet Þorkelsdóttir | 90 | – | – | – |
| Martha Stephensen | 90 | – | – | – |
| Pjetur Hjaltested | 90 | – | – | – |
| Ragna Stephensen | 90 | – | – | – |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 90 | – | – | – |
| Steinunn Bjartmarsdóttir | 90 | – | – | – |
| Þjóðbjörg Þórðardóttir | ~~90~~ 75 | – | – | – |
| Þorbjörg Friðriksdóttir | 90 | – | – | – |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 90 | – | – | – |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólastjóra falið að ráða stundafjölda
þessara kennara með hliðsjón af stundafjölda
þeirra síðastl. vetur.
Ennfremur var Soffía Jónsdóttir ráðin
matreiðslukennari, en frestað ákvörðun um
kaup hennar.
x Kennari við æfingabekk Kennaraskólans var
ráðinn Jónas Jónsson frá Hriflu með 90 aura
fyrir hverja kenslustund.
Frestað að taka ákvörðun um aðrar umsóknir,
er fyrir lágu.

IV. Ákveðið var að auglýsa, að umsóknir
um skólavist fyrir börn yngri en 10 ára
skuli sendast borgarstjóra fyrir 10. september.
Skólagjald fyrir þau börn var ákveðið
20 kr fyrir hvert barn yfir skólatímann.

Fundi slitið

Magnús Helgason K. Zimsen.
Guðrún Lárusdóttir. Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Bjarni Jónsson

Ár 1915, 27. september átti skólanefnd
fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Umsóknir höfðu komið um skólavist handa
219 börnum yngri en 10 ára, sótt um ókeypis
kenslu handa 173 börnum og handa 46 gegn
borgun.
Samþykt var að veita þessum 46 börnum kenslu
gegn borgun, ef rúm leyfir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir tillögum fátækranefndar var samþykt að veita 131 barni ókeypis kenslu, 12 að hálfu leyti, 25 börnum var synjað um ókeypis kenslu, um 7 börn vantaði upplýsingar, 1 barn af þessum 173 var á skólaskyldualdri. Þessum börnum veitt skólavist, ef rúm leyfir.

II. Sótt var um undanþágu frá skólavist fyrir Einar Carlsen 12 ára Bergstaðastræti 11 A. Beiðninni var synjað.

III. Tillaga kom frá borgarstjóra um að borga fyrir kennara skólans gjald til Sjúkrasamlags, svo að kennarar geti fengið hjálp, ef veikindi bera að höndum.
Samþykt að undirbúa mál þetta áður en frekari ákvörðun verði tekin.

IV. Samþykt var að fella burt dönskukenslu í 4. bekk, landafræði í 2. bekk, 1 tíma af 2 í kristnum fræðum í 2. bekk, bæta við lestrartímum í 3. og 4. bekk handa lítt læsum börnum, eftir því sem skólastjóri sjer fært, gjöri slíkum börnum þá skipað í sjerstaka lestrardeild.
Nefndin ætlast til, að kenslunni sje þannig hagað, að börn taki fullnaðarpróf úr 6. bekk eins og venja hefir verið til.

V. Samþykt var, að á þessu skólaári skyldi ekki byrja kverkenslu fyr en í 5. bekk, en í neðri bekkjum skólans skyldi leggja Barnabiblíuna til grundvallar við kensluna í kristnum fræðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Ákveðið var, að matreiðslukenslu skyldi þannig hagað, að hún færi fram í 6., 7. og 8. bekk eins og verið hefir, og auk þess bekk við, ef unt er, kenslu í þeirri grein ~~kensla í þessari grein~~ handa stúlkubörnum í 5. bekk, sem verða að taka fullnaðarpróf þaðan.

VII. Brjef barst frá Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands og þar skýrt frá, að fjelagið hafi í hyggju að halda uppi kenslu í heimilisiðnaði handa
R/2 unglingum á komandi vetri. Sækir fjelagið um, að skólanefndin beiti áhrifum sínum við bæjarstjórn og fái veittar 200 kr. styrk til þessa fyrirtækis gegn því að 10-12 drengir barnaskólans njóti ókeypis kenslu í þessari grein.
Samþykt var að leggja til við bæjarstjórn, að þessar 200 kr. verði ~~séu~~ veittar, og ætlast nefndin til, að þessi kensla, sem boðin er fram af Heimilisiðnaðarfjelaginu, komi í staðinn fyrir eina deild í Slöjd.

VIII. Ráðinn stundakennari Guðrún Snæbjörnsdóttir með 75 aura fyrir tímann.
Pjetur Lárusson ráðinn stundakennari með 60 aur. um tímann
og Einar G. Þórðarson ráðinn stundakennari með 75 aur. um tímann, ef þörf krefur.

Allir nefndarmenn á fundi og auk þeirra skólastjóri.

Fundi slitið.

Bj. Jónsson Guðrún Lárusdóttir K. Zimsen Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 19. okt. átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Umsóknir um kenslu komu frá Sigríði Árnadóttur Smiðjustíg 7, Vigdísi Erlendsdóttur, Ásgeir Ásgeirssyni cand. theol., Guðnýju Jónsdóttur, Guðrúnu Bjarnadóttur frá Steinnesi, Jóhannesi Guðmundssyni, Maríu Jónsdóttur og Þórarni Guðmundssyni fiðluleikara.

Þessum umsóknum var ekki hægt að sinna.

II. Umsókn kom frá stjórnarnefnd Kvennaskóla Reykjavíkur um að fá leigt leikfimishús barnaskólans ~~með~~ 6 stundir á viku með sömu kjörum og áður.

Samþykt að verða við beiðni þessari.

III. Umsókn kom frá Stjórnarráði Íslands þess efnis, að leikfimishúsið verði lánað 1 stund á viku til afnota fyrir daufdumbraskólann og að húsrúm fengist í skólanum 1 stund á viku fyrir matreiðslu og heimilisiðnaðarkenslu handa nemendum daufdumbraskólans.

Þetta var samþykt.

IV. Frk. Ingibjörg Brands sækir um að fá leikfimishúsið lánað 2-4 stundir á viku.

Samþykt að verða við þessari beiðni

V. Beiðni kom frá söngfjelaginu „17. júní" um að fá leigða söngstofu skólans til æfinga eins og að undanförnu.

Þetta var samþykt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1915.

VI. Fyrir hönd tóbaksbindindisfjelagsins „Baldur“ sækir Steindór Björnsson frá Gröf um að fá leigt leikfimishúsið til afnota handa nefndu fjelagi 3 tíma á viku.

Samskonar umsókn kom frá fimleikafjelaginu „Skarphjeðinn“ um að fá húsið leigt 2 stundir á viku.

Leyft var báðum þessum fjelögum að nota húsið, hvoru fjelagi 2 stundir á viku.

VII. Nefndinni var send skýrsla yfir 48 börn, sem eru á skólaskyldualdri, í Landakotsskóla. Skólastjóra var afhent skýrslan.

VIII. Erindi barst frá síra Bjarna Hjaltested um launahækkun, úr 1200 upp í 1500 kr.

Hallgrímur Jónsson sækir um 300 kr. hækkun og Jörundur Brynjólfsson sækir um 500 kr. hækkun.

Frestað að taka ákvörðun um þessar umsóknir.

IX. Að gefnu tilefni mælir nefndin með því, að ef starfsmönnum bæjarins verður veitt dýrtíðaruppbót, þá verði stundakennurum skólans einnig veitt slík uppbót.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason

Bjarni Jónsson

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 26. okt. átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Eftir tillögum fátækranefndar var þessum börnum veitt ókeypis kensla í barnaskólanum:

Kristínu Jóhannesdóttur Bergstaðastr. 26,
Önnu Gunnarsdóttur, Hverfisgötu 80,
Gísla Jónssyni, Bókhlöðustíg 6,
Guðrúnu Jóhannsdóttur, Laugaveg 20 B.
Láru Lilju Jónsdóttur, Vesturgötu 16,
Guðrúnu Rósu Jóhannsdóttur, Skólavörðustíg 20
og Guðbjörgu Guðjónsdóttur, Frakkastíg 6
og Magnúsi Ármanni Guðjónssyni, Laugaveg 67
og að hálfu leyti:
Friðsteini G. Helgasyni, Laufásveg 27.

II. Svohljóðandi kostnaðaráætlun fyrir 1916 samdi nefndin og samþykti:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Laun fastra kennara | Kr. | 17900,00 |
| 2. | — stundakennara | - | 16900,00 |
| 3. | Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | - | 200,00 |
| 4. | Til áhaldakaupa og bóka þaraf 100 kr. til bókasafns kennara. | - | 800,00 |
| 5. | Til eldiviðar og ljósa | - | 4800,00 |
| 6. | Til viðhalds og endurbóta á skólahúsinu og lóð | - | 1600,00 |
| 7. | Til ræstingar | - | 1600,00 |
| 8. | Til skólaeldhússins | - | 700,00 |
| 9. | Til matgjafa handa fátækum börnum | - | 1200,00 |
| 10. | Til ýms útgjöld | - | 800,00 |
| | Samtals | Kr. | 46500,00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svohljóðandi fjárhagsáætlun fyrir 1916 var samin og samþykt:

1. Landssjóðsstyrkur og skólagjöld Kr. 7200,00

III. Skólastjóri hreyfði því, að nauðsynlegt væri að skólanefnd sæi drengnum Markúsi Guðmundssyni fyrir kenslu utan skólans og verustað utan heimilis hans, því að hann hefði ekkert lært og væri þó á 13. ári; óhlýðinn væri hann og ilt við hann að eiga. Nefndin ákvað að gera tilraun til þess að koma drengnum fyrir og fá til þess aðstoð fátækranefndar.

Fleira gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Á. Zimsen. Magnús Helgason

Bjarni Jónsson.

Ár 1916, 15. maí átti skólanefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Ákveðið var, að framvegis skyldu vera dómarar við leikfimispróf.

II. Í tilefni af fyrirspurn frá stundakennurum skólans ákvað skólanefndin að fresta ráðningu kennaranna til 1. sept., en lýsir því jafnframt yfir, að hún ætlar ekki að svifta neinn þeirra kenslustarfi á komandi skólaári. En aftur á móti væntir nefndin þess, að þeir kennarar, sem ætla að fara frá skólanum, láti skólanefnd vita fyrir 1. september.

M/13

III. Svohljóðandi tillaga frá Sigurði Jónssyni bæjarfulltrúa var send skólanefnd frá bæjarstjóra, og óskar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnin álits nefndarinnar:
„Bæjarstjórnin felur skólanefndinni að taka
„til sjerstakrar yfirvegunar nauðsyn og möguleika
„þess að byggja á næsta ári nýtt barnaskóla-
„hús fyrir bæinn eða viðbót við núverandi
„skólahús!" M/4

Nefndin vísar tillögu þessari til skólastjóra
og óskar álits hans máli þessu viðvíkjandi.

IV. Ákveðið var að leita álits skólastjóra, skóla-
læknis og leikfimiskennara um, hvar og hvernig
eigi að koma fyrir baðklefum skólans. M/4

V. Skólastjóri kvaddi því, að knýjandi nauðsyn
væri á því að gjöra og endurbæta leikvöll
skólans, með því að ekki væri unandi við
það eins og nú er.
Ákveðið var að biðja bæjarverkfræðing
~~að gefa~~ í samráði við skólastjóra að
gefa upplýsingar um hvað gera þurfi og
gera kostnaðaráætlun þessu viðvíkjandi. M/4

VI. Nefndin ályktar, að ákvörðun sú, er gjörð
var á fundi 28. okt. 1913, um borgun fyrir
hálfan maímánuð, nái til allra
stundakennara. M/13

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Bríet Bjarnhjeðinsdóttir
Guðrún Lárusdóttir Magnús Helgason Bj. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kennarar og stundafjöldi hvers þeirra vikulega skóla-árið 1915-1916.

Stundakennarar:

| | |
|---|---|
| 1. Anna Magnúsdóttir | 21 st. |
| 2. Bergljót Lárusdóttir | 28 - |
| 3. Einar Þórðarson | 13 |
| 4 Elín Andrésdóttir | 23 |
| 5. Guðlaug Arason | 30 |
| 6. Guðm. Davíðsson | 33 |
| 7. Guðrún Blöndal | 30 |
| 8. Guðrún Daníelsdóttir | 33 |
| 9. Guðrún Snæbjörnsdóttir | 17 |
| 10. Guðm. Jónsson | 42 |
| 11. Halldóra Matthíasdóttir | 30 |
| 12. Helgi Salómonsson | 31 |
| 13. Ingibjörg Benediktsdóttir | 27 |
| 14 Ingibjörg Brands | 30 |
| 15 Jóhanna Þorsteinsdóttir | 22 |
| 16. Jón Jónsson | 20 |
| 17 Jónas Jónsson | 24 |
| 18 Kristín Arngrímsdóttir | 31 |
| 19. Lára Lárusdóttir | 22 |
| 20. Matthías Þórðarson | 18 |
| 21. Margrét Þorkelsdóttir | 33 |
| 22 Martha Stephensen | 32 |
| 23. Pétur Hjaltested | 12 |
| 24. Pétur Lárusson | 5 |
| 25. Ragna Stephensen | 30 |
| 26 Sigfús Einarsson | 18 |
| 27. Sigurbjörg Þorláksdóttir | 34 |
| 28 Sigurbjörn Sveinsson | 30 |
| 29 Sofía Jónsdóttir | 40 |
| 30 Steindór Björnsson | 30 |
| 31. Steinunn Bjartmarsdóttir | 28 |
| 32 Þjóðbjörg Þórðardóttir | 28 |
| 33 Þorbjörg Friðriksdóttir | 30 |
| 34. Þuríður Jóhannsdóttir | 33 |

Fastir kennarar:

| | |
|---|---|
| 35 Bjarni Hjaltested | 30 |
| 36 Hallgr. Jónsson | 37 |
| 37 Ingibjörg Sigurðardóttir | 33 |
| 38 Jörundur Brynjólfsson | 34 |
| 39 Sigurður Jónsson | 30 |
| 40 Skólastjóri | 2 |
| Vikustundir: | 1074 |

Ath. Margrét Þorkelsdóttir og Ragna Stephensen afsöluðu sér nokkrum stundum á skóla-árinu, og var þeim bætt við Einar Þórðarson. Sofía Jónsdóttir hafði heldur ekki sama stundafjölda allt árið.

# Tafla

## er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1915–1916

| Námsgreinir / Bekkir | 1A | 1B | 1C | 2A | 2B | 2C | 2D | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 4G | 4H | 4I | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 5H | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 7A | 7B | 7C | 8 | Deild kvennask. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristinfræði | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 77 |
| Íslenzka | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 8 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 6 | 206 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 103 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 154 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 59 |
| Landafræði | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 62 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 48 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | | 51 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | | 16 |
| Söngfræði & Söngur | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | | | | 28 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | | | | | | | | | 2 | | | | | | 4 |
| Teikning | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 40 |
| Handavinna (drengir) | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 56 |
| Handav. (stúlkur) | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 75 |
| Matreiðsla | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | 4 | 4 | 4 | 4 | | 40 |
| Leikfimi | alls í skólanum með stúlkum og drengjum | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 55 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir alls. | 1074. |

Skóla-árið 1915-1916 komu alls í skóla 1112 börn. Í aðalskólann gengu 1086 börn, en í barnabekk Kennaraskólans 26. - 937 börn voru eldri, en 10 ára, eða skólaskyld, en 175 voru yngri.

Vorpróf fór, eins og venja er til, fram í maímánuði og gengu undir prófið 1008 börn í aðalskólanum, en 22 í barnabekk Kennaraskólans.

Af börnum, sem undir próf gengu, voru 186 þegar orðin 14 ára eða verða það fyrir næsta skóla-ár. Þessi börn, 88 stúlkur og 98 drengir hafa þá lokið fullnaðarprófi. Í prófbókinni og á prófskýrslu þeirri, er send verður Stjórnarráðinu eru nöfn þessara barna auðkend með rauðu stryki.

Prófbókin ber auðvitað með sér, hvernig prófið hefur farið fram. Þó skal þess getið, að handavinnueinkunnir stúlkna í 1., 2. og 3. bekk eru ekki teknar til greina við útreikning aðaleinkunna - með því að drengjum í sömu bekkjum er ekki kend nein handavinna.

Við skólauppsögn var, eins og að undanförnu, útbýtt nokkrum verðlaunabókum af gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sáluga kaupmanns, og hlutu þessi börn bækurnar:

| | | |
|---|---|---|
| Lárus Einarsson | í 8. bekk | Íslandssögu ef. Jón Jónsson |
| Sigurður Ólafsson | í 8. —"— | Sálin vaknar eft. Einar Hjörl.s. |
| Alvilda Gísladóttir | í 8. —"— | Ljóðmæli e. M. J. Úrval |
| Indriði Waage | í 7. C | Sálin vaknar e. Einar Hjörl. |
| 19 Markús Kristjánsson | í 7. B. | Smælingjar e. sama. |
| Sigríður Thoroddsen | í 7. A | Bók æskunnar |
| Kristín Einarsdóttir | í 7. A. | Sömu bók. |

Frá skólastjóra er komið til skólanefndarinnar (31/5):

1. Skýrsla um vorpróf í aðalskólanum, á 39 örkum
2. Skýrsla um vorpróf í barnabekk Kennaraskólans
3. Skýrsla um próf utanskólabarna
4. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina 1915-1916
5. Skýrsla um kensluáhaldakaup 1915-1916
6. Skýrsla um laun kennara —"—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, 12. sept. átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Rætt var um kenslufyrirkomulagið og á það bent, að á einhvern hátt yrði að breyta því til bráðabirgða næsta vetur, með því að börnin væru orðin svo mörg.

Bent var á tvær leiðir, annaðhvort að hafa annars dags skóla eða fækka kenslustundum þannig, að efri deildirnar hefðu 4 stundir, miðdeildir 3 og hinar yngstu 2 daglega. Var hið síðarnefnda ákveðið. Nefndin ljet þá ósk í ljósi, að reynt væri að hafa matarhlje frá kl. 12-1 og að skólastjóri hefði þetta í huga við samning tímataflanna.

II. Nefndinni barst brjef frá Helga Salómonssyni Hjörvar, þar sem hann skýrir frá, að hann komi ekki til skólans í vetur, með því að hann ætlar að dvelja erlendis til þess að kynna sjer kenslufyrirkomulag. Jafnframt sendir hann bæjarstjórn beiðni um fasta stöðu með 1200 króna byrjunarlaunum og væntir þess, að nefndin styðji þá umsókn, fer hann þess á leit, að sú staða verði veitt honum frá 1. jan. 1917

Nefndin ákveður, að kennara þessum verði veitt hin fasta 1200 kr. staða, er hann kemur aftur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Beiðni kom frá Steindóri Björnssyni um fasta stöðu með 1200 kr árslaunum.
Nefndin sjer sjer ekki fært að verða við þessari beiðni.

IV. Skólastjóri og leikfimiskennararnir frk. Ingibjörg Brands og Steindór Björnsson skrifuðu nefndinni álit um, hvernig ætti að koma fyrir baðherjum í skólahúsinu, kom brjef frá hverjum hinna ofannefndu.
Nefndin álítur ekki fært að koma fyrir baðherjum í kjallaranum, eins og til hefir verið ætlast, en ákveður að láta gera kostnaðaráætlun um viðbygginu við leikfimishúsið, þar sem koma mætti fyrir baðherjunum.

V. Í tilefni af tillögu, er bæjarstjórnin sendi nefndinni, viðvíkjandi byggingu nýs skólahúss eða viðbót við hið gamla var lesið upp brjef frá skólastjóra, þar sem hann bendir á, að mögulegt sje að byggja viðbót við núverandi skólahús, ef ekki sje kostur á að byggja nýtt, og lagt til af nefndinni, að sá kosturinn verði fremur tekinn að byggja nýtt skólahús á hentugum stað í Austurbænum.
Nefndin leggur til, að bæjarstjórn heimili henni að sjá til að láta gera uppdrætti og kostnaðaráætlun yfir bygginu hússins.

VI. Lagðar voru fram nokkrar beiðnir um leyfi til að fá að nota leikfimishúsið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólastjóra var falin afgreiðsla allra slíkra umsókna.

VII. Umsóknir um kenslu komu frá Kristínu Bjarnadóttur stúdent á Laugaveg 18, Sigríði Árnadóttur á Smiðjustíg 7, Magnúsi Björnssyni cand. phil. og Maríu Jónsdóttur Skólastræti 5;

Nefndin getur ekki sint umsóknum þessum, því að ekki er útlit fyrir, að nokkrum kennara verði bætt við.

VIII. Umsókn kom frá Einari Þórðarsyni, þar sem hann fer fram á, að hann fái að kenna fleiri kenslustundir og hærra kenslukaup en í fyrra.

Í tilefni af þessu var samþykt að borga ~~veita~~ honum og öðrum kennurum 90 aura um tímann, ef þeir hafa haft minni borgun ~~—~~ áður.

IX. Að gefnu tilefni endurtekur nefndin samþykt þá, er hún gjörði viðvíkjandi kenslu í kristnum fræðum á skólanefndarfundi 27. sept. 1915.

Skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason

Bríet Bjarnhéðinsdóttir Guðrún Lárusdóttir.

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, 10. október átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Rætt var um grein, er birtist í Morgunblaðinu 10/10. '16 eftir Hallgrím Jónsson kennara, þar sem hann gefur bæjarbúum skakkar upplýsingar um samþyktir skólanefndarinnar viðvíkjandi kristindómsfræðslu í barnaskólanum.
Nefndin samþykti að senda honum svohljóðandi brjef:
"Í tilefni af grein, er birtist frá yður í "Morgunblaðinu" í dag, krefst skólanefndin þess, að þjer afsakið ummæli yðar í garð skólanefndarinnar, þar eð staðhæfingar yðar eru algerlega gagnstæðar samþyktum þeim, er nefndin hefir gert viðvíkjandi kristindómsfræðslunni í skólanum."

II. Elín Andrjesdóttir kenslukona sækir um leyfi til að mega fara til Vesturheims og vera burtu frá skólanum í vetur gegn því, að hún setji kennara í sinn stað.
Nefndin veitir leyfið, án þess að kenslukonan setji kennara í sinn stað.

III. Samþykt samkvæmt umsókn að borga Matthíasi Þórðarsyni 1 kr. 20 aur. fyrir hverja kenslustund.

IV. Lagt fram brjef frá Steindóri Björnssyni dags. 6. okt. viðvíkjandi kenslustörfum.

V. Brjef barst frá kenslukonu frk. Guðlaugu Arason dags. í Kaupmhöfn 7. sept. og í því tilkynnir hún, að hennar sje von með "Island" fyrir miðjan október.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason

Guðrún Lárusdóttir. Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, 31. október átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi, nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, sem er erlendis. Skólastjóri var á fundinum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Lögð var fram skýrsla yfir 59 börn á skólaskyldualdri, í Landakotsspítala.

II. Fræðslumálastjóri tilkynnir ákvörðun stjórnarráðsins viðvíkjandi heilbrigðiseftirliti í barna- og unglingaskólum.

III. Þórður Sigurðsson á Hverfisgötu 92 sækir um undanþágu frá skólavist fyrir son sinn Axel Sigurð 10 ára, með því að drengurinn hefir stórbagað málfæri. Heitir faðir drengsins því, að hann skuli sjá honum fyrir kenslu á annan hátt.

Nefndin veitti þessa undanþágu og var síra Bjarna falið að líta eftir því, að drengurinn yrði kenslu aðnjótandi.

IV. Brjef barst frá Ingu Láru Lárusdóttur, þar sem hún sækir um lausn frá kenslustarfi sínu við skólann nú þegar.

Nefndin getur ekki fallist á að taka umsókn þessa til greina fyr en að loknu skólaári.

V. Ákveðið var að borga Margrjeti Þorkelsdóttur og Rögnu Stephensen borgun, er svari 30 stunda kenslu á viku.

VI. Umsókn barst frá stundakennurum skólans um kaupshækkun, er nemi 30–40%.

Þessi umsókn verður athuguð um leið og fjárhagsáætlun skólans verður samin.

VII. Umsókn kom frá Ingibjörgu Sigurðardóttur um 500 króna hækkun á launum hennar.

Þessi umsókn verður athuguð jafnhliða ofannefndri umsókn.

VIII. Júlíus Guðbrandsson dyravörður sækir um launahækkun frá 1. okt. þ. á.

Skólastjóra falið að semja um borgun fyrir ræstingu [illegible] nýárs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Svohljóðandi kostnaðaráætlun fyrir 1917 var samin og samþykt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Laun kennara | Kr. | 40,000 |
| 2. Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | – | 200 |
| 3. Til áhaldakaupa og bóka þaraf 100 Kr. til bókasafns kennara | – | 1500 |
| 4. Til eldiviðar og ljósa | – | 7500 |
| 5. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsinu og lóð | – | 1500 |
| 6. Til ræstingar | – | 2000 |
| 7. Til skólaeldhússins | – | 800 |
| 8. Til matgjafa handa fátækum börnum | – | 1200 |
| 9. Ýms útgjöld | | 1500 |
| Samtals | Kr: | 56,200 |

Svohljóðandi tekjuáætlun fyrir 1917 var samin og samþykt:

Landssjóðsstyrkur og skólagjöld Kr. 7300,00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason

Bjarni Jónsson Guðrún Lárusdóttir

Ár 1916 29 des, hélt skólanefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra.

Gjörðist það er hér segir:

I. Umsókn kom frá Sigfúsi Einarssyni söngkennara um, að kaup hans verði hækkað úr 500 upp í 650 krónur.

II. Inga Lára Lárusdóttir segir upp kenslustarfi við skólann frá 1. jan. 1917

Formanni skólanefndar og skólastjóra falið að íhuga þetta og ráða [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Jón Stefánsson skósmiður Laugaveg 17 sækir um undanþágu frá skólavist fyrir Ragnhildi dóttur sína 13 ára að aldri.
Beiðnin veitt með því skilyrði, að barnið komi til prófs.

IV. Jörundur Brynjólfsson sækir um að mega setja kennara í stað sinn þann tíma, er Alþingi stendur yfir.
Nefndin fjelst á þá ráðstöfun.

V. Skólastjóra falið að sjá um ræstingu skólans framvegis og ráða starfsfólk eftir því sem hann telur þörf.

VI. Frú Guðrúnu Lárusdóttur falið að koma matgjöf um handa fátækum börnum skólans í framkvæmd og gera ráðstafanir þessu viðvíkjandi í sambandi við skólastjóra.

VII. Nefndin gerði ályktun um kaup kennaranna frá nýjári og verður skrá yfir það innfærð hjer í bókina.

Allir á fundi, nema frú Briet, sem er erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Bjarni Jónsson

Magnús Helgason Guðrún Lárusdóttir

Ár 1917, 16. janúar átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi, nema frú Briet, sem er erlendis.

I. Frá Kennarafjelagi barnaskólans bárust nefndinni tillögur um ýmsar breytingar á samningi þeim, er nefndin hafði samþykt, að lagðir yrðu fram fyrir K[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skriftar.
Nefndin samþykti að orða upphaf 4. greinar samningsins þannig í brjefinu til þeirra föstu kennara, sem eru síra Bjarni Hjaltested, Hallgrímur Jónsson, Ingibjörg Sigurðardóttir, ~~og~~ Jörundur Brynjólfsson og Sigurður Jónsson:
„Ráðning þessi gildir þangað til samningnum er sagt upp af annarihvorri hálfunni, en þó skal óskertur sá rjettur, sem kennarinn kann að hafa samkvæmt fyrri ráðningu."
Ennfremur ákvað nefndin að skýra kennurunum frá, að þeir kennarar, sem gera vildu samning yrðu að skrifa undir samninginn ekki seinna en 20. jan. þ. á.
Nefndin krefst þess ekki, að Sigurður Jónsson skrifi undir samning, ef honum er það mótfallið, með því að hann var ráðinn kennari áður en fræðslulögin gengu í gildi.
Nefndin sjer sjer ekki fært að sinna breytingartillögum þeim, er kennarafjelag skólans bar fram í ofannefndu brjefi.
II. Nefndin leggur til við bæjarstjórn, að
21/2 fyrst um sinn verði kennurum barnaskólans ekki greidd dýrtíðaruppbót.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason
Guðrún Lárusdóttir
Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, 20. janúar átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi, nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, sem er erlendis.
Brjef barst nefndinni frá Jörundi Brynjólfssyni, Hallgrími Jónssyni, Bjarna Hjaltested og Ingibjörgu Sigurðardóttur, þar sem þeir lýsa því yfir, að þeir skrifi ekki undir framangreindan samning.
Nefndin ákveður að greiða þessum föstu kennurum laun samkvæmt fyrri ráðningu.
Aðrir kennarar skólans höfðu skrifað undir samninginn, nema Steindór Björnsson, sem ekki óskar að gera samning, og Guðmundur Jónsson, sem enn ekki er fullráðinn hvað hann skuli gera.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason
Guðrún Lárusdóttir.
Bjarni Jónsson

Ár 1917, 17. marz átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi, nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, sem er erlendis.
Nefndin samdi uppkast að samningi við föstu kennarana fjóra (sbr. fundargjörð 20/1. þ.á), og var það gert eftir tilmælum bæjarstjórnar.
Uppkastið var svohljóðandi:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Skólanefnd Reykjavíkur gerir með brjefi
"þessu svofeldan samning við herra kennara
N.N., sem áður er með brjefi dags. – –
skipaður fastur kennari við barnaskóla
bæjarins með – – króna árslaunum:

1º Skólanefnd veitir honum – – króna
launaviðbót á ári frá 1. jan. 1917, og
skulu öll launin greiðast fyrirfram að
1/12 við hver mánaðamót. Auk þess fær
hann þóknun fyrir heimavinnu, við
leiðrjettingu íslenskra stíla í 5., 6., 7. og 8.
bekk og danskra í 7. og 8. bekk 3 aura
fyrir nemanda á viku. Þó skal hann
vinna það starf af hendi kauplaust
fyrir einn bekk. Ef kennaranum kann
að verða falið að kenna fleiri stundir
á viku en 30, greiðist fyrir þá auka-
kenslu sama borgun, sem það ár er goldin
stundakennurum skólans.

2º Kennarinn skal hlýða reglum skólans
og fyrirmælum skólastjórans í öllu, er
snertir kenslu og stjórn skólans. Telst
þar til meðal annars að taka þátt í
samningu stundaskrár, umsjón inni og úti
milli kenslustunda, útreikningi einkunna,
færslu dagbóka, skýrslugjörð og kennarafundum.

3º Samningur þessi gildir þangað til honum er
sagt upp af annarhvorri hálfunni. Skal upp-
sögnin vera skrifleg bundin við 1. okt. og með
4 mánaða fyrirvara að minsta kosti."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin fól síra Magnúsi Helgasyni að grenslast eftir hjá kennurunum, hvort þeir vildu skrifa undir þenna samning.
Skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðrún Lárusdóttir
Magnús Helgason
Bjarni Jónsson

Ár 1917, 2. apríl átti skólanefnd fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Allir á fundi, nema frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, sem er erlendis.
Síra Magnús Helgason skýrði frá viðtali við þá kennarana Hallgrím og Jörund um uppkast að samningi, er nefndin samdi á fundi 17. marz þ.á.
Vildu þeir kennarar ekki skrifa undir svo hljóðandi samning, en allir komu með sjer saman um svohljóðandi orðalag:
„Skólanefnd Reykjavíkur veitir herra N.N. kennara við barnaskóla bæjarins -- króna hækkun á ári á launum þeim, sem hann hefir haft samkv. brjefi dags. --, og er launahækkun þessi veitt frá 1. jan. 1917. Þó er hún eigi bindandi, nema um eitt ár í senn, ef skólanefnd ~~felur~~ álítur nauðsyn til bera að skerða hana. Launin öll greiðist fyrirfram að 1/12 við hver mánaðamót. Auk þess fær hann þóknun fyrir heimavinnu við leiðrjettingu íslenzkra stíla í 5., 6., 7. og 8. bekk og danskra í 7. og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. bekk 3 aura fyrir nemanda á viku. þá skal hann inna það starf af hendi kauplaust fyrir einn bekk. Ef kennaranum kann að verða falið að kenna fleiri stundir á viku en 30, greiðist fyrir þá auka-kenslu sama borgun, sem það ár er goldin stundakennurum skólans. Launahækkun þessi er bundin þeim skilyrðum:

1° Kennarinn skuldbindur sig til að segja ekki lausu starfi sínu við skólann með skemri fyrirvara en 4 mánaða, og sje uppsögnin skrifleg og bundin við 1. okt.

2° Hann skuldbindur sig einnig til að taka ~~einnig~~ þátt í samningu stunda-skrár, umsjón inni og úti milli kenslu-stunda, útreiknings einkunna, færslu dag-bóka, skýrslugjörð og kennarafundum eftir fyrirmælum skólastjóra."

Orðunum frá „umsjón - kenslustunda" og orðinu „skýrslugjörð" ~~var~~ bætti skólanefndin inn í og sömuleiðis orðunum: „og skulu öll launin greiðast fyrirfram að 1/12 við hver mánaðamót."

Skólanefndin samþykti að fallast á orðalag þetta og fól formanni að gera svohljóðandi samning við kennarana fjóra. Skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið.

K Zimsen. Guðrún Lárusdóttir

Magnús Helgason

Bjarni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, 19. apríl átti skólanefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Allir á fundi, nema frú Guðrún Lárusdóttir.

Nefndin ákvað fyrir sitt leyti að fengnu samþykki stjórnarráðsins að loka barnaskóla bæjarins 21. þ.m. sökum kolaeklu og láta vorpróf falla niður.

Ákveðið var, að meðaltal af vetrareinkunnum barna verði látið gilda sem prófeinkunn.

Nefndin ákvað, að utanskólabörn á skólaskyldualdri skyldu ~~mæta~~ koma til prófs á þeim tíma, er síðar yrði auglýstur, var skólastjóra falin framkvæmd þessarar ráðstöfunar.

Nefndin tekur það fram, að þessi ráðstöfun hafi ekki áhrif á kaup til kennara skólans.

Ákveðið var að halda fund með kennurum skólans þriðjudag 24. þ.m. kl. 5 síðdegis til þess að ræða um kenslustarf eftirleiðis.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Bjarni Jónsson

Magnús Helgason

Briet Bjarnhéðinsdóttir

~~Ár 1917, hinn 15. ágúst, kom skóla-~~
~~nefnd sú, sem kosin var á fundi bæjar-~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kennarar og stundafjöldi

hvers þeirra vikulega skóla-árið 1916 – 1917:

| | |
|---|---|
| Anna Magnúsdóttir | 20 |
| Bergljót Lárusdóttir | 27 |
| Bjarni Hjaltested | 27 |
| Elín Andrésdóttir | 18 |
| Einar Þórðarson | 19 |
| Guðlaug Arason | 28 |
| Guðm. Davíðsson | 32 |
| Guðrún Blöndal | 28 |
| Guðrún Daníelsdóttir | 28 |
| Guðm. Jónsson | 42 |
| Halldóra Matthíasdóttir | 29 |
| Hallgr. Jónsson | 30 |
| Ingibjörg Benediktsdóttir | 25 |
| Ingibjörg Brands | 27 |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 28 |
| Jóhanna Þorsteinsdóttir | 18 |
| Jón Jónsson frá Flatey | 20 |
| Jónas Jónsson frá Hriflu | 24 |
| Jörundur Brynjólfsson | 30 |
| Kristín Arngrímsdóttir | 30 |
| Lára Lárusdóttir | 22 |
| Matthías Þórðarson | 10 |
| Margrét Þorkelsdóttir | 26 |
| Martha Stephensen | 31 |
| Pétur Hjaltested | 12 |
| Pétur Lárusson | 5 |
| Ragna Stephensen | 25 |
| Sigfús Einarsson | 19 |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 32 |
| Sigurbjörn Sveinsson | 28 |
| Sigurður Jónsson | 24 |
| Soffía Jónsdóttir | 44 |
| Steindór Björnsson | 28 |
| Steinunn Bjartmarsdóttir | 27 |
| Þjóðbjörg Þórðardóttir | 27 |
| Þorbjörg Friðriksdóttir | 24 |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 32 |
| Skólastjóri | 1 |
| Vikustundir samtals | 947 |

Stundatala nokkurra kennara breyttist frá því, sem hér er skráð, þegar leið fram á skóla-árið, mest fyrir þá sök, að frú Anna Magnúsdóttir veiktist í desembermánuði og kendi alls ekkert frá nýári.

Samþykt var í byrjun skóla-ársins, að enginn kennari skyldi neins í missa þótt honum væri fækkað frá því sem þeir voru í fyrra: þessvegna fengu flestir kennarar borgun fyrir nokkru fleiri stundir en þeir kendu í raun og veru.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina skóla-árið 1916-1917.

| Námsgreinir \ Bekkir | 1A | 1B | 2A | 2B | 2C | 2D | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 3G | 3H | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 5H | 5J | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 6G | 7A | 7B | 7C | 8. | Æfingad. í kennsl. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristinfræði | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 78 |
| Íslenzka | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 6 | 199 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 91 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 148 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 44 |
| Landafræði | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 37 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 43 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | - | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 38 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 3 | 3 | 3 | 3 | | 12 |
| Söngfræði og söngur | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | - | 1 | - | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | | | | 28 |
| Samsöngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1 | | | | | | | | | | | 2 | | | | | | | 3 |
| Teiknun | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | - | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 | 34 |
| Handavinna drengja | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 42 |
| Handavinna stúlkna | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 60 |
| Matreiðsla st. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | | 44 |
| Leikfimi | í öllum bekkjum nema 1. A og 1. B með stúlkum og drengjum samtals | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 46 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir alls | 947. |

1917

Skóla-árið 1916–1917 komu alls í skóla bæjarins 1185 börn. Í aðalskólann gengu alls 1164 börn, en 21 í barnabekk Kennaraskólans. Í vor voru 1012 börn skólaskyld, en 173 yngri; en 10 ára

Samkvæmt því, sem samþykt var á fundi nefndarinnar 19. apríl var ekkert vorpróf haldið í skólanum, en meðaltal af vetrareinkunnum barnanna látið gilda sem prófseinkunn. Í barnabekk Kennaraskólans voru þó prófuð 4 börn. Var það próf fullnaðarpróf. Í þeim bekk eru engar einkunnir gefnar á vetrinum og eru því ekki aðrar einkunnir skráðar á skýrslunni um bekk þennan, en þessar fjórar fullnaðarprófseinkunnir.

214 börn alls, 109 drengir og 105 stúlkur, em þegar orðin 14 ára eða verða það fyrir næsta skóla-ár. Þessi börn verða því ekki skólaskyld næsta vetur. Aðaleinkunnir þeirra gilda því sem fullnaðarprófseinkunnir. Á bekkjaskýrslunum er sendar verða Stjórnarráðinu, eru nöfn þessara barna auðkend með rauðu striki.

Nöfn barnanna hafa eins og undanfarin vor verið færð inn í prófbók skólans og eins meðaltalseinkunnir þeirra. Handavinnueinkunnir stúlkna í neðri bekkjunum, upp að 5. bekk, hafa ekki verið teknar til greina við útreikning aðaleinkunna, með því að drengir í sömu bekkjum hafa engar tilsvarandi einkunnir. Þeim var ekki kend handavinna í vetur.

Við skólauppsögn 14. maí var, eins og að undanförnu, útbýtt nokkrum verðlaunabókum af gjafasjóði H. Th. A. Thomsens heitins kaupmanns, og hlutu þessi börn bækurnar:

| | | |
|---|---|---|
| Helgi Sigurðsson | úr 8. bekk | Ljóðmæli Stgr. Thorsteinsons |
| Guðm. Sigurðsson | úr 8. bekk | Íþróttir fornmanna |
| Guðrún Guðmundsdóttir | úr 8. bekk | Bók æskunnar |
| Unnur Erlendsdóttir | úr 7. C. | Bók æskunnar |
| Gunnar Þorsteinsson | úr 7. B. | Íþróttir fornmanna |
| Sigurður Jónsson | úr 7. A. | Íslandssaga J. J. Aðils |

Frá skólastjóra er —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1917

Komið til Skólanefndarinnar (11. júní)

1. Skýrsla um meðaltal vetrareinkunna 1916–1917 (37 arkir),
2. Skýrsla um kensluáhöld, er skólinn hefur eignast á skóla-árinu
3. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina á skóla-árinu
4. Skýrsla um fullnaðarpróf í barnabekk Kennaraskólans 1 maí 1917
5. Skýrsla um próf utanskólabarna 4. maí 1917
6. Skýrsla um skóla í Bergstaðastræti 3 (3 blöð)

~~Ár 1918, Miðvikudaginn 29. maí, kl. 9 árd.~~, ~~var haldinn fundur í skólanefndinni, á skrif-~~ ~~stofu borgarstjóra~~.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, hinn 15. ágúst, hjelt skólanefnd sú, er kosin var á fundi bæjarstjórnarinnar 5. júlí s. á., fyrsta fund sinn á skrifstofu borgarstjóra. Í nefndinni eiga sæti:

Jón Þorláksson verkfræðingur
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir ritstjóri
Þorvarður Þorvarðarson prentsmiðjustjóri
K. Zimsen borgarstjóri
Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur.

Var þá fyrir tekið:

1. Formaður nefndarinnar kosinn K. Zimsen borgarstjóri og ritari Jón Þorláksson.
2. Var rætt um skólahald næsta vetur. Eftir nokkrar umræður var samþykt að fela skólastjóra að semja og leggja fyrir nefndina frumvarp til lestöflu fyrir næsta skólaár, er sje bygt á því, að skóli verði haldinn kl. 10-3 daglega, með ½ stundar miðdegishlje frá kl. 11¾ til 12¼. Handavinna drengja og matreiðsla geti þó farið fram að einhverju leyti á öðrum tíma en 10-3 ef þörf gerist.

Á fund vantaði Ólaf Ólafsson, er ekki var í bænum.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Þorvarður Þorvarðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, hinn 4. sept., hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum mættu allir skólanefndarmenn og skólastjóri barnaskólans. Var þá fyrir tekið:

1. Lagt fram brjef skólastjóra dags. 27. ág. með uppástungu að lestöflu samkvæmt tilmælum nefndarinnar á fundi hennar 15. ág., 2. lið. Fjellst nefndin á uppástungu þessa, og ákveður fyrir sitt leyti, að barnaskólinn skuli næsta vetur haldinn daglega kl. 10-3, með miðdegisverðarhljeð kl. 11 3/4 til 12 1/4 að svo miklu leyti sem það getur samrýmst stundatöflunni. Matreiðslukensla fyrir stúlkubörn sje ennfremur haldið í sama horfi og síðastliðinn vetur, að svo miklu leyti sem samrýmst getur við hina kensluna og aðrar kringumstæður leyfa. Ennfremur sje haldið uppi kenslu í söng, en kensla í söngfræði og handavinna drengja og stúlkna falli niður. Ákvörðun um leikfimiskenslu frestað. Vegna fjárveitingar seinni hluta skólaársins óska skólanefndin eftir samþykki bæjarstjórnarinnar til þessara ákvörðunar um skólahaldið.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson. Ól. Ó. Ásgeirsson Bríet Bjarnhjeðinsd.
Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1917, hinn 8. sept., hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Rætt um hvað gjöra skuli út af því, að fram er komið í Alþingi frv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til laga um frestun á skólahaldi 1917-18 sem fyrirskipar að frestað skuli til 15. febr. 1918 skólasetning og skólahaldi í öllum þeim skólum, sem kostaðir ~~eru~~ eða styrktir með fjárframlagi af landsjóði, sýslusjóðum, sveitarsjóðum eða bæjarsjóðum.

Með tilvísun til samþykktar nefndarinnar á fundi hennar 4. þ.m. um skólahald barnaskólans, sem bæjarstjórnin hefir fallist á í einu hljóði á fundi sínum 6. þ.m., var samþykt að semja og koma á framfæri við Alþingi mótmælum gegn lagasetningu þessari, að því leyti sem hún snertir Barnaskóla Reykjavíkur, og var ritara falið að semja uppkast að brjefi þessu að lútandi. Var svo ákveðið að halda fund aptur á morgun kl. 2½.

Á fund vantaði Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið.

Á. Zimsen.

Ingibjörg H. Bjarnason(?)

Sigvaldi Þorvarðsson(?)

Ól. Ólafsson.

Ár 1917, hinn 9. september, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Ritari lagði fram uppkast að mótmælabrjefi gegn frv. til laga um frestun á skólahaldi. Var uppkastið rætt og samþykt með litlum breytingum. Ákveðið að láta prenta brjefið, senda það öllum þingmönnum, þar á meðal þingmönnum bæjarins sjerstaklega með tilmælum um að koma mótmælunum á framfæri í Alþingi. Ennfremur ákveðið að láta dagblöðunum ~~í tje~~ brjefið í tje til birtingar.

Fleira var ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Út af »Frumvarpi til laga um frestun á skólahaldi skólaárið 1917—1918«, sem er fram komið á þingskjali 846 í háttvirtri Efri deild Alþingis, leyfir undirrituð skólanefnd Reykjavíkur sér:

*að mótmæla því, að frumvarp þetta verði gert að lögum á þann hátt, að það nái til Barnaskóla Reykjavíkur eða Barnaskólans í Bergstaðastræti 3, sem er styrktur af bæjarsjóði Reykjavíkur.*

Til stuðnings og skýringar mótmælum vorum skal það tekið fram, er hér segir:

Skólanefnd og bæjarstjórn hafa þegar tekið til yfirvegunar og gert ályktun um, hvernig skólahaldi Barnaskólans skuli fyrir komið næsta vetur, með sérstöku tilliti til yfirstandandi og yfirvofandi dýrtíðar og eldsneytiseklu. Hefir skólanefndin ákveðið og bæjarstjórnin einróma fallist á, að halda uppi kenslu 2 stundir á dag fyrir börnin í yngri bekkjum skólans, en 3 stundir í eldri bekkjunum, og verður þá skólinn haldinn kl. 10—3 daglega, en áður hefir hann verið haldinn kl. 8—5. Auk þess verði haldið uppi matreiðslukenslu fyrir stúlkubörn á öðrum tímum dags í skólaeldhúsinu. Með þessari styttingu skólatímans sparast ljósmeti að mestu leyti og eldsneyti til upphitunar að miklum mun.

Oss er ekki fullkunnugt um ástæður fyrir hinu framkomna frv., en vér getum helzt ímyndað oss, að það sé eldsneytissparnaður, sem á að fást í aðra hönd gegn því afarmikla tjóni, sem frv. óhjákvæmilega hefir í för með sér, ef það verður að lögum. Viljum vér því gera grein fyrir horfum Barnaskólans að því er eldsneyti og ljósmeti snertir.

Eldsneytiseyðsla skólans hefir verið tvo síðustu veturna:

| | | |
|---|---|---|
| 1915—1916 | | 72 tonn. |
| 1916—1917 | um | 60 tonn. |

Gas til ljósa um 2400 teningsm. (samsvarar ca. 6 tonnum af kolum).

Það er nú áætlað, að fyrir styttingu hins daglega skólatíma færist kolaeyðsla skólaársins til

| | | |
|---|---|---|
| hitunar niður í . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | ca. | 50 tonn |
| Þar upp í á skólinn fyrirliggjandi kolaleyfar . . . . . . . . . . . . . . . . . | um | 20 — |
| Þarf því að leggja skólanum til . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | ca. | 30 — |

Ljósmeti sparast nær alveg með því að hafa skólann kl. 10—3.

Að því er snertir útgjöldin til útvegunar á þessum 30 tonnum af kolum, þá er óeytt af fjárveitingu skólans árið 1917 til eldsneytis og ljósa ca. 7000 kr. Vantar því um 2000 kr. til þess að kaupa nefnd 30 tonn með núverandi kolaverði, og getur það ekki talist stór upphæð í samanburði við allan kostnað við skólahaldið, sem er áætlaður 56200 kr. Þar af er kenslukaup um 40000 kr., og væri þeirri upphæð alveg á glæ kastað ef skólahaldi væri frestað.

Að því er snertir möguleikann til þess að fá nefnd 30 tonn af kolum handa skólanum, skulum vér skýra frá því, að fyrir utan kolaleyfar barnaskólans á bæjarsjóður Reykjavíkur um 60 tonn af kolum, sem hann hefir fengið í sinn hlut endurgjaldslaust af kolum, sem björgunarskipið Geir náði úr sokknu kolaskipi hér á höfninni í vor. Auk þess eru hér talsverðar kolabirgðir til sölu, engar hömlur lagðar á þá sölu, en verðið svo hátt, að almenningur hér í Reykjavík getur alls ekki keypt þau, og mun því nota annað eldsneyti í vetur. Er ekkert því til fyrirstöðu að vér kaupum nú þegar umrædd 30 tonn handa barnaskólanum, ef bæjarstjórnin óskar þess heldur en að leggja skólanum til af sínum eigin kolum. Og þar sem oss ennfremur er skýrt svo frá af kunnugum mönnum, að horfurnar um aðflutninga til landsins næstu mánuðina séu þær, að flutningaskip þau, sem nú eru í förum fyrir landsstjórn og landsmenn, muni ekki geta fengið nóga farma hingað með öðru móti, en að einhver þeirra séu tekin til þess að flytja kol, þá getum vér ekki séð neina nauðsyn til þess, að hindra skólanefnd og bæjarstjórn frá því að leggja skólanum til annaðhvort þau kol eingöngu, sem eru eign bæjarins, eða þá þau kol að nokkru leyti, en aðkeypt kol til viðbótar — og það því síður, sem lokun skólans mundi lítinn eða engan raunverulegan kolasparnað hafa í för með sér, sem síðar mun vikið að. Hinsvegar viljum vér gera nokkra grein fyrir nauðsyn skólahaldsins.

Í Barnaskólanum má vænta að verði um 1200 börn. Fjöldi þeirra er frá mjög fátækum heimilum, sem búa við afarþröngt og oft lélegt, jafnvel miður heilnæmt húsnæði. Kol, sem kosta 300 kr. tonnið, getur allur fjöldi heimilanna alls ekki keypt, heldur munu þau bjargast við innlent eldsneyti, og má búast við að upphitunin verði ófullkomin. Vegna dýrtíðar og fyrirsjáanlegs atvinnubrests munu mörg heimili líka neyðast til að spara fæði til hins ýtrasta. Vitanlega er börnunum miklu meiri hætta búin en fullorðna fólkinu af lélegu húsnæði, ónógri upphitun og ónógri fæðu, en úr öllu þessu er bætt að nokkru leyti, eða svo sem unt er, með skólahaldinu í Barnaskólanum.

Í fyrsta lagi er fastur læknir við skólann, sem er daglega nokkra stund í skólanum og skoðar börnin. Í öðru lagi er séð fyrir því, að þær stundir, sem börnin frá fátæku heimilinum eru í skólanum, hafa þau nægilegan hita og gott andrúmsloft. Í þriðja lagi mun bæjarstjórn og skólanefnd nú, eins og að undanförnu, *gefa öllum þeim börnum eina máltíð daglega í skólanum, sem þess þurfa með.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafa börnunum í skólanum undanfarna vetur verið gefnar samtals 13000 t l 14000 máltíðir á vetri. Því meir sem neyðin kann að kreppa að bæjarbúum, því meiri nauðsyn er á því, að fá börnin í skólann, til þess að þau séu undir stöðugu lækniseftirliti, og til þess að unt sé að sjá þeim fyrir fæði og öðrum lífsnauðsynjum, að svo miklu leyti sem læknisskoðanir og eftirlit kennaranna sýnir að heimilin geta það ekki.

Vegna þröngra húsakynna og lélegs aðbúnaðar má ganga að því vísu, að börnin frá fátæku heimilinum hafast að miklu leyti við á götunum við algert agaleysi á daginn, ef skólahaldinu og aga þeim, sem því fylgir, er kipt burtu. Á þessum heimilum getur alls ekki verið um neina heimafræðslu að ræða fyrir börnin, og mundu þau því fara alveg á mis við alla fræðslu ef skólanum verður lokað.

Að sjálfsögðu mundu hinir efnaðri borgarar reyna að sjá börnum sínum fyrir kenslu, þótt skólahaldi barnaskólans verði frestað. Þeir mundu flokka sig saman og reyna að fá kennarana við barnaskólann eða aðra kenslukrafta til kenslunnar, og börn þessi mundu verða hópuð saman í kenslustofum á heimilum kennaranna eða annarsstaðar í bænum, og vegna húsnæðiseklunnar í bænum mundi skólanefndin ekki geta komist hjá því að lána skólastofur barnaskólans til þessarar kenslu. Aðstandendur barnanna mundu verða að leggja til eldsneytið í kenslustofurnar, hvort sem væri herbergi úti í bænum eða skólastofurnar. Teljum vér fremur ólíklegt að minna en sem svaraði 30 tonnum af kolum eyddust í þessu skyni, og væri þá að engu orðinn sá eldsneytissparnaður, sem til var stofnað með frestun skólahaldsins. En þau af þessum efnaðri manna börnum, sem nytu kenslu úti í bæ (ekki í barnaskólastofunum) mundu þó sitja í þrengri stofum, við óhentugri borð og sæti og við ófullkomnari kensluáhöld heldur en Barnaskólinn hefir að bjóða.

Þannig yrði úr þessu lítill eða enginn sparnaður á kolum, en algerlega ósæmilegt misrétti á milli fátækra barna og efnaðra barna, þar sem bæjarstjórn og skólanefnd er bannað að nota jafnvel sín eigin kol til skólahalds *jafnt* fyrir fátækra og efnaðra manna börn, en aðstandendum efnaðri barnanna ekki meinað um kol til skólahalds fyrir *þau ein.* Og auk þess, sem fátæku börnin færu á mis við alla kenslu og allan aga, þá er hætt við að óframkvæmanlegt verði að hafa eftirlit með því að þau haldi heilsu í neyð þeirri, sem nú vofir yfir, þegar reglubundið eftirlit skólalæknis og kennara í skólanum er hindrað með lögum.

Að því er snertir barnaskólann í Bergstaðastræti 3, þá hefir hann, að því er vér bezt vitum, þegar birgt sig að innlendu eldsneyti, og sjáum vér enga skynsamlega ástæðu fyrir því, að bæjarsjóði Reykjavíkur sé með lögum óheimilað að leggja skóla þessum lítinn styrk eins og að undanförnu, ef eigandi skólans treystir sér til að starfrækja hann.

Þar sem vér þannig förum fram á, að ofannefnt frv. verði ekki gert að lögum þannig að það nái til barnaskólanna í Reykjavík, finnum vér ekki ástæðu til að minnast á einstök atriði í frv., en viljum þó geta þess, að vér sjáum enga skynsamlega ástæðu geta verið til þess, að banna oss skólahald til 15. febr. 1918, en leyfa það eftir þann dag.

Í skólanefnd Reykjavíkur, 9. sept. 1917.

*K. Zimsen* *Jón Þorláksson* *Bríet Bjarnhéðinsdóttir*
*Þorvarður Þorvarðsson.* *Ólafur Ólafsson.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gert og var svo fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson

Þorvarður Þorvarðsson

Ólafur Ólafsson

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1917, Laugardaginn 29. Sept., kl. 10 árd., kom skólanefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Á fundinum var þetta tekið fyrir:

1. Bæjarstjórnin hefir falið skólanefnd að taka ákvörðun um, hver börn yngri en 10 ára skuli taka til kenslu í barnaskólanum í haust, svo og hvaða börn skuli fá ókeypis kenslu, eftir að hafa fengið tillögur fátækranefndar þar að lútandi. Tillögur fátækranefndar láu fyrir og lagði hún til, að 148 börnum verði veitt ókeypis kensla, en 7 umsóknum um ókeypis kenslu synjað. Samþykti skólanefndin tillögur fátækranefndar og tók þess utan 2 umsóknir til greina, er fátækranefndin hafði hafnað. Þessum 150 börnum verður þó því að eins veitt kenslan að húsrúm leyfi, og var skólastjóra falið að skera úr því. Ennfremur var skólastjóra falið að skera úr hver af þeim börnum, er sótt hefir verið um kenslu fyrir gegn borgun, verði tekin í skólann.

2. Lögð fram skýrsla frá Landakotsskóla yfir þau skólaskyld börn, er ganga á þann skóla, og sýnir skýrslan að 63 börn ganga þar á skólann.

3. Þorsteinn Jónsson, Laugaveg 67, sækir um undanþágu fyrir Þorstein son sinn frá að ganga í barnaskólann, þótt hann sé á skólaskyldualdri. Skólastjóra falið málið til rannsóknar.

4. Guðrún J. Snæbjörnsdóttir kennari tilkynnir skólanefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hún sé tilbúin að taka við kenslustörfum á komandi vetri. Skólanefndin telur kenslukrafta skólans nœga sem stendur, og getur því ekki tekið erindið til greina að svo stöddu.

5. Rætt var um handavinnukenslu stúlkna og ~~skólastjóra falið~~ ákvað nefndin að halda henni áfram ef hægt verður. Skólastjóra falið að gera tillögur um fyrirkomulag á þessari kenslu og leggja fyrir skólanefndina.

Fleira gerðist ekki á fundinum
Á fund vantaði Jón Þorláksson
Fundi slitið.

K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Ólafur Ólafsson Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1917, hinn 17. október, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Skólastjóri M. Hansen sótti fundinn. Var þá fyrir tekið:

1. Samkvæmt tillögum fátækranefndar var ákveðið að veita 9 börnum yngri en 10 ára ókeypis kenslu í barnaskólanum, ef rúm leyfir að þau verði tekin í skólann.
2. Stefáni B. Jónssyni samkv. umsókn hans veitt undanþága fyrir Þóru Mörtu dóttur hans frá kristindómsfræðslu í skólanum.
3. Guðmundi Helgasyni í Eskihlíð veitt undanþága fyrir Helgu dóttur sína frá því að sækja barnaskólann í vetur, gegn því að hún komi til prófs utanskólabarna í vor.
4. Jóni Jónssyni Björnssonar, Vestra-Gíslholti, veitt undanþága fyrir Björn son sinn frá því að sækja barnaskólann í vetur, gegn því að hann komi til prófs utanskólabarna í vor.
5. Guðmundi Guðmundssyni, Rauðarárstíg 5,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veitt undanþága fyrir Guðgeir son sinn, Báru
og Fenndan, frá því að sækja skólann í vetur.

6. Ákveðið að bjóða Steindóri Björnssyni leikfimis-
kennara að gera samning um fasta kennara-
stöðu með nokkrum árslaunum, og teljist
launagreiðslan frá 1. jan. síðastliðinn, þannig
að frá laununum fyrir yfirstandandi ár
dragist sú upphæð, sem hann þegar hefir
fengið greidda fyrir kenslu við skólann
frá 1. jan. til 14. maí þ. á.

M/2

7. Borgarstjóri upplýsti að leikfimishúsið mundi
verða laust ~~við~~ til notkunar um næstu
helgi. Tvær beiðnir lágu fyrir frá utan-
skólamönnum ~~um~~ að mega nota húsið,
og var þeim frestað þar til séð verður
hvernig notkun skólans á húsinu
verður háttað.

8. Skólastjóri lagði fram frv. til stundatöflu
fyrir barnaskólann á nýbyrjuðum vetri. Þar
á meðal var gert ráð fyrir handavinnu-
kenslu fyrir stúlkur, 30 stundir á viku.
Var frumvarpið í heild sinni samþykt.

9. Vegna ræstingar og viðgerða á skólahúsinu,
sem notað hefir verið til íbúðar í sumar,
var samþykt að fresta byrjun skóla-
haldsins til 27. þ. m.

10. Samþykt var að Guðrún J. Snæbjörnsdóttir
fengi nokkra kenslutíma við skólann, eftir
nánari ákvörðun skólastjóra.

11. Ákveðið að heimta af barnaskólanum í Berg-
staðastræti 3 sem fyrst skýrslu um hver
börn á skólaskyldualdri sæki þann skóla.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsd.

Ólafur Ólafsson. ~~[illegible]~~ Jón Þórarinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, hinn 1. nóv. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Jóni J. Aðils er veitt undanþága fyrir ~~[illegible]~~ Geir son sinn frá því að sækja barnaskólann í vetur.

2. Rætt um undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár, að því er barnaskólann snertir.

Lagt til að fjárveitingar til skólans 1918 verði þannig:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Laun fastra kennara og stundakennara | 40 000.00 |
| b. | Til læknis fyrir heilbrigðiseptirlit | 600.00 |
| c. | Til áhaldakaupa og bóka, þar af 100 kr. til bókasafns kennara - - - - - - - | 1500.00 |
| d. | Til eldiviðar og ljósa - - - - - - - - | 18000.00 |
| e. | Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð . . . . . . . . . | 2000.00 |
| f. | Til ræstingar . . . . . . . . | 2000.00 |
| g. | Til skólaeldhúss - - - - - - - | 1200.00 |
| h. | Til matgjafa handa fátækum börnum - - - | 1500.00 |
| i | Ýmis útgjöld . - - - - - | 1500.00 |
| | | 68300.00 |

3. Nefndin mælir með umsókn Ísleifs Jónssonar um að til skólans í Bergstaðastræti 3 verði veittar á fjárhagsáætlun 1918 kr. 1200.00.

Skólastjóri mætti á fundinum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið

K. Zimsen.

Ólafur Ólafsson ~~Þorvarður Þorvarðsson~~

Jón Þórhallsson.

Bríet Bjarnhéðinsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, hinn 27. nóv. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lesnar og lagðar fram umsóknir um launahækkun frá kennurunum Helga Hjörvar, Bjarna Hjaltested, Hallgr. Jónssyni, Jóni Brynjólfssyni, Ingibjörgu Sigurðardóttur, Guðm. Davíðssyni og Steindóri Björnssyni. Í tilefni af þessum umsóknum og eptir að hafa athugað launakjör kennaranna yfirleitt, leggur nefndin til að gjaldl. 23.a. í fjárhagsáætlun fyrir 1918 hækki um 2000 kr., upp í 42000 kr.

2. Samþykt að greiða Helga Hjörvar laun frá 1. júlí 1917.

3. Samþykt að greiða tímakennurunum kaup eptir þeirri reglu, að borgað sje fyrir jafnmargar vikustundir, og hver kennari hafði síðastliðinn vetur, nema kennarinn nú hafi fleiri vikustundir. Skólaleiðbeining borgist eptir stílafjöldanum eins og hann er nú.

4. Samkvæmt tillögu Steindórs Björnssonar var ákveðið að setja skilrúm í ganginn við leikfimishúsið.

5. Lesið brjef fræðslumálastjórans dags. 26. okt. með fyrirspurnum útaf þingsályktun um uppeldismál. Rætt um svörin, og borgarstjóra falið að afgreiða þau fyrir nefndarinnar hönd.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Ólafur Ólafsson Bríet Bjarnhéðinsdóttir Jón Þorláksson

Þorvarður Þorvarðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, hinn 29. desbr., hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Var þá fyrir tekið:

1. Samkvæmt beiðni stundakennara Jóns Jónssonar frá Flatey var samþykt að veita honum leyfi til að láta annan mann, sem skólastjóri tekur gildan, hafa á hendi kenslustarf sitt við barnaskólann það sem eftir er vetrarins.
2. Framlögð beiðni frá kennara hr. Guðlaugi Arasyni um launahækkun úr 1000 upp í 1500 kr.
3. Var rætt um laun kennaranna við barnaskólann næsta ár. Var ákveðið að launin fyrir 1918 skyldu vera þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. fl.: | Yfirkennari Sig. Jónsson | 2200 kr. |
| 2. fl.: | Bjarni Hjaltested<br>Hallgr. Jónsson<br>Jór. Brynjólfsson | . . . 1700 – |
| 3. fl.: | Ingibjörg Sigurðardóttir<br>Guðm. Davíðsson<br>Helgi Hjörvar<br>Sigurbjörn Sveinsson | . . 1500 – |
| 4. fl.: | Guðm. ~~Davíð~~ Jónsson<br>Steindór Björnsson<br>Guðlaug Arason<br>Guðrún Daníelsdóttir<br>Marta Stephensen<br>Sigurbjörg Þorláksdóttir | . . . 1300 – |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. fl: Guðrún Blöndal
Halldóra Matthíasdóttir
Ingibjörg Brandt
Margrjet Þorkelsdóttir
Ragna Stephensen
Soffía Jónsdóttir
Þuríður Jóhannsdóttir } . . . 1100 kr.

4. Ákveðið að laun skólastjóra 1918 skuli vera 2600 kr., auk þeirrar þóknunar að upphæð 300 kr., sem hann hefur fyrir umsjón skólahússins.

5. Formaður skýrði frá því, að hann á síðasta bæjarstjórnarfundi hefði borið fram fyrir nefndarinnar hönd tillögu um dýrtíðaruppbót handa stundakennurum barnaskólans fyrir 1917, og hefði bæjarstjórnin samþykt tillöguna.

Skólastjóri M. Hansen mætti á fundinum, en vjek af fundi eftir 3. lið.

Á fund vantaði Ólaf Ólafsson

Fundi slitið

K. Zimsen.

Jón Þorláksson. Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, hinn 18. janúar, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Var rætt um hvort þörf mundi að loka skólanum um stund vegna frosta. Eptir upplýsingum frá skólastjóra var þó ákveðið að halda skólanum áfram.
2. Ákveðið að byrja matgjafir handa þeim börnum, sem þess þarfa, svo fljótt sem ~~búið~~ unt er, þegar búið er að losa húsnæði það, sem notað er við matgjafirnar, en nú er geymd þar mjölvara. Er vonast eptir að húsnæðið verði laust um 21. þ. m. Af hendi nefndarinnar var frú Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur falið að hafa forstöðu matgjafanna.

Á fundinum mættu skólastjóri og allir nefndarmenn.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Jón Þórarinsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir Ól. Ólafsson

Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1918, Laugardaginn 6. April, kl. 3 síðdegis, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin ákvað að vorpróf skyldi ekki halda að þessu sinni, en kenslu haldið áfram til loka Aprílmánaðar, og að meðaltal af vetrareinkunn barna verði látið gilda sem prófseinkunn. Formanni falið að fá samþykki stjórnarráðsins til þessarar ráðstöfunar. Próf fyrir utanskólabörn var ákveðið að hafa eins og að undanförnu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Samþykt var að heimila Jörundi Brynjólfssyni og Helga Hjörvar að setja menn í sinn stað við kennsluna frá 10. April, í samráði við skólastjóra.

3. Ákveðið var, að matgjöfum skyldi haldið áfram til fyrsta sumardags.

Á fund vantaði séra Ólaf Ólafsson (ekki í bænum) og Jón Þorláksson (erlendis).
Á fundinum var skólastjóri mættur.
Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1918

## Kennarar og stundafjöldi hvers þeirra vikulega skóla-árið 1917 – 1918.

| | |
|---|---|
| Bjarni Hjaltested | 25 ✓ |
| Elín Andrésdóttir | 14 |
| Einar Þórðarson | 20 |
| Guðlaug Arason | 24 ✓ |
| Guðrún Blöndal | 25 ✓ |
| Guðrún Daníelsdóttir | 25 ✓ |
| Guðrún Indriðadóttir | 7 |
| Guðmundur Davíðsson | 25 ✓ |
| Guðmundur Jónsson | 25 ✓ |
| Halldóra Matthíasdóttir | 25 ✓ |
| Hallgrímur Jónsson | 25 ✓ |
| Helgi Hjörvar | 25 ✓ |
| Ingibjörg Benediktsdóttir | 23 |
| Ingibjörg Brands | 13 ✓ |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 25 ✓ |
| Jóhanna Þorsteinsdóttir | 14 ✓ |
| Jón Jónsson frá Hvoli | 17 |
| Jörundur Brynjólfsson | 25 ✓ |
| Kristín Arngrímsdóttir | 25 |
| Margrét Þorkelsdóttir | 25 ✓ |
| Marta Stephensen | 25 ✓ |
| Pétur Hjaltested | 6 |
| Pétur Lárusson | 3 |
| Ragna Stephensen | 25 ✓ |
| Sigfús Einarsson | 8 |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 24 ✓ |
| Sigurbjörn Sveinsson | 25 ✓ |
| Sigurður Jónsson | 25 ✓ |
| Soffía Jónsdóttir | 44 ✓ |
| Steindór Björnsson | 17 ✓ |
| Steinunn Bjartmarsdóttir | 23 |
| Þjóðbjörg Þórðardóttir | 23 |
| Þorbjörg Friðriksdóttir | 20 |
| Þuríður Jóhannesdóttir | 25 ✓ |
| Skólastjóri | 1 ✓ |
| | 726 |

Ingibjörg Brands kendi alls enga leikfimi í vetur, en í þess stað nokkrar aðrar greinir í 2. og 5. bekk. Steindór Björnsson starfaði svo að segja ekkert við skólann fyr en í febrúar; stóð þá til að hann kendi leikfimi (drengjum) 17 st. á viku, en það varð í molum vegna kulda, vegna þess að ákveðið hafði verið að eyða ekki kolum til upphitunar leikfimissins. Svo voru og stundum aðrar orsakir þess, að kensla gat ekki farið fram.

Eftir nýár kendi guðfræðisnemi Gunnar Benediktsson frá Einholtum í stað Jóns Jónssonar frá Hvoli (sbr. fundargj. 29. desbr. 1917.).

Frú Anna Magnúsdóttir, er veiktist í desbr 1916, andaðist 16. des. 1917. Hafði verið stundakennari síðan 1899, ágætur kennari, áhugasamur og skyldurækinn starfsmaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina í Barnaskóla Reykjavíkur veturinn 1917–1918.

| Bekkir / Námsgreinir | 1A | 1B | 1C | 2A | 2B | 2C | 2D | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 4G | 4H | 4J | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 6G | 7A | 7B | 7C | 8 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stundir: | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Krist. fræði | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 | 79 |
| Íslenska munnl. & skrifl. | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 172 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 81 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 136 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 36 |
| Landafr. | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 27 |
| Náttúrufr. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 36 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | [illegible] | 2 | 2 | 2 | 2 | 20 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| Teikning | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 11 |
| Handav. (stúlkur) | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 48 |
| Matreiðsla (4–) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 44 |
| Söngur | Samtals 11 stundir í 4.–8. bekk incl. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 11 |
| Leikfimi | Aðeins drengir í 2. D. til 8. incl. – byrjaði í febrúar – | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 17 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir Samtals | 726 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skóla-árið 1917-1918 komu alls í skólann 1171 barn, er naut þar kenslu, en auk þeirra voru nokkur börn færð inn í bækur skólans í haust, er hurfu þaðan aftur að vörmu spori, fóru burt úr bænum eða þóttu ekki fær um að ganga í skóla.

Þessi 1171 voru innfærð í prófbók skólans í vor og voru 1000 þeirra á skólaskyld, en 171 yngri.

Meðaltalsvetrareinkunnir, sem gilda nú eins og í fyrra sem prófseinkunnir voru færðar inn í prófbókina hjá öllum börnunum, nema 12, eða alls hjá 1159 börnum. Þessi 12 börn höfðu ekki verið við nám nema fáar vikur hvert. Þótti því ekki rétt að gefa þeim neina einkunn.

211 börn alls, 99 stúlkur og 112 drengir, eru þegar orðin 14 ára eða ná þeim aldri á næstu mánuðum. Þau verða því ekki skólaskyld næsta vetur, enda teljast einkunnir þeirra vera fullnaðareinkunnir.

Skýrslur þær, er sendar verða Stjórnarráðinu um börnin og einkunnir þeirra eru eftirrit af prófbók skólans og eru nöfn þeirra barna, er hlotið hafa fullnaðareinkunn auðkend með rauðu striki í skýrslunum. Þess skal og getið, að einkunnir þær, er gefnar hafa verið fyrir handavinnu stúlkna, hafa ekki ~~ekk~~ verið taldar með í aðaleinkunninni vegna þess, að drengir í sömu deildum höfðu engar samsvarandi einkunnir. Drengir lærðu alls ekki handavinnu (Slöjd.) í vetur.

Við skólauppsögn 14. maí var, eins og að undanförnu, útbýtt nokkrum verðlaunabókum, sem keyptar voru fyrir vexti af Gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sáluga kaupmanns. Hlutu verðlaunin 6 börn, er fengið höfðu hæstar einkunnir í allraefstu bekkjunum og fara nú alfarin úr skólanum.

Jón Helgason í 8. bekk fékk Íslandssögu Jóns Jónssonar
Sveinhildur Ólafsdóttir í sama bekk Kvæði Matth. J. (Úrval)
Margrét E. Schram í 8. bekk Bók æskunnar
Konráð Gíslason í 7. C. Íþróttir fornmanna
Ingunn Pétursdóttir í 7. B Íslandssögu J. J.
Sigurborg Ólafsdóttir í 7. A Bók æskunnar

Í sambandi við verðlaunaúthlutunina skal þess getið að herra bóksali Ársæll Árnason hafði skrifað skólastjóra í vor, að hann hefði ákveðið að gefa nemendum Barnaskólans 50 króna virði í bókum úr bókaverzlun sinni og framvegis á hverju vori, ef efni sín og ástæður bönnuðu sér það ekki. Vildi hann með þessu glæða bókhneigðustu börnin í skólanum. Fal hann skólastjóra að öllu leyti úthlutun bókanna í samráði við kennara skólans. Skólastjóri skrifaði Ársæli aftur og þakkaði honum fyrir hugulsemi við börnin og velvild þá, er hann sýndi skólanum með þessu.

Samkvæmt þessu fengu 30 skólabörn sína bókina hvert og voru þær allar lánaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá skólastjóra er komið til Skólanefndarinnar (28. maí) (1918) :

1. Skýrsla um meðaltal vetrareinkunna 1917–1918 (24 arkir)
2. Skýrsla um kensluáhöld, er skólinn hefur eignast á skóla-árinu.
3. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina á skóla-árinu
4. Skýrsla um próf utanskólabarna 15. maí 1918

Ár 1918, miðvikudaginn 29. maí, kl. 7 árd., var fundur haldinn í skólanefndinni, á skrifstofu borgarstjóra:

Þetta gjörðist:

1. Lögð fram uppsögn á ráðningarsamningi frá Steindóri Björnssyni leikfimiskennara, frá byrjun næsta skólaárs.
2. Lagðar fram skýrslur skólastjóra um skólahaldið síðastl. vetur.
3. Í tilefni af upplýsingum skólastjóra um, að vanrækslu eigi sér stað með að skólaskyld börn komi til vorprófs, var ákveðið, að krefjast skýrslna af þeim kennurum er hafa kent börnum á skólaskyldu-aldri í vetur, og kæra framfærendur þeirra barna, er eigi hafa komið til vorprófs.
4. Rætt var um skólahaldið næsta vetur, og var það álit allra skólanefndarmanna, að ótækt væri, ef skólinn yrði að liggja niðri, en engin ákvörðun tekin að þessu sinni.

Fleira ekki gert.
Á fund vantaði Jón Þorláksson, er var á förum úr bænum.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Ólafur Ólafsson
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, hinn 23. september, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að umsóknir væru fram komnar um kenslu í skólanum í vetur fyrir 249 börn innan skólaskyldualdurs. Jafnframt er upplýst að í bænum muni vera ~~um~~ 1197 börn á skólaskyldualdri, og má búast við eptir undanfarinni reynslu að allt að 1100 af þeim börnum komi í skólann. Með því að ekki er unt að taka fleiri en 1200 börn í skólann alls, verður ekki mögulegt að taka meira en á að giska 100 börn innan skólaskyldualdurs. Var skólastjóra falið að skera úr því, hver af þessum 249 börnum verði tekin í skólann, þannig að þau börn einkum gangi fyrir, sem voru í skólanum síðastliðinn vetur. Jafnframt er fátækranefndinni í samráði við formann skólanefndar falið að úrskurða, hver af börnum þeim, sem tekin verða og hafa sótt um ókeypis kenslu, skuli verða hennar aðnjótandi.

2. Samþykt að veita kenslukonu Ingibjörgu Benediktsdóttur lausn frá kenslustörfum við barnaskólann næsta vetur, gegn því að kaupgreiðsla til hennar sama tíma falli niður.

3. Umsókn um kenslu við skólann frá Jakobínu Jakobsdóttur synjað, með því að ekki virðist ástæða til að fjölga kennurum.

4. Lögð fram umsókn frá Einari Þórðarsyni um fasta kennarastöðu. Nefndin finnur ekki ástæðu til að gera tillögu um fjölgun á föstum kennarastöðum að svo stöddu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Ákveðið að kaupa í þetta sinn kenslu á kostnað kenslukvenna þeirra, sem ókomnar eru til bæjarins, þangað til þær koma, sem vænst er eptir að verði seint í október, en annars láta skólanefndin í ljósi, að eptirleiðis muni hún ganga ríkt eptir því, að kennarar ~~við~~ skólans séu komnir til skólans 1. október.

Allir nefndarmenn á fundi, og skólastjórinn.

Fleira var ekki gert, fundi slitið.

Ólafur Lárusson
oddv.

~~[illegible]~~
Ólafur Ólafsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Jón Þorláksson.

Ár 1918, þriðjudaginn 3. Desbr. kl. 5 síðd., hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Var þá tekið fyrir:

1. Beiðni frá öllum kennurum skólans um launahækkun. Í tilefni af beiðninni vill skólanefndin leggja til, að liðurinn til kennaralauna verði hækkaður upp í 50 þús. kr., en um launahækkun til einstakra kennara tekur nefndin ákvörðun eftir að fjárhagsáætlun er samin.

2. Lagt til að fjárveitingar til barnaskólans fyrir árið 1919 verði þannig:

| | |
|---|---|
| a. Laun fastra kennara og stundakennara | 50,000-00 |
| b. Til læknis fyrir heilbrigðis-eftirlit | 600-00 |
| c. Til áhaldakaupa og bóka, þar af 200 kr. til bókasafns kennara | 1500-00 |
| d. Til eldiviðar og ljósa | 10000-00 |
| e. Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð | 2000-00 |
| f. Til ræstingar | 2000-00 |
| g. Til skólaeldhúss | 1200-00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

h. Til matgjafa handa fátækum börnum - - - - 3000-00
i. Ýmis útgjöld - - - - - - - - - - - - - - - - 1500-00

3. Nefndin mælir með því, að Ísleifi Jónssyni verði veittur umbeðinn 1500 kr. styrkur til skólans í Bergstaðastr. 3.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Jón Þorláksson, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og séra Ólaf Ólafsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. [illegible]

Ár 1918, hinn 31. desember, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Var rætt um hverjar horfur væru á því að barnaskólahúsið, sem hefir verið notað fyrir sjúkrahús síðan 11. nóv., mundi verða losað bráðlega. Borgarstjóri upplýsti að enn væru í skólanum um 12 fullorðnir sjúklingar, og ennfremur mörg börn, en einungis fá þeirra veik. Hafði verið reynt að fá pláss fyrir sjúklingana á Landakotsspítala, en ekki tekist, sömuleiðis að fá lánaðan frakkneska spítalann, en um það verið synjað. Samþykt var að skora á borgarstjóra að gera öflugar ~~tillögur~~ tilraunir til þess að fá [illegible] sóttvarnarhúsið til að leggja inn þar þá sjúklinga, sem enn þurfa aðhlynningar, þannig að skólahald, sem legið hefir niðri síðan 5. nóv., geti sem fyrst byrjað aftur.

2. Var rætt um hækkun á launum kennara, en samþykt var að fresta því máli. 8/12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Var lesið bréf frá fræðslumálastjóra dags. 2. des., þar sem hann óskar eptir að skólanefndin sjái um að þannig löguð breyting verði gerð á lesskrá skólans áður en hann tekur aptur til starfa, að almennt hlje til miðdegisverðar fyrir nemendur og kennara verði daglega kl. 12-1. Nefndin skýtur því til skólastjóra að taka svo mikið tillit sem unt er til þessara tilmæla fyrir þann tíma sem eptir er af þessum vetri, en samþykkir að taka upp þessa tilhögun frá byrjun næsta skólaárs.

4. Til undirbúnings tillögum um byggingu nýs skólahúss var borgarstjóri beðinn að útvega nefndinni uppdrátt af lóðunum austan við Barónsstíg sunnan Laugaveg.

Fleira var ekki gert.

Á fund vantaði Ólaf Ólafsson. Þorv. Þorv. fór af fundi eptir 2. lið. Skólastjóri mætti á fundinum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsd.
Jón Þorláksson.

Ár 1919, hinn 13. janúar, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram bréf hjeraðslæknis dags. 6. þ. m. viðvíkjandi málun og hreinsun barnaskólahússins. Upplýst var að skortur mundi vera á málunarefni í bænum, en ákveðið var að gjöra ítarlegar tilraunir til að fá framkvæmdar ráðstafanir þær, er hjeraðslæknirinn telur nauðsynlegar. Borgarstjóri upplýsir að bréf

J/14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjeraðslæknis hafi ekki komið til sín
fyr en 11. þ.m.

2. Lesið brjef frá nefnd úr „Listvinafjelaginu“
dags. 4. þ.m. þar sem spurt er fyrir um
hvort skólastofur í Barnaskólahúsinu mundu
fást lánaðar ókeypis til sýningar á íslenskum
listaverkum síðari hluta maí og júnímánaðar
næsta ár. Ákveðið að svara á þá leið, að
skólanefndin sje þessu ekki mótfallin,
en að ekki sje unt að svo stöddu að
sjá fyrir hvenær húsið gæti orðið laust
til slíkra afnota.

Fleira var ekki gjört.

Hjeraðslæknir var á fundi meðan
rædd var 1. liður.

Fundi slitið.

K. Zimsen.
~~[illegible]~~ Ólafur Ólafsson Jón Þorláksson
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Ár 1919, fimtudaginn 27. Febrúar, kl. 10 árd., var
haldinn fundur í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Borgarstjóri tilkynti að lokið væri að mála
allan barnaskólann, fernisera öll gólf og sæti
og borð, og hefði málningin gengið vel. Ákveðið
að skólahaldið byrji aftur mánudag 3. mars.
2. Skólastjóri lagði fram uppkast að stunda-
töflu, þar sem gert er ráð fyrir skólahaldi
kl. 9-12 árd. og 1-5 síðd.; þó eru örfáar kenslu-
stundir milli 12 og 1, og matreiðsla til kl. 6.
Var þessi tilhögun samþykt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Ákveðið að láta kenslu í skólanum halda áfram til maímánaðarloka og halda próf í júnímánuði. Skólastjóra falið að tilkynna foreldrum þeirra barna, sem njóta kenslu utan skóla, að börnin eigi að koma til prófs í júní.

4. Lögð fram beiðni frá kenslukonu Halldóru Matthíasdóttur um leyfi til að láta aðstoðarkennara taka kenslustundir sínar frá kl. 9-12 á degi hverjum, vegna heilsulasleika. Nefndin veitir þetta með því skilyrði að skólastjóri samþykki aðstoðarkennarann.

5. Skólastjóra falið að ráða stundakennara eftir þörfum það sem eftir er skólaársins.

6. Samþykt að greiða stundakennurum kr. 1.20 fyrir hverja kenslustund frá 1. mars að telja, auk dýrtíðaruppbótar.

7. Formanni og Þorv. Þorvarðarsyni falið að gera tillögur um launahækkun fastra kennara fyrir næsta fund, sem ákveðinn er laugard. 1. mars kl. 10.

8. Rætt um stað fyrir væntanlegan barnaskóla í Austurbænum, en engin ákvörðun tekin.

9. Samþykt að lána hinu íslenska garðyrkjufjelagi kenslustofu í barnaskólanum eina stund á viku til tilraunakenslu í garðyrkjufræði í mars og apríl, samkvæmt beiðni fjelagsins í brjefi dags. 25. jan. þ.á.

10. Samþykt að hafa ekki matgjafir í barnaskólanum það sem eftir er vetrarins, en að verja nokkurri upphæð til að styrkja Samverjann til að láta skólabörnum í té mat.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ólafur Ólafsson
Þorvarður Þorvarðarson
Bríet Bjarnhéðinsd.
Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, hinn 1. mars, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Rætt um laun fastra kennara við skólann. Ákveðið að launin skuli vera sem hjer segir, frá 1. jan. síðastliðnum að telja:

| | |
|---|---|
| Skólastjóri M. Hansen | 3000.- |
| Yfirkennari Sig. Jónsson | 2500.- |
| Bjarni Hjaltested | 2000.- |
| Hallgr. Jónsson | 2000.- |
| Jón Brynjólfsson | 2000.- |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 1800.- |
| Guðm. Davíðsson | 1800.- |
| Helgi Hjörvar | 1800.- |
| Sigurbjörn Sveinsson | 1800.- |
| Guðlaug Arason | 1800.- |
| Guðmundur Jónsson | 1700.- |
| Guðrún Daníelsdóttir | 1700.- |
| Martha Stephensen | 1700.- |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 1700.- |
| Ingibjörg Brandt | 1700.- |
| Guðrún Blöndal | 1500.- |
| Halldóra Matthíasdóttir | 1500.- |
| Margrjet Þorkelsdóttir | 1500.- |
| Ragna Stephensen | 1500.- |
| Soffía Jónsdóttir | 1500.- |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 1500.- |

Í sambandi við þessa launahækkun væntir skólanefndin þess, að kenslukona Ingibjörg Sigurðardóttir haldi áfram að veita auragjöldunum forstöðu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur er það skilyrði fyrir launa-
hækkuninni að því er alla kennarana
snertir, að þeir annist kenslustörf og próf
í maí og júní eftir því sem skólanefndin
hefur ákveðið um lenginu skólatímans
í þetta sinn.

2. Ákveðið að auglýsa eftir leikfimis-kennara
fyrir drengi, og sé umsókn ásamt launa-
kröfum komin til skólanefndar fyrir lok
aprílmánaðar.

3. Ákveðið að láta þvo allt leikfimis-húsið
innan og fernisera, og að hraða þessu
svo að unt verði að halda uppi leik-
fimis-kenslu fyrir stúlkur einhvern
hluta skólaársins.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið.

K. Zimsen.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Ólafur Ólafsson
Jón Þorláksson
~~Þorvarður Þorvarðsson~~

Ár 1919, hinn 17. marz, hjelt
skólanefndin fund á skrifstofu borgar-
stjóra.

1. Lagt fram brjef frá Sigurði Brynjólfs-
syni, þar sem hann beiðist þess að mega
láta annan mann gegna að nokkru eða öllu
kenslustundum sínum við skólann frá
síðari hluta aprílmánaðar, eða eftir því
sem ástæður hans verða. Nefndin vill
leyfa þetta með því að hann setji mann
í sinn stað, sem gegni störfum hans þangað
til prófi er lokið, og telji skólastjóri mann-
inn gildan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Lagt fram bréf frá leikfimis-kennara Ingibjörgu Brands, þar sem hún sækir um fararleyfi til útlanda um 2-3 mánuði. Með því að ekki hefur enn verið unt að losa leikfimis-húsið og byrja á hreinsun þess, telur nefndin fyrirsjáanlegt að ekki verði unt að koma á kenslu í leikfimi þetta ár, og veitir því hið umbeðna leyfi.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið.

K. Zimsen.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir    Jón Þorláksson.
Ólafur Ólafsson.
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kennarar og stundafjöldi hvers þeirra vikulega skóla-árið 1918–1919.

| | |
|---|---|
| Bergljót Lárusdóttir | 28 st. |
| Bjarni Hjaltested | 28 |
| Elín Andrésdóttir | 16 |
| Einar Þórðarson | 22 |
| Guðlaug Arason | 27 |
| Guðm. Davíðsson | 28 |
| Guðrún Blöndal | 28 |
| Guðrún Daníelsdóttir | 28 |
| Guðrún Snæbjarnardóttir | 7 |
| Guðm. Jónsson | 28 |
| Halldóra Matthíasdóttir | 28 |
| Hallgrímur Jónsson | 28 |
| Helgi Hjörvar | 28 |
| Ingibjörg Brands | 0 |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 28 |
| Jóhanna Þorsteinsdóttir | 16 |
| Jón Jónsson frá Flatey | 19 |
| Jörundur Brynjólfsson | 28 |
| Kristín Arngrímsdóttir | 28 |
| Margrét Þorkelsdóttir | 28 |
| Martha Stephensen | 28 |
| Pétur Hjaltested | 6 |
| Pétur Lárusson | 4 |
| Ragna Stephensen | 28 |
| Sigfús Einarsson | 8 |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | 28 |
| Sigurbjörn Sveinsson | 29 |
| Sigurður Jónsson | 28 |
| Soffía Jónsdóttir | 48 |
| Steinunn Bjartmarsdóttir | 26 |
| Þjóðbjörg Þórðardóttir | 26 |
| Þorbjörg Friðriksdóttir | 21 |
| Þuríður Jóhannsdóttir | 28 |
| Skólastjóri | ~~[illegible]~~ 1 = 780 st. |

Stundir Bergljótar Lárusdóttur, er andaðist í sóttinni miklu 17. nóvember 1918, annaðist síðan Einar Jónsson mag. art. Stundir þær, er Halldóra Matthíasdóttir afsalaði sér, annaðist Jón Jónsson frá Flatey o. fl. Eftir að Jörundur Brynjólfsson fór frá skólanum (í apríl) gegndi stud. theol. Gunnar Benediktsson frá Einholtum störfum hans, en Kristín Arngrímsdóttir kennari og Ingibjörg Guðm.dóttir student tóku að sér kennslustörf Þjóðbjargar Þórðardóttur seinni hluta maímánaðar.

553

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina í Barnaskóla Reykjavíkur skóla-árið 1918–1919

| Bekkir / Stundir: | 1A | 1B | 1C | 2A | 2B | 2C | 2D | 2E | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 4G | 4H | 4J |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Krist. fræði | " | " | " | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 3 | 2 | 3 | 2 | 2 | 3 |
| Íslenzka munnl. & skrifl. | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Landafræði | | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Söngur | | | | | | | | | | | | | | | Samtals 12 stundir í 4.–8. bekk incl. | | | | | | | | |
| Teikning | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Handavinna | | | | | | | | - | 1 | 1 | | | . | . | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Matreiðsla | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

| Bekkir / Stundir: | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 5H | 5J | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 6G | 7A | 7B | 7C | 8A | 8B | Samtals: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Krist. fræði | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 86 |
| Íslenzka munnl. & skrifl. | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 188 |
| Skrift | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 85 |
| Reikningur | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 150 |
| Saga | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 42 |
| Landafræði | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 30 |
| Náttúrufræði | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 42 |
| Danska | | | | | | | | . | . | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 0 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 22 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 |
| Söngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 12 |
| Teikning | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 12 |
| Handavinna | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 63 |
| Matreiðsla | | | | | | | | | | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 48 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir alls | 780 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í byrjun skóla-ársins 1918–1919 voru alls skráð í bækur skólans um 1270 börn auk þeirra, sem fóru í æfingabekk Kennaraskólans. Þegar skólinn tók til starfa aftur eftir sóttina og sótthreinsunina, vantaði mörg börn, sem komið höfðu um haustið. Voru sum einn lasin eða áttu við bágar heimilisástæður að búa, sumum hafði verið komið fyrir í kenslu meðan skólinn var teptur o. s. frv. 2 börn dóu í sóttinni.

1149 börn hafa verið við próf í vor (maí og júní) og fengið prófseinkunnir, 893 skólaskyld, en 256 yngri.

194 börn, 106 stúlkur og 88 drengir, eru þegar orðin 14 ára gömul eða ná þeim aldri fyrir byrjun næsta skóla-árs. Börn þessi eru þess vegna ekki skólaskyld enda á próf þeirra að vera fullnaðarpróf. Prófseinkunnir sumra þessara barna er þó ekki fullnægjandi, enda eru þau flest afarstirnd.

Á skýrslum þeim, sem sendar verða til Stjórnarráðsins eru nöfn þeirra barna, sem nú fara úr skólanum fyrir fult og alt, auðkend með rauðu strykí. Þá skal þess getið, að einkunnir þær, er gefnar hafa verið fyrir handavinnu stúlkna, hafa ekki verið taldar með í aðaleinkunninni vegna þess að drengir í sömu deildum höfðu engar samsvarandi einkunnir. Þeir lærðu alls ekki handavinnu („slöjd“) í vetur.

Við skólauppsögn 14. júní var eins og að undanförnu útbýtt nokkrum verðlaunabókum, er keyptar voru fyrir vexti af gjafasjóði H. Th. A. Thomsens. Hlutu verðlaunin 6 börn, er fengið höfðu hæstar einkunnir í allraefstu bekkjum skólans og fara nú alfarin úr skólanum

Pétur Benediktsson í 8. 6. B: Æfisögu Skúla fógeta e. J. J.
Sveinn Benediktsson í 8.– B: Íþróttir fornmanna e. Bj. Bj.
María Hallgrímsdóttir í 8.– A: Sambýlið e. Einar Hj. Kvaran
Guðrún Sigurðardóttir í 8.– A.: Vörg í véum e. Gunnar G.
Þóra Stefánsdóttir í 7.– A: Íslandssögu Jóns Jónssonar
Bína Hjaltested í 7. A. „Íslenzka söngbók“

Í sambandi við verðlauna úthlutunina skal þess getið að skólastjóra barst bréf daginn áður en skóla var sagt upp. Fylgdi því bóka-gjöf til skólabarna. Bækurnar voru þrjár: Kvistir eftir Sig. Júl. Jóh. Ljóð eftir Guðm. Guðm. og Kvæði (úrval) eftir Matth. Jochumsson. Í bréfinu stendur meðal annars: Bækurnar „eru verðlaunabækur handa fremur ungmennum, sem nú taka burtfarar-„próf úr skólanum . . . „sem skarað hafa mest fram úr í siðprýði og reglu-„semi alla sína skólatíð, bæði utan skóla og innan“ . . . Skólastjóri var beðinn að úthluta verðlaunum þessum í samráði við kennara skólans. Var þetta gjört samdægurs og hlutu þau sína bókina hvert:

Þórdís Matthíasdóttir í 8. A, Karl Jóhnson í 7. A og Júlíana Eiríksdóttir í 6. B.
Gefandi lét ekki nafns síns getið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá skólastjóra er komið til skólanefndarinnar (23. júní):

Skýrsla um vorpróf í Barnask. Rv. 1919 á 27 örkum
Skýrsla um kensluáhöld, er skólinn hefur eignast skóla-árið 1918-19
Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í Barnask. Rv. skóla-árið 1918-19
Skýrsla um próf utanskólabarna 16. júní 1919.
Skýrsla um Vorpróf í æfingabekk Kennaraskólans 1919.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, hinn 16. ágúst, hjelt skóla-
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Framlagðar uppsagnir á kennarastöðum
frá kennurunum Sigurbirni Sveinssyni,
M/2. Frímanni Brynjólfssyni og Þjóðbjörgu Þórðar-
M/3. dóttur, allar frá mánaðamótum sept./okt.
þ.á. að telja.

2. Framlagt erindi frá Steingrími Arasyni
dags. 7. júlí þ.á., innkomið á skrifstofu borgar-
stjóra 22. sama mán., þar sem hann býður
skólanefndinni að taka við stjórn hins fyrir-
hugaða barnaskóla, sem ráðgert er að reisa
hjer í bænum.

M/2 Skólanefndinni þykir æskilegt að Stein-
grímur Arason geti neytt starfskrafta
sinna hjer á landi að námi loknu, og
vill fyrir sitt leyti stuðla að því að
hann geti fengið hjer sæmilega launaða
stöðu við kenslu ef hann kemur
heim að námi loknu, en hún telur
sig ekki geta ráðstafað skólastjóra-
stöðunni við hinn fyrirhugaða skóla,
svo skamt sem það mál er á veg
komið.

3. Framlagðar umsóknir um kennarastöður
frá:
Guðjóni Guðjónssyni, Þingholtsstr. 12
Agli Hallgrímssyni mælingamanni
Ingvari Gunnarssyni frá Skjaldakoti
Sigurbjörgu Jónsdóttur, Ingólfsfirði
Sigurlaugu Guðmundsdóttur, Gróðrarstöðinni
Elíasi Bjarnasyni frá Hvítárbökkum
Einari Jónssyni mag. art.
og ennfremur um leikfimiskennarastöðu frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Valdemar Sveinbjörnssyni, Grettisg. 8.
Ennfremur hafa stundakennara skól-
ans, sumir skriflega og sumir munn-
lega, farið fram á að koma til
greina við veitingu á kennarastöðum.

Lausar eru fimm fastar kennarastöður,
og fól nefndin skólastjóra að gera tillögu um
skipun í þær. Skólastjóri kvaðst tilbúinn að
gera tillögur nú þegar á fundinum, og mælti
hann með þeim:
Einari Gy. Þórðarsyni
M/2. Árni Þórssyni frá Flatey
Kristínu Anguinsdóttur
Steinunni Bjartmarsdóttur
og Einari Þórssyni mag. art.

Samþykti nefndin að veita nefndum
kennurum stöður þessar frá 1. sept.
næstkomandi, og yrðu árslaunin til bráða-
birgða ákveðin 1500 kr. ~~þ. í. árið~~ auk
dýrtíðaruppbótar.

4. Þorv. Þorvarðarsyni falið að sjá um
M/4 læsun á leikfimishúsi bæjarins, og skóla-
stjóra að sjá um þvott og hreinsun.

5. Ákveðið að gera tilraun til að fá
Björn Jakobsson ~~til~~ fyrir leikfimiskenn-
ara við skólann, en fáist hann ekki,
M/3. er skólastjóra falið að ráða Valdemar
Sveinbjörnsson til reynslu upp á tímaborgun.

6. Ákveðið að auglýsa ~~~~ kenslustörf
M/3. fyrir allt að 5 kennara með umsóknar-
fresti til 1. sept.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Skólastjóra falið einnig að undanförnu
M/4. að ráða fólk til að annast hitun og
ræstingu skólans.

Allir skólanefndarmenn mættu á fundinum,
svo og skólastjóri. Ól. Ólafsson vjek af fundi
eptir 1. málið, vegna embættisanna, og
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir eptir 5. málið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

~~Þorvarður Þorvarðsson.~~ Jón Þorláksson.

Ár 1919, hinn 21. ágúst, hjelt skólanefndin
fund á skrifstofu borgarstjóra

1. Lagt fram erindi frá sýningarnefnd Listvina-
fjelagsins dags. 19. ág., með beiðni um húsnæði
í Barnaskólanum fyrir listasýningu frá byrjun septem-
mánaðar að telja.

Samþykt var að verða við beiðni þessari,
með þeim skilyrðum:

<u>að</u> umsjónarmaður, er skólastjóri tekur gildan,
M/4. sé viðstaddur jafnan meðan sýningin er opin
og sjái um góða reglu og ^daglega^ ræstingu húsnæðisins.

<u>að</u> sýningarnefndin láti á sinn kostnað fram
fara aðalræstingu á húsnæðinu ~~þegar~~ að
sýningunni lokinni og hreinsun á gólfunum,
og bæti allar skemdir, sem kunna að
hafa orðið á húsinu stafandi af sýn-
ingunni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fjárhagsnefndin sé farin með alla sína menn burtu á húsinu að kveldi 22. sept. ~~og sé breingerningu og viðgerðum lokið~~

M/4. 2. Skólastjóra falið að láta gera við girðingarnar kringum skólann.

Fleira var ekki gert.

Á fund vantaði K. Zimsen og Þorv. Þorvarðar. Skólastjóri sótti fundinn.

Jón Þórlaksson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ólafur Ólafsson

Ár 1919, hinn 4. sept., hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ráðning kennara fyrir skólaárið 1919–1920. Samkv. ályktun nefndarinnar á fundi 26. ág. hafði verið auglýst laus kennarastörf við skólann fyrir alt að 5 kennara og höfðu umsóknir borist frá:

M/3.
Sigurlaugu Guðmundsdóttur, Gróðrarstöðinni,
Ingibjörgu Guðmundsdóttur, Fríkirkjuveg.,
Elínu Tómasdóttur frá Seyðisfirði,
Bjarna Jónssyni, Grettisg. 12,
Ingvari Gunnarssyni, Skjaldarkoti,
Höllu R. Jónsdóttur frá Smiðjuhóli,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gísla M. Kristjánssyni, Framnesveg 1a,
Einari Loftssyni frá Vatnsnesi,
Sigurbjörgu Jónsdóttur, Amtmannsstíg,
Elíasi Bjarnasyni, Brekkubökkum,
Sigurði Guðjónssyni kennara,
Sigríði Magnúsdóttur, Laugav. 40,
Guðjóni Guðjónssyni, Þingholtsstr. 12,
Agli Hallgrímssyni, Grundarst. 4,
Eiði Albertssyni, Hjalteyri,
Þórunni E. Jónsdóttur, Laugav. 72,

M/3. Auk þess hafði Ágústa Ólafsson í Stykkishólmi í bréfi til skólastjóra farið fram á að fá skriftarkennslu við skólann. Ennfremur hafði cand. theol. Sigurður Magnússon í bréfi til skólastjóra farið þess á leit að fá kennslustörf og loks hafði norsk kona, frk. Ullvig, mælst til að fá nokkrar stundir á viku við kennslustörf við skólann.

Nefndinni kom ásamt um að ráða þessa umsækjendur til kennslu næsta vetur sem stundakennara:

Elías Bjarnason,
Guðjón Guðjónsson,
Egil Hallgrímsson,
Ingibjörgu Guðmundsdóttur,
Elínu Tómasdóttur og
Sigurbjörgu Jónsdóttur.

Ætlast nefndin til að þeir sem flytja hingað til bæjarins í tilefni af ráðningunni, fái fullan kennslustundafjölda, en aðrir eftir þörfum skólans. Auk þeirra, sem hér eru nefndir, takist til kennslustarfa, ef með þarf, aðrir umsækjendur, sem búsettir eru í bænum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og felur nefndin skólastjóra að ráðstafa kenslunni á þessum grundvelli.

2. Samkv. ályktun nefndarinnar á fundi 16. ág. hefir Björn Jakobsson verið spurður um, hvort og með hverjum kjörum hann væri fáanlegur til að ráðast hingað sem leikfimiskennari við skólann, og hafði hann svarað á þá leið, að telja má víst að hann geti ekki tekið það að sér. Ákvað nefndin að ráða Valdemar Sveinbjarnarson til þess að kenna leikfimi eftir þörfum skólans, og sé hann ráðinn fyrst um sinn fyrir næsta skólaár með sömu kjörum sem aðrir stunda-kennarar, eins og ákveðið var á fundinum 16. ágúst.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði formann nefndarinnar, K. Zimsen, sem var erlendis, og Jón Þorláksson, sem var fjarver-andi úr bænum. – Skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið.

Ólafur Ólafsson. Hávarður Hávarðsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1919, hinn 12. september, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

M/3 1. Lagt fram brjef söngkennarans við barnaskólann, Sigfúsar Einarssonar, dags. 10. sept., þar sem hann beiðist leyfis til að mega dvelja erlendis næsta vetur og fela Pjetri Lárussyni organleikara kensluna.

Nefndin samþykti að verða við þessari beiðni.

M/4 2. Bjargráðanefnd fer fram á að fá að afþilja klefa í suðurhluta kjallarans undir vestursálma skólans, gegnt á móti dyrum smíðahússins, til að geyma í gjörðir, sem nú eru í smíðahúsinu (á 3. hdr. seðli).

Nefndin vill ekki láta bjargráðanefndinni neitt vörugeymslupláss í skólahúsinu lengur, og krefst þess að umrædd gjörð verði flutt úr skólahúsinu fyrir 25. þ. mán.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði K. Zimsen. Skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson. Ólafur Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson.
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.

Ár 1919, hinn 29. sept., hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var fyrir tekið:

M/4 1. Íþróttafjelag Reykjavíkur sækir um leikfimishúsið til afnota. Nefndin vill leyfa þetta, eptir nánari fyrirmælum skólastjóra, og með þeim skilyrðum, að fjelagið kosti ljós og ræstingu,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hitan ef kennarar verður þörf, og hafi vissan mann er sjái um að ekki verði skemdir á húsi og áhöldum, og eigi skólastjóri aðgang að þeim manni ef til kemur að bæta þurfi slíkar skemdir. Skal þeim manni skylt að ganga seinast um húsið.

M/10 2. Skólastjóri lagði fram stundatöflu fyrir barnaskólann veturinn 1919-20.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið.

Jón Þorláksson. Ásmundur Ásgeirsson
Þorvarður Þorvarðsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir

M/3 Ár 1919, hinn 11. okt., hjelt skólanefndin M/3 fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

M/10 1. Skólastjóri skýrði frá því, að kennarar skólans hefðu óskað eftir því í einu hljóði að mega hætta að nota Barnabiblíuna ~~við~~ jafnframt hverinu við kenslu í kristnum fræðum, og taka upp biflíusögur eins og áður. M/3 Nefndin samþykti að leyfa þessa breytingu.

M/2 2. Halldóra Matthíasdóttir kennari sækir um leyfi til að láta annan af kennurum skólans kenna fyrir sig 1 stund á dag, kl. 9-10. Vegna þess að nefndinni er kunnugt um að gjörstaka ástæður eru fyrir hendi, vill hún leyfa hið umbeðna að því er snertir 4 stundir á viku í reikningi og 1 stund á viku í M/4 landafræði, þó einungis fyrir yfirstandandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veter.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið.

Jón Þorláksson. ~~Þorvarður Þorvarðsson~~
Briet Bjarnhjeðinsdóttir

Ár 1919, hinn 18. nóv., hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið.

1. Tilkynning frá stundakennara Guðrúnu J. Snæbjörnsdóttur, um að hún sökum vanheilsu geti ekki gegnt kennslustörfum yfirstandandi skólaár, og fylgir læknisvottorð. M/3
2. Lögð fram umsókn frá nokkrum stundakennurum um hækkun tímakaups. Ákveðið að hækka kaupið úr kr. 1.20 upp í kr. 1.40 auk dýrtíðaruppbótar. M/3
3. Framlagt brjef frá kennaranum í æfingabekk kennaraskólans um borgun fyrir skólaárið 1918-1919. Ákveðið að borga honum kr. 1.20 fyrir hverja kennslustund síðari hluta þess skólaárs, og kr. 1.40 fyrir hverja stund frá 1. okt. 1919, en ákvörðun um dýrtíðaruppbót frestað til frekari rannsóknar á því hvernig reiknuð er dýrtíðaruppbót þessa kennara við kennaraskólann. M/3
4. Rætt um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Fyrir skólastjóra nauðsyn að fá nýja girðingu meðfram Laufásvegi, og láta laga lóðina svo að rýmra leikpláss fáist handa börnunum M/4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fellst nefndin á þetta og vill í þessu skyni hækka liðinn til viðhalds og endurb. á skólahúsi og lóð upp í 20000 kr. Enn fremur 10000 kr. til undirbúnings byggingar nýs skólahúss. Tillögurnar í heild inn færast hjer á eptir.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Bríetu Bjarnhjeðinsd. og Þorv. Þorvarðarson. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson

Tillögur

um fjárveitingu til barnaskólans árið 1920.

| | | |
|---|---|---|
| a. | Laun fastra kennara og stundakennara | K. 50000.00 |
| b. | Til læknis fyrir heilbrigðiseftirlit | 600.00 |
| c. | Til áhaldakaupa og bóka; þar af 200 kr. til bókasafns kennara | 3000.00 |
| d. | Til eldiviðar og ljósa | 12000.00 |
| e | Til viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð | 20000.00 |
| f. | Ræsting | 3500.00 |
| g. | Skólaeldhús | 1500.00 |
| h. | Matgjafir handa fátækum börnum | 3000.00 |
| i. | Ýmis útgjöld | 1500.00 |
| j. | Til undirbúnings nýs barnaskólahúss | 10000.00 |
| | Samtals | K. 105100.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 11. janúar, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Formaður skýrði frá því, að stjórnarráðið væri um það bil að ákveða laun kennaranna og uppbót eftir þjónustualdri. Hafði hann gefið stjórnarráðinu skýrslu um það, hvenær hver af núverandi kennurum hefði komið að skólanum, hve lengi þeir hefðu starfað sem stundakennarar og hve lengi síðan ~~þ~~ með föstum árslaunum. Hafði hann farið fram á að þjónustualdur kennaranna yrði reiknaður frá því er þeir komu að skólanum, en vitneskja lá fyrir fundinum um það, að skrifstofustjórinn á fjármálaskrifstofu stjórnarráðsins vildi reikna þjónustualdur kennaranna frá því er þeir byrjuðu að taka föst árslaun.

Skólanefndin ályktar, að jafnvel þótt stjórnarráðið geti ekki aðhyllst þá skýringu á lögunum frá 1919, að kennarar teljist „fastir“ frá því þeir byrjuðu að kenna að staðaldri við skólann, og að þjónustualdur þeirra reiknist frá þeim tíma, þá virðist þó ekki geta orðið neinn ágreiningur um það, að kennararnir hafa verið „fastir“ frá þeim tíma er þeir ~~voru~~ urðu „fastráðnir“ við skólann, en það varð alla þessa kennaranna samkvæmt fræðslulögunum ~~frá~~ með samningum dags. 23. nóv. 1910, sem samkvæmt fundargerð skólanefndar dags. 31. ág. 1910 gilda frá byrjun skólaársins 1910-11, eða frá 1. okt. 1910. Var samþykt að senda stjórnarráðinu skýrslu um það, hvenær hver þeirra kennara sem nú eru við skólann, þannig hefðu orðið fastráðnir kennarar við hann, og er sú skýrsla þannig:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Bjarni Hjaltested, fastráðinn frá 1. okt. 1910.
2. Einar Jónsson — " — frá 1. sept. 1919
3. Einar G. Þórðarson — " — frá 1. okt. 1915
4. Elías Bjarnason — " — frá 1. okt. 1919
5. Elín Tómasdóttir — " — frá 1. okt. 1919
6. Guðjón Guðjónsson — " — frá 1. okt. 1919
7. Guðlaug Arason — " — frá 1. okt. 1910 x)
8. Guðmundur Davíðsson — " — frá 1. okt. 1910 x)
9. Guðmundur Jónsson — " — frá 1. okt. 1913
10. Guðrún Blöndal — " — frá 1. okt. 1910 x)
11. Halldóra Matthíasdóttir — " — frá 1. okt. 1910 x)
12. Guðrún Daníelsdóttir — " — frá 1. okt. 1910 x)
13. Hallgrímur Jónsson — " — frá 1. okt. 1910 x)
14. Helgi Hjörvar — " — frá 1. okt. 1911
15. Ingibjörg Brands — " — frá 1. okt. 1910 x)
16. Ingibjörg Sigurðardóttir — " — frá 1. okt. 1910 x)
17. Jón Jónsson — " — frá 1. okt. 1914
18. Kristín Arngrímsdóttir — " — frá 1. okt. 1911
19. Margrjet Þorkelsdóttir — " — frá 1. okt. 1910 x)
20. Marta Stephensen — " — frá 1. okt. 1910 x)
21. Morten Hansen skólastjóri — " — frá 1883.
22. Ragna Stephensen — " — frá 1. okt. 1910 x)
23. Sigurbjörg Jónsdóttir — " — frá 1. okt. 1919
24. Sigurbjörg Þorláksdóttir — " — frá 1. okt. 1910 x)
25. Sigurður Jónsson yfirkennari — " — frá 1899
26. Soffía Jónsdóttir, ráðin með ákveðnu mánaðarkaupi til ýmislegrar kenslu frá 1. okt. 1906, skriflegur samningur dags. 1. febr. 1912.
27. Steinunn Bjartmarsdóttir fastráðin frá 1. okt. 1910 x)
28. Þorbjörg Friðriksdóttir — " — frá 1. okt. 1910 x)
29. Þuríður Jóhannsdóttir — " — frá 1. okt. 1910 x)

---

x) Samningur dagsettur 23. nóv. 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira var ekki gjört, og var svo fundinum slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson
Ragnh. Kjartansdóttir Bríet Bjarnhéðinsdóttir
~~[illegible]~~

Ár 1920, þriðjudaginn 17. Febrúar, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að nefnd sú, er bæjarstjórnin hefir skipað vegna Influenzahættunnar, telji nauðsynlegt að fá þegar til afnota 2 kennslustofur í barnaskólahúsinu, til að koma þar fyrir rúmum, sem gætu verið til taks, ef influenza kæmi hér upp, og síðan allan skólann ef nauðsyn krefur. Var ákveðið að fela skólastjóra að láta af hendi við nefndina 2 kennslustofur, þar sem skólinn má helst án vera. Ennfremur var tekin sú ákvörðun, að loka skólanum jafnskjótt og influenzu verður vart í bænum.

2. Samþykt að greiða Ásgeir Ásgeirssyni dýrtíðaruppbót á stundakennaralaunum hans fyrir árið 1919, 30% fyrir fyrra misserið og 88% fyrir síðara misserið, samtals 510 kr. 54 aur.

3. Samþykt að greiða fyrir að lesa yfir stíla í barnaskólanum, 10 aur. fyrir hvern stíl, eftir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir sömu reglum og áður.

4. Veitt leyfi til að hækka námi í barnaskólanum þessum börnum, sem orðin eru 14 ára:

M/8. Oddi, syni Guðjóns Gamalíelssonar,
Jónasi, syni Sölmundar Kristjánssonar
Björgvin, syni Ágústs Einars Einarssonar

5. Lagt fram erindi Júlíusar Guðbrandssonar um kauphækkun. Var skólastjóra heimilað að hækka
M/2 kaup hans um 25 kr. á mánuði frá síðustu áramótum til 1. maí þ. árs.

Annað ekki gert.

Jón Þorláksson var fjarverandi (erlendis)

Fundi slitið.

KZimsen.

Hafm Ólafsson Þorvarður Þorvarðsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1920, hinn 19. maí, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá þetta tekið.

1. Skólastjóri kennaraskólans mætti á fundinum og bar fram tilmæli um að ef kennaraskólinn tekur til kenslu allt að 50 börnum, þá borgi bæjarsjóður Reykjavíkur tveimur kennurum við kennaraskólann jafna upphæð og hann borgar föstum kennurum við barnaskóla bæjarins.

M/2 Skólanefndin álítur að ríkinu beri að sjálfsögðu að greiða öll laun kennara þess, sem fenginn yrði til að kenna í öðrum æfingabekk kennaraskólans, eins og nefndin líka telur það eðlilegt, að Reykjavíkurkaupstaður hefur hingað til borgað kennara þeim, sem kent hefur í æfingabekk þeim, er kennaraskólinn hefur haft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hingað til. Sökum þrengslanna í barnaskóla bæjarins vill nefndin þó leggja til, að upphæð sú, ~~er~~ sem farið er fram á handa öðrum kennara (við nýjan efrigabekk), verði greidd úr bæjarsjóði fyrir næsta vetur, þó ekki lengur en þangað til bænum hefur komið upp nýju skólahúsi, enda verði börnin ekki fleiri en 48 í báðum efrigabekkjunum til samans.

M/2 2. Ákveðið að auglýsa, samkv. 2. gr. laga um skipun barnakennara, kennarastöðurnar við skólann, og leiða sjerstaklega athygli kennara fóstu kennara að því, að samkvæmt lögunum muni þeim bera að senda umsóknir, sem stílist til stjórnarráðsins og sendist til skólanefndarinnar.

M/3. 3. Ákveðið að segja upp stunda~~kennurum~~ þeim, sem ráðnir eru með samningum að skólanum, að undanskildum handavinnukennurunum.

M/4 4. Samþykt að lána hinum almenna Menta-skóla kenslustofu í barnaskólahúsinu til þess að halda í þeim vorpróf, samkvæmt beiðni rektors í brjefi dags. 18. maí.

M/4 5. Samþykt að lána skólaeldhúsið til matreiðslunámsskeiðs í júní samkvæmt umsókn Kvenrjettindafjelags Íslands dags. 20. apríl, og tvær stofur til námsskeiðs sem Heimilisiðnaðarfjelag Íslands ætlar að halda frá 20. maí til júníloka, gegn þeim skilyrðum sem skólastjóri setur.

M/4 6. ~~Samþykt að~~ Nefndin vildi ekki verða við beiðni Íþróttafjelags Reykjavíkur um afnot leikfimishússins, og ekki heldur að svo stöddu við beiðni Richards Jónssonar um lán á stofu til sýningar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/4

7. Samþykt að Júlíusi Guðbrandssyni verði sagt upp lyravarðar-stöðunni við skólann.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ólafur Ólafsson Bríet Bjarnhéðinsd. Jón Þorláksson

Þorvarður Þorvarðsson

Kennarar og vikustundir þeirra skóla-árið 1919–1920:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Bjarni Hjaltested | 30 |
| 2 | Egill Hallgrímsson | 26 |
| 3 | Einar Jónsson | 30 |
| 4 | Einar G. Þórðarson | 30 |
| × 5 | Elín Andrésdóttir | 22 |
| 6 | Elín Tómasdóttir | 30 |
| 7 | Elías Bjarnason | 30 |
| 8 | Gudlaug Aason | 30 |
| 9 | Gudrún Blöndal | 30 |
| 10 | Gudrún Daníelsdóttir | 30 |
| 11 | Gudjón Gudjónsson | 30 |
| 12 | Gudm. Davíðsson | 30 |
| 13 | Gudm. Jónsson | 30 |
| 14 | Helgi Hjörvar | 30 |
| 15 | Hallgr. Jónsson | 30 |
| 16 | Halldóra Matthíasdóttir | 30 |
| 17 | Ingibjörg Brands | 30 |
| 18 | Ingibjörg Gudmundsdóttir | 24 |
| 19 | Ingibjörg Sigurðardóttir | 30 |
| 20 | Jón Jónsson frá Flatey | 30 |
| × 21 | Jóhanna Þorsteinsdóttir | 21 |
| 22 | Kristín Arngrímsdóttir | 30 |
| 23 | Margrét Þorkelsdóttir | 30 |
| 24 | Matthías Þórðarson | 12 |
| 25 | Marta Stephensen | 30 |
| 26 | Morten Hansen | 1 |
| 27 | Pétur Hjaltested | 12 |
| 28 | Pétur Lárusson | 18 |
| 29 | Ragna Stephensen | 30 |
| 30 | Sigurbjörg Jónsdóttir | 30 |
| 31 | Sigurbjörg Þorláksdóttir | 30 |
| 32 | Sigurdur Jónsson | 30 |
| 33 | Soffía Jóns-dóttir | 48 |
| 34 | Steinunn Bjartmarsdóttir | 30 |
| 35 | Valdimar Sveinbjörnsson | 26 |
| × 36 | Þorbjörg Fridriksdóttir | 26 |
| 37 | Þuríður Jóhannsdóttir | 30 |
| | | 1016 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1920

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina í barnaskólanum skóla-árið 1919-1920

| | Bekkir | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Námsgreinir | 1.A | 1.B | 1.C | 2.A | 2.B | 2.C | 2.D | 2.E | 3.A | 3.B | 3.C | 3.D | 3.E | 3.F | 3.G | 4.A | 4.B | 4.C | 4.D | 4.E | 4.F | 4.G | 4.H | 5.A | 5.B | 5.C | 5.D | 5.E | 5.F | 5.G | 5.H | 5.I | 5.J | 6.A | 6.B | 6.C | 6.D | 6.E | 6.F | 6.G | 6.H | 7.A | 7.B | 7.C | 7.D | 8. | |
| Krist-fræði | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 94 |
| Ísl. munnl. og skrifl. | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 215 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 102 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 168 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 54 |
| Landafræði | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 48 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 46 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 26 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 10 |
| Söngur | Samtals 18 stundir í 3. til 8. bekk incl. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 18 |
| Teikning | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 36 |
| Handav. stúlkna | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 69 |
| Handav. drengja | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 26 |
| Matreiðsla | Samtals 48 stundir í 6. til 8. bekk incl. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 48 |
| Leikfimi | Samtals 56 stundir í öllum bekkjum | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 56 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir samtals | 1016 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skóla-árið 1919–1920 urðu skólabörnin flest 1351 að tölu, auk þeirra barna, er fóru í æfingabekk kennaraskólans. Til vorprófsins komu 1165 börn og voru 933 skólaskyld, en 232 yngri en 10 ára. Þau börn, sem horfið hafa úr skólanum, hafa langflest farið vegna veikinda, en þau hafa verið mikil og langvinn þetta skóla-ár: skarlatssótt, kíghósti, influensa o. fl., enda var skólanum lokað um tíma, bæði í febrúar og marzmán. Þegar skólinn tók aftur til starfa í apríl, vantaði fjölda barna og mörg veiktust eftir það. Mest þessa vegna, vantaði óvenjulega mörg börn við prófið að þessu sinni.

265 börn, 131 stúlka og 134 drengir, eru þegar eða verða í sumar 14 ára og þá ekki lengur skólaskyld. Próf þessara barna ætti því að vera fullnaðarpróf, en eins og skýrslan ber með sér hafa nokkur börn ekki náð fullnægjandi einkunn. Þessi börn eru flest aftarlega og hafa átt bágt með að læra. Börn í þessum hóp, sem ekki hafa komið til prófs að þessu sinni, hafa flest lokið fullnaðarprófi áður. – Nöfn allra þessara barna, sem komin eru af skólaskyldualdri, eru auðkend í prófskýrslunni með rauðum krossi.

Eins og að undanförnu er handavinnueinkunnum stúlkna slept í aðaleinkunninni í þeim bekkjum þar sem drengirnir hafa enga tilsvarandi einkunn vegna þess, að þeir hafa ekki notið neinnar kenslu í handavinnu.

Skóla var að þessu sinni sagt upp 21. maí og var þá, eins og að undanförnu útbýtt nokkrum verðlaunabókum, sem keyptar voru fyrir vexti af Gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sál. kaupmanns. Hlutu verðlaunin 6 börn, er fengið höfðu hæstar einkunnir í efstu bekkjum skólans.

1. Ísleifur Gíslason í 8. bekk fékk Ljóðmæli Stgr. Thorsteinss.
2. Svava Árnadóttir í 8. – Afmælisdaga
3. Aðalheiður Sæmundsdóttir í 7. D. – Bók æskunnar
4. Lárus G. Jónsson í 7. C. – Sömu bók
5. Björgvin Finnsson í 7. B. – Æfisögu Skúla fógeta eft. J. Aðils
6. Vilborg Ámundadóttir í 7. A. – Bók æskunnar.

Til skólanefndarinnar er komið (9/6.) frá skólastjóra:

1. Skýrsla um próf í Barnaskóla Rv. vorið 1920 (29 arkir)
2. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í skólanum 1919–1920.
3. Skýrsla um próf utanskólabarna 22. maí 1920

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 6. dag júlím. hjelt hin nýkjörna skólanefnd hinn fyrsta fund sinn á skrifstofu borgarstjóra.
Voru þessi mál tekin til umræðu.

M/7 I Kosning formanns skólanefndar: Sigurður magister Guðmundss. kjörinn formaður í einu hljóði.

M/7. II Kosning ritara: Frú Laufey Vilhjálmsdóttir kjörinn ritari í einu hljóði.

III Lagt fram brjef frá Sigurjóni kaupm. Pjeturssyni, dags 16. júní 1920 þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði leyfð afnot leikfimis-
M/4. húss Barnaskólans frá 30. júlí – 7. ág. næstk. til þess að sýna þar íslenskar iðnaðarvörur, búnar til undir umsjá sinni.

Skólanefndin sá sjer ekki fært að verða við þessari málaleitan, þar sem nefndin telur ekki rjett að ~~ke~~nota leikfimissalinn til annars en leikfimisiðkana.

VI Brjef Rikarðs Jónssonar, dags. 18. maí síðastl. þar sem farið er fram á að nefndin ljeði honum eina til tvær kenslustofur fyrir
M/4 sýningu. Samþ. að verða við þessari beiðni og sje afnot kenslustofanna undir umsjá skólastjóra.

M/4 V Dyravarðarstaðan við Barnaskólann. Formanni falið að auglýsa stöðuna í samráði við skólastjóra.

VI Umsóknir kennara um stöður við Barnaskólann. Samþykt svohljóðandi tillaga frá Þorvarði Þorvarðarsyni: Skólanefnd
M/2. felur formanni og ritara að athuga allar umsóknir um kennarastöðurnar, þær er fram eru komnar og fram kunna að koma fyrir 1. ág., bera þær undir skólastjóra til um~~sóknar~~sagnar og leggja svo fram í nefndinni ákveðnar tillögur um veiting á kennarastöðum og stjórn skólans.

Á fundinn vantaði verkfræðing Th. Krabbe, sem er erlendis.

Fleira ekki tekið fyrir.

Sigurður Guðmundsson.

Gunnl. Claessen – Þorvarður Þorvarðsson Laufey Vilhjálmsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 12. dag júlímánaðar hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gerðist:

1. Brjef frá undirbúningsnefndum konungskomunnar þess efnis að fá söngstofu barnaskólans þennan mánuð að láni til orkesteræfingar. Beiðninni var synjað af meiri hluta skólanefndar. M/4.

2. Erindi frá skólastjóra, er bendir á, hvar helst þurfi bráðrar aðgjörðar og umbóta á skólahúsi bæjarins utan og innan.
1.l. (um leka á skólahúsinu) Samþ. að fela skólastjóra að sjá um viðgjörðina.
2.l. (um málun skólahússins) – Samþ. að fela borgarstjóra að útvega mann til þess að skoða húsið – og segja hvað nauðsynlegt sje að mála til þess að firra skólahúsið skemdum. Skólastjóri beðinn að útvega málarann.
3.l. (um fernisering gólfa) – Skólastjóra falið að sjá um ferneseringuna – fá málarann til að finna verkið –
4.l. 5. (um fjölgun skólaborða) – Samþ. að láta smíða ~~10~~ [illegible] eins-mannsborð – þar eð líkindi væri til að fengjust alt að 30 borðum að láni úr Kennaraskólanum. M/4
6.l. (girðingu um skólalóðina) Formanni falið að tala við bæjarverkfræðinginn og fela honum í samráði við skólastjóra að gera tillögur um girðinguna.
7.l. (um sleipu og frárensli í skólagarðinum) – Samþ. að fresta að taka ákvörðun þessu viðvíkjandi –

3. Gunnl. lækni Claessen falið að fá skólalækninn með sjer til þess að skoða salerni skólans – og gera tillögur um umbót á þeim. M/4.

4. Frú Br. Vilhjálmsd. falið að tala við grasafræðiskennarann í skólanum og grasafr. Helga Jónsson, gasskápsins að þeir komi upp jurtasafni handa skólanum – gegn sanngjarnri þóknun. M/10

5. Kolakaup handa skólanum – Þorv. Þorvarðarsyni bæjarfulltrúa falið að sjá um innkaup á eldsneyti handa skólanum. M/4.

Eftir nokkrar umræður um umsóknir kennara var fundi slitið.

Varaform. Kn. Krabbe ekki á fundi – en skólastjóri var á fundi.

Sigurður Guðmundsson.

Gunnl. Claessen   Þorvarður Þorvarðsson   Laufey Vilhjálmsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 þ. 16. dag júlímánaðar hjelt Skólanefndin fund á Skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var tekið fyrir:

Í tilefni af 1. lið fundargjörðar skólanefndar þ. 12. júlí 1920 hefir bæjarstjórnin á fundi þ. 15. júlí þ. á. samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórnin samþykkir að lána undir-
„búningsnefnd konungskomunnar söngstofu
„barnaskólans til orkester- og söngæfinga
„þann tíma, sem hún óskar eftir.

Út af ályktun þessari samþykkir skólanefndin svohljóðandi:

„Skólanefnd mótmælir því, að bæjar-
„stjórn hafi að lögum vald til að gera
„samþyktir um notkun skólahússins. Og
„geri bæjarstjórnin oftar slíkar samþyktir
„mun skólanefnd ekki með nokkru móti
„hlíta slíku heldur halda fram rjetti sín-
„um sem lög framast leyfa. En með því
„að borgarstjóri lýsti yfir því á skólanefndar-
„fundi, að hann mundi ekki nota skólahúsið
„móti vilja skólanefndar, samþykkir nefndin
„eftir atvikum að leyfa að þessu sinni
„hr. Páli Ísólfssyni þenna mánuð notkun á sönghúsi
„skólans til söng- og orkesteræfinga undir
„umsjá skólastjóra

M/4.

Fleira ekki tekið fyrir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri var á fundinum

Fjarverandi voru Laufey Vilhjálmsdóttir og Thorvald Krabbe.

Fundi slitið.

Sigurður Guðmundsson

~~Þorvarður Þorvarðsson~~ Gunnlaugur Claessen.

Á. Kinsey

---

Ár 1920 þ. 9. dag ~~júlí~~ ágúst mánaðar hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var tekið fyrir:

M/4. 1. Beiðni frá Guðm. Einarssyni myndhöggvara um að lofa sjer að nota smíðastofu barnaskólans áfram ~~sem~~ myndhöggvara-vinnustofu – Skólanefndin samþykkir að leyfa G. E. smíðastofu barnaskólans til þess að ljúka við listaverk sitt – en megi þó ekki verða lengur en til þess 25. sept. næstk. Ekki má nefndur listamaður búast við að fá slíkt leyfi oftar.

M/4. 2. Brjef frá bæjarverkfræðing Sig. Thoroddsen um girðingu kringum skólalóðina. Samþ. að fela skólastjóra og bæjarverkfræðing að framkvæma tillögur bæjarverkfræðingsins (sbr. brjef hans).

M/4. 3. Brjef frá Íþróttasambandi Íslands um að koma á baði við barnaskólann fyrir haustið – Skólanefndin álítur, allra hluta vegna, ókleyft að verða við þessum tilmælum, en mun undirbúa málið undir næstu fjárhagsáætlun, svo að baðtæki verði komin í skólann haustið 1921.

M/4. 4. Umsóknir um dyravarðarstöðuna við barnaskólann. Höfðu 26 manns sótt um starfið. Samþ. að veita stöðuna Sigmundi Sveinssyni frá Brúsastöðum með því skilyrði, að hann sýni vottorð frá lækni barnaskólans um að hann og fjölskylda hans, er í skólann flytja, hafi enga næma sjúkdóma.

M/2. 5. Kennaramálið – umsóknir o. fl. Lögð fram tillaga frá formanni og ritara er falið hafði verið að gera tillögur um málið – að allir fastir kennarar við barnaskólann sem og skólastjóri verði settir til eins árs, enda er slíkt gert um land alt. – Fundi frestað til kl. 8 ~~næsta~~ í kvöld.
Skólastjóri var á fundinum – Allir í skólanefnd á fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. ágúst kl. 5 e.m. var fundinum haldið áfram –

Þetta gjörðist:

1. Brjef matreiðslukennara og leikfimiskennara (stúlkna) og söngkennara – um það að kenna aðeins 4 stundir á dag – í stað 5 stunda – sem lög ákveða að fastir kennarar kenni.

M/2. Nefndin sjer sjer ekki fært að verða við þessari beiðni, telur slíkt ekki fræðslulögunum samkvæmt, nje heldur fara vel á að minka kröfur til kennara nú, er laun þeirra hafa verið stórum bætt.

Hinsvegar samþykkir nefndin að verða við þeirri beiðni Sigfúsar Einarssonar, söngkennara, að mæla með því við Stjórnarráðið, að honum verði reiknuð, eða talin stundakensla við barnaskólann sem föst kensla, (einsog hann hefði haft þar fasta kennarastöðu, jafnlengi og hann hefir haft þar stundakenslu).

M/2 2. Umsókn ungfrú Guðlaugar Sigurðardóttur – um að kenna matreiðslu við barnaskólann. Nefndin leggur til að Guðl. Sigurðardóttir verði skipuð fastur kennari, ef hún vill kenna alls 30 stundir á viku.

M/2. 3. Þá leggur og nefndin til að Egill Hallgrímsson og Gísli Jónasson verði skipaðir fastir kennarar við barnaskólann – og hefir þá nefndin mælt með alls 30 fasta kennara auk skólastjóra.

M/2 4. Samþ. að veita Konráði Kristjánssyni stundakenslu í leikfimi.

M/10. 5. Handavinna drengja við skólann.

Samþ. tillaga frá ritara: Í stað handavinnu drengja, er Matthías Þórðarson hefir kent undanfarin ár, en nú hættir við – komi fyrst um sinn kensla í bókbandi og skóviðgerð. Kennararnir sjeu ráðnir sem stundakennarar.

M/10. 6. Tillaga frá ritara um próf á börnum 8-10 ára gömlum.

Öll börn, 8-10 ára gömul, skulu boðuð til prófs í haust og reynd í skrift og lestri. Af þeim skulu tekin í skólann svo mörg börn, sem rúm verður fyrir þegar tvísett hefir verið fyrir skólaskyldu börnin. Skulu þau börnin sitja fyrir sem elst eru og verst að sjer eða verstar aðstæður hafa heima fyrir. Í skólanum skal kenna þeim lestur og skrift, 2 stundir á dag.

Frestað að taka ákvörðun um tillöguna.

M/4. 7. Skólastjóra falið að semja erindisbrjef fyrir hinn nýskipaða dyravörð.

Skólastjóri var á fundi – og allir úr ~~fund~~ skólanefnd.

Fundi slitið –

Sigurður Guðmundsson

Laufey Vilhjálmsd.

Þorvarður Þorvarðsson

[illegible]

Gunnl. Claessen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 þ. 7. sept. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var tekið fyrir:

1. Próf barna 8 og 9 ára gamalla. Tillaga ritara frá síðasta fundi lögð fram og samþykt með þeirri breytingu

M/10. að í stað 8-10 ára komi 8 og 9 ára og að þau börn ein verði prófuð [illegible] ~~Formanni falið að~~ auglýsa prófið samkvæmt tillögunni.

2. Lesið upp erindi frá ungfrú Soffíu Jónsdóttur um að leggja

M/4. flísar á skólaeldhúsið – og var tilboð um það uppá kr 1900.oo –
Skólanefndarmanni Þorvarði Þorvarðarsyni falið að athuga tilboðið

M/4. 3. Eftir tilmælum skólastjóra var samþykt að leggja linoleum á stigarimar milli aðalganga uppi og niðri. Skólastjóra falið að sjá um verkið.

Fleira ekki tekið fyrir.

Allir úr skólanefnd á fundi, nema Th. Krabbe. Skólastjóri var á fundinum.

Fundi slitið

Sigurður [illegible]

~~Þorvarður~~ Þorvarðsson Laufey Vilhjálmsdóttir
Gunnl. Claessen

Ár 1920 þ. 20. sept. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Formaður gat þess að Stjórnarráðið hefði orðið við öllum tillögum skólanefndar um ráðning kennara við Barnask. Reykjavíkur nema söngkennarans Sigf. Einarssonar. Hafði Stjórnarráðið ekki sjeð sjer fært að setja nefndan kennara, vegna þeirra skilyrða, er hann hafði sett. Las formaður brjef frá Sigf. Einarssyni, þar sem hann í tilefni af þessu bauðst að taka að sjer söngkenslu við skólann með því skilyrði, að hann yrði settur fastur kennari eins og hann hafði farið fram á í fyrri umsókn sinni og fái launa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðbót svo sem verið hefði hann fastur kennari þau 11 ár, sem hann hafði kent við Barnaskólann.-

Skólanefnd samþykkir, eftir samráði við borgarstjóra, að ganga
M/2 að ofannefndum skilyrðum Sigf. Einarssonar og að greiða honum úr bæjarsjóði þá launaviðbót, sem hann hefði fengið, ef honum hefði verið talin þau ár, sem hann hefir haft á hendi stundakenslu við skólann (11 ár) til þjónustualdurs, og sömuleiðis að gjalda honum, úr bæjarsjóði Rvíkur, af þeirri launaviðbót, dýrtíðaruppbót eftir gildandi lögum um dýrtíðaruppbót starfsmanna landsins og mæla með því við Stjórnarráðið, að hann verði settur fastur kennari við Barnaskl. Rvíkur frá 1. okt. næstk. að telja.

2. Lesið brjef frá skólalækni, þar sem hann segir lausri stöðu
M/10 sinni frá byrjun næsta skólaárs.
Formanni og Gunnl. lækni Claessen falið að ráða skólalækni.

3. Samþ. að fela Jóni Stefánssyni, skósmið, að sjá um smíði á
M/10 nauðsynlegum áhöldum til skóviðgerðar og bókbandskenslunnar.
Ritara falið að ráða kennara í skóviðgerð og bókbandi.-

Úr skólanefnd vantaði Þorvarð Þorvarðarson, en skólastjóri var á fundi.

Fundi slitið.

Sigurður Guðmundsson.
Laufey Vilhjálmsdóttir
[illegible]
Gunnl. Claessen

Ár 1920 þ. 27. sept. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Formaður skýrði frá að forsætisráðherra hefði ekki sjeð sjer fært að setja Sigfús Einarsson fastan kennara við skólann
M/2 með því hann gegndi fastri opinberri stöðu sem organisti dómkirkjunnar. Varð það þá að samningum milli form. Skólanefndar (~~við~~ í samráði við borgarstjóra) og kenslumálaráðherra, að S. E. kendi 20 stundir við Barnaskólann gegn því að bærinn greiddi honum 2/3 byrjunar launa hans, en landssjóður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinn hluta þeirrar upphæðar, er Sigf. upphaflega fór fram á í umsókn sinni ~~við~~ um fasta stöðu við barnaskólann.

2. Störf dyravarðar – Dyraverði falið í samráði við skólastjóra að ráða alt að 5 konur til þess að ræsta skólann.

M/4. Þá las formaður uppkast að erindisbrjefi dyravarðar, er skólastjóri hafði samið og var það samþykt með nokkrum breytingum ~~og~~ við aukum.

Samþykt tillaga til bæjarstjórnar þess efnis: að dyravörður, Sigmundur Sveinsson, verði fastur starfsmaður bæjarins og verði skipaður í 5. launaflokk. Og hafi auk þess ókeypis húsnæði, ljós og hita.

3. Skólastjóri lagði fram skrár yfir væntanleg skólabörn, skólaskyld, og ekki skólaskyld, er sótt höfðu um skólann.

M/8 Skólanefndin felur skólastjóra allan framhaldsundirbúning við setningu skólans – samning stundatöflu o. fl. –

4. ~~Samþ.~~ Tillaga frá Gunnl. ~~lækni~~ lækni Claessen, svohljóðandi:

M/4. Skólanefndin lítur svo á, að mjög óheppilegt sje að kosning fari fram í barnaskólahúsinu næstk. nóvember, (kosning sú þ. e. sem þar á að fara fram), og skorar á kjörstjórnina að gera ráðstafanir til þess að kosningin geti farið fram annarsstaðar.

Fr. Krabbe ekki á fundi – en skólastjóri var á fundinum.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Sigurður Guðmundsson

Gunnl. Claessen

~~Þorvarður Þorvarðsson~~

Laufey Vilhjálmsdóttir

Undirritað skólanefnd hefur ráðið herra Sigmund Sveinsson frá Brúsastöðum sem dyravörð við Barnaskóla Reykjavíkur frá 1. degi októbermánaðar þ. á. Er starf hans fólgið í því er hér segir:

1. gr.

Hann skal kynda miðstöð (eða miðstöðvar) og alla ofna, sem notaðir eru í þarfir skólans og hafa húsið heitt og notalegt er kensla byrjar á morgnana (kl. 8) eða þegar með þarf, og halda hitanum við allan daginn meðan kensla fer fram eða kennarar skólans þurfa hans við, t. d. í kennarastofunni. Það segir sig þá og sjálft, að hann á að kljúfa eldivið til uppkveikju, bera kol og annað eldsneyti að eldfærunum, taka öskuna úr miðstöð og ofnunum, halda eldfærunum hreinum og í góðu lagi, bera allan úrgang út úr húsinu á þann stað og í þau ílát, sem ætluð eru ösku, sóti og öðru slíku.

2. gr.

Hann skal sjá um ræsting skólahússins hátt og lágt og alt, sem því fylgir úti og inni, að haldið sé hreinum öllum áhöldum skólans: borðum, bekkjum, töflum o. s. frv., hverju nafni sem nefnist. Þar sem hér er talað um ræsting <u>úti</u> er átt við skólalóðina og sérstaklega leiksvæði barnanna. Skal hann sjá um, að ekki safnist þar fyrir syk, vatn, snjór eða klaki, og ekki síst koma í veg fyrir hálku á útitröppunum með því að bera á þær sand, ösku eða salt. Skal hann vinna það, sem tekið er fram í þessari grein, ýmist sjálfur eða með því að ráða til þess sérstaka mann(menn), er fái kaup úr bæjarsjóði fyrir annan verk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. gr.

Hann skal kveikja og slökkva ljós í kenslustofum, á göngum og annarsstaðar, er með þarf. Skal hann því að sjálfsögðu halda lömpunum vel hreinum og sjá um að þeir séu nothæfir er til þarf að taka. Sama er að segja um afskifti hans af gaspípunum og öðru er að ljósfærunum lýtur.

4. gr.

Hann skal hafa nákvæmt eftirlit með vatnsleiðslunni í skólanum, að ekki frjósi í pípum svo þær springi, að vatnskranar og miðstöðvar-ofnar séu þéttir o. s. frv.. Hann skal yfir höfuð að tala fylgja þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um meðferð á vatnsæðum.

5. gr.

Hann skal hafa eftirlit með því, að óviðkomandi menn hafi ekki umgang um skólahúsið, enda skal hann hafa útidyrahurðir og ganga lokaða þegar ekkert er verið að starfa í húsinu. Sjálfur má hann ekki hafa næturgesti í húsakynnum þeim, er hann fær til umráða, nema, ef til vill, með samþykki skólastjóra.

6. gr.

Hann skal hafa umsjón með skólalóðinni og skólahúsinu utan og innan, alt árið, útvega menn til þeirra viðgerða og viðhalds á því, er nauðsynlegt er. Hann skal semja skrá yfir öll áhöld og tæki skólans og innfæra jafnóðum á hana það, sem við bætist. Engu má hann glata af því, sem ~~við bætist~~ honum er í hendur fengið. Ef eitthvað fer úr lagi, skal hann ráðgast um við skólastjóra, hvort það skuli endurbætt eða lagt niður og annað fengið í þess stað.
Hann skal yfir höfuð að tala vinna verk sín undir eftirliti skólastjóra, er einnig getur falið honum að gera ýmislegt, svo sem að láta blek á byttur og halda þeim hreinum, færa til borð og bekki og önnur áhöld, annast útvegun til skólans, auk margs annars, er fyrir getur komið og hér yrði of langt að telja. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr.

Hann skal vera árvakur og eftirlitssamur í öllu starfi sínu, ekki síst í allri meðferð elds og ljósa. Kennurum skólans skal hann sýna kurteisi, vera liðlegur og nærgætinn í umgengni sinni við skólabörnin og í öllu tilliti láta sér ant um heill og sóma skólans, engu síður en aðrir, er við skólann starfa. M/4.

8. gr.

Uppsögn af beggja hálfu skal bundin við 1. júní og skal sagt upp stöðunni með þriggja mánaða fyrirvara.

Ef dyravörður vanrækir starf sitt, getur skólanefnd vikið honum úr stöðu sinni. M/4.

Ár 1920 þ. 19. dag októberm. hjelt Skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Nýja barnaskólabygginginn. Formaður gat þess að fyrir lægi tvö þúsund krónar fjárveiting til undirbúnings málinu. M/12
Sem sjálfsagt væri að ráðstafa á sem bestan veg. ~~Hefir~~ Skólanefndin samþ. í eitt. ~~ákveðið~~ (með þeim tilmælum til bæjarstjórnar) að skólinn skuli reistur við Barónsstíg – austanverðan – sunnanvert við Njálsgötu.
M/11. Samþ. að fela verkfr. Krabbe að láta taka myndir af staðnum til stuðnings þeim, er fenginn yrði til að gera teikning af skólanum. M/10

2. Samþ. að útvega mann til þess gera áætlun um bygging á baðhúsi, stækkun og breytingu á salernum, ~~og~~ fyrir komulag á lækningaherbergjum, teiknistofu og handavinnustofum o.fl.
M/4. Samþ. að fela verkfræðing Krabbe að útvega manninn.

3. Erindi frá dyraverði. Samþ. að verða við beiðni dyravarðar að skólinn kaupi slöngu til þess að hreinsa skólaportið og húsið ennfr. að smíðaðir verði 2 geymsluskápar – annar fyrir rastinga-áhöld skólans, hinn fyrir áhöld önnur og efni er dyravörð[ur]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er falið til geymslu af skólanum. Ennfremur var dyraverði
M/4. falið að ráða 2 ræstingakonur í viðbót við þær 4 sem nú eru –
svo hreinsun skólans verði lokið kl. 9 að kvöldi –

4. Formaður las upp fundargerð kjörstjórnar Reykjavíkur 18. okt., þar sem bókað var að kjörstjórnin hefði rannsakað möguleikana til, að vandanleg kosning til bæjarstjórnar fari, og niðurjöfnunarnefndar fari fram annarsstaðar en í Barnaskólanum, og að meiri hluti kjörstjórnar hefði ekki viljað taka á sig ábyrgð á, að kosið verði annarsstaðar en í skólanum, og leggur því til, að nefnd kosning fari þar fram. –

Út af þessari tillögu samþykkir skólanefnd að leyfa að kosið verði ~~að~~ í þetta sinn í skólahúsinu, með því að borgarstjóri kvaðst því hlyntur, að reynt verði eftirleiðis að haga kosningunum þannig, að
M/4. ekki þyrfti að kjósa þar – Væri þægilegra að koma slíku við um kosningar til alþingis, þar sem yfirkjörstjórn þyrfti þá ekki að vera á kjörstað meðan kosning fari fram, eins og hún þyrfti nú að vera samkvæmt núgildandi fyrirmælum um bæjarstjórnarkosningar, en reyna mætti að fá þeim ákvæðum breytt.

5. Guðmundur Thoroddsen ráðinn skólalæknir – og samþ.
M/12 að fela honum að byrja starf sitt á að rannsaka sjón og heyrn skólabarnanna – Ákveðið að greiða honum 300 krónur á mánuði til nýjárs.

6. Lesið upp erindi frá Hallgrími Jónssyni kennara
M/10 um áfram tóverkenslu í skólanum.

Frestað ályktun um það til næsta fundar.

7. Verkfr. Th. Krabbe vakti máls á því, hvort eigi myndu tök á því að lengja skólatímann.

Borgarstjóri var á fundi

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Sigurður Guðmundsson

Gunnl. Claessen

[illegible] Th. Krabbe

Laufey Vilhjálmsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 þ. 11. dag nóvembermánaðar hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt til að fjárveitingar til barnaskólans árið 1921 verði þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Breyting á leikfimishúsi skólans | kr. 5000.00 | M/4. |
| b. | Dúklagning á ganga og stiga | – 9000.00 | |
| c. | Fjölgun vatnssalerna og lagfæring núverandi salerna | – 7000.00 | |
| d. | Bygging baðhúss við leikfimishúsið | – 50.000.00 | M/4. |
| e. | Breyting og stækkun kennarastofu, áhaldaherbergja, lækningaherbergja m. vatnsleiðslu, þvottaskálum etc. | – 7000.00 | |
| f. | Til launa f. heilbrigðiseftirlit | 2250.00 | M/3. |
| g. | – bókasafns ~~bókafróð~~ kennara | 1000.00 | |
| h. | – áhaldakaupa | 4000.00 | |
| i. | – eldiviðar og ljósa | 24.500.00 | |
| j. | – viðhalds og endurbóta á skólahúsi og lóð | 5000.00 | |
| k. | – dyravarðar | 4740.00 | |
| l. | – ræstingar | 4000.00 | M/3. |
| m. | – málningar skólahússins að utan | 5000.00 | |
| n. | – skólaeldhúss | 2500.00 | |
| o. | – matgjafa ~~skóla~~ handa fátækum skólabörnum | 3500.00 | |
| p. | Ýmisleg útgjöld | 3000.00 | |
| q. | Laun kennara | 60.000.00 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

r. Til undirbúnings byggingar nýs
√ barnaskólahúss . . . . Kr. 15.000.00

s. Innlagning á rafleiðslum í skóla-
húsið, svo og lampar . . . — 16.000.00

2. Lagt fram erindi frá O. B. Arnar, fyrir
hönd Íþróttafjel. Reykjav., um lán á leikfimishúsi
M/4. barnaskólans að kvöldinu til. Synjað vegna þess
að þá mundi ekki vinnast tími til ræstinga leikfimishússins.

3. Lagt fram erindi frá dyraverði barna-
skólans um að honum verði veitt aðstoð við
M/4. dyravarðarstarfið. Formanni falið að tala
við hann.

4. Beiðni frá skólasmíðakennara Jóni Stefánssyni
um 500 króna ~~árlega~~ þóknun fyrir auka-
M/3. starf við kennsluna, innkaupa, skrásetning
áhalda o. s. frv. Lagt til að verða við ~~bei~~
umsókn hans.

5. Lagt fram erindi frá Pjetri Hjaltested um
að þóknun sú er hann nú fær fyrir stundakenslu
M/3. verði hækkuð að mun frá því sem nú er.
Skólanefndin sjer sjer ekki fært að ~~ve~~ verða við
þessari málaleitun.

Á fund vantaði Laufeyju Vilhjálmsdóttur, en
skólastjóri var á fundi; ennfremur kom verkfræð-
ingur Jón Þorláksson á fundinn.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Gunnl. Claessen Sigurður Guðmundsson
Th. Krabbe [illegible]

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 þ. 30. d. nóvembermánaðar hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþykt að fela kennara Steingrími Arasyni og dyrv. próf. Ólafi Ólafssyni að rannsaka lestrarkunnáttu M/14 skólabarna o.fl., í því skyni að afla sjer nokkurar vitneskju um hvern árangur starfsemi skólans og kennaranna ber. Ennfremur er þeim falið að hlusta á kenslu í skólanum. (M/10)

2. Lesið erindi frá formanni Kennarafjelags barnask. M/8 Reykjavíkur, þess efnis, að skólanefnd heimili kennurum barnaskólans 1 frídag á mánuði til þess að halda málfundi um uppeldismál og kenslu. Samþykt að verða við beiðninni. (M/10.)

3. Lesið upp erindi frá dyraverði Sigm. Sveinssyni, þarsem hann lýsir störfum sínum. Fer hann fram á að sjer verði veitt aðstoð við starf sitt ~~ræsting skólans~~ — Fylgdu beiðninni meðmæli frá M/2. Guðm. Davíðssyni og Hallgrími Jónssyni, kennurum — Samþykt að veita honum 200 krónur á mánuði - frá 1. des. til 14. maí - til aðstoðar. (M/4)

4. Lesin tvö brjef, þarsem beðið er um undanþágu frá að skólanámi á þessu skólaári - fyrir Fanney Sigurðard. og Sigr. Rokstad á Bjarmalandi - og Ólaf Sigurðsson, Laugaveg 48. Veitt. (M/8.)

5. Samþykt að gefa frí laugardag 4. des. - í barnask., er jarðarför þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar fer fram. (M/10)

6. Á fundinum vantaði Th. Krabbe, verkfræðing.

Fleira gjörðist ekki.

Sigurður Guðmundsson.

Gunnl. Claessen.

~~[illegible]~~ Laufey Vilhjálmsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 þ. 14. dag desembermánaðar hjelt skóla-
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Erindi Mentamálanefndar. Prófessor Guðm. Finnbogason
M/14 reyfði málið. – Kvað kennaraskólann þurfa að fá góðan
æfingaskóla (6. bekkja), fór fram á að bærinn kostaði byggingu skóla-
hússins að hálfu við landið. Ríkið kostaði viðhald og skólastjórn.
Bærinn leggi til börnin og launi föstum kennurum skólans (4)
eins og öðrum barnakennurum sínum. Eftir allangar um-
ræður frestað að taka ákvörðun.

2. Brjef frá borgarstjóra þess efnis, að leita upplýsinga hjá
skólanefnd um það, hvort drengurinn Guðm. Ló. Guðmundsson, Brekku-
M/8 götu 5, njóti þeirrar lögskipuðu kenslu, sem veita á börnum á skóla-
skyldualdri. – Fátækranefnd kunnugt, að drengur þessi gengur ekki í
skóla. Húsbóndi hans ekki fengið undanþágu fyrir hann frá
skólagöngu. – Skólanefnd ákveður, að fengnum skýrslum, að rann-
saka hvort öll börn á skólaskyldualdri, njóti lögskipaðrar
kenslu. –

3. Samkvæmt brjefi borgarstjóra, 7. des. þ. á. hafði formaður skóla-
nefndar kynt sjer tölu skólabarna í æfingabekkjum kennara-
M/2. skólans og vantaði fimm börn til þess að fullnægt væri skilyrði því,
er sett er, til þess að bærinn launi kennurunum.
Samþ. að auglýsa, að fimm börn geti fengið kenslu í æfinga-
bekkjum kennaraskólans.

Á fundinum vantaði Th. Krabbe og Þorv. Þorvarðars.
en viðstaddir voru: fræðslumálastjóri Jón Þórarinsson,
Guðm. Finnbogason, prófessor, Sigurður Sivertsen, prófessor og
Magnús Helgason, kennaraskólastjóri.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Sigurður Guðmundsson
Laufey Vilhjálmsdóttir
Gunnl. Claessen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1921, þriðjudaginn 8. febr. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gjörðist.

M/10. 1. Menn þeir, sem skólanefnd fól að rannsaka, hvern árangur kensla, starfsemi skólans og kennaranna ber, voru á fundi. Höfðu þeir prófað börnin í öllum bekkjum skólans niður að 2. bekk. Eftir þeim prófum var búið að flokka börnin í öllum deildum 4. bekkjar – en nú höfðu heyrst raddir um það, að einstöku kennarar væru mjög mótfallnir þessari flokkun á þessum tíma ársins. Eftir nokkrar umræður var samþ. að haldinn skyldi fundur, með kennurum skólans, næsta dag í barnask. kl. 3.

M/6. 2. Samþ. að gefa börnum að borða í skólanum, eins og undanf. ár. Ritara falið að koma þessu í framkvæmd.

M/8. 3. Lögð fram skrá yfir skólaskyld börn, sem ekki hafa komið í barnask. Reykjav., nje í aðra barnaskóla í bænum, er skólanefnd hefir viðurkent. Formanni falið að útvega mann til þess að kynna sjer ástæður fyrir því, að börn þessi sæki ekki skóla.

M/10. 4. Steingrímur Arason vakti máls á því, að þörf væri á endurbótum á allri skriftarkenslu í landinu. Kvað mann í Ameriku, Gunnar Gunnarsson að nafni, sjerfræðing í eftirliti á skriftarkenslu og væri Gunnar fús að koma til Reykjav. að sumri komanda og halda námsskeið í skrift, ef greidd yrði honum fararstyrk og fyrir veru hans hjer á landi. Frestað að taka ákvörðun til næsta fundar.

M/8. 5. Lesið brjef frá Runólfi Stefánssyni, Litla-Holti, um að syni hans sje veitt undanþága frá nokkrum greinum í barnask. Beiðninni synjað. – Ennfremur lesið brjef frá Jórunni Þorsteinsd., Bergstaðastr. 33, þar sem beðið er um lausn úr barnaskólanum fyrir telpuna, Sigríði Þórðardóttur, sem varð 14 ára nú í janúar. Form. og ritara falið að tala við konuna og gera út um málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/4 6. Tveim beiðnum um lán á barnaskólahúsinu, frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands og Listvinafélaginu til sýninga – synjað.

7. Tillaga frá Gunnlaugi Claessen og Th. Krabbe – svohljóðandi:
"Á fundi bæjarstjórnar Rvíkur þ. 20. jan. þ. á. var svolátandi tillaga flutt af tveim bæjarfulltrúum og borin upp til atkvæða af forseta bæjarstjórnarinnar:

„Bæjarstjórnin ákveður að alþingiskosn. 5. febr. fari fram í barnaskólahúsinu."

Út af þessu felur skólanefndin formanni sínum að leita úrskurðar stjórnarráðsins um hvort skólanefndin
M/7 hafi eigi fult vald til þess að kveða á um hvort lána skuli skólahúsið eða eigi til kosninga, sýninga eða annara afnota, sem barnakenslunni eru óviðkomandi og hvort bæjarstjórnin hafi heimild til að hrynda ályktunum skólanefndar í þessu efni.

Tillagan samþ. í einu hljóði.

Skólastjóri, Steingr. Arason og Ólafur Olafsson voru á fundi; en Þorvarð Þorvarðarson vantaði á fundinn.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Gunnl. Claessen.

Sigurður Guðmundsson

Laufey Vilhjálmsdóttir

Th. Krabbe

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1921 föstudaginn 25. febr. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Samþ. að greiða kennurum í æfingabekkjum Kennaraskólans laun samkvæmt samningi milli skólastjóra Kennaraskólans og fyrv.
M/2. Skólanefndar, 19. maí síðastl. vor.
2. Samþ. að veita Birni, syni Pjeturs Hjaltesteds, leyfi til að hætta námi í Barnaskólanum, ef sýna skal hann vottorð frá lækni
M/8. um að hann megi ekki sækja skólann vegna heilsunnar.
3. Samþ. að synja beiðni Kristins Magnússonar og Bjarna Hjaltesteds
M/8. um undanþágu fyrir börn sín, Karl og Ásu, frá skólagöngu.
4. Formaður lagði fram skrá yfir skólaskyldu börnin, sem ekki hafa
M/8. sótt skóla í vetur. Rannsókn sýndi að alls 11 börn nutu hvergi kenslu en fáein óvíst.
5. Ritari skýrði frá því, að byrjað hefðu matargjafir fátækra skóla-
M/6. barna 15. febr. 140 börn hefðu fengið aðgöngumiða.
6. Samþ. að greiða kennara, Margrjetu Þorkelsdóttur, er nú liggur veik á sjúkrahúsi, full laun sín fyrir febrúar, ennfremur greiða
M/3. fyrir hana stundakenslu sama mánuð, eins og fyrir janúar. M/7.
7. Samþ. að fela verkfræðing Krabbe að undirbúa útboð á bygg-
M/4. ingu baðhúss, endurbót og fjölgun vatnssalerna- og rafirmlagningu.
8. Borgarstjóra falið að sjá um, að gjörðir verði sem fyrst
M/4. uppdrættir af barnaskólahúsi Reykjavíkur.
M/11. 9. Verkfræðingur Krabbe skýrði frá því að næstu daga yrði lokið hallamælingu af skólasvæðinu inn við Barónsstíg.
M/11 Samkvæmt tillögu G. Claessen var form., ritara og verkfr. Krabbe falið að gera tillögur um stærð og fyrirkomulag væntanlegs skólahúss - með þeim áhöldum, sem þeim þykir nauðsynleg.

Allir úr Skólanefnd á fundi - og skólastjóri -

Fleira gjördist ekki.

Fundi slitið
Sigurður Guðmundsson

Gunnl. Claessen.
Guðrún Vilhjálmsdóttir
Th. Krabbe
Hallgrímur Jónsson? [illegible]
M/4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921 föstudaginn 6. maí hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gjörðist:

1. Lagður fram svohljóðandi Stjórnarráðs-úrskurður ~~um erindi~~ umráð barnaskólahússins út af erindi formanns skólanefndar til kenslumálastjórnar, dagsettu 29. apríl 1921.

„Stjórnarráðið hefir í dag skrifað nýju á þessa leið:
Þjer hafið, herra fræðslumálastjóri, í brjefi dags. 21. þ.m., látið uppi álit yðar um erindi formanns skólanefndarinnar í Reykjavík, þar sem hann beiðist úrskurðar um það, hvort skólanefndin hafi ekki að fullu yfirráð yfir skólahúsi bæjarins, og hvort bæjarstjórnin hafi nokkra heimild til að leyfa húsið til notkunar.

Út af þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, og til birtingar fyrir nefndum skólanefndar formanni, að ráðaneytið er yður sammála um, að skólanefndin hefir að lögum umráðin yfir skólahúsinu, undir yfirumsjón og eftirliti yfirstjórnar fræðslumálanna, og að bæjarstjórnin getur því ekki veitt leyfi til notkunar hússins, en að ráðuneytið þó á hinn bóginn telur skólanefndinni óheimilt, að láta nota húsið til annars en lögboðinnar barnakenslu, nema með samþykki bæjarstjórnarinnar“.

M/7

Framanritað brjef stjórnarráðsins tilkynni jeg yður hjer með.

Virðingarfyllst

Jón Þórarinsson

Til formanns skólanefndar barnaskólans Reykjavíkurbæjar.

2. Formaður bar undir skólanefnd, eftir bón formanns konungsmóttökunefndar, vegamálastj. G. G. Zoega, hvort hún vildi lána kjallaraherbergi eitt fyrir lúðrasveit til æfinga til júníloka.

M/24

Samþ. af meiri hluta nefndar að veita leyfið, ef bæjarstjórn samþykkir, en þó með því skilyrði, að móttökunefnd láti á sinn kostnað mála loft, veggi og glugga, svo og sótthreinsa gólfið að lokinni notkun herbergisins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram brjef frá Sýningarnefnd Listvinafjelagsins,
þar sem beiðst var láns á húsrúmi í Barnaskólanum til fyrir-
hugaðrar listsýningar í vor. Skólanefnd samþ. með meiri hl.
M/4 atkvæða, ef bæjarstjórn leyfir, að verða við þessari bón, með því skil-
yrði, að forstöðunefnd væntanlegrar listsýningar láti á sinn
kostnað mála ~~loft~~ herbergi þau, er sýnt verður í - og sömuleiðis
olíubera gólf og göng.

4. Þá kom og fram beiðni frá forseta Heimilisiðnaðarfjelagsins
M/4 um lán á húsrúmi í skólanum til fyrirhugaðrar sýningar á
heimilisiðnaði í sumar. Beiðnin feld af meiri hluta.

5. Lagt fram brjef frá átta kennurum barnaskólans um að halda
sumarskóla frá 14. maí til 14. júlí - í barnaskólanum - Skólanefndin
M/9 er málinu hlynt, en felur formanni að semja um forstöðu þessa
væntanlega sumarskóla.

6. Skólastjóri vakti máls á verðlaunum úr Gjafasjóði H. Th. A.
M/10 Thomsens, kaupmanns. Skólanefnd felur skólastjóra val á
verðlaunabókum.

(Á fundinn vantaði Dr. Krabbe.)

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið —

M/4 7. Samþ. að fela Þorvarði Þorvarðssyni
að gera átboð um málning á
barnaskólahúsinu að utan.

Sigurður Guðmundsson

Þorvarður Þorvarðsson

Laufey Vilhjálmsdóttir

Gunnl. Claessen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921 þriðjudaginn 17. maí hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Beiðni frá rektor Mentaskólans, G. T. Zoëga „að mentaskólanum verði ljeðar 4-5 kenslustofur í Barnaskólanum til

M/4. prófahalds á tímabilinu frá 28. maí til 24. júní.

Samþykt að lána 4-5 kenslustofur, er skólastjóri tiltekur og með þeim skilyrðum, er skólastjóri setur.

2. Sýning handavinnu og teikningu barnaskólans. Tillaga kom

M/10 fram um að sýningar~~g.~~ [munir] yrði geymdir í skólanum til konungskomu.

Samþykt að fela ritara að ráða fram úr þessu máli í samráði við skólastjóra og hlutaðeigandi kennara. – Þó má sýningin ekki fara í bága við þarfir Sumarskólans.

3. Lagður fram uppdráttur að væntanlegu baðhúsi við barnaskólann og kostnaðaráætlun bæjarverkfræðings og rætt

M/4. um útboð á verkinu. Ákveðið að bera uppdráttinn undir leikfimiskennara skólans og Björn Jakobsson og að því búnu senda hann fræðslumálastjóra til samþykta.

4. Steingr. Arason, er tekur að sjer forstöðu Sumarskólans væntanlega, ásamt skólastjóra, skýrði frá því að „Sumarskólann hefðu sótt núml. 200 börn. – Búist við að taka alt að 230 börnum – (Skólanefnd, Námsgreinar: lestur, skrift reikningur – svo og landafræði og náttúrufræði (útikensla)

M/9. Ráðgerðar gönguferðir o. fl. – Skólanefnd samþykkir, samkvæmt umsókn kennaranna, að mæla fram með því við bæjarstjórn, að hún veiti kr. 7.50 á hvert Sumarskólabarn yfir skólatímann, 1½ mánuð, alls 1725.00 krónur

Sama kenslugjald kemur frá skólabörnunum sjálfum. –

5. ~~Lesið~~ Formaður lagði fram brjef frá stjórn Íþrótta Samb. Íslands

M/10. þar sem hún beiddist álits skólanefndar um, hvort rjett væri að gera sund að skyldunámsgrein við alla skóla landsins –

Málinu frestað.

6. Vakið var máls á því, að þörf væri að bæta mál það, er talað

M/10. er í skólaeldhúsinu, gera orðfærið íslenskulegra. –

Formanni og ritara falið að taka málið til íhugunar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í samráði við kenslukonurnar og aðra íslenskufróða menn, karla og konur.

Á fundi voru skólastjóri, Steingr. Arason, og Ólafur Ólafsson, borgarstjóri kom og á fundinn —
Af skólanefndarmönnum vantaði Þorv. Þorvarðsson

Fundi slitið

Sigurður Guðmundsson.

Laufey Vilhjálmsdóttir

Gunnl. Claessen

K. Zimsen Krabbe

Árið 1921, mánudaginn 30. maí, hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Gunnl. Claessen (og Þorv. Þorvarðsson) vantaði á fundinn, en skólastjóri M. Hansen var á fundinum.

Þetta gjörðist:

M/4. 1. Tilboð ~~frá~~ um málningu barnaskólahússins að utan. Komu tilboð frá 4 málurum: þeim Marel Ólafssyni, Hvg. 69 og Bjarna Jónssyni Rauðarárstíg 3 – kr. 3.800 (einmálning), Jóni Erlendss. og Þórði Jónssyni, kr. 3.500, Einari Gíslasyni, kr. 3,550 og Einari J. Pálssyni og Páli Ó. Einarssyni, kr. 2.600.
Samþykt að taka síðasta tilboðinu, frá þeim Einari og Páli, og jafnframt semja við þá um að mála girðingar skólahússins.
Bæjarverkfræðing falið að hafa eftirlit með verkinu.

M/9. 2. Sumarskólinn. Skólanefnd sjer ekki ástæðu til þess að breyta kenslutíma sumarskólans 1) vegna þess að hún telur tímann heppilega valinn, 2) (enn fremur) kusu flestir aðstandendur námsbarnanna þenna tíma 3) eru kennarar með börnin á útigöngu, þegar veður leyfir, seinni hluta dagsins (kl. 2–4 eða 5).

Fundi slitið.

Sigurður Guðmundsson  Laufey Vilhjálmsd.

K. Zimsen Krabbe  Þorvarður Þorvarðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kennarar og vikustundir þeirra skóla-árið 1920-1921

Fastir kennarar:

Bjarni Hjaltested . . . 30
Egill Hallgrímsson . . . 30
Einar G. Þórðarson . . 30
Elín Tómasdóttir . . . 30
5 Elías Bjarnason . . 30
Gísli Jónasson . . 30
Guðlaug Arason . . 30
Guðrún Blöndal . . 30
Guðrún Daníelsdóttir . . 30
10 Guðjón Guðjónsson . . 30
Guðlaug Sigurðardóttir . . 30
Guðm. Davíðsson . . 30
Guðm. Jónsson . . 30
Helgi S. Hjörvar . . 30
15 Hallgrímur Jónsson . . 30
Halldóra Matthíasdóttir . . 30
Ingibjörg Brands . . 30
Ingibjörg Sigurðardóttir . . 30
Jón Jónsson frá Flatey . . 30
20 Kristín Arngrímsdóttir . . 30
Margrét Þorkelsdóttir . . 30
Marta Stephensen . . 30
Morten Hansen . . 1
Ragna Stephensen . . 30
25 Sigurbjörg Jónsdóttir . . 30
Sigfús Einarsson . . 20
Sigurbjörg Þorláksdóttir . . 30
Sigurður Jónsson . . 30
Soffía Jónsdóttir . . 30
30 Steinunn Bjartmarsdóttir . . 30
Þuríður Jóhannsdóttir . . 30

Stundakennarar:

Elín Andrésdóttir . . 24
Eiríkur Magnússon . . 19
Ingibjörg Guðmundsdóttir . . 8
35 Jón Stefánsson . . 22
Jóhanna Þorsteinsdóttir . . 24
Konráð Kristjánsson . . 25
Pétur Hjaltested . . 9
39 Þorbjörg Friðriksdóttir . . 28

1050

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina í barnaskólanum 1920–21

Bekkir

| Námsgr. | 1A | 1B | 1C | 1D | 2A | 2B | 2C | 2D | 2E | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 3G | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 4G | 4H | 4I |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kr. fræði | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Íslenska | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Landafr. | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Náttúrufr. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Söngur | | | | | | | | | | | | | í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. bekk | | | | | | | | | | | | |
| Teikning | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Handav. st. | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| D° dr. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Matreiðsla | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Leikfimi | | | | | | | | | | | | | | | | Stúlkur og drengir í öllum deildum | | | | | | | | | |

| Námsgr. | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 5H | 5I | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 6G | 6H | 6I | 7A | 7B | 7C | 8. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kr. fræði | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 87 |
| Íslenska | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 223 |
| Skrift | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 106 |
| Reikningur | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 171 |
| Saga | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 53 |
| Landafr. | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 47 |
| Náttúrufr. | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 44 |
| Danska | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 2 | 2 | 2 | 2 | 24 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| Söngur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 20 |
| Teikning | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 35 |
| Handav. st. | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 76 |
| D° dr. | x Skósmíði eða bókband í 6.–8. b. incl. og nokkrum deildum 5. b. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 41 |
| Matreiðsla | | | | | | | | | | | | | * | í 6 til 8 b. incl. | | | | | | | | | 60 |
| Leikfimi | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 55 |

Alls: 1050

Vorpróf var haldið í skólanum í apríl og maímánuði og þá innfært í prófbók skólans 1378 börn, 1074 skóla-skyld og 304 yngri. Prófi luku 1259, en 119 gátu ekki komið (Komið) til prófs, flest vegna veikinda.
217 börn eru orðin 14 ára eða ná þeim aldri í sumar, 116 stúlkur og 101 drengir. Próf þessara barna er því fullnaðarpróf.

Þess skal getið að handavinnueinkunni stúlkna voru færðar inn í prófbókina, en ekki taldar með í aðaleinkunn um þeirra, vegna þess að drengjunum höfðu ekki verið gefnar einkunnir í handavinnu.

Skólanum var sagt upp 14. dag maímánaðar og var þá, eins og að undanförnu útbýtt nokkrum verðlauna-bókum af gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sál. kaupmanns:
Verðlaunin hlutu:
1. Halldór Vigfússon í 8. bekk
2. Ingveldur Ástráðsdóttir í sama bekk
3. Þorbergur Þórðarson í sama bekk
4 Gyða Jónsdóttir
5. Bergþóra Brynjólfsdóttir
báðar í 7. bekk C.
Verðlaunabókin var „Hljóir straumar" eftir Olfert Ricard.

---

Af skýrslum, sem eiga að fara til fræðslumálastjórnarinnar, eru þessar komnar frá skólastjóra:

1. Skýrsla um vorpróf í Barnaskóla Reykjavíkur 1921 (18 arkir)
2. Skýrsla um próf utanskólabarna í Reykjavíkur skólahéraði 28. maí 1921.
3. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í Barnaskóla Reykjavíkur
4. Skrá yfir kensluáhöld, er Barnaskóli Reykjavíkur 1920–1921 hefur eignast skóla-árið 1920–1921.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1921, þ. 6. júlí hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Frú Laufey Vilhjálmsdóttir hafði boðað forföll og Th. Krabbe vantaði á fundinn. Skólastj. Morten Hansen var viðstaddur.

Þetta gerðist:

1. Form. skýrði frá, að uppdrættir að fyrirhugaðri baðhúsbyggingu við austurenda leikfimishúss barnaskólans hefði verið lagðir fyrir leikfimiskennara Bj. Jakobsson og kennara Guðm. Jónsson u. fl. Höfðu þeir fundið ýmsa agnúa á hinu áætlaða baðhúsi; þótt það of lítið. Hafði formaður því
M/4. — í samráði við fyrnefnda menn — [falið bæjarverkfræðingnum] að gera uppdrátt að stóru baðhúsi í kjallaranum undir norðurálmu barnaskólans.

2. Þorvarði Þorvarðssyni falið að sjá um, að lagður verði linoleum — dúkur á gangana niðri í barnaskólanum, svo og á stiga.

M/4. Ákveðið að reyna „dustless oil" að öðru leyti á göngunum og jafnvel í skólastofunum.

3. Rafmagnsstjóra Stgr. Jónss. falið að ~~ger~~ búa undir og gera útboð á
M/4.
1. raflýsing í barnaskólanum
2. innlagning á rafmagns- loftræsidælur.

M/4. 4. Bæjarverkfræðingi falið að sjá um lagfæring salerna í samráði við lækni skólans.

5. Bæjarverkfræðingi — í samráði við skólastjóra
M/4. og Stgr. Arason — falið að gera tillögur um lagfæring og umbætur á skólalóðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Vakið máls á að æskilegt væri, að lóðin milli barnaskólans og Bókhlöðustígs yrði lögð undir skólann og notuð sem leikvöllur.

M/4

7. Lögð fram skýrsla frá próf. hon. Ólafi Ólafss. og kennara Steingr. Arasyni, sem skólanefnd hafði á fundi þ. 30. nóv. 1920 falið að kynna sér hvern árangur starfsemi skólans og kennaranna ber. Samþykkt að prenta skýrsluna ~~og birta kennurunum~~

M/10

8. Rætt um kenslu í barnaskólanum annan hvern dag í stað daglegrar kenslu. Ákveðið að halda sameiginlegan fund með skólanefnd og kennurum skólans og öðrum kenslu-fróðum mönnum til ~~þess~~ að ræða ~~mál~~ um tilhögun skólakenslunnar næsta vetur. Sökum húsnæðisvandræða.

M/10

Fundi slitið
Sigurður Guðmundsson.
Gunnl. Claessen.
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1921 þ. 21. d. júlímánaðar 1921 hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Fr. Krabbe var ekki í bænum – og Þorv. Þorvarðsson vantaði á fundinn. Skólastjóri M. Hansen var viðstaddur. svo og Steingrímur Arason og sjera Ólafur Ólafsson. Þetta gerðist:

1. Formaður skólanefndar las upp svohljóðandi tillögu og lagði fyrir fundinn:

Skólanefnd ályktar, að barnaskólinn byrji 15. sept. næstk. og sje þá aðeins veitt inntaka í skólann börnum á skólaskyldualdri. Í þessum skóla fyrir skólaskyld börn, sem starfar til 31. apríl 1922. Sjeu aðeins kendar þessar námsgreinir, er lög kveða á um, að kendar skulu í kaupstaðaskólum. [Ekki má verja lengri tíma til prófs þessara skólabarna en hálfum mánuði. Ekkert miðsvetrarpróf sje haldið eins og tíðkast hefir að undanförnu.

M/10 Samt skulu teikning, handavinna og matreiðsla kend sem áður. nema öðruvísi verði ákveðið. Enn fremur skal 12-14 ára gömlum börnum, ~~sem~~ er þess óska sjálf í samráði við foreldra, gefinn kostur á tilsögn í dönsku og ensku og kennarar telja þau til þess fær, fyrir sakir þroska og kunnáttu í lögboðnum námsgreinum. Hverkensla falli niður í öllum bekkjum skólans. Ekki má verja lengri tíma til prófs þessara skólabarna, en hálfum mánuði. Ekkert miðsvetrarpróf sje haldið eins og tíðkast hefir að undanförnu. M/2

Frá 1. maí til 30 júní starfar vorskóli fyrir börn frá 6-10 ára aldurs. Sje þar höfuðáhersla lögð á lestur og alt það, er til heyrir góðri móðurmálskenslu, skrift og reikningi. Útigöngur og leikir og handavinna eftir því sem við verður komið.

Fundi frestað –

Framhaldsfundur 27/7 1921

Allir úr skólanefnd á fundi nema Fr. Krabbe.

Þetta gerðist:

I Eftir allangar umræður um fyrirkomulag skólans næsta ár, sem síðar verða teknar til endurnýjaðrar íhugunar, var samþykt að setja 28 kennara að skólastjóra meðtöldum í stað 31 í fyrra. Þ. Lagt er til að þessir verði settir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Hjaltested
Egill Hallgrímsson
Elín Tómasdóttir
Elías Bjarnason
Gísli Jónasson
Guðrún Blöndal
Guðrún Daníelsdóttir
Guðjón Guðjónsson
Guðlaug Sigurðardóttir
Guðm. Davíðsson
Guðm. Jónsson
Helgi Hjörvar
Hallgr. Jónsson
Halldóra Matthíasdóttir
M/2 Ingibjörg Brands
Ingibjörg Sigurðardóttir
Jón Jónsson frá Flatey
Kristín Arngrímsdóttir
Margrjet Þorkelsdóttir
Martha Stephensen
Marthe Hansen
Ragna Stephensen
Sigurbjörg Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorláksdóttir
Sigurður Jónsson
Soffía Jónsdóttir
Steinunn Bjartmarsdóttir
Þuríður Jóhannsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II Samþykt að leggja til við Bæjarstjórn að hún veiti
frk Guðlaugu Arason nægileg eftirlaun fyrir margra
M/1. ára starf og vel unnið við barnask. Reykjavíkur.
III Lagðir fram útboðsskilmálar og lýsing
~~Breyting~~ á byggingu baðhúss í kjallara leikfimis-
húss Barnask. Reykjavíkur.
M/4.
Samþykt að bjóða út bygginguna.
Þorvarði Þorvarðarsyni falið að sjá um útboðið.
M/9. III Samþ. að veita dóttur Ó. J. Haosleen undanþágu frá skólasetu næsta skólaár sökum veikinda.

Fundi slitið

Gunnl. Claessen — Sigurður Guðmundsson.

Þorvarður Þorvarðsson. — Laufey Vilhjálmsd.

Árið 1921 þ. 8. ágúst hjelt skólanefndin fund á skrifstofu
borgarstjóra. Allir úr skólanefnd á fundi, nema Th. Krabbe,
sem er ekki í bænum. Sigurður Jónsson, settur borgarstjóri og skólastjóri voru
á fundi. Þetta gerðist.

I Lögð fram tvö tilboð, er komið höfðu að byggingu baðhúss
í kjallara leikfimishúss barnask. Reykjavíkur – var
annað frá Filippusi Guðmundssyni, múrara og Finni Thorlacius
M/4. trjesmið, en hitt frá Ólafi Jónssyni og Kornelíus Sigmundssyni.
Voru tilboðin opnuð að ~~út~~bjóðendum viðstöddum. Fyrra
tilboðið var kr. 35.000,00 og kr 14,300,00 fyrir baðtæki og miðstöð eða
kr 49300.00. Síðara tilboðið var kr. 30175.00, að undan-
skildu því að ~~skaffa~~ útvega miðstöð í húsið og annað efni sem nefnt er
í 6. gr. útboðsskilmála (: baðtæki og miðstöð.) —
Frestað að taka ákvörðun um tilboðin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II Lesið brjef frá fræðslumálastjóra, þar sem spurt var um (~~ýmsar skýrslur viðvíkjandi barnask. Reykjavíkur~~) 1., hve mörg börn á skólaskyldu aldri verða í barnaskólanum næsta vetur, eftir því sem næst verður komist, að meðtöldum þeim börnum, sem komast á skólaskylduraldur á kenslutímabilinu 2) hve margar stundir á dag verður kent hverju barni og loks 3, hve margar stundir á viku má ætla skólastjóra.

Samþykt að svara þessum fyrirspurnum þannig:

1) Skólanefndin gerir ráð fyrir að minsta kosti 11 hundruð skólaskyldum börnum og ~~auk~~ sjeu með talin þau börn, sem komast á skólaskyldualdur á skólaárinu, ætlar nefndin að tala barnanna verði um 1140. Þessum börnum

11/10. verður skift í 38 deildir – í 19 kenslustofur barnaskólans.

2) Hverju barni, sem umræðir í Ilit – verður til jafnaðar kent 4 stundir á dag – og til þess að inna af hendi þá kenslu þarf 30 kennara auk skólastjóra.

3) Skólastjóra hefir ekki verið ætluð nein kensla í mörg undanfarin ár. Starf hans við umsjón í skólanum er svo umfangsmikið – að skólanefnd sjer sjer ekki fært að binda hann við kenslu –

III Samþykt að fela skólastjóra að sjá um smíði á nauðsynlegum – skólaborðum –

Fundi slitið –
~~Sigurður Guðmundsson.~~
Laufey Vilhjálmsdóttir
Gunnl. Claessen.
~~Þorvarður Þorvarðsson.~~

Árið 1921 þ. 13. ágúst hjelt skólanefndin fund á
skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþykt að taka tilboði Ólafs Jónssonar og Kornelíusar Sigmundssonar að byggingu baðhúss í kjallara leikfimishúss barnaskóla Reykjavíkur og verkfræðing Krabbe, í samráði við bæjarverkfræðing,
M/4. falið að semja við þá um verkið nánara, eftir því, sem þurfa þykir,
ennfremur bjóða baðtækin og miðstöðina út á ný.

2. Samþykt tillaga formanns skólanefndar um fyrirkomulag á kenslu við barnask. Rvíkur næsta vetur, bókuð 21. f. mán. ásamt eftirfarandi viðauka:

Börn 8 og 9 ára gömul, sem heimilin geta ekki sjeð fyrir
M/10. kenslu, sjeu tekin í barnaskólann í vetur, í það rúm (1 kenslustofa)
sem autt er þegar búið er að koma fyrir skólaskyldum börnum og skal reynt að útvega í viðbót 1-2 kenslustofur úti í bæ, ef þörf gerist, á kostnað bæjarsjóðs. Til þess að komast að raun um hvaða börn þurfi helst fræðslu, skulu þar til kjörnir menn af kennurum skólans, skifta bænum milli sín og rannsaka kunnáttu og kringumstæður 8 og 9 ára gamalla barna og gefa þar um skýrslu til ~~borgarstjóra~~ skólanefndar eins fljótt og auðið er, eða eigi síðar en í lok októbermánaðar.

3. Samþykt að ráða skólahjúkrunarkonu við barnask. Rvíkur,
M/12. er helgi skólanum alt starf sitt. Henni skal launa eins og föstum
kennurum skólans.

4. Samþykt eftir tillögum þeirra Steingríms Arasonar og Ólafs Ólafssonar, að í Landafræði skuli kend, næsta vetur, bók Karls Finnbogasonar
M/10. og í Íslandssögu kenslubók Jónasar Jónssonar frá Hriflu.

5. Samþykt að leggja til að Konráð Kristjánsson og Valdimar
M/2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinbjörnsson verði settur fastur kennarar við barnaskólann.

Allir á fundi.

Fundi slitið

Sigurður Guðmundsson.

Laufey Vilhjálmsdóttir

G. Claessen.

[illegible]

[illegible]

Árið 1921 þ. 24. ág. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir úr skólanefnd á fundi, nema G. Claessen, nema Sigurður magister Guðmundsson, sem er á förum úr bænum og hefir þess sagt sig úr nefndinni. Í hans stað hefir bæjarstjórnin kosið Jón Þorláksson og var hann viðstaddur. Auk þess voru á fundi skólastjóri M. Hansen og settur borgarstjóri, Sigurður Jónsson. — Þetta gerðist:

I Kosning formanns skólanefndar í stað Sig. Guðmundssonar.
M/7 Jón Þorláksson kjörinn formaður með hein. atkv. af fjórum.

II Lagt fram brjef frá ~~fundi~~ borgarstjóra ~~bæjarstjórnar~~ 26 f. m. þar sem
bakið var máls á því, að sumstaðar vantaði innri glugga í
M/4. barnaskólahúsinu. Málinu vísað til skólastjóra.

III Samþ. að fela bæjarverkfræðing í samráði við skólastjóra að
leggja gólf í forstofum barnaskólans annaðhvort úr flísum
M/4. eða steinsteypu.

IIII Lagt fram brjef frá ~~bæjarstjórnarfundi~~ borgarstjóra 26 s. m. viðvíkjandi
kenslu barna í Landakotsskólanum, sjerstaklega íslenskukenslunni. Samþykkt að íhuga reglugjörð skólans og að beiðast
M/9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upplýsinga hjá skipuðum prófdómendum.

V Lögð fram ályktun Bæjarstjórnar frá 18. þ. m.

a) Samþykkt í því trausti að bæjarstjórnin taki vel í barnaskólahaldið og að skólinn geti framvegis byrjað 15. september. M/3.

M/10. b) Samþykkt í því trausti að skólinn geti jafnframt veitt fullnægjandi kenslu í skyldunámsgreinunum. 4.

c) Samþykkt ~~að því áskyldu~~ ~~ar~~ með þeim viðauka að rannsókn þeirri sem getið er um í fundargerð 13. þ. m., verði lokið í byrjun skólaársins. M/4.

M/13. V Samþ. að auglýsa söngkenslustarfið við barnaskólann.

Fundi slitið –

[signature]

[signature] Laufey Vilhjálmsdóttir

[signature] Krabbe

Ár 1921, þriðjudaginn 30. ágúst, kl. 4½ síðd. var haldinn fundur í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Lagt fram erindi frá Valdimar Sveinbjörnssyni leikfimiskennara, þar sem hann fer fram á, að skólanefnd mæli með, að honum verði greiddur reikningur, að upphæð kr. 110.88, fyrir kenslu í íslenskri glímu veturinn 1919–20. Samþykkt að verða við ósk leikfimiskennarans. M/4.

M/13.

2. Samkv. meðmælum skólastjóra, í bréfi dags. 27. ágúst síðastl., leggur meiri hluti nefndarinnar til, að fröken Guðlaug Arason verði sett fastur kennari við skólann frá 1. okt. 1921 til 30. sept. 1922. M/4.

M/2.

3. Skólastjóra falið að ráða þá stundakennara, se

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/3. starfað hafa við skólann áður, til að starfa
við skólann næsta skólaár, eftir þörfum.

4. Rætt um bygging baðhúss og fyrirkomulag
þess, og bæjarverkfræðing falinn frekari undir-
M/4. búningur málsins.

Fleira gerðist ekki.

Skólastjóri var á fundinum og bæjarverkfræð-
ingurinn tók þátt í umræðunni um 4. lið.
Frú Laufey Vilhjálmsdóttir boðaði forföll.
Samúel Olafsson utanbæjar.
Fundi slitið.

Ím Þorláksson

K. Zimsen(?) Þorvaldur Þorvaldsson

Ár 1921, Laugardaginn 17. Sept., kl. 5 síðd.,
var haldinn fundur í skólanefndinni á skrifstofu
borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðir fram uppdrættir af stækkaðri viðbyggingu
til baðhúss við leikfimishús barnaskólans. Með
því að nefndinni þykir sýnt, að baðhúsið
geti ekki orðið tilbúið til notkunar á næstkom-
M/4. andi skólaári, þá samþykkir hún að fara
fram á það við fjárhagsnefnd og bæjarstjórn,
að fjárveitingin verði látin standa til næsta
árs.

2. Lögð fram tilboð í rafmagnslögn í skólahúsinu
frá Halldóri Guðmundssyni & Co. og h.f. „Hiti og ljós“,
að upphæð 8750 kr. og frá E. Jensen 6860 kr.
M/4. Samþykt að ganga að tilboði E. Jensens og
sé verkið unnið undir eftirliti bæjarverkfræðingsins.

3. Lagðar fram umsóknir um söngkenslu í barnaskólanum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá Bjarna Péturssyni Þingholtsstr. 8 og Sigurði
M/3. Þórðarsyni Laugaveg 43.
Málinu frestað.

4. Lagðar fram umsóknir um skólavist barna
innan skólaskyldualdurs, um 350–360 alls.
Samkv. ákvörðun skólanefndar hafði skólastjóri
fengið 10 af kennurum skólans til þess að
rannsaka kensluþörf barna á 8 og 9 ára
aldri, sem ekki hafa sótt um skólavist og
er vænst eftir skýrslu frá þessum kennurum
innan fárra daga. – Með því að sýnt þykir, að
M/10. ekki verði nægilegt húsrúm í skólanum fyrir öll
þau börn, er sótt hafa um kenslu, samþykkir
skólanefndin að auglýsa eftir tilboðum í hús-
rúm fyrir skólastofur næsta vetur.

Fleira gerðist ekki
Á fund vantaði frú Laufey Vilhjálmsdóttur, er
boðaði forföll og Gunnl. Claessen, er var utanbæjar.
Skólastjóri og settur borgarstjóri voru á fundinum
Fundi slitið

Jón Þorláksson
Þórvaldur Þórvarðsson
[illegible]

Ár 1921, hinn 24. sept., hjelt nefndin
fund á skrifstofu borgarstjóra. Skólastjóri
og settur borgarstjóri voru á fundinum.
Var þá fyrir tekið:
1. Lögð fram skýrsla um rannsókn á
kensluþörf barna 8 og 9 ára gamalla.
Höfðu nú borist umsóknir frá öllum
þeim börnum, á þessum aldri, sem álitið
er að ekki muni fá kenslu annars-
staðar, um skólavist. Skólastjóri upp-
lýsir að unt muni verða að taka um

M/8
M/10.
M/8.
M/3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

280 börn á þessum aldri í skólann, og var samþykt að veita fyrst um sinn inntöku:

a. 130 börnum, sem voru í skólanum síðastliðinn vetur.

M/8. b. 135 öðrum börnum, sem fátækranefnd hefir mælt með að fengju ókeypis kenslu.

c. Svo mikið, sem húsrúm leyfir, af elstu börnunum, sem þá eru eptir.

M/10. 2. Lagðar fram nokkrar umsóknir um ókeypis bækur handa fátækum börnum við skólann. Skólastjóra falið málið til afgreiðslu eptir sömu reglum sem að undanförnu.

Fleira gerðist ekki:

Á fund vantaði G. Claessen (erlendis) og Laufeyju Vilhjálmsdóttur (forföll) ~~og [illegible]~~.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson

[illegible]

Ásvaldur [illegible]

Ár 1921, Laugardaginn 1. Október, kl. 7¾ síðd., var haldinn fundur í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

M/8. 1. Synjað um inntöku í skólann 15 börnum, eldri en 14 ára, sem sótt hafa um skólavist, vegna rúmleysis.

M/3. 2. Skólastjóra falið að ráða þá Bjarna Pétursson og Sigurð Þórðarson sem stundakennara í söng næstkomandi skólaár.

3. Skólastjóra falið, að koma fyrir handavinnu drengja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/10. í efri bekkjum skólans á svipaðan hátt og und-
anförnum vetur.

4. Samþykt að mæla með að 1 kennari verði settur
til viðbótar því, sem áður hefir verið ákveðið, og
M/2. ákveðið að setja Einar Þórðarson í þá stöðu. M/9.

5. Jóni Jónssyni, Njálsgötu 19, veitt undanþága frá M/4.
M/8. að sækja skóla næstkom. skólaár.

Á fundinum mættu skólastjóri og settur
borgarstjóri Sigurður Jónsson.

Á fund vantaði: G. Claessen (erlendis),
Th. Krabbe og frú Laufey Vilhjálmsdóttir.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1921, þriðjudaginn 4. okt. kl. 5 var fundur hjá
skólanefnd á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist.

1. Nefndin fer fram á að bæjarstjórnin heimili að
verja úr bæjarsjóði alt að 250 krónum á mánuði
M/10. yfirstandandi skólaár til kostnaðar við húsnæði,
ljós og hita til kenslu fyrir 4-5 deildir smábarna
er ekki rúmast í skólahúsinu.

Á fund vantaði G. Claessen (erlendis),
~~Þorvarð Þorvarðsson~~ og Th. Krabbe, en viðstaddir voru skólastjóri M/14.
og settur borgarstjóri Sig. Jónsson.

Fundi slitið -

Jón Þorláksson

Þorvarður Þorvarðsson.

Laufey Vilhjálmsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921 laugardaginn 15. okt. kl. 10 að morgni var fundur haldinn af skólanefnd á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

M/9. 1. Dóttur Jakobs Jóh. Smára, Katrínu, veitt undanþága frá að sækja skóla næstk. skólaár, sökum heilsubrests.

M/4. 2. Lagðar fram umsóknir um afnot af leikfimishúsi barnaskólans frá Íþróttafjelagi Rvíkur og A. V. Tulinius. Ákveðið að biðja um tillögur skólastjóra og leikfimiskennara þessu viðvíkjandi.

Á fund vantaði Gunnl. Claessen, Þorv. Þorvarðsson og Tr. Krabbe, en skólastjóri var á fundi. Fundi slitið

Jón Þorláksson

Laufey Vilhjálmsdóttir

Ár 1921 25. okt. kl. 5 síðd. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram umsóknir um afnot leikfimishúss barnaskólans frá:
   a. Íþróttafjelagi Reykjavíkur
   b. Hr. A. V. Tulinius,
   c. Glímufjelaginu Ármann.

M/4. Jafnframt lögð fram umsögn leikfimiskennara ~~um málið~~ Valdimars Sveinbjörnssonar um málið. Skólanefndin leggur til að leiga leikfimishúsið áðurnefndum umsækjendum kl. 7–9 síðdegis og hafi Íþróttafjel. Rvíkur afnot hússins 3 kveld vikunnar, Glímufjel. Ármann 2 kveld, en Hr. A. V. Tulinius 1 kveld vikulega til skáta-æfinga; auk þess leyfist síðasttalda afnot hússins á sunnudögum til 10–11 árdegis.

Leyfið fellur burtu ef umgengni um leikfimishúsið, að dómi leikfimiskennara barnaskólans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykir ábatavant, svo og ef rattum hússins dregst fram yfir kl. 9 á kvöldin. M/11

2. Lagt fram erindi frá Dr. Einari E. Kvaran og Jóni Halldórssyni um leyfi til söngæfinga fyrir „Karlakórið" í söngstofu barnaskólans á þessum M/4.
M/4. vetri.
Meiri hluti skólanefndarinnar leggur til að Söngstofan verði lánuð tjeðum mönnum 2 kvöld vikunnar og sje söngæfingunum lokið kl. 9 síðdegis. M/12.

3. Lagt fram brjef frá prófdómendunum við Landakotsskóla, sjera Bjarna Hjaltested og sjera Skúla Skúlasyni, um íslenskukensluna í þeim
M/9. skóla, en um hana hafði fyrv. skólanefndar gert fyrirspurn í tilefni af umræðum um Landakotsskólann á bæjarstj. fundi s.l. sumar. Prófdómendurnir telja móðurmálskensluna í skólanum í góðu lagi. Ennfremur lögð fram frá skólastjóra Meulenberg reglugerð Landakotsskólans, stundatafla og skrá yfir skólaskyld börn í skólanum.

~~Skólastjóra~~
4. Skólastjóra Morten Hansen falið að láta rannsaka hvort öll skólaskyld börn bæjar-
M/8. ins muni njóta lögboðinnar kenslu á ~~yfir~~ þessum vetri.

5. Formaður lagði til að kosnir yrðu 3 menn – einn innan, en tveir utan skólanefndar – til þess að gera tillögur til skólanefndar um kröfur þær, er nefndin ætti að gera ~~um~~ til nýrrar barnaskóla- R/7.
húsbyggingar. ~~Hann~~ Samþykkt að kjósa 3 menn og hlutu kosning:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

formaður skólanefndar.

Sigurður Jónsson yfirkennari og

M/11. Steingrímur Arason, kennari v. kennaraskólann.

6. Ákveðið að fela bæjarverkfræðing - eftir samráði við skólastjóra - að koma fyrir nýju drykkjarvatns-áhaldi í barnaskólanum

M/4.

7. Ákveðið að fara fram á við stjórnarráðið að væntanlegur bæjarlæknir í Reykjavík gegni - án sjerstakrar þóknunar - skólalæknisstörfum við barnaskólann.

M/12.

Skólastjóri Morten Hansen á fundi.
Á fund vantaði frú Laufeyju Vilhjálmsdóttur og Th. Krabbe sem er erlendis.

Fundi slitið

Jón Þorláksson

~~Þorvaldur Þorvaldsson~~ Gunnlaugur Claessen.

Ár 1921 þ. 10. nóvember kl. 5 síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt til að fjárveitingar til barnaskólans árið 1922 verði þannig:

R/7.

| | |
|---|---|
| a. Laun kennara | kr. 60.000.00 |
| b. Heilbrigðiseftirlit | 5.000.00 |
| c. Hiti og ljós | 10.000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

d. Laun dyravarðar Kr. 3880.00.
e. Rasting - 4500.00.
f. Skólaáhöld - 2000.00.
g. Til áhaldakaupa - 4000.00. M/4.
h. " bókasafns hennara - 500.00.
i. Matgjafir handa skólabörnum. 3500.00.
j. Til viðhalds og endurbóta á
skólahúsinu:
Malbikun svæðisins austan v. skólann Kr. 10.000.00
Nýjar þakrennur - 2.000.00
Viðhald og endurbætur hússog lóðar 8.000.00 20.000.00
k. Til kennsluhúsrúms utan skólans 2.600.00
l. " Sumarskóla 2000.00 M/2.
m. " undirbún. byggingar nýs barna-
skólahúss . . 10.000.00
n. Fyrsta árgreiðsla til byggingar
nýs barnaskólahúss . . 100.000.00
o. Ýmis gjöld . . 3.000.00
Nefndin áskilur sjer að koma síðar fram með
nánari tillögur um lið b.

2. Lagt fram erindi frá ýmsum mönnum fyrir
austan bæ um styrk til skólahalds í Lækjar-
hvammi.
Formanni falið að kynna sjer tölu barnanna,
M/9. er sækja nefndan skóla og gera nefndinni tillögu
um styrkupphæðina fyrir næsta bæjarstjórnar-
fund.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram á ný erindi Jóns Halldórssonar og Einars Hvarans um lán söngstofu barnaskólans til kl. 10 síðdegis; hafði

M/4. bæjarstjórnin á síðasta fundi samþ. fyrir sitt leyti að verða við beiðninni.

Skólanefndin sjer sjer ekki fært að verða við umsókninni um húslánið.

4. Lögð fram umsókn frá Hallgr. Jónssyni, form. kennarafjel. barnaskólans, um að kennararnir hafi einn frídag á mánuði, sem síðastliðinn vetur til þess að halda málfundi

M/2. um kenslumál.

Samþ. að ~~verða við beiðninni~~ heimila skólastjóra að veita frí í þessu skyni.

Skólastjóri var á fundi.

Frú Laufey Vilhjálmsdóttir var ekki viðstödd.

Th. Krabbe erlendis

Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Þorvarður Þorvarðsson Gunnlaugur Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1921 þ. 30. nóvember kl. 5 síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. M/12.

Þetta gjörðist:

1. Formaður skýrði frá því, að ráðstafanir hefðu verið gjörðar til þess að matgjafir gætu byrjað í barnaskólanum eptir næstu helgi; ungfrú Helga Jónsdóttir hefir tekið að sjer forstöðuna. M/6.

2. Erindi frá Íþróttafjel. Reykjavíkur um lán leikfimishússins ~~barnaskólans~~ 2 daga vikunnar til kl. 10 síðd. Beiðninni hafnað. M/10. M/4.

3. Lagt fram ~~erindi~~ skýrsla skólastjóra Morten Hansen um skólaskyld börn, sem ekki sækja skóla bæjarins nje aðra samþykkta skóla. M/8.

4. Lögð fram á ný beiðni um styrk til skólahalds í Lækjarhvammi. Þessum börnum í nefndum skóla veitist undanþága frá því að sækja barnaskóla bæjarins: M/9.

Magnús Jónsson, 10 ára, Undralandi.
Margrjet Ingimundard. 11 " Litla Hvammi.
Lára Lúðvíksdóttir 12 " Laugarási.

Samþ. að greiða skólagjald fyrir 2 hin síðasttöldu, kr. 15.00 á mán.

5. Samþ. að leggja til að veitt verði á fjárhagsáætlun 1922:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til tannlækninga í barnaskólanum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| M/12. | Áhöld í eitt skipti | kr. 3200.00 | |
| | Starfrækslukostnaður | - 800.00 | 4000.00 |

6. Borin upp tillaga um að Steingrími Arasyni kennara verði falið frá byrjun desember–maí n.k. að hafa eftirlit með heilsunni í Barnaskóla Reykjavíkur og veita kennurum leiðbeiningar við heilsuaðferðir.

M/10. Samþ. með 2 atkv. Form. greiddi atkv. á móti till. og gat þess að hann mundi ekki ~~veita~~ ávísa fje til greiðslu á kostnaði við þetta, nema með samþykki bæjarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir

Skólastjóri var á fundi. Frú Laufey Vilhjálmsdóttir var fjarverandi. Th. Krabbe erlendis

Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Þorvarður Þorvarðsson

Gunnlaugur Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1921 þ. 10. desember kl. 6 síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

I.

Samþykkt að bera fram svohljóðandi breytingartillögur við frv. til fjárhagsáætlunar 1922 (frh. 2. umræðu):

Gd/7 a. Gjaldl. IX. aa, matgjafir:
Fyrir kr. 3500.00 komi kr. 5000.00.

b. Gjaldl. IX. 65, ýms gjöld:
Fyrir kr. 3000.00 komi kr. 5500.00.

c. Á eftir IX. 65 komi nýr liður svohljóðandi:

„Fyrsta afgreiðsla til byggingar nýs barnaskólahúss kr. 100.000.00."

Þetta samþ. m. 2 atkv. gegn 1.

II. Lögð fram skrá frá skólastjóra um börn, sem greiða skal skólagjald fyrir á yfirstandandi skólaári. M/1. J/26.

III. Skólastjóra falið að leyta sjer álits kennara barnaskólans um uppsetning á linoleum-veggtöflum í skólastofunnar og hve mikið slíkar töflur mundi kosta. M/4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira ekki tekið fyrir

Skólastjóri var á fundi, en frú Laufey Vilhjálmsdóttir fjærverandi. Th. Krabbe erlendis.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Gunnlaugur Claessen.

Þorvarður Þorvarðsson.

Árið 1922 þ. 11. janúar kl. 5 síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

I. Lagt fram erindi frá borgarstjóra - fyrir hönd kjörstjórnar við væntanlega bæjarstjórnarkosning þ. 28. þ. m. - um að skólanefndin gefi fyrir sitt leyti samþykki til að kosningin megi fara fram í barnaskólahúsinu.

7/26. Samþykkt með 3 atkv. móti 1 að veita leyfi til húslánsins með eptirfylgjandi skilyrðum, er Th. Krabbe bar fram:

1. Að upptalning atkvæða fari fram utan barnaskólahússins.
2. Að sjeð verði um að óviðkomandi menn hafi ekki aðgang að skólahúsinu meðan á kosningu stendur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Að þrifnaðar sjé gætt sem föng eru
á og hreingerning [eftir kosningarnar.] fari fram með
eftirliti skólalæknis.

II. Lögð fram áætlun frá skólastjóra um
linoleum-veggtöflur; samkv. áætluninni
þarf alls 117,15 fermetra í allar skóla-
stofur. Skólastjóri taldi barnakennarana
M/4. hlynta því að nefndar töflur yrðu settar upp.
Formanni falið að útvega sýnishorn af
hæfilegum linoleumdúk og láta upplýs-
inga um verð.

III. Rætt um útvegun á tannlækninga-
áhöldum og G. Claessen falið að sjá
M/12. um pöntunina með væntanlegri aðstoð
V. Bernhöfts tannlæknis.

IV. Lagt fram brjef frá borgarstjóra þar
sem talið er að laun stundakennara við
barnaskólann eigi að vera kr. 2,72 pr.
klst. þ.e. kr. 1,40 + 94% dýrtíðaruppbót
frá nýári að telja.
M/3. Jafnframt bað borgarstj. skólanefnd
athuga hvort ástæða þætti til að lækka
borgun fyrir leiðrjetting ritæfinga, sem
nú eru 10 aurar pr. ritæfing.
Ákveðið að láta þóknun fyrir ritæfing-
arnar haldast óbreytta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/12. V. Samþykkt að greiða kostnað við augnlæknisskoðun á 50–60 börnum, sem reynst hafa augnveik við skoðun skólalæknis og láta þau börn fá ókeypis gleraugu, sem fátæk eru.

M/12. VI. Lögð fram skýrsla skólalæknis G. Thoroddsen um lækniseftirlit í Barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1920–1921.

M/12. VII. Formanni falið að auglýsa til umsóknar hjúkrunarkonustarfið við barnaskólann frá 1. febr. þ.á.

M/4. VIII. Upplýst var á fundinum að enn hefði ekki verið sett upp hið nýja drykkjarvatnsáhald í barnaskólanum; hafði bæjarverkfræðing verið falið það starf á skólanefndarfundi þ. 25 okt. f.á.

Skólastjóri var viðstaddur og allir skólanefndarmenn, en Th. Krabbe vjek af fundi þegar útrætt var um 1. lið fundargjörðarinnar.

Fundi slitið.

[illegible]

Laufey Vilhjálmsdóttir. [illegible]

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 1. febr. kl. 5 sídd. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

I. Umsóknir um skólahjúkrunarkonu-starfið höfðu borist frá:

Önnu Tómasdóttur, Vesturg. 40,
Kristínu Bárðardóttur Bergsstr. 57
og Helgu Jónsdóttur, Hvg. 44.

M/12. Samþ. með öllum atkv. að veita ungfrú Helgu Jónsdóttur starfið gegn 350 króna mánaðarlaunum þá tjö mánuði ársins sem starfinu er gegnt, enda veiti hjúkrunarkonan jafnframt forstöðu matgjöfum við barnaskólann. M/4

II. Erindi frá skólastjóra Guðm. Thoroddsen, þar sem hann tjáir skólanefndinni, að hann geti ekki gegnt skólalæknis-starfinu það sem eftir er vetrarins vegna þess að hann hefir verið settur prófessor við háskólann; mæltist hann til að mega setja Gunnlaug lækni Einarsson í sinn stað og var það samþykkt. M/6.

M/12.

III. Samþykkt að greiða tímakaup fyrir kenslu í veikindaforföllum Mörthu Stephensen. M/7

M/2. Skólastjóri var viðstaddur, en Th. Krabbe fjarverandi sökum lasleika.

Laufey Vilhjálmsdóttir
Sigurður Thorvaldsson, Gunnl. Claessen.

Fundi slitið.
Ágúst Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 29. marts kl. 6 síðd. hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gjörðist:

I. Lagt fram erindi bæjarverkfræðings um útboð væntanlegrar baðhúsbyggingar við barnaskólann; áætlar bæjarverkfræðingur að 5 kerur muni nægja fyrir heitt vatn.

M/4 Samþ. að fela bæjarverkfræðingnum að semja útboð á baðhúsbyggingu með 15 – fimmtán – kerum fyrir heitt vatn, við austurenda leikfimishúss barnaskólans, samkv. framlögðum uppdrætti bæjarverkfræðingsins dags. þ. 15–9–'21.

M/6. II. Matgjafir barnaskólans. Form. skýrði frá að fjárveiting til matgjafanna gengi mjög til þurðar ~~mundi ekki nægja lengur en til frá og með þessu mánaðamóta~~. Samþ. að halda áfram matgjöfunum fram að páskaleyfinu.

III. Lausnarbeiðni verkfræðings Th. Krabbe úr skólanefndinni. Hafði málinu verið vísað til skólanefndar af bæjarstjórn.
M/7 Samþ. að mæla með því, að Th. Krabbe verði veitt lausn úr nefndinni samkv. ósk hans.

IV. Samþykkt að greiða kenslu, sem þurft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/2. hefir að kaupa ~~[illegible]~~ í veikindaforföllum
hennar í vetur.

V. Skólastjóri bar fram tillögu um að
lestrarpróf fari fram í öllum bekkjum skól-
M/10. ans áður en vorpróf byrjar og skuli vera
einn prófdómandi útnefndur af fræðslumála-
stjóra. Er ráðstöfunin gerð í því skyni
að auðveldara verði að flokka börnin í
bekki að hausti. Samþykkt.

VI. Rætt um að koma á smíðakenslu á ný
M/10. við barnaskólann. Samþ. að fela frú Laufey
Vilhjálmsdóttur og skólastjóra að leita
fyrir sjer um hennar.

VII. Borin fram tillaga (G.Cl.) um að auglýsa
til umsóknar allar barnakennarastöðurnar
M/2. við barnaskólann. Samþ. að fresta ~~því~~ ákvörðun í þessu máli þar
til alþingi hefir tekið ákvörðun í barna-
fræðslumálinu.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið.

~~Þorvarður Þorvarðsson.~~ Jón Þorláksson

Laufey Vilhjálmsdóttir

Sig. [illegible]

Gunnl. Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 12. maí kl. 6 síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundi var skólastjóri Morten ~~[illegible]~~ Hansen, svo og Jón Ófeigsson, er kosinn hefir verið í skólanefndina í stað Th. Krabbes. ~~Þorvarður Þorvarðsson fjarverandi.~~

I. Veitingar kennaraembætta við barnaskólann. Formaður tilkynnti, að samkvæmt áliti kennslumálaráðherra væru umsóknir þeirra kennara er sóttu sumarið 1920 enn í

M/2 gildi.

Samþ. að ~~veita~~ auglýsa til umsóknar kennarastöðurnar við barnaskólann, þó þannig að þeir þurfi ekki að sækja á ný, er sóttu 1920 (eða síðar) umsóknarfrestur til 15. júní þ.á.

Samþ. að fela skólastjóra að gera tillögur til nefndarinnar um veiting á kennarastöðunum við barnaskólann.

Enn fremur samþykkt að óska eftir skýrslu frá Steingrími Arasyni um (eftirlits-) starf hans

M/10 við skólann (í vetur) ~~og álit hans~~ ~~starf kennaranna~~.

II. Formanni falið að rita firmanu „Skolefilmen" í Kaupmannahöfn um

M/10 leigu eða kaup á kvikmyndum til skólasýninga, svo og um kaup á kvikmynda-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vjel.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Jón Ófeigsson

Guðm. Hlíðdal [?]

Laufey Vilhjálmsdóttir

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kennarar og vikustundir þeirra skóla-árið 1921–1922

Fastir kennarar:

1 Bjarni Hjaltested
2 Egill Hallgrímsson
3 Elín Tómasdóttir
4 Elías Bjarnason
5 Einar G. Þórðarson
6 Gísli Jónasson
7 Guðlaug Arason
8 Guðrún Blöndal
9 Guðrún Daníelsdóttir
10 Guðjón Guðjónsson
11 Guðlaug Sigurðardóttir
12 Guðm. Davíðsson
13 Guðm. Jónsson
14 Helgi Hjörvar
15 Hallgr. Jónsson
16 Halldóra Matthíasdóttir
17 Ingibjörg Brands
18 Ingibjörg Sigurðardóttir
19 Jón Jónsson frá Flatey
20 Kristín Arngrímsdóttir
21 Konráð Kristjánsson
22 Margrét Þorkelsdóttir
23 Martha Stephensen
24 Ragna Stephensen
25 Sigurbjörg Jónsdóttir
26 Sigurbjörg Þorláksdóttir
27 Sigurður Jónsson
28 Soffía Jónsdóttir
29 Steinunn Bjartmarsdóttir
30 Valdimar Sveinbjörnsson
31 Þuríður Jóhannsdóttir — hver þessara kendi 30 st. = 930
32 Skólastjóri . . . . . . 1

Stundakennarar:

| | |
|---|---|
| Bjarni Pétursson | 8 |
| Elín Andrésdóttir | 26 |
| Eiríkur Magnússon | 24 |
| Ingibjörg Guðmundsdóttir | 19 |
| Jóhanna Þorsteinsdóttir | 26 |
| Jón Stefánsson | 24 |
| Pétur Hjaltested | 6 |
| Solveig Albertsdóttir | 18 |
| Sigurður Þórðarson | 8 |
| Þorbjörg Friðriksdóttir | 28 |
| Vikustundir samt. | 1118 |

Margir kennarar voru veikir lengur og skemur á skóla-árinu. Mest kvað að veikindum Mörtu Stephensen. Fyrir hana kendi oftast Sig. Sigurðsson frá Hoffelli og Valdim. Sveinbj. Fyrir Rögnu Stephensen kendi mest Elías Eyjólfsson. — Páll Jónsson og Kristján Einarsson kendu og fyrir ýmsa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tafla,

## er sýnir vikustundir námsgreina í Barnaskólanum 1921–1922.

Bekkir

| Námsgr. | 1A | 1B | 1C | 1D | 1E | 2A | 2B | 2C | 2D | 2E | 2F | 2G | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 3G | 3H | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 4G | 4H | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 5H | 5I | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 6G | 6H | 6I | 7A | 7B | 7C | 7D | 7E | 8 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kr. fræði | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 103 |
| Íslenska | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 237 |
| Skrift | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 117 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 174 |
| Saga |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 56 |
| Landafr. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 42 |
| Náttúruf. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 48 |
| Danska |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |  | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 28 |
| Enska |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 2 | 2 | 2 | 2 | ° | 2 | 10 |
| Söngur |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | Í 4., 5., 6., 7. og 8 bekk |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 16 |
| Teikning |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 39 |
| Handav. st. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 80 |
| Handav. dr. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 48 |
| Matreiðsl. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | Í 6., 7. og 8. bekk. |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 60 |
| Leikfimi |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | Stúlkur og drengir í öllum skólanum |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | 60 |
|  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  |  | Vikustundir námsgreina | 1118 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í lok skóla-ársins voru innfærð á skýrslur til fræðslumálastjórnarinnar 1536 börn, þ.e. 1236 skólaskyld börn og 300 yngri. Undir próf gengu 1425 börn; höfðu þannig farið úr skóla á undan prófi eða frá byrjun skóla-ársins 111 börn Höfðu flest orðið veik, nokkur farið burt úr bænum o.s.frv. — Einn drengur andaðist. (í aprílmánuði).

202 börn eru orðin 14 ára eða ná þeim aldri í sumar: 100 stúlkur og 102 drengir. Próf þessara barna er því fullnaðarpróf.

Aðalprófið fór fram að mestu í maímánuði 1.–8., en skriflegt próf í íslensku og reikningi fór fram 24. og 25. apríl. Lestrarpróf, leikfimispróf og söngpróf fóru somul. fram á undan aðalprófinu. Sýning á handavinnu, teikningum og skólaeldhúsi var haldin 8. og 9. maí.

Handavinnueinkunnir stúlkna voru færðar (færðar) inn í prófbækur skólans, en ekki taldar með í aðaleinkunninni vegna þess að drengjunum voru ekki gefnar einkunnir fyrir handavinnu þeirra (Skósmíði og bókband)

Verðlaunabækur af Gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sáluga kaupmanns hlutu þessi 6 börn:

1. Bjarndís Tómasdóttir í 8. bekk: „Nýu myndir úr lífi meistarans“ e. Ossi Rich.
2. Gyða E. Briem í 8 b. „Svanhvít“
3. Ingi Pálsson í 7C.: „Íslenzk Söngbók“
4. Daníel Ólafsson í 7B: „Svartfjallasynir“
5. Erna Eggerz í 7. A.: „Helgist þitt nafn“ e. V. Snævar
6. Þórarinn Jónsson í 7. A.: „Svanhvít“

Frá skólastjóra er komið til nefndarinnar:

1. Skýrsla um vorpróf 1922 á 19 örkum
2. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í bsk. Rv. 1921–22
3. Skrá yfir kensluáhöld, er skólinn hefur eignast 1921–22
4. Skýrsla um vorpróf 1922 í barnadeild Kennaraskólans
5. Skýrsla um próf utanskólabarna í Reykjavíkur skólahéraði 15. maí 1922.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 29. maí kl. 5 e. síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra

Þetta gerðist:

1. Málaleitun frá námsskeiðsnefnd Íþróttafjel. Reykjav. um láni á þrem skólastofum Barnaskólans til íbúðar fyrir þátttakendur í væntanl.
M/4. íþróttanámsskeiði þ. 10. júní til 15. júlí þ. á.

Beiðninni neitað.

2. Málaleitun frá borgarstjóra um lán á
3/25. barnaskólahúsinu til alþingiskosninga þ. 8. júlí þ. á.

Samþykkt með 3 atkvæðum að lána húsið með sömu skilyrðum og síðast, er skólahúsið var lánað til kosninga.

3. Beiðni frá kennara í skólaeldhúsinu, Soffíu Jónsdóttur, um ~~kaffi til þess~~ að mega dvelja
M/2. fram eftir októbermánuði erlendis, til þess að kynna sjer nýjungar í kennslu á skólaeldhúsum.

Samþykkt.

4. Erindi frá sama um að gert verði við gólf og
M/4. veggi í skólaeldhúsinu.

Samþ. að fela bæjarverkfræðingnum að sjá um viðgerð á skólaeldhúsinu.

5. Skólabaðhúsið. Byggingarnefnd hafði ekki viljað samþykkja uppdrátt að baðhúsbyggingu við austurenda leikfimishússins, en frestað málinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir nokkrar umræður var samþ. að fela bæjarverkfræðingnum að gera áætlun og teikning að baðhúsi undir leikfimis-húsinu, sem sje lyft upp til hækkunar á kjallaranum. Sje lokið við uppdráttinn M/4. og hann lagður fyrir skólanefnd fyrir miðja næstu viku.

Á fundi voru allir skólanefndarmenn, svo og borgarstjóri, skólastjóri og bæjarverkfræðingur.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Laufey Vilhjálmsdóttir

Jón Ófeigsson

~~Þorvarður Þorvarðsson~~

Gunnl. Claessen

Árið 1922 þ. 9. júní kl. 5 síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fund vantaði Jón Þorláksson, sem er fjarverandi úr bænum og Jón Ófeigsson, er hafði boðað forföll. Bæjarverkfr. var á fundi og borgarstj. meðan 1. mál var ~~á dagskrá~~ til umræðu.

Þetta gerðist:

1. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram uppdrátt að baðhúsi undir leikfimishúsi barnaskólans; sje leikfimishúsinu lyft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um 90 ctm., en til högum sjálfs baðhússins með ~~svipuðum~~ hetti og á uppdrætti bæjarverkfr. d. 10/5 þ. á.

Samþ. að byggja baðhúsið samkvæmt hinum framlögðu uppdrætti, d. 6/6 '22, og leggja málið fyrir byggingarnefnd á morgun til væntanlegrar samþykktar. M/4.

2. Viðgerðir á barnaskólahúsinu.

Bæjarverkfræð. falið að láta:

a. dúkleggja gólfið og mála veggi í skólaeldhúsinu. M/4.

b. Setja upp nýjar tröppur úr höggnum steini við Fríkirkjuveg.

M/4. c. gera við vatns-[salernin] og mála salernaherbergin.

Ennfremur var bæjarverkfr. falið að gera áætlun og uppdrætti að „tröppuhúsi" yfir inngangana sunnanvert á skólaportinu.

Fleira ekki tekið fyrir. M/10.

Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðsson.

Gunnl. Claessen.

Laufey Vilhjálmsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, miðvikudaginn þ. 5. júlí kl. 5 síðdegis hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Á fund vantaði frú Laufeyju Vilhjálmsdóttur og Jón Þorláksson, sem báðir eru fjarverandi úr bænum. Bæjarverkfræðingur á fundi.

Þetta gjörðist:

I. Bæjarverkfræðingur lagði fram 5 tilboð sem komið höfðu til þess að lyfta leikfimishúsi barnaskólans um 90 cm. og ganga frá húsinu að því leyti samkvæmt útboði. Hæsta tilboð
M/4. var kr. 4615.00, en lægsta kr. 1560.00.
Samþ. að taka lægsta tilboðinu – kr. fimmtán hundruð og sextíu – frá þeim Ara Erasmussyni Bergstaðastr. 2 og Sigurjóni Oddssyni Laugaveg 27B. og bæjarverkfræðing falið að gjöra við þá fullnaðarsamning og hafa umsjón með framkvæmd verksins.

II. Smíðakensla. Samkvæmt 6. lið fundarályktunar skólanefndar þ. 29. marts þ. á. hafði frú Laufey Vilhjálmsdóttir leitað fyrir sjer um kennara í smíðum.
M/10. Upplýst á fundinum að Guðmundur Mosdal kennari á Ísafirði gefi kost á að taka að sjer kenslu í burstagerð og smíðum hálft næsta skólaár eða lengur ef um semst. Varaformanni falin frekari framkvæmd og samningaumleitun í málinu, í samráði við skólastjóra.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðsson.

Jón Ófeigsson

Gunnlaugur Claessen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, mánudaginn þ. 17. júlí kl. 1½ hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Frú Laufey Vilhjálmsdóttir og Jón Þórláksson höfðu bæðað forföll, en fjarverandi var Sigurður Jónsson kennari, f. h. skólastjóra Morten Hansen, sem er fjarverandi úr bænum; ennfremur Steingrímur Arason kennari.

Þetta gerðist:

M/2 I. Veiting á kennarastöðum við barnaskólann.

Fyrir nefndinni lágu tillögur skólastjóra M. Hansen og Steingríms Arasonar. M/2.

Skólanefndin leggur til að eptirfarandi kennarar verði skipaðir ~~barna~~ fastir kennarar við Barnaskóla Reykjavíkur frá 1. október 1922:

1. Egill Hallgrímsson
2. Elías Bjarnason
3. Gísli Jónasson
4. Guðrún Daníelsdóttir
5. Guðjón Guðjónsson
6. Guðmundur Davíðsson
7. Guðmundur Jónsson
8. Helgi Hjörvar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hallgrímur Jónsson
10. Ingibjörg Sigurðardóttir
11. Jón Jónsson, frá Flatey
12. Konráð Kristjánsson
13. Martha Stephensen.
14. Sigurbjörg Jónsdóttir
15. Sigurbjörg Þorláksdóttir
16. Sigurður Jónsson
17. Steinunn Bjartmarsdóttir
18. Valdimar Sulinbjörnsson.
19. Guðlaug Sigurðardóttir
20. Soffía Jónsdóttir.
21. Ingibjörg Brands.

11/2. Skólanefndin leggur til að eptirfarandi kennarar verði settir fastir kennarar til 1 árs, frá 1. október 1922:

1. Guðlaug Arason.
2. Bjarni Pjetursson
3. Þorbjörg Friðriksdóttir
4. Jóhanna Þorsteinsdóttir
5. Elín Andrjesdóttir
6. Bjarni Hjaltested
7. Elín Tómasdóttir
8. Einar G. Þórðarson
9. Guðrún Blöndal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Halldóra Matthíasdóttir
11. Kristín Arngrímsdóttir
12. Margrjet Þorkellsdóttir
13. Ragna Stephensen
14. Þuríður Jóhannsdóttir.
15. Þorsteinn G. Sigurðsson
16. Kristrún Hallgrímsdóttir.

Þar eð í ráði er að gera tilraun með sjerstaka aðferð við skriftarkenslu, sem kynni að verða ~~við~~ til frambúðar, gerir nefndin tillögu um að frk. Guðlaug Arason verði sett, en ekki skipuð sem fastur kennari. M/2.

M/2. Skólanefndin vill ekki leggja til að skipað verði að þessu sinni í ofantaldar stöður no. 6-16, þar eð nefndin samþykkir að láta fara fram á næsta vori próf. fyrir sjerstakri dómnefnd, á allum þeim er nú verða settir í þessar stöður, ef þeir ekki apturkalla umsóknir sínar, svo og öðrum, er um þær kunna að sækja ~~þá kynnu að sækja um lausar stöður við barnaskólann, þar sem~~ umsækjendum gefst við prófið kostur á að sýna kennarahæfileika sína. Dómnefndin skal skipuð 5 mönnum, einum úr skólanefnd, skólastjóra kennaraskólans, sem hefir hjá sig fúsan til þess að taka sæti í nefndinni, fræðslumálastjóra, einum af kennurum skipuðu kennurum barnaskólans, sem til þess er kosinn af skipuðum kennurum skólans og núverandi æfinga-~~föstum~~-kennara við kennaraskólann, ef ofangreindir menn fást til þess. Prófið fer fram síðari hluta mai-mánaðar n. k. og verður síðar ákveðin nánari tilhögun ~~prófs~~ þess ~~ins~~ í samráði við væntanlega dómnefnd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin mælir með því að Marten Hansen verði skipaður skólastjóri frá 1. október n. k., en vegna þess hve skólinn er orðinn stór og starf skólastjóra umfangsmikið samþykkir skólanefnd að ~~skipa~~ setja námstjóra frá 1. október n. k., fyrst um sinn til 2ja ára. Ætlast er til að námstjóri ráði, með samþykki skólanefndar, námsefni og tilhögun kenslunnar að öðru leyti, samkvæmt nánara skipunarbrjefi frá skólanefnd.

M/2. Nefndin ætlast til að Steingrímur Arason verði námstjóri við skólann.

II. Lúðrasveit Reykjavíkur sækir um að fá söngstofu barnaskólans til æfinga frá miðjum júlí, fram í septembermán. n. k. Samþ. með 2 atkv. gegn 1.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

~~[illegible]~~

Gunnlaugur Claessen

Jón Ófeigsson

Það er ranghermt í framanritaði fundar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gerð þriggja manna úr skólanefndinni að jeg hafi „boðað forföll“ frá því að ~~mæta~~ sitja skólanefndarfund þann, er gerði tillögur til bæjarstjórnarinnar um skipun skólastjóra og kennara við skólann. Einasta ástæðan til þess að jeg var ekki á þessum fundi 17. þ.m. var sú, að jeg var ekki látinn vita um hann. Jeg hef sem stendur utanbæjar-aðsetur í Sigtúnum við Ölfusárbrú, og hef þar síma á skrifstofu minni, svo að hvenær sem er má ná mig tali hjeðan úr bænum, og hingað kem jeg hvenær sem nauðsyn krefur til að gegna hjer störfum mínum.

Síðast þegar jeg fór úr bænum, 3. þ.m. afhenti jeg skólastjóra M. Hansen innkomnar umsóknir um kennarastöður, og bað hann að gera tillögur til skólanefndarinnar um skipun kennara, láta umsóknirnar ásamt tillögum sínum ganga milli skólanefndarmannanna til athugunar, og síðast til mín, og ráðgerði jeg að koma svo til bæjarins og halda skólanefndarfund. Í gær, 18. þ.m., kom jeg til bæjarins í þessu skyni, en þegar jeg samkvæmt venju bað skrifstofustjóra borgarstjóra að boða skólanefndarfundinn, tjáði hann mjer að fundur hefði verið haldinn um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málefnið, eins og gjörðabókin ber með sjer.

Þar sem þessi fundur hefur án gildra ástæðna verið haldinn þannig að formanni nefndarinnar gafst ekki kostur á að sækja hann, verð jeg í rauninni að telja fundargerðina ógilda sem skólanefndar-fundargjörð, og að rjett væri að afgreiða málið á nýjum fundi, löglega boðuðum. En þar sem jeg þykist vita að sá meiri hluti nefndarinnar, sem hjelt fundinn, mundi að öllu leyti gera sömu tillögur, þykir mjer nægja að fara hjer um og afgreiða til landsstjórnarinnar tillögur mínar sem minni hluta nefndarinnar um skipun skólastjóra og kennara.

Tillögur mínar eru þessar:

1. Að skólastjóri M. Hansen verði skipaður skólastjóri við barnaskóla Reykjavíkur.

2. Að ~~[illegible]~~ neðangreindir kennarar, sem allir hafa verið settir kennarar við skólann undanfarið, verði nú skipaðir kennarar við hann:
   1. Bjarni Hjaltested
   2. Egill Hallgrímsson
   3. Elín Tómasdóttir
   4. Elías Bjarnason
   5. Einar G. Þórðarson
   6. Gísli Jónasson
   7. Guðlaug Arason
   8. Guðrún Blöndal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Guðrún Daníelsdóttir
10. Guðjón Guðjónsson
11. Guðlaug Sigurðardóttir
12. Guðmundur Davíðsson
13. Guðmundur Jónsson
14. Helgi Hjörvar
15. Hallgrímur Jónsson
16. Halldóra Matthíasdóttir
17. Ingibjörg Brands
18. Ingibjörg Sigurðardóttir
19. Jón Jónsson frá Flatey
20. Kristín Arngrímsdóttir
21. Konráð Kristjánsson
22. Margrjet Þorkelsdóttir
23. Martha Stephensen
24. Ragna Stephensen
25. Sigurbjörg Jónsdóttir
26. Sigurbjörg Þorláksdóttir
27. Sigurður Jónsson
28. Soffía Jónsdóttir
29. Steinunn Bjartmarsdóttir
30. Valdimar Sveinbjörnsson
31. Þuríður Jóhannsdóttir

3. Að Bjarna Pjeturssyni, sem starfað hefur við skólann sem kennari í vetur síðastliðið skólaár, verði veitt föst kennarastaða.

4. Að kennurunum í handavinnu við skólann, þeim:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Elínu Andrésdóttur,
Þorbjörgu Friðriksdóttur
og Jóhönnu Þorsteinsdóttur
verði veittar fastar kennarastöður.

5. Að svo margir af ~~eftir~~ neðanskráðum kennurum, sem landsstjórnin telur sér fært, verði settir kennarar við skólann, og í þeirri röð sem hér er talið:

Ásgeir Magnússon skólastjóri, Hvammstanga.
Sigurlaug Guðmundsdóttir, Óðinsg. 21
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, Ingólfsstr.
Björn Jóhannsson, Haukadal í Dýraf.
Kristrún Haraldsdóttir frá Hrafnkelsstöðum
Þorsteinn G. Sigurðsson, Seltjarnarnesi.

Reykjavík, 19. júlí 1922

Jón Þorláksson
p.t. form. skólanefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, þ. 12. ágúst kl. 5 síðdegis var fundur haldinn í Skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Jón Ófeigsson, sem er fjarverandi úr bænum; ennfremur var bæjarverkfræðingur á fundi.

Þetta gerðist:

I. Baðhús barnaskólans. Bæjarverkfræðingur lagði fram teikningar og tillögur um tilhögun á upphitun, raflýsing o. fl. í baðhúsinu, sem nú er í smíðum.
M/4 Lögð fram áætlun um stigahús við suðurálmu barnaskólans og kostar hann samkv. áætlun bæjarverkfr. kr. 10.000.00. Málinu frestað.

II. Formaður lagði fram sýnishorn af linoleumdúk í veggtöflur og þ. samþ. að taka tilboði frá
M/4. þýskri verksmiðju um 120 fermetra af dúknum.

III. Rætt um það er einn nefndarmaður hefði fært inn í gjörðabók skólanefndar eptir fundargjörð nefndarinnar þ. 17. júlí 22.
M/7

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Laufey Vilhjálmsd.

Þorvarður Þorvarðsson / Gunnl. Claessen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 11 ágúst (sept) kl. 6 síðdegis var fundur haldinn í skólanefndinni. Allir á fundi, svo og skólastjóri.

I. Ákveðið að láta setja vatnssalerni við íbúð skólastjóra og vatnsskál með af-
M/4 rensli í eldhússtofunni.

II. Samkv. fræðslulögum skal kjósa formann og ritara, er gegni því starfi í nefndinni
M/7. í fullt ár.

Formaður kosinn Jón Ófeigsson með 3 atkv.
Ritari " Gunnl. Claessen " 3 atkv.

III. Símskeyti frá kennara í skólaeldhúsinu Soffíu Jónsdóttur, sem stödd er í Kaupmanna-höfn. ~~Sækir hún~~ Var henni á skólanefndarfundi þ. 29/5 þ.á. veitt leyfi til þess að dvelja ytra fram eftir októbermán. til því skyni að kynna sjer nýjungar í kenslu á skóla-
M/2. eldhúsum. Sækir hún nú um, að sjer sjeu veittar sænskar kr. 500.00 - fimm hundruð - til þess að fara til Stokkhólms, til frekara náms og mánaðarframlenging á leyfi hennar.

Samþ. með 4 atkv. að veita kennaranum umbeðna framlenging í 1 mánuð á áður veittu leyfi og leggja til við bæjarstjórn að veita alt að kr. 800.00 - átta hundruð krónum-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Styrk til væntanlegrar Stokkhólms-
farar Soffíu Jónsdóttur.

IV. Lagt fram brjef frá Sambandi íslenskra barnakennara um veiting kennaraembætta við Barnaskóla Rvíkur, svo og afrit af brjefi um sama efni, er Sambandið hefir sent Kenslumálaráðuneytinu. M/2.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Jón Ófeigsson
Þorvarður Þorvarðsson
Laufey Vilhjálmsdóttir
Gunnl. Claessen.
Jón Þorláksson.

Árið 1922 þ. 20. september kl. 5 síðdegis var fundur haldinn í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

Þetta gjörðist:

I. Rætt um hækkun á skólagjaldi fyrir óskólaskyld börn í barnaskólanum. Samþ.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með 3 atkv. móti 1 að leggja til við
M/1. bæjarstjórn, að skólagjaldið verði kr. 30.00 –
þrjátíu krónur – næstk. vetur, í stað kr.
20.00 síðastl. skólaár.

II. Lagt fram brjef frá fræðslumálastjóra
dags. 19. Sept. 1922, þar sem fræðslumálastjóri
tilkynnir, að ráðuneytið hafi, samkv. til-
lögum skólanefndar, fallist á að Stein-
grímur Arason verði námsstjóri við
barnaskólann í Reykjavík til aðstoðar
M/13. skólastjóra um næstu tvö ár.
Formanni skólanefndar falið að tilkynna
skólastjóra umgetið brjef fræðslumála-
stjóra og ennfremur að ræða við skóla-
stjóra og námsstjóra um nánari verka-
skifting þeirra í milli við barnaskólann.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.
Jón Ófeigsson
Jón Þorláksson, Gunnl. Claessen.
Laufey Vilhjálmsdóttir Þorvarður Þorvarðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 25. September kl. 5 síðdegis var fundur haldinn í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi, svo og skólastjóri Morten Hansen og Steingrímur Arason.

I. Lögð fram skýrsla frá læknunum
M/12. Guðm. Thoroddsen og Gunnlaugi Einarssyni um starf þeirra í barnaskólanum s.l. vetur og heilbrigðisástandið í skólanum.

II. Guðm. Thoroddsen segir af sér skólalæknisstörfum, en Gunnlaugur Einarsson, sem gegndi starfinu að nokkru leyti s.l. vetur,
M/12. var ráðinn skólalæknir frá 1. okt. þ.á. með óbreyttum launakjörum til næsta nýárs. M/13

III.

Lagt fram bréf frá fræðslumálastjóra þar sem hann tilkynnir, að ráðuneytið hafi skipað og sett nýja ættár á barnakennara frá 1. oct.
M/2. n.k. að telja, sem upp eru taldir eftir fundargjörðina.

IV. Lögð fram umsókn frá hæstarjettardómara Páli Einarssyni skjólstæðinga um að sonur hans
M/9. Einar Baldvin megi njóta heimakennslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á vetri komanda. Leyfið veitt.

V. Verkaskifting milli skólastjóra og námstjóra:

Formaður nefndarinnar bar upp svo-hljóðandi tillögu:

„Námsstjórinn annast í umboði
„skólastjóra og í samráði við skóla-
„nefnd:
„ Flokkun barna.
„ Skiftingu kenslunnar milli kennaranna.
„ Kensluaðferðir.
„ Próf.
„ Nýjungar á þessum sviðum skal hann
„ jafnan bera undir skólastjóra, áður
M/13. „ en þær sjeu framkvæmdar. Sjeu þeir ásáttir
„ um breytingu og ekki þurfi sjerstaklega
„ samþykkis skólanefndar skal henni
„ komið á, ella skal málið lagt undir
„ úrskurð skólanefndar og eins ef þá
„ greinir á.
„ Auk þessa getur námsstjóri, jafnt og
„ skólastjóri, gert tillögur til skólanefndar
„ um alt það, sem að kenslunni lýtur, svo
„ sem námsbætur og kensluáhöld.
„ Námsstjórinn aðstoðar skólastjóra auk þess
„ sem hjer er talið, í þeim störfum öðrum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

" sem skólastjóri kann að hvetja hann
" til.

Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1.

Í tilefni af þessari samþykkt óskaði Jón Þorláksson bókað:

" Nefndarmaður J. Þ. óskar þess getið
" að hann telji nefndina ekki hafa
" heimild til að taka neitt af venju-
" legu valdi skólastjóra úr höndum
" hans og fela það öðrum.

VI. Formaður las upp tillögur frá námsstjóra Steingrími Arasyni um ýmsar framkvæmdir og

M/13. breytingar sem gjöra þurfi við barnaskólann. Málinu frestað.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Jón Þorláksson.                Jón Ofeigsson

Laufey Vilhjálmsdóttir
Þorvarður Þorvarðsson.                Gunnlaugur Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kennarar

við barnaskóla Reykjavíkur, skipaðir og settir frá 1. okt. 1922 að telja.

Skipaðir:

1. Morten Hansen skólastjóri.
2. Bjarni Hjaltested kennari
3. Elín Jónasdóttir —"—
4. Einar G. Þórðarson —"—
5. Egill Hallgrímsson —"—
6. Elías Bjarnason —"—
7. Gísli Jónasson —"—
8. Guðlaug Arason —"—
9. Guðrún Blöndal —"—
10. Guðrún Daníelsdóttir —"—
11. Guðjón Guðjónsson —"—
12. Guðlaug Sigurðardóttir —"—
13. Guðmundur Davíðsson —"—
14. Guðmundur Jónsson —"—
15. Helgi Hjörvar —"—
16. Hallgrímur Jónsson —"—
17. Halldóra Matthíasdóttir kennari.
18. Ingibjörg Brands —"—
19. Ingibjörg Sigurðardóttir —"—
20. Jón Jónsson frá Flatey —"—
21. Kristín Arngrímsdóttir —"—
22. Konráð Kristjánsson —"—
23. Margrét Þorkelsdóttir —"—
24. Martha Stephensen —"—
25. Ragnea Stephensen —"—
26. Sigurbjörg Jónsdóttir —"—
27. Sigurbjörg Þorláksdóttir —"—
28. Sigurður Jónsson —"—
29. Soffía Jónsdóttir —"—
30. Steinunn Bjartmarsdóttir —"—
31. Valdimar Sveinbjörnsson —"—
32. Þuríður Jóhannsdóttir —"—

Settir um eitt ár:

1. Bjarni Pétursson kennari.
2. Elín Andrésdóttir —"—
3. Þorbjörg Friðriksdóttir —"—
4. Kristrún Haraldsdóttir —"—
5. Þorsteinn G. Sigurðsson —"—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 30. sept. kl. 5 síðdegis var fundur haldinn í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi svo og skólastjóri Morten Hansen og námsstjóri Steingrímur Arason.

Þetta gjörðist:

I. Lagt fram brjef frá landlækni G. Björnsson þar sem hann fer þess á leit að kennara Rögnu Stephensen verði veitt lausn frá kenslustarfi sínu við barnaskólann frá 1. okt. þ. á. til 1. janúar n. á. Kennarinn dvelur erlendis sjer til heilsubótar.

M/2. Samþ. m. öllum atkv. að veita umbeðið leyfi, með því skilyrði að Ragna Stephensen greiði að hálfu leyti kostnað af stundakenslu í forföllum hennar.

II. Brjef til skólanefndar frá skólastj. Morten Hansen. Í tilefni af 5. lið í fundargj. skólanefndar þ. 25. þ. m. lýsir skólastj. yfir því, að hann mundi heldur hafa kosið sjer aðra aðstoð en Steingrím Arason; skólastj. vill þó ekki skorast undan að nota aðstoð Stgr. Aras. ~~við~~ við námsstjórnina

M/2 en tekur fram að hann gefi ekki frá sjer neitt af rjetti sínum eða valdi sem skólastjóri og áskilur sjer rjett til að nota aðra kennara sjer til ráðuneytis og ýmsra starfa utan kenslustunda.

Samþ. m. 4 atkv. gegn 1 að fela for-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manni skólanefndar að veita Steingrími
Arasyni ~~Stýrimanna~~ erlendis bréf sem námsstjóra frá
1. okt. n. k. ~~í Danmörku~~ með skírskotun
til ~~þess~~ bréfs kennslumálaráðuneytisins
M/2. um þetta efni og samþykkt skólanefnd-
ar þ. 25. sept. þ. á. (5. liður) um verka-
skifting milli skólastjóra og námsstjóra.

III Samþ. m. öllum atkv. að fela skólastj.
M/3. að gjöra tillögur til skólanefndar um tíma-
kennara við barnaskólann næsta vetur.

IV. Rætt um kristindómskennsluna í
barnaskólanum og samþ. m. öll. atkv. að
M/10. bjóða dómkirkjuprestunum ~~og~~ fríkirkju-
prestinum [og kristindómskennurunum við barnaskólann] á fund í næstu viku til við-
tals um þetta efni.

V. Umsókn frá Vilborgu Steingrímsd. Laufhól um undanþágu frá skólaskyldu fyrir
Steingrími Jóhannessyni, son hennar, sem
M/9. varð 13 ára þ. 17. júlí þ. á.

Leyfið veitt með því skilyrði, að hún sjái
honum fyrir lögskipaðri fræðslu.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Jón Þorláksson. Jón Ófeigsson
Laufey Vilhjálmsdóttir
Þorvarður Þorvarðsson. Gunnl. Claessen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922 þ. 2. okt. kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í Skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi, svo og skólastj. Morten Hansen og námsstjóri Steingrímur Arason.

M/13 I. Formaður bar upp tillögu um að námsstjóra Steingr. Arasyni sje leyft að hafa æfingakenslu í barnaskólanum fyrir nemendur í efsta bekk kennaraskólans, samtals 4 st. í viku, að því tilskildu að ekki sje breytt um námsefni þegar æfingaflokkurinn kemur í bekk og að ekki fari fram umræður um kensluna í kenslustundinni.

Tillagan samþ. m. 3 atkv. gegn 1.

M/13. II. Tillaga frá námsstjóra Stgr. Aras. að hafa 2 deildir barna í kennaraskólanum og fá þangað kenslukrafta frá barnaskólanum, í skiftum fyrir jafnmikla kenslu sem námsstjóri tekki að sjer í barnaskólanum.

Málinu frestað.

M/10. III. Komu á fundinn söknarprestur Bjarni Jónsson, kennarar barnaskólans í kristnum fræðum, forstöðumaður kennaraskólans og próf. theol. Har. Níelsson, og var rætt um kristindómskensluna í barnaskólanum, og í lagi kverkensluna.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Laufey Vilhjálmsdóttir

Þorvarður Þorvarðsson

Jón Ófeigsson

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, þ. 6. okt. kl. 5 síðdegis var fundur haldinn í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi, svo og skólastjóri Morten Hansen og námsstjóri Stgr. Arason.

M/9. I. Lögð fram skrá yfir börn í Landakotsskóla.

II. Lagt fram svohljóðandi brjef frá skólastjóra:
„Hæstvirti skólanefndarformaður! Eg þakka yður fyrir
„ að þjer hafið orðið við beiðni minni og sent mjer
„ afrit af erindisbrjefi skólanefndarinnar til handa
„ Steingrími Arasyni, dags. 30. sept. næstl. En jafn-
„ framt hlýt jeg að tilkynna yður, að jeg get ekki
„ gefið Steingrími Arasyni umboð til þess að ann-
„ ast fyrir mína hönd þau mál, sem talin eru
„ upp sjerstaklega í brjefi skólanefndarinnar til
„ hans og tel ekki að skólanefndin hafi vald
„ til að gefa honum eða neinum öðrum umboð
M/13. „ fyrir mína hönd og án míns samþykkis til að
„ hafa á hendi svo verulegan hluta af starfi og valdi
„ skólastjóra, sem hjer ræðir um. Eg vísa til þess
„ sem jeg áður hefi tjáð nefndinni um það, á hvern
„ hátt eg vil nota aðstoð Steingríms Arasonar,
„ en mjer virðist ákvörðun skólanefndarinnar
„ um verkaskifting milli mín og hans fara í
„ bága við rjett minn og skyldur mínar sem
„ skólastjóra og sje mjer því ekki fært að nota
„ aðstoð hans nema breyting verði gjörð á þessu.
„ Í Barnask. Reykjav. 4. okt. 1922
„ Virðingarfyllst
„ Morten Hansen.

Formaður gat þess að námsstjóri Steingr. Arason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði gefið sig fram í barnaskólanum til
þess að byrja starf sitt sem námsstjóri, samkv.
erindisbrjefi sínu frá skólanefndinni, en skóla-
stjóri Morten Hansen hefði ~~sagt honum frá~~
~~skólanum~~ neitað samvinnu við hann.

Í tilefni af brjefi skólastjóra bar for-
maður upp svohlj. tillögu:

Fundurinn samþykkir að fela formanni
að æskja skriflega úrskurðar yfirstjórnar fræðslu-
málanna um það, hvort skólanefnd hafi ekki,
samkv. brjefi ráðuneytisins, tilkyntu af fræðslu-
málastjóra 19. sept, og með skírskotun til til-
M/13. lögu skólanefndar á fundi 17. júlí, sem ráðu-
neytið vitnar í, haft fulla heimild til að gera
þá verkaskiftingu milli skólastjóra og náms-
stjóra, sem ákveðin var á fundi skólanefndar
25. sept. og gefa út erindisbrjef til handa
námsstjóra í samræmi við þá skiftingu.

Tillagan samþ. með 4 samhlj. atkvæðum.

III. Brjef frá skólastj. kennaraskólans þar sem hann mælist
til að ~~æfinga~~ kennurum æfingaskólans þeim Ásgeiri Ás-
geirssyni og Steingrími Arasyni verði greidd laun úr
M/2. bæjarsjóði, sem að undanförnu, með því að afráðið
er að æfingaskólinn verði í 2 deildum.

Samþykkt m. öllum atkv.

IV. Ráðin til tímakenslu í vetur: Sólveig Alberts-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sigurlaug
Guðmundsdóttir, ~~o~~ Sigurður Magnús~~dóttir~~son
M/3. ~~og~~ Sigurður Sigurðsson og Sigríður Magn-
úsdóttir.

V. Samþ. að reynd verði í vetur „enkl-
M/10. Skriptar"kensla hjá bekkjarkennurunum
í nokkrum neðstu bekkjum skólans.

VI. Kenslubækur: Samþ. að kenslubók í
Íslandssögu eftir Jónas Jónsson sje tekin
í vetur 2 upp við söguskensluna í öllum 5. bekkjum
skólans og auk þess sem lesbók í 4. bekkjum
skólans.

Samþ. að Lesbók Steingríms Arasonar
verði reynd í vetur í neðstu bekkjum
barnaskólans.

Samþ. að Landafræði Karls Finnboga-
sonar skuli notuð við landfræðiskensl-
una, sem að undanförnu.

~~Borin~~ Kristindómskenslan. Borin upp
af G. Claessen svohljóðandi tillaga: „Skóla-
M/11. „nefndin samþykkir, að kverkensla falli
„niður í barnaskólanum í vetur, en farið
„verði í þess stað yfir kafla úr Nýja Testa-
„mentinu, er valdir sjeu í samráði við dóm-
„kirkjuprestana og fríkirkjuprestinn."

Tillagan feld með 3 atkv.: 2.

Þá bar Jón Ófeigsson fram svohlj. tillögu:
„Fundurinn samþ. að fara þess á leit við
„dómkirkjuprestana og fríkirkjuprestinn
„að þeir ákveði, hvernig haga skuli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kristindómsfræðslu hinna eldri barna í
barnaskólanum þetta skólaár, að því
tilskildu að gerðar verði tilraunir að meira
eða minna leyti með breytt viðfangsefni,
M/10 biblíulestur í stað kvers.

Tillagan borin upp í tvennu lagi og
var fyrri hluti tillögunnar samþ. m. 4 atkv.: 1,
en síðari hluti till. samþ. með 3 ~~samhlj.~~ gegn 1 atkv.

VII. Eiríki Magnússyni bókbandskennara
M/10. falið að útvega efni til bókbandskennslu í
vetur, en börnin fái síðar ókeypis.

VIII. Samkv. till. námsstjóra Stgr. Arasonar
M/10. var samþ. að kaupa gúmmíletur til
lestrar- og reikningskennslu.

IX. Dyravörður barnaskólans fer fram á að
settur verði upp talsími á ganginn við íbúð
dyravarðar. Samþ. m. 4 atkv.: 1 að settur
M/4. verði upp talsíminn, ~~að~~ en dyraverði skal
ekki leyft að kalla á kennara skólans að
símanum meðan kennslustund stendur yfir.

X. Tilkynnt að komin sjeu tannlækningaáhöld
sem pöntuð voru til barnaskólans og kosta
M/12. þau ca. dansk. Kr. 1100.00.

Ráðinn tannlæknir við barnaskólann
Vilh. Bernhöft tannlæknir, en hann hefir sig
fúsan til að gegna tannlækningum við skólann
1 klst. á dag, með 14. 6.50 borgun pr. klst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Fleira ekki tekið fyrir.~~

XI. Formanni falið að kaupa nýja skuggamyndavjel handa barnaskólanum.

11/10. Ennfremur var Jóni Þorlákssyni falið að útvega kvikmyndir hjá fjelaginu „Skolefilmen" í Khöfn, til þess að sýna ~~skóla~~ ~~börnunum~~ í „~~Nýja Bíó~~" kvikmyndahúsunum, enda ~~hefir~~ eigendur

ókeypis ~~þeirra~~ boðið húsin til kvikmyndasýninga handa barnaskólabörnunum.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Jón Ófeigsson

Laufey Vilhjálmsd.
G. Claessen.
Jón Þorláksson
Þorvarður Þorvarðsson.

Árið 1922 þ. 3. nóvember kl. 5 síðdegis var fundur haldinn í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi nema Jón Þorláksson. Skólastjóri var á fundinum.

Þetta gjörðist:

I. Brjef frá dómkirkjuprestunum og fríkirkjuprestinum þar sem ~~s~~ prestarnir tjá sig fúsa til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess að vera með í ráðum með kristin-
M/10. dómskennurum barnaskólans þetta skóla-
ár um tilhögun kristindómsfræðslunnar.

II. Umsókn frá Ögmundi H. Stephensen
Skólabrekku um að syni hans Stefáni, er
síðastl. vetur sat í 8. bekk barnaskólans, leyfist að hætta
M/9. námi í barnaskólanum. Kveður Ögmundur
drenginn hafa beðið skaða, sem hann ekki
vill missa af.

Samþ. m. öllum atkv. M/9.

III. Handavinnukennari Guðm. Matdal
sækir um, að sér verði greiddar kr. 3.00 – þrjár
krónur – fyrir hverja ~~[illegible]~~ kennslustund,
og ferðakostnaður frá Ísafirði til Reykjavíkur.
M/3. Samþykkt að veita G. Matdal það sem hann
biður um, að því tilskildu að hann
kenni ekki skemur en 3 mánuði.

IV. Umsókn frá Íþróttafjel. Reykjav., Glímu-
fjel. Ármann, Væringjum og Nemendum
Iðnskólans um að þeim verði leyft
að hafa leikfimisæfingar í leikfimis-
húsi barnaskólans kl. 7–10 á kveldin
M/4 og á sunnudögum fyrir kl. ~~[illegible]~~ 12 árdegis ~~á hádegi~~

Samþ. m. 2:1 að veita hin umbeðnu
leyfi, að því tilskildu að umsækjendur ~~íþróttafjelögin~~
fái leikfimiskennara barnaskólans M/2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til eftirlits, enda skifti hann leikfimisstundum milli umsækjendanna; þó mega leikfimisæfingar ekki fara fram lengur en til kl. 9 á kvöldin.

V. Lögð fram beiðni frá 7 mönnum fyrir austan bæ um styrk til skólahalds í Múla og beiðni um undanþágu fyrir 4 skólaskyld börn um að sækja barnaskóla bæjarins.

Börnin eru:

M/9.

Lára Lúðvígsdóttir 13 ára
Margrét Ingimundardóttir 12 "
Svanhildur Guðmundsdóttir 10 "
Ragnar Breiðdal Magnússon 10 "

Samþ. að veita leyfið og greiða skólagjöld kr. 15.00 á mann fyrir hvert ~~barn~~ þessara barna.

VI. Samþ. að fela bæjarverkfræðing að gera kostnaðaráætlun, fyrir næstu fjárhagsáætlun, um kostnað við eftirtaldar endurbætur á skólahúsi og lóð:

1. Miðstöðvarhitun í norður- og vesturálmu skólans.
2. Dúkar á göngum uppi.
3. Stigahús við suðurálmuna.
4. Umbætur á hinu malbikaða svæði í skólagarðinum.
5. Endurbætur á salernum og pissoir.

VII. Samþykkt að greiða fyrst um sinn til vorsins mánaðarlega kr. 10.00 – tíu krónur – fyrir kenslu handa

M/2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnari Lárussyni, Suðurpól.

VIII. Form. skýrði frá að hann hefði samkv. samþykkt nefndarinnar á fundi þ. 6. oct. þ.á. beiðst úrskurðar yfirstjórnar fræðslumálanna, í brjefi dags. 9. oct, um heimild skóla- ~~nne~~ nefndarinnar til að ákveða verkaskifting milli skólastjóra og námsstjóra og setja námsstjóra erindisbrjef.

Sem svar við þessari málaleitun hafði form. borist svolátandi brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu dags. 3. nóv. þ.á.:

„Í brjefi, dags. 9. f.m., hafið þjer, hr. skóla-nefndarformaður, skýrt frá því, að skóla-nefndin hafi 25. sept. síðastliðinn ákveðið verkaskifting milli skólastjóra barnaskólans í Reykjavík og svonefnds námsstjóra, er nefndin hefir viljað setja við skólann, og síðar gefið námsstjóranum erindisbrjef, og ennfremur hafið þjer spurst fyrir um það, hvort skólanefndin hafi ekki sam-kvæmt því, er segir í brjefi fræðslumála-stjórans 19. sept. þar sem hann skýrir frá undirtektum ráðuneytisins undir þetta námsstjóramál, haft fulla heimild til að gjöra hina umræddu verkaskiftingu og gefa út erindisbrjef námsstjórans svo sem gert hafi verið. M/13

M/13

Út af þessu skal yður hjermeð til vit-undar gefið til leiðbeiningar og til birt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

" eiga fyrir skólaumdæmum, að í orðum ráðu-
" neytisins um að það fallist á að Steingrím-
" ur Arason verði settur námsstjóri skóla-
" stjóra til aðstoðar, felist auðvitað það, að
" hann eigi að aðstoða skólastjórann, en
" hinsvegar getur hann ekki fengið neitt
" af því valdi sem skólastjóranum er
" ætlað lögum samkvæmt ~~enda~~ brestur ráðuneytið alla
" heimild til þess að veita námsstjóranum
" slíkt vald þar sem lögin gera ekki ráð
" fyrir ~~þeirri~~ þessari stöðu, en hinsvegar
" auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að
" einhver kennaranna aðstoði skóla-
11/13 " stjórann við námsstjórnina.

Annars skal það tekið fram, að gefnu
" tilefni í bréfi yðar, að í tillögum skóla-
" nefndarinnar í bréfi, dags. 18. júlí síðast-
" liðinn, var aðeins lagt til að námsstjóri
" yrði settur sakir þess hve umfangsmikið
" skólastjórastarfið væri orðið en ekki
" einu orði að því vikið, hvernig nefndin
" hugsaði sér stöðu hans við skólann

Sig. Eggerz
"
" /Sigf. M. Johnsen

Formaður nefndarinnar óskar bókaða svo-
hljóðandi yfirlýsingu:

" Með skírskotun til þeirra úrslita, sem
" orðin eru á helstu áhugamálum skóla-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

" nefndar, lætur Jón Ófeigsson þess getið,
" að hann gegni ekki framar störfum
" sem formaður þessarar nefndar. Sömu-
" leiðis og af sömu ástæðum skýrir hann
" frá því að hann muni tafarlaust til-
M/7 " kynna bæjarstjórn að hann sjái sér
" ekki fært að gegna störfum lengur í
" nefnd þessari og óskist því til að kos-
" inn verði annar í hans stað.

Ennfremur lýstu Laufey Vilhjálms-dóttir, Þorvarður Þorvarðsson og Gunnlaugur Claessen yfir því að þau mundu segja af sér skólanefndarstörfum.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

~~Þorvarður Þorvarðsson.~~ Jón Ófeigsson
Laufey Vilhjálmsd. Gunnl. Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922 mánudaginn 27. nóvember var fundur haldinn í skólanefndinni á skrifstofu bæjarstjóra.

Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum 16. október veitt 4 skólanefndarmönnum lausn frá skólanefndarstörfum, þeim Jóni Ófeigssyni, Þorv. Þorvarðssyni, Gunnl. Claessen og frú Laufeyju Vilhjálmsdóttur, en kosið í staðinn í nefndina þá bæjarfulltrúa Þórð Sveinsson, Pétur Halldórsson, Hallbjörn Halldórsson og Þórð Bjarnason.

Allir nefndarmenn á fundi nema Þórður Sveinsson sem boðaði forföll.

1. Gengið til kosningar á formanni skólanefndar, og var Jón Ísleiksson kosinn formaður.
M/7 Ritari nefndarinnar kosinn Pétur Halldórsson.

2. Lagt fram bréf fræðslumálastjóra dags. 21. nóv. þar sem hann tilkynnir
M/2 að ráðuneytið hafi sett Jóhönnu Þorsteinsdóttur kennara í handavinnu við barnaskólann um eitt ár frá 1. okt. þ. á. að telja.

3. Ákveðið að matgjafir í barnaskólanum
M/6 skuli byrja 1. desember svo framt því verður við komið.

4. Lagðar fram áætlanir bæjarverkfræðings um endurbætur í skólanum, sem skóla-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin hafði óskað eftir, sbr. síðustu fundargerð, og eru áætlunarupphæðirnar þessar:

1. Miðstöðvalistum í norður- og vesturálmu skólans Kr. 15.000.-
R/7. 2. Dúkar á göngum nyrðri — 2.500.-
3. Stigahús við suðurálmu — 10.000.-
4. Umbætur á malbikinu á skólasvæði, — R/7.
með lögun á frárensli frá skóla og porti — 10.000.-
5. Breytingar á náðhúsunum skólans — 1.000.-
Fundur ákveðinn á morgun kl. 5 e. m.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Hallbjörn Halldórsson Pétur Halldórsson
Ólafur Bjarnason

Ár 1922 þriðjudaginn 28. nóvember R/2.
hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tekin fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og eru tillögur nefndarinnar þessar:

1. Laun kennara Kr. 60.000.-
2. Heilbrigðiseftirlit og tannlækningar 6.500.-
3. Starfrækslu baðhúss 4.000.-
4. Hiti og ljós 10.000.-
5. Laun dyravarðar 3.520.-
6. Ræsting 4.500.-
7. Skólaáhöld 2.000.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Til áhaldakaupa Kr. 5.000.-
9. Til bókasafns kennara - 500.-
10. Til matgjafa - 5.000.-
11. Til viðhalds og endurbóta á húsi og lóð:
a. Skýlahús við suðurvöllinn Kr. 10.000.-
b. Dúka á ganga uppi - 2.500.-
R/7. c. Annað viðhald - 10.000.- 22.500.-
12. Til kennsluhúsnæðis utan skólans - 3.000.-
13. Til sumarskóla - 2.000.-
14. Ýms gjöld - 6.000.-
15. Til byggingar nýs barnaskólahúss, 1. ársgreiðsla Kr. 100.000.-

2. Lagt fram erindi Péturs Jakobssonar barnakennara til umsagnar, en hann fer fram á 300 kr. styrk úr bæjarsjóði til
R/2. skólahalds í vetur. Nefndin getur ekki mælt með beiðninni.

Skólastjóri sat fundinn. Ísaðir Sveinsson veikur.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Jón Þorláksson.

Knud Zimsen

Pétur Halldórsson

Hallbjörn Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 mánudag 12. janúar hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1\. Samþykt að lækka kaupgjald fyrir tímakenslu og kaup þess starfsfólks við skólann sem tekur mánaðarkaup í réttu hlutfalli
M/3. við lækkun á kaupi fastra starfsmanna bæjarins. Kaup skólahjúkrunarkonu haldist þó óbreytt. Samþ. með atkv.: 1

2\. Rætt um baðhús barnaskólans. Formanni nefndarinnar var ásamt borgarstjóra falið að
M/4. sjá um fullnaðarframkvæmd verksins.

3\. Lögð fram skýrsla frá skólastjóra um börn á skólaskyldualdri í Reykjavíkur-
M/8. skólahéraði veturinn 1922-'23. Á skránni eru rúmlega 1500 nöfn.

4\. Páli Sveinssyni lækni veitt undanþága
M/9. frá skólagöngu fyrir son hans Úlfar.

5\. Fátækranefndin sendir til umsagnar erindi nokkurra búenda í Þvottalaugatúni og þar í grend um styrk til að halda uppi kenslu fyrir börn í Múla við Laugaveg. Kenslukaupið
M/9. fyrir þessi börn er 10 kr. á mánuði frá 15. nóv. að telja. Nefndin leggur til að greiddur verði kenslukostnaður að hálfu eða öllu leyti fyrir börn þessi eftir mati fátækranefndar á ástæðum foreldranna. Sama tillaga gerð viðvíkjandi barninu Ástrós Guðmundsdóttur, Seljalandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Formaður skýrði frá að keypt hafi verið
M/10. nýtt orgel til söngkenslunnar í Barnaskólanum.

7. Samþykt að leggja til við Dóms- og kirkjumálaráðuneytið að Ásgeir Magnússon fv. skóla-
M/2. stjóri á Hvammstanga sé settur kennari við barnaskólann í stað Kristrúnar Haraldsdóttur.

8. Lagt fram læknisvottorð um að Ragnar Stephensen verði ekki vegna vanheilsu fær um
M/2. að gegna stöðu sinni í skólanum á þessu skólaári. Samþykt að ákvæðum nefndarinnar frá 30. sept. 1. lið standi til loka skólaársins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Þórður Sveinsson. Pétur Halldórsson. Hallbjörn Halldórsson

[illegible] Bjarnason

Ár 1923 laugard. 17. febrúar hjelt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Formaður skólanefndar skýrði frá að Steingrímur Arason, sem settur var námsstjóri á síðastliðnu hausti hafi ekki tekið við því starfi sbr. fundargjörð skólanefndar
M/13. 3 nóv. VIII lið. og lítur nefndin svo á sem setning hans sje burt fallin.

2. Lagt fram brjef frá Kennarafjelagi barnaskólans sem fer þess á leit að kennarar, sem veikjast missi einkis í af launum sínum þó þeir sökum veikinda forfalla geti ekki gegnt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kennslustofunni alt að 3 mánuði; en sé veikin langvinnari greiði þeir helming tímakennslukaups það sem eftir er af skóla-árinu.

Út af þessu samþykti nefndin að mæla með því við bæjarstjórnina, að fylgt verði fyrst um sinn sömu reglu í þessu efni, sem upp var tekin í byrjun þessa skólaárs, að bæjarsjóður greiði hálfan kostnað við stunda-kenslu í veikindaforföllum kennara, að því tilskildu að kennarinn leyfi að hinum helm- M/4
M/2. ingi stundakenslukostnaðarins sé haldið eftir við útborgun launa hans um næstu mánaða-mót eða hafi greitt hann sjálfur áður. Þetta gildi um veikindaforföll í alt að 3 mánuði; en séu lengri forföll, komi til sérstök ákvörðun hverju sinni.

3. Erindi frá Valdimar Sveinbjörnssyni leik-fimiskennara um launahækkun eða 2000 kr. þátttöku í kostnaði við nám er hann hefir
M/2. stundað erlendis. Erindinu frestað til frekari upplýsinga.

4. Erindi Guðmundar Ólafssonar á Undralandi um að hann fái styrk til skólagjalds fyrir M/2.
M/9. son hans Ólaf í barnaskólanum í Múla. Ákveðið að senda erindið fátækranefnd til umsagnar.

5. Bréf borgarstjóra dags. 16. febrúar um raf-magnsnotkun í barnaskólanum ásamt greinargerð frá rafmagnsstjóra. Var samkvæmt M/2.
M/4. tillögum rafmagnsstjóra ákveðið að breyta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málum í skólanum og ákvedið að fara þess á leit við hann að sjá um framkvæmd verksins.

6. Samþykt að taka badhús barnaskólans til notkunar til reynslu sem fyrst er það er fullgert.

M/4. Skólastjóri á fundi. Á fund vantaði Hallbjörn Halldórsson. Ekkert fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Jón Ófeigsson
Þórður Sveinsson. Pétur Halldórsson Bríet Bjarnhéðinsdóttir

Ár 1923 laugardaginn 19. maí hélt skólanefndin fund kl. 2 e. m.

1. Lagt fram að nýju erindi Valdemars Sveinbjörnssonar kennara um launahækkun eða 2000 kr. þátttöku í kostnaði við nám er hann hefir stundað erlendis. Hafði

M/2. erindinu verið frestað á síðasta fundi, vegna þess að upplýsingar vantaði. Nefndin feldi með 2 atkv. gegn 1 að mæla með erindinu.

2. Lesið brjef frá Helga Hjörvar dags.

M/2. 1. maí 1923.

3. Lagt fram erindi Guðjóns Guðjónssonar kennara út af launum Kristínar Haralds-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dóttir kenslukona er gifst í vetur.
Nefndin telur sig ekki geta gert þær
M/2. ráðstafanir sem farið er fram á í brjefinu.

4. Lagður fram reikningur frá ekkju Andrésar
Fjeldsted augnlæknis fyrir skoðun skóla-
barna og gleraugu. Upphæð Kr. 1361.-
Formanni heimilað að semja um fullnaðar-
M/8. greiðslu á reikningnum með alt að 1100 Kr.

5. Reikningur Jóns Kristjánssonar læknis
fyrir lækningu á hryggskekkju á nokkrum
skólabörnum. Reikningsupphæð 870 Kr. brúttó.
M/8. Formanni heimilað að semja um fulln-
aðargreiðslu á reikningnum með alt að
525 Kr.

6. Bæjarstjórnin hefir vísað til skólanefndar
brjefi frá verkamannafjelaginu Dagsbrún
dags. 12. apríl um byggingu skólahúss;
einnig var lagt fram afrit af brjefi til
bæjarstjórnarinnar um sama efni undirritað
af ca. 100 manns.
Formaður bar fram svohljóðandi tillögu:
Skólanefndin leggur til að bæjarstjórnin
M/11. láti nú þegar gera uppdrætti og kostnaðar-
áætlanir um nýtt barnaskólahús í austur-
bænum.
Var tillagan samþykt með samhlj: atkv.
Hallbjörn Halldórsson bar fram svo-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hljóðandi tillögu:

Ennfremur leggur skólanefndin til að bæjarstjórn ~~bæjarstj.~~ gjöri þegar ráðstafanir til að afla fjár til skólahúsbyggingarinnar og hraði því sem mest, til þess að unt verði að koma upp skólahúsi í sumar.

Var tillagan feld með 3 atkv. gegn 1.

Á fund vantaði Pál Bjarnason, skólastjóri sat fundinn.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Pétur Halldórsson    Þórður Sveinsson.

Hallbjörn Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1923

Kennarar og vikustundir þeirra skóla-árið 1922-1923.

Fastir kennarar:

1 Bjarni Hjaltested
2 Bjarni Pétursson 1)
3 Egill Hallgrímsson
4 Einar G. Þórðarson
5 Elín Andrésdóttir
6 Elín Tómasdóttir
7 Elías Bjarnason
8 Gísli Jónasson
9 Guðlaug Arason
10 Guðrún Blöndal
11 Guðrún Daníelsdóttir
12 Guðjón Guðjónsson
13 Guðlaug Sigurðardóttir
14 Guðmundur Davíðsson
15 Guðmundur Jónsson
16 Halldóra Matthíasdóttir
17 Hallgr. Jónsson
18 Helgi Hjörvar
19 Ingibjörg Brands
20 Ingibjörg Sigurðardóttir
21. Jón Jónsson frá Flatey
22 Jóhanna Þorsteinsdóttir
23 Konráð Kristjánsson
24 Kristín Arngrímsdóttir
25 Kristrún Haraldsdóttir 2) 5)
26 Margrét Þorkelsdóttir
27 Martha Stephensen 3)
28 Ragna Stephensen 4)
29 Sigurbjörg Jónsdóttir
30 Sigurbjörg Þorláksdóttir
31 Sigurður Jónsson
32 Soffía Jónsdóttir
33 Steinunn Bjartmarsdóttir
34 Valdimar Sveinbjörnsson
35 Þuríður Jóhannsdóttir
36 Þorbjörg Friðriksdóttir
37. Þorsteinn G. Sigurðsson
38. Skólastjóri kendi ekki ákveðnar stundir, en oft í forföllum kennara.

Kennararnir, 37 að tölu kendu 30 stundir hver eða alls .. 1110

| | | |
|---|---|---|
| Stundakennarar: | 1. Eiríkur Magnússon 6) | 24 |
| | Ingibjörg Guðmundsdóttir | 14 |
| | Guðm. frá Mosdal 7) | 36 |
| | Sigurður Sigurðsson frá Hoffelli | 7 |
| | Sigríður Magnúsdóttir | 12 |
| | Vikust. alls: | 1203 |

Aths. 1) Bj. Pét. andaðist 8. maí 1923 2) Kristrún Haraldsdóttir andaðist í des. 1922.
3) Martha Stephensen kendi að eins fáar vikur framan af skóla-árinu (okt.) Í forföllum hennar kendu Halldóra Matth. d., Kristrún Har., Sólveig Albertsd., Sigríður Magnúsdóttir, Sig. Sig. Kristján Einarsson o. fl. — 4) Ragna Stephensen var veik alt skóla-árið og kendi alls ekkert. Fyrir hana kendu: Sigurður Magnússon cand. theol., Sólveig Albertsdóttir, Sigurlaug Guðmundsdóttir. — 5) Stundir Kristrúnar sálugu önnuðust Sigríður Magnúsdóttir og Sigurlaug Guðm. d. þangað til Ásgeir Magnússon tók við þeim; en hann var settur kennari frá ársbyrjun 1923. — 6–7) Guðm. frá Mosdal kendi að eins þriggja mán. tíma (bur[s]tagjörð í 5. bekk. og trésmíði í sveinum deildum 6. og 7. bekkjar. Þegar G. hætti (í febr.) fjölgaði stundum Eiríks úr [illegible] í 24 úr 33

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tafla

# Tafla

er sýnir vikustundir námsgreina í barnaskólanum veturinn 1922–1923.

| Námsgreinir / Bekkir | 1A | 1B | 1C | 2A | 2B | 2C | 2D | 2E | 2F | 2G | 2H | 3A | 3B | 3C | 3D | 3E | 3F | 3G | 3H | 3I | 4A | 4B | 4C | 4D | 4E | 4F | 4G | 4H | 4I | 5A | 5B | 5C | 5D | 5E | 5F | 5G | 5H | 5I | 5J | 6A | 6B | 6C | 6D | 6E | 6F | 6G | 6H | 6I | 7A | 7B | 7C | 7D | 7E | 8A | 8B | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristinfræði | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 111 |
| Íslenska | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 250 |
| Skrift | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 124 |
| Reikningur | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 184 |
| Saga | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 61 |
| Landafræði | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 45 |
| Náttúrufræði | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 52 |
| Danska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 30 |
| Enska | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 14 |
| Söngur | | | | | | | | | | | | | | | í 3., 4., 5., 6., 7 og 8. bekk (öllum deildum | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 20 |
| Teikning | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 42 |
| Handavinna stúlk. | | | | 1 | 1 | | | | | | | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 90 |
| D° drengir | | | | | | | | | | | | | | | í 5., 6., 7., og 8. bekk (öllum deildum) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 60 |
| Matreiðsla stúlkur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | í 6., 7. og 8. bekk. | | | | | | | | | | | | | | | | 60 |
| Leikfimi | | | | | | | | | | | | | | | í öllum deildum skólans | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 60 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Vikustundir | 1203 |

Samkvæmt prófbókum skólans voru í lok skóla-ársins innfærð á skýrslur til fræðslumálastjórnarinnar 1591 börn, þar af 1440 skólaskyld (eða eldri). – Undir vorpróf gengu 1468 börn. Þau 123, sem ekki komu til prófs, höfðu langflest farið úr skóla fyr eða síðar á skóla-árinu vegna veikinda eða þá vegna burtflutnings úr bænum. Að öðru leyti sýna prófbækurnar, hvað orðið hefur af börnunum.

265 börn eru þegar orðin 14 ára gömul eða ná þeim aldri í sumar og eru því ekki skólaskyld lengur. Af þessum börnum eru 141 stúlkur og 124 drengir. Próf þessara barna er því fullnaðarpróf. Þau af þessum börnum, sem ekki gátu komið til prófs að þessu sinni, munu flest hafa náð fullnaðarprófi áður, annaðhvort hér í skólanum eða annarsstaðar. M/2.

Aðalprófið fór fram seinast í apríl og 1–8. maí og var að þessu sinni skriflegt í flestum greinum. – M/4.

Sýning var haldin 9. og 10. maí á handavinnu stúlkna og drengja, teikningum og skólaeldhúsi.

Handavinnueinkunnir stúlkna voru færðar inn í prófbækurnar, en ekki taldar með í aðaleinkunninni – af sömu ástæðu og næstundanfarin ár.

Verðlaunabækur af gjafasjóði H. Th. A. Thomsens sál. kaupmanns fyrir iðni, siðprýði og góðar framfarir, hlutu þessi börn: M/2.

1. Bjarni Jónsson í 8. bekk A: Íslenska söngbók
2. Gunnar Thoroddsen í 7. – „A": sömu bók
3. Áslaug Ásgeirsdóttir í 7 – „A": Biblíu
4. Helga Pétursd. í 7. – „B": Svanhvít M/10.
5. Jón Gíslason í 7. – „C." Ísl. söngbók
6. Ólafur J. Thorarensen í 7. – „D.": sömu bók.

Frá skólastjóra er komið til skólanefndarinnar M/4.

1. Skýrsla um aðalpróf (vorpróf) 1923 á 21 örk
2. Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í bsk. Rv. 1922–1923
3. Skrá yfir kensluáhöld, er skólinn hefur eignast 1922–1923
4. Skýrsla um próf utanskólabarna í Rv. skólahéraði 11. maí 1923

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, mánudaginn 25. júní, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Skólanefnd samþykti að mæla með því, að ekkju Bjarna Péturssonar söngkennara verði greiddar eftirstöðvar af árslaunum hans, enda ~~[illegible]~~ [illegible] greiðsluhluti bæjarsjóði greiddur, ef stjórnarráðið fellist á þessa ráðstöfun. Umsókn um þessa greiðslu fylgja meðmæli frá fræðslumálastjóra.

M/2.

2. Sambandi íslenskra barnakennara leyfð afnot af söngstofu barnaskólans og tveim kenslustofum til aðalfundarhalds um næsta mánaðarmót.

M/4.

3. Lagðar fram umsóknir um kennarastöður við barnaskólann:

   Frá Lúðvík Sigurjónssyni kennara Akureyri.
   — Elíasi Eyjólfssyni, Hverfisg. 71. Rvík
   — Solveigu Albertsdóttur, Bergst. str. 49, Rvík
   — Sigríði Hjartardóttur frá Syðri-Kirkjubæ
   — Birni Gíslasyni Stafholti (um söngkennarastöðu).
   — Arngrími Kristjánssyni frá Sigríðarstöðum.

M/2.

4. Lagt fram erindi frá Arngrími Kristjánssyni um jurtagarð við barnaskólann.

M/10.

5. Samþykt að bjóða út byggingu stigahúss, uppsetningu á veggtöflum og lagningu á Linoleum-dúkum á gólf á efri göngum.

M/4.

Á fund vantaði Pétur Halldórsson og Þórð Bjarnason. Skólastjóri var á fundinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Jón Þorláksson

Þórður Sveinsson. Hallbjörn Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 hinn 3. júlí hélt hin nýkosna skólanefnd fund á skrifstofu borgarstjóra.

Skólanefnd skipa nú:

Borgarstjóri
Ólafur Friðriksson
Magnús Jónsson
Pétur Halldórsson
Hallbjörn Halldórsson

M/7 Kosnir á fundi bæjarstjórnar 7. júní, og var borgarstjóri kosinn formaður nefndarinnar og Pétur Halldórsson skrifari.

1. Auk þeirra umsókna um kenslu við barnaskólann, sem fram komu á síðasta fundi nefndarinnar voru lagðar fram umsóknir frá:

M/3. Þórdísi Ólafsdóttur, Fellsenda í Miðdölum
Sigurlaugu Guðmundsdóttur, Þórsgötu 27.

Ákveðið að fá skýrslu frá skólastjóra um kenslukrafta skólans og nauðsyn á aukningu kennaraliðsins.

2. Rætt um erindi Arngríms Kristjánssonar um urtagarð við barnaskólann.
M/10. Nefndin er hugmyndinni hlynt og frestar málinu til rannsóknar.

M/10. 3. Formanni falið að leita eftir sambandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við erlendar skrifrarir sem hafa Kirkjunefndir fyrir skóla til leigu eða sölu.

4\. Formanni falið að reyna að fá Sigurð

M/11. Guðmundsson húsgerðarmann til að gera nú þegar frumdrætti að barnaskólahúsi sem ætlað sé fyrir 600 börn og stækka megi um alt að helmingi.

M/2. 5. Rætt um kaup kennara í veikinda-forföllum.

M/10. 6. Rætt um að koma á bindindisfræðslu í barnaskólanum í haust.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

J Finnsen.

Magnús Helgason Ólafur Friðriksson
Hallbjörn Halldórsson

Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 mánudag 30. júlí hélt skóla-
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagðar fram umsóknir um kennara-
stöðu við skólann frá
M/2. Vigdísi G. Blöndal í Stokkhólmi og
Sigurði Sigurðssyni frá Kálfafelli.

Lagt fram bréf skólastjóra um kenslukrafta o.fl.

2. Samþykt að auglýsa söngkennara-
stöðuna við barnaskólann og óska
M/2. eftir umsóknum um aðrar kennara-
stöður sem kunna að verða lausar í
haust. Umsóknir séu komnar fyrir 1.
september.

3. Bréf skólastjóra um húsnæði utan
M/9. skólans fyrir kenslustofur næsta vetur.
Ákveðið að leita samninga við Ung-
mennafélagið og K.F.U.M. um húsnæði.

4. Ákveðið að greiða Gísla Jónassyni
M/3. kennara 75 kr. fyrir leiðbeiningu veitta börnum
á Náttúrugripasafninu í vetur sem leið.

5. Samþykt að skrifa Guðmundi Jóns-
M/3. syni frá Mosdal á Ísafirði og bjóða honum
kennarastöðu í smíðum við barnaskólann
í vetur.

M/2. 6. Erindi Valdemars Sveinbjörnssonar sem
bæjarstjórnin hefir vísað til skólanefndar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekið fyrir. Tveir nefndarmenn vilja mæla með beiðni kennarans en tveir eru á móti.

M/2. 7. Veikindaforföll kennara og kaups tekið til umræðu en var frestað.

M/10. 8. Skólanefndin lætur í ljós, að hún óskar að heyra álit og tillögur Kennarafélags barnaskólans um skólahaldið framvegis.

M/4. 9. Formanni falið að reyna að fá Helga Magnússon til að gera nauðsynlegar breytingar á katli og öðrum útbúnaði baðhússins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

Magnús Jónsson ritari bæjar.

Hinsey. Pétur Halldórsson.

Ólafur Friðriksson

Hallbjörn Halldórsson

Ár 1923 miðvikudag 15. ágúst hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/2. 1. Skólanefnd leggur til við bæjarstjórn að útför Morten Hansens skólastjóra fari fram á kostnað bæjarins, ~~til~~ í heiðursskyni við minningu hins látna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/2. 2. Ákveðið að auglýsa skólastjórastöðuna við barnaskólann til umsóknar. Var umsóknarfrestur ákveðinn til 15. september.

M/10. 3. Formaður upplýsti að húsnæði mundi fást næsta vetur í húsi K.F.U.M. með sömu kjörum sem á síðastliðnum vetri, og var samþykkt að sækja það.
Magnús Jónsson og Hallbjörn Halldórsson ekki á fundinum.
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Friðriksson Sig. Jónsson
settur borgarstjóri.
Pétur Halldórsson.

Ár 1923 mánudaginn 3. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Ólafur Friðriksson utanbæjar.

M/12. 1. Tilkynning frá skólalækninum Gunnl. Einarssyni um að hann verði erlendis næsta vetur.
Borgarstjóra falið að leita fyrir sér hjá nokkrum læknum er líklegir þættu til að geta tekið starfið að sér í vetur.
Treystist nefndin ekki til að leggja fram álykt til þess læknisins.

M/4 2. Erindi frá Íþróttafélagi Reykjavíkur um að fá fimleikahús barnaskólans til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fimleikaæfinga næsta vetur. Erindinu frestað.

3. Lagðar fram umsóknir um kennarastöður:

M/2. { Guðmundur R. Ólafsson úr Grindavík
Sigríður Magnúsdóttir Lv. 40 Rvík
Geir Gígja Þingh. 33 Rvík }

M/3. Baldur Andrésson cand. theol. Ludvg. 10 um stundakenslu

M/3. Þorleifur Erlendsson, Rvík, um stundakenslu.

M/2. Hallgrímur Þorsteinsson (um söngkenslu)

4. Talað um söngkenslu, og ákveðið að mæla ekki að svo stöddu með neinum sem skipaður verði fastur kennari í söng, en borgarstjóra var falið að líta fyrir sér um stundakennara til að annast kensluna í vetur. M/2.

5. Skólanefndin mælir með að þessi verði skipaðir fastir kennarar: M/2

Elín Andrésdóttir
Jóhanna Þorsteinsdóttir
Þorbjörg Friðriksdóttir
Þorsteinn G. Sigurðsson

M/3. 6. Lagt fram bréf frá Guðmundi Jónssyni frá Mosdal þar sem hann tilkynnir að hann sé ráðinn til kenslu á Ísafirði í vetur.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Sig. Jónsson.
settur borgarstjóri.
Hallbjörn Halldórsson

Pétur Halldórsson
Magnús Helgason

Ár 1923 miðvikudaginn 5. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Ólafur Friðriksson sem er utanbæjar.

M/2. 1. Skólanefndin mælir með að settir verði fastir kennarar um eitt ár frá 1. okt:
Ásgeir Magnússon
Sigurlaug Guðmundsdóttir
Hallbjörn Halldórsson mælir með Guðmundi R. Ólafssyni úr Grindavík í stað Sigurlaugar.

M/2 2. Elias Bjarnasyni kennara falið að vera til viðtals í barnaskólanum fyrir aðstandendur barna 1 kl. á dag þangað til skólastjóri verður skipaður. Ákveðið að auglýsa þetta.

M/8 3. Ákveðið að auglýsa að umsóknir um skólavist óskólaskyldra barna skuli komnar fyrir 15. september.

M/10. 4. Borgarstjóra falið að fá aðstoð kennaranna til undirbúnings skólahaldsins næsta vetur.

M/10 5. Rætt um húsnæði utan skólans og í honum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Sig. Jónsson
settur borgarstjóri.

Pétur Halldórsson Hallbjörn Halldórsson. Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 mánudaginn 17. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Umsóknir höfðu borist um skólastjórastöðuna við barnaskólann frá
Sigurði Jónssyni kennara og
Steindóri Björnssyni frá Gröf, sem óskaði þess í umsókninni að hann yrði skoðaður sem óframkominn ef Sigurður Jónsson sækti.
M/2. Vék frá Sigurður Jónsson af fundi.
Skólanefndin leggur til að (~~staðan~~) ekki verði skipað í stöðuna nú, en að Sigurður Jónsson verði settur til að gegna stöðunni um eitt ár frá 1. okt. að telja með (~~fullum~~) rétti til að hverfa aftur í fyrri stöðu sína með fullum ~~aldur~~ rétti til launa.

2. Lagðar fram umsóknir um kennarastöðu við barnaskólann frá
M/2. { Jónasi Magnússyni
Unni Jakobsdóttur frá Hólum í Reykjadal (tímakenslu)
M/3. { Höllu Ragnheiði Jónsdóttur (tímakensla)
Elísabetu Baldvins (enskukensla)
Helgu S. Þorgilsdóttur (tímakenslu)

3. Guðjón Guðjónsson kennari æskir þess að
M/2. kona hans megi rækja kenslustarf hans við skólann í vetur þar sem hann hyggst að fara utan til að afla sér frekari þekkingar, en kona hans Ragnheiður Jóns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dókki hefir kennarapróf og fylgdi skírteini hennar með umsókninni. Mælir skólanefnd með að þetta verði sint.

M/2. 4. Bréf frá Mörthu Stephensen kenslukonu um að hún segi stöðu sinni við skólann lausri; ásamt læknisvottorði um að hún geti ekki vegna heilsubilunar gegnt starfinu.

M/2. 5. Skólanefndin mælir með að ekki verði kennarar við skólann um eitt ár frá 1. okt:

Arngrímur Kristjánsson og

Sigríður Magnúsdóttir

M/12. 6. Lögð fram og lesin skýrsla skólalæknis um heilsufar í barnaskólanum skólaárið 1922-23.

M/12. 7. Lögð fram umsókn um hjúkrunarstarf við barnaskólann frá Þorbjörgu Árnadóttur hjúkrunarkonu. Málinu frestað.

M/4. 8. Umsókn um að mega hafa fimleika-æfingar í leikfimishúsi barnaskólans í vetur frá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur. Erindinu frestað.

Allir á fundi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

Sig. Jónsson
settur borgarstjóri

Pétur Halldórsson   Hallbjörn Halldórsson   Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 22. september, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra

M/10. 1. Húsnæði hefir fengist fyrir tvær kenslustofur á Vatnsstíg 3. Samþykt að fela formanni að láta smíða nauðsynleg borð í þær skólastofur

M/8. 2. Samþykt að taka við óskólaskyldum börnum, svo lengi sem skólahúsnæði leyfir.

M/3. 3. Lögð fram umsókn um handavinnukenslu frá Aðalheiði Jónsdóttur, Þingholtsstræti 12.

M/12. 4. Út af bréfi frá bæjarlækni, dags. 21. sept., felur nefndin formanni skólanefndar að sjá um framkvæmd berklaskoðunar í samráði við bæjarlækni.

Pétur Halldórsson ekki á fundi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Sig. Jónsson
settur borgarstjóri.

Ólafur Friðriksson Hallbjörn Halldórsson. Magnús Jónsson

Ár 1923 mánudaginn 1. oktober var fundur haldinn í skólanefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykt var að kensla í nokkrum efstu deildum skólans megi byrja kl.
M/10. 8 að morgni í vetur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/3 2. Samþykkt að ráða Hallgrím Þorsteinsson og Aðalstein Eiríksson sem stundakennara í söng þetta skólaár.

M/3 3. Samþykkt að ráða Ingibjörgu Guðmundsdóttur sem stundakennara í ensku eins og að undanförnu.

M/3 4. Samþykkt að ráða Eirík Magnússon sem stundakennara í bókbandi en ákveðið að reyna að fá kennara til smíðakennslu.

M/3 5. Samþykkt að ráða Geir Gígju og Höllu Jónsdóttur sem stundakennara, og er skólastjóra falið að skifta kennslunni milli þeirra.

M/2 6. Tilkynning barst frá (~~Kenslu~~ fræðslu)málastjóra um að ráðuneytið hafi skipað og sett kennara þá sem skólanefndin hafði lagt til um.

M/9 7. Erindi frá nokkrum bændum í Þvottalaugamýri um skólahald þar í hverfinu í vetur. Málinu frestað þar til skýrsla er fengin um nöfn barnanna og aldur, og fyrirkomulag skólahaldsins.

M/12 8. Út af erindi Þorbjargar Árnadóttur hjúkrunarkonu sbr. 7. lið fundargerð 17. september (~~var ákveðið að~~) ályktar nefndin að ekki sé þörf á að ráða hjúkrunarkonu að skólanum.

M/4 9. Tekin fyrir erindi Knattspyrnufél. Reykjavíkur, (og) Íþróttafélags Reykjavíkur og Væringja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um leyfi til að nota fimleikahús skólans á kvöldin í vetur. Nefndin sér ekki fært að svo stöddu að verða við beiðnum þessum.
Skólastjóri var á fundi.
Ólafur Friðriksson ekki á fundi.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið

Knud Zimsen.
Hallbjörn Halldórsson  Pétur Halldórsson
Magnús Kristjánsson  Sigurður Jónsson.

Ár 1923, fimtudaginn 4. okt. átti skólanefndin fund með sér í skrifstofu borgarstjóra. Skólastjóri var á fundi. Ólafur Friðriksson var ekki í bænum.

M/10. I. Skólastjóri lagði fram stundatöflu fyrir næsta skólaár.

2. Upplýst var að Eiríkur Magnússon mundi ekki taka að sér kenslu í bókbandi nema hann geti fengið 36 stunda kenslu minst á viku, og gegn því að kaup hans verði ákveðið kr. 2.50 um tímann minst. Hinsvegar var upplýst að þeir Geir Gígja og Pálmi

M/3. Jósefsson séu fáanlegir til að kenna smíðar og að Matthías Þórðarson þjóðmenjavörður sem áður hefir kent smíðar um mörg ár í skólanum sé fáanlegur til að koma kenslunni á rekspöl og hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftirlit með henni. Nefndin ákveður
að ráða þessa menn við sundkensluna
M/13. í vetur. Hallbjörn Halldórsson vill ganga
að kröfum Eiríks Magnússonar.
3. Skólanefndin samþykkir að Magnús
Pétursson bæjarlæknir gegni störfum skóla-
M/12. læknis í vetur meðan hann er erlendis.
4. Skólanefndin samþykkir að leyfa
M/4. að alþingiskosningar 27. þ. m. fari
fram í barnaskólahúsinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson  Magnús Helgason

Hallbjörn Halldórsson  Sig. Jónsson.

Ár 1923 laugardaginn 20. október hélt
skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
1. Skólastjóri skýrði frá, að samtals væru
í barnaskólanum 1653 börn að meðtöldum
48 börnum sem eru í 2 deildum í Kennara-
M/8. skólanum. Af þessum börnum reyndust
vera skólaskyld 1271, fyrir innan skóla-
skyldualdur 369 en eldri en 14 ára 13 börn.
Deildir skólans eru 57 alls.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Kenslukraftar eru: 37 fastir kennarar, skipaðir og settir, sem hafa 30 stundir hver; auk skólastjóra, sem ekki hefir kenslu. Ennfremur eru 2 kennarar við deildirnar í kennaraskólanum. Stunda-kennarar eru 6, og hafa þeir samtals 114 stunda kenslu á viku.

M/2.

3. Skólastjóri skýrði frá að í skólanum hefðu verið skoðuð um 1120 börn vegna berklavarna. Öll ~~önnur~~ hin börnin komu með læknisvottorð. Við skoðunina fanst eitt barn hættulega berklaveikt, og ~~eittu~~-barni bannað skólavist vegna grunsemdar um berklaveiki.

M/12.

4. Lögð fram skýrsla um börn í tveimur barnadeildunum í kennaraskólanum, og afhent skólastjóra.

M/10.

5. Á fundinum mætti Sigurður Guðmundsson húsgerðarmeistari sem skólanefndin hefir falið að gera teikningu af fyrirhuguðu barnaskólahúsi. Var rætt um tilhögun hússins, og ákveðið að ráð skuli gert fyrir 20 kenslustofum í skólahúsinu.

M/11.

Sigurður Guðmundsson benti á, að ~~hép~~ æskilegra væri að skólahúsið yrði reist á lóðunum sunnanvert við Bergþórugötu austan Vitastígs, en á þeirri lóð sem valin hefir verið,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

milli Hringbrautar og Barónsstígs.
Felst nefndin á tillögu Sigurðar, og leggur til að bæjarstjórnin ákveði þennan stað fyrir bygginguna.

M/M. Samþykt að greiða Sigurði Guðmundssyni 200 kr. upp í kaup hans fyrir teikningargjörðina.

6. Vilhelm Bernhöft tannlæknir hefir farið fram á að fá 200 kr. á mánuði fyrir tannlæknisstarf við skólann.
M/12. Nefndin vill ekki hækka borgunina fyrir þetta starf, og felur formanni skólanefndar að ráða annan tannlækni við skólann ef Bernhöft heldur fast við kröfu sína.

7. Nefndin ákveður að allar þær lækningar sem skólalæknar framkvæma í lækningastofum skólans í starfstíma sínum skuli vera ókeypis.
M/12. Jafnframt felur hún formanni, að leita samninga við sérlækna, einn í hverri grein, um ríflegan afslátt á greiðslu fyrir læknisaðgerðir þeirra barna sem skólalæknar vísa til þeirra.

8. Skólastjóri tilkynti að hann hafi tekið við bókasafni Matens heitins Hansen
M/14. skólastjóra, er hann hafði ánafnað skólanum í erfðaskrá sinni. Hafði

skólastjóri látið smíða bókaskápa í kennara-
M/4. stofunni, og var samþykt að greiða skápana
af fjárveitingu skólans til áhalda.

9. Erindi lagt fram frá Heimilisiðnaðar-
félagi Íslands, um lán á einni stofu í
kjallara skólans tvo tíma á dag 2-4 daga
M/4. í viku. Meiri hluti nefndarinnar vill ekki
leggja með þessu erindi.

10. Erindi frá glímufélaginu Ármann um
afnot leikfimishússins og erindi um sama
frá leikfimiskennara Valdemar Svein-
björnssyni. Var skólastjóra falið að gera
M/4. tillögur um hvernig skifta mætti tímanum
milli allra umsækjenda um þetta, þannig að
húsið sé notað til kl. 10 á hverju kvöldi.

Skólastjóri var á fundi. Ólafur Frið-
riksson ekki á fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Thomsen.

Magnús Jónsson Hallbjörn Halldórsson.

Pétur Halldórsson Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 miðvikudaginn 31. október hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjórans.

1. Skólanefndin leggur til að leikfimishús barnaskólans verði lánað einstaklingum á þessum tímum:

M/4.

Valdemar Sveinbjörnssyni kl. 7-8 síðd. þau kvöld sem skólinn notar ekki húsið á þeim tíma.

Glímufélaginu Ármann mánudaga og fimtudaga kl. 8-10 síðd.

Knattspyrnufélagi Reykjavíkur þriðjudaga og föstudaga kl. 8-10 síðd.

Íþróttafélagi Reykjavíkur miðvikudaga og laugardaga kl. 8-10 síðdegis.

Væringjum á sunnudagsmorgnum kl. 9-11 f. h.

Félögin skulu greiða 4 kr. á kvöldi fyrir ljós og hita.

Verði baðhúsið notað af nemendum ákveður skólastjóri gjald fyrir þau afnot.

Um borgun fyrir ræstingu skulu leigjendur semja við dyravörð skólans.

2. Erindi frá frú Áslaugu Ágústsdóttur um að skátadeild K. F. U. K. sé heimilað að hafa kenslu í einhverri kenslustofu skólans að kvöldi dags, 1 klt. einu sinni í viku. Vill skólanefnd veita

M/4.

heimildina fyrir sitt leyti.

M/9. 3. Lögð fram skrá yfir skólaskyld börn í Landakotsskóla veturinn 1923-24. Afhent skólastjóra.

M/9. 4. Lögð fram skrá yfir börn sem ganga eiga í skólann í Múla í vetur, alls 20, þar af 6 skólaskyld. Nefndin leggur til að skólinn verði styrktur með 175 Kr. mánaðarlegu framlagi úr bæjarsjóði frá 1. nóv. Kennari skólans verður Elías Eyjólfsson eins og áður.

Á fundinum vantaði Magnús Jónsson, Hallbjörn Halldórsson og Ólaf Friðriksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson   Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 föstudaginn 23. nóvember hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tillögur nefndarinnar til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1924 eru þessar:

R/7

| | | |
|---|---|---|
| 1. Laun kennara | Kr. | 63.000.– |
| 2. Heilbrigðiseftirlit og tannlækningar | – | 6.000.– |
| 3. Starfræksla baðhússins | – | 3.000.– |
| 4. Hiti og ljós | – | 12.000.– |
| 5. Laun dyravarðar | – | 3.420.– |
| 6. Ræsting | – | 6.000.– |
| 7. Skólaeldhús | – | 2.500.– |
| 8. Til áhaldakaupa | – | 2.000.– |
| 9. Bókasafn kennara | – | 500.– |
| 10. Matgjafir | – | 5.000.– |
| 11. Viðhald á húsi og lóð | – | 3.500.– |
| 12. Kensluhúsrúm utan skólans | – | 3.500.– |
| 13. Til sumarskólans | – | 1.000.– |
| 14. Ýms gjöld | – | 5.000.– |

M/2

2. Út af veikindaforföllum kennara gerir skólanefndin eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

Ef kennari veikist greiðir bæjarsjóður laun tímakennara í hans stað alt að einum mánuði, en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem veikindum langvinnari greiði kennarinn hálf laun forsakennarans og sé sá hluti launanna tekinn af kaupi kennarans við hver mánaðamót. Sé kennari veikur lengur en til loka skólaársins skal gera ákvörðun í hvert skifti. Ákvörðunin gildi frá 1. október síðastl.

M/2.

3. Samþykt að greiða skólagjald fyrir Alfred Georg Þórðarson, 12 kr. á mánuði í vetur. Drengurinn er sjónlítill og nýtur kenslu hjá Bjarna Jónssyni kennara.

M/8

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Undir 2. lið lagði Ólafur Friðriksson til að gengið væri að kröfum kennarafélagsins. Var það felt með 3:2 atkv. Þá lagði sami nefndarmaður til að í tillögunni stæði „6 vikum“ í stað „einum mánuði“. Felt með 3:2 atkv.

M/2

K. Zimsen.

Magnús Einarsson Hallbjörn Halldórsson

Pétur Halldórsson Olafur Fridriksson

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 miðvikudaginn 9. janúar hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Erindi frá kjörstjórn við bæjarstjórnarkosning 26. þ. m. um heimild til að láta kosninguna fara fram í barnaskólahúsinu. Samþykti nefndin að heimila það.

Y/29. 2. Bréf frá fastanefnd hátíðahalds Goodtemplara 10. janúar þar sem þess er farið á leit að nefndinni verði heimiluð afnot nokkurra kenslustofa við skrúðgöngu þann

M/4 dag. Skólastjóri upplýsti að skólinn hafi mánaðarfrí þennan dag, og var samþykt að leyfa afnot af nýju álmunni niðri í samráði við skólastjóra þar sem kensla fer ekki fram þenna dag, enda kosti nefndin ræstingu á húsunum því er notað verður.

3. Lagt fram bréf frá Davíð Sch.

M/10 Thorsteinsson lækni þar sem hann býðst til þess að sýna skólabörnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

barnaskólans skuggamyndir með skýringum um heilbrigðismál, hjálp í viðlögum o.fl. Samþykti nefndin að taka þessu tilboði þakksamlega,
M/10 og fela skólastjóra að sjá um framkvæmd á þessu í samráði við læknirinn.

Stadlaust 4. Hallbjörn Halldórsson spurðist fyrir um kristindómsfræðsluna í skólanum, og upplýsti skólastjóri það.

M/6 5. Skólastjóri upplýsti að matgjafir skólans hafi byrjað 4. janúar.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Guðm. Björnsson

Magnús Helgason Hallbjörn Halldórsson Ólafur Friðriksson

Pétur Halldórsson. Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 mánudaginn 14. apríl hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Erindi frá Aðalsteini Eiríkssyni söngkennara um styrk til utanfarar til náms 1000 kr. Skólanefndin mælir með því að umsækjanda sé veitt 1000 kr. lán til utanfararinnar er endurgreiðist vaxtalaust á tveim árum.

M/3

2. Samþykt að selja skósmíðaverkfæri skólans ef viðunandi verð fæst fyrir þau.

M/14

3. Samþykt eftir tillögum Arngríms Kristjánssonar að kaupa nokkur garðyrkjuverkfæri og vermireit fyrir samtals um 200 kr.

M/14

4. Lögð fram prófstafla skólans fyrir vorpróf 1924 og var hún samþykt.

M/10

5. Samþykt að sumarskólinn starfi með sama fyrirkomulagi og áður.

M/15

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.
Ólafur Friðriksson
Pétur Halldórsson
Hallbjörn Halldórsson
Magnús Helgason
Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, miðvikudaginn 7. maí hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð fram beiðni frá undirbúningsnefnd Iðnaðarmannafélagsins, sem skipuð er til undirbúnings iðnsýningar í Reykjavík, um lán á húsnæði í barnaskólanum til sýningarinnar, sem halda á í júní og júlí. Skólanefndin mælir með því að húsrúm sé lánað undir sýninguna í barnaskólahúsinu, og [illegible] skólastjóra falið að samrýma þessi afnot við notkun hússins til kenslu. Sýninganefndin skili húsinu hreinu og kosti fernissing á gólfum í þeim stofum og göngum sem hún notar.

M/4.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson og Hallbjörn Halldórsson, en til þeirra náðist í síma.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

[illegible]

Magnús [illegible]

Pétur Halldórsson

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 föstudaginn 13. júní hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/10 1. Lagðar fram skýrslur frá skólastjóra:
a. Um barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1923-1924
b. Um próf í barnaskólanum vorið 1924 I-XXI.
c. Um vorpróf utanskólabarna í Reykjavíkurskólahéraði 1924.

M/2 2. Lögð fram skýrsla um starf barnaskóla Ásgríms Magnússonar veturinn 1923-1924, ásamt skýrslu um starf unglingaskóla Ásgríms Magnússonar 1923-24.

M/4. 3. Samþykt að taka upp tröppurnar í hallanum við Laufásveg á skólalóðinni og nota grjót úr þeim í nýjar tröppur við norðurdyr skólans og leggja jafnframt niður tröppurnar frá Fríkirkjuvegi upp á skólalóðina.

M/10 4. Ákveðið að prenta skýrslu skólastjóra um barnaskólann sem nefnd er undir 1a að ofan ásamt skýrslu skólalæknis & tannlæknis.

M/2 5. Samþykt að fela borgarstjóra og skólastjóra að ákveða hæfilega þóknun handa Arngrími Kristjánssyni fyrir undirbúnings-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vinnu hans við útagarð barnaskólans.

6. Samþykt að endurgreiða 2/3 hluta kenslugjalds þess er goldið hefir verið fyrir sumarskólavist barna að þessu sinni, þar sem skólinn hafði starfað eftir 1/2 mánuð vegna mislingahættu.

M/15.

7. Ákveðið að leggja til við fræðslumálastjórnina að Sigurður Jónsson verði skipaður barnaskólastjóri frá 1. okt. næstkomandi.
Ennfremur að skipaðir verði frá 1. okt. kennarar þessir sem settir eru nú:

M/2

Arngrímur Kristjánsson
Ásgeir Magnússon,
Sigríður Magnúsdóttir
Sigurlaug Guðmundsdóttir.

Magnús Jónsson baðaði þá öll.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson   Ólafur Friðriksson

Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

## um barnaskóla Reykjavíkur
## skólaárið 1923–1924

### Skarð fyrir skildi

Þau tíðindi hafa gerst síðan samin var
var skýrsla um barnaskóla Reykjavíkur fyrir
skólaárið 1922–1923, að látist hefir forstöðumaður
skólans, skólastjóri Rasmus Morten Hansen.
Hann andaðist 8. ágúst f. á. Átti skólinn þar á bak
að sjá þeim manni, sem með frábærum dugnaði
og samviskusemi hafði starfað við þessa stofnun
hátt upp í hálfa öld, fyrst sem kennari
og síðan yfir 30 ár sem skólastjóri. Það er óþarft
á þessum stað að fjölyrða um þá miklu hæfileika
sem Hansen sál. var gæddur bæði sem
kennari og skólastjóri. Þeir eru svo alkunnir,
og þá ekki síst háttvirtri skólanefnd.

Það var því eðlilegt að kennurum skólans
þætti skarð orðið fyrir skildi, er þeir bjuggust til
starfs að loknu sumarleyfi. Enn árangur af
dyggilega unnu æfistarfi endist lengur en æfi þess
er vann. Kennurum var það ljóst að þá yrði skólastarfið
heillaríkast, er það væri unnið svo sem hinn
látni skólastjóri myndi helst hafa kosið. Með það
fyrir augum gengu þeir að verki.

### Undirbúningur

Að undirbúningi skólastarfsins var unnið
allan síðari hluta septembermánaðar og fyrstu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

daga október, svo að kenslustundir gátu byrjað 6 október. Hafði börnunum þá verið skipað í deildir, ný börn innrituð og prófuð, kenslu skift milli kennaranna, stundatafla samin o. s. frv.
Auk þessa hafði skoðun farið fram, samkv. lögum um berklavarnir, á öllum þeim börnum sem innrituð höfðu verið. Hafði hún þann árangur að allmörgum börnum var bönnuð skólavist um stundarsakir og nokkrum alt skólaárið

## Kennarar skólans

Fastir kennarar skólans, skipaðir og settir, voru 37 (auk skólastjóra), og kendu þeir samtals 1110 stundir á viku — 30 stundir hver. voru þeir þessir
1. Arngrímur Kristjánsson. 2. Ásgeir Magnússon 3. Bjarni Hjaltested 4 Egill Hallgrímsson. 5. Einar G Þórðarson. 6. Elías Bjarnason. 7. Elín Andrésdóttir 8. Elín Tómasdóttir. 9 Gísli Jónasson. 10 Guðlaug Arason 11. Guðlaug Sigurðardóttir 12. Guðmundur Davíðsson 13. Guðmundur Jónsson 14. Guðrún Blöndal 15. Guðrún Daníelsdóttir. 16. Halldóra Matthíasdóttir. 17. Hallgrímur Jónsson. 18. Helgi Hjörvar. 19 Ingibjörg Brands. 20 Ingibjörg Sigurðardóttir 21. Jóhanna Þorsteinsdóttir 22. Jón Jónsson. 23. Konráð Kristjánsson 24. Kristín Arngrímsdóttir 25. Margrjet Þorkelsdóttir 26. Ragna Stephensen, 27. Ragnheiður Jónsdóttir, sem með samþykki stjórnarráðsins annaðist kenslu í stað manns síns, Guðjóns Guðjónssonar er var erlendis. 28 Sigríður Magnúsdóttir 29. Sigurbjörg Jónsdóttir, 30. Sigurbjörg Þorláksdóttir. 31. Sigurlaug Guðmundsdóttir 32 Sofía Jónsdóttir. 33. Steinunn Bjartmarsdóttir 34 Valdimar Sveinbjörnsson 35 Þorbjörg Friðriksdóttir. 36 Þorsteinn G Sigurðsson 37. Þuríður Jóhannsdóttir.

Í byrjun skólaársins voru ráðnir þessir 6 stundakennarar. 1. Aðalsteinn Eiríksson, 2 Geir Gígja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 Halla Jónsdóttir. 4. Hallgrímur Þorsteinsson. 5. Ingibjörg Guðmundsdóttir. 6 Pálmi Jósefsson Kendu þeir samtals 114 stundir á viku
Kenslustundir voru þannig alls í skólanum 1224 á viku.

Á kennaraliði skólans varð engin breyting á skólaárinu en nokkrir kennarar fötluðust frá starfi um stundarsakir vegna veikinda, og önnuðust aðrir, aðallega samkennarar þeirra kensluna í þeirra stað á meðan

## Tala nemenda og deilda.

Alls komu í skólann 1624 börn, þar af nokkur eftir nýjár. En 3 börn fluttust á skólaárinu úr skólanum í barnadeildir Kennaraskólans og teljast því skólabörnin hjer á eftir 1621. Næsta skólaár á undan munu þau hafa verið 1591. Börnunum var skift í 8 bekki og hverjum bekk í 2–11 deildir. 55 deildir alls eins og næsta ár á undan

Tala deilda og nemenda í hverjum bekk var þessi

| | | |
|---|---|---|
| 8 bekkur | 2 deildir | 63 nemendur |
| 7 —"— | 5 —"— | 151 —"— |
| 6 —"— | 9 —"— | 275 —"— |
| 5 —"— | 11 —"— | 340 —"— |
| 4 —"— | 10 —"— | 284 —"— |
| 3 —"— | 9 —"— | 254 —"— |
| 2 —"— | 5 —"— | 145 —"— |
| 1 —"— | 4 —"— | 109 —"— |

Rúmlega 420 af börnum þessum höfðu ekki verið í skólanum næsta ár á undan. Hafa þannig um 390 af börnum frá 1922–1923 horfið úr skólanum þar af um 265 sem orðin voru 14 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aldur nemendanna

Tafla sú sem hjer fer á eftir sýnir aldur barnanna í hverjum bekk og er miðað við 1. okt 1924

| Bekkir | 14 ára | 13 ára | 12 ára | 11 ára | 10 ára | 9 ára | 8 ára | 7 ára | 6 ára | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 bekkur | 47 | 16 | " | " | " | " | " | " | " | 63 |
| 7 —"— | 92 | 49 | 10 | " | " | " | " | " | " | 151 |
| 6 —"— | 85 | 104 | 76 | 10 | " | " | " | " | " | 275 |
| 5 —"— | 22 | 110 | 113 | 78 | 16 | 1 | " | " | " | 340 |
| 4 —"— | " | 10 | 116 | 102 | 43 | 13 | " | " | " | 284 |
| 3 —"— | " | " | 7 | 99 | 105 | 36 | 7 | " | " | 254 |
| 2 —"— | " | " | " | 16 | 70 | 47 | 11 | 1 | " | 145 |
| 1 —"— | " | " | 1 | 2 | 16 | 39 | 39 | 9 | 3 | 109 |
| Samtals | 246 | 289 | 323 | 307 | 250 | 136 | 57 | 10 | 3 | 1621 |

# Vanhöld og veikindi

Prófskýrsla sýnir að alls tóku 1531 nemendur vorpróf. Höfðu þannig 90 börn samtals fatlast frá á skólaárinu. 1 barn andaðist, 69 voru fjarverandi vegna veikinda, 11 vegna brottflutnings úr bænum og 9 af ýmsum öðrum ástæðum.

Tala þeirra barna sem fjarverandi voru frá prófi er miklu lægri þetta ár heldur en undanfarin ár (1923 voru 120 börn fjarverandi.) Mun það meðal annars að þakka skoðuninni í byrjun skólaárs. Var þá nokkrum börnum bægt frá skólavist, sem ella hefðu byrjað á námi, en orðið að hætta fyr eða síðar á skólaárinu.

Veikindaforföll um stundarsakir voru mest í febrúarmánuði, þegar influensan gekk í bænum. 1. febrúar voru fjarverandi 22% af skólabörnum og fór tala þeirra síðan vaxandi með degi hverjum er fjarverandi voru þannig að

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2 | febrúar | vantaði | 25% |
| 4 | —"— | —"— | 34% |
| 5 | —"— | —"— | 35% |
| 6 | —"— | —"— | 40% |
| 7 | —"— | —"— | 48% |
| 8 | —"— | —"— | 52% |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var þá skólahaldi frestað nokkra daga, með því líka að allmargir kennarar voru veikir og þessvegna miklum erfiðleikum bundið að halda áfram kenslu. 18 febrúar hófst kensla aftur og vantaði þá enn 29%

| | | |
|---|---|---|
| 19 febrúar | vantaði | 22% |
| 20 —"— | —"— | 21% |
| 21 —"— | —"— | 19% |
| 26 —"— | vantaði enn | 16% |

Mátti svo heita að allur febrúarmánuður yrði gagnslaus með tilliti til náms, og ýms af börnum þeim sem tóku veikina komu ekki í skólann síðan. Að öðru leyti mun skólalæknirinn gefa skýrslu um heilbrigðisástandið í skólanum og eftirlitið með því

## Stundafjöldi og námsgreinar

Kenslustundafjöldi á viku hverri var sem hjer segir

| | | |
|---|---|---|
| Í 8. og 7. bekk | 27 (drengir) – 30 (stúlkur) | |
| Í 6. bekk | 26 (drengir) – 30 (stúlkur) | |
| Í 5. bekk | 25 | |
| Í 4. bekk | 18 (drengir) – 20 (stúlkur) | |
| Í 3. bekk | 14 (drengir) – 16 (stúlkur) | |
| Í 2. og 1. bekk | 13 | |

Eftirfarandi tafla sýnir námsgreinar þær sem kendar voru, og hve margar stundir á viku hver námsgrein var kend í hverjum bekk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Námsgreinar | 7. og 8. bekkur (7 deildir) | 6. bekkur (9 deildir) | 5. bekkur (11 deildir) | 4. bekkur (10 deildir) | 3. bekkur 9 deildir | 2. bekkur 5 deildir | 1. bekkur 4 deildir | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristinfræði | 7 | 18 | 33 | 30 | 18 | 5 | 4 | 115 |
| Íslenska | 28 | 37 | 44 | 50 | 45 | 25 | 20 | 249 |
| Skrift | 7 | 9 | 22 | 30 | 27 | 15 | 12 | 122 |
| Reikningur | 21 | 28 | 44 | 40 | 27 | 15 | 12 | 187 |
| Saga | 14 | 27 | 22 | " | " | " | " | 63 |
| Landafræði | 7 | 18 | 22 | 10 | " | " | " | 57 |
| Náttúrufræði | 14 | 18 | 22 | " | " | " | " | 54 |
| Danska | 21 | 16 | " | " | " | " | " | 37 |
| Enska | 14 | " | " | " | " | " | " | 14 |
| Söngur í 8–4 bekk | " | " | " | " | " | " | " | 19 |
| Teikning | 14 | 18 | 11 | " | " | " | " | 43 |
| Handavinna stúlkna | 14 | 18 | 22 | 20 | 16 | " | " | 90 |
| — " — drengja | 14 | 18 | 22 | " | " | " | " | 54 |
| Leikfimi drengja og stúlkna í 8.-1. bekk | | | | | | | | 60 |
| Matreiðsla, stúlkur | 28 | 32 | | | | | | 60 |
| | | | | | | | Samtals | 1224 |

Námsefni í hverjum bekk var yfirleitt hið sama sem verið hefir undanfarin ár. Í Íslandssögu, sem kend er í 5. bekk, var fyrirsjáanlegt að ókleyft yrði að komast yfir báði hefti kenslubókarinnar (Eftir Jónas Jónsson), og var því úr henni slept köflum á víð og dreif, svo að það sem lesið var, samsvaraði rúmlega helmingi allrar bókarinnar.

Í handavinnu var drengjunum kent trjesmíði (Slojd)

## Húsrúm skólans

Í skólahúsinu eru 20 venjulegar kenslustofur (auk söngstofu, teiknistofu, smíðahúss, skólaeldhúss og leikfimishúss), og er hver stofa ætluð fyrir 30 börn. Með því að tvísetja í hverja stofu rúmar því skólinn 1200 börn eða 40 deildir. Nú voru deildir skólans 55 og var því óumflýjanlegt að þrísetja í sumar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stofurnar. Var það gert í 6 stofum, en í 9 deildum kent í leigustofum (3) úti í bæ. 13 deildir komu venjulega í skólann kl. 8 að morgni og 10 deildir kl. 9, og var þeim öllum kent til kl. 12. Kl. 1, komu 23 deildir og var 9 af þeim kent til kl. 3 (neðstu bekkjunum), en þá komu í þeirra stað 9 deildir í þær stofur sem þrísett var í. Stóð kensla yfir til kl. 5 og 6, en í leikfimi og matreiðslu til kl. 7

Í suðurálmu skólans voru á síðastliðnu sumri settar rafmagnsvindur, sín á hvora hæð. Voru þær hafðar í gangi í hljeinu milli kenslustunda og opnaðar allar dyr milli kenslustofanna á meðan. Reyndist að þessu mikil bót að því er loftræstingu snerti.

## Skólabaðhúsið

Það var stöðugt starfrækt frá því er það var tilbúið um mánaðamót (okt.–nov.) og þangað til kenslustundir hættu í skólanum. Var svo til hagað, að börnin fengju jafnan bað að leikfimi lokinni. Var kona ráðin til að hafa umsjón með böðum stúlknanna og yngstu drengjanna, en karlmaður með böðum drengja í efri bekkjum. Var almenn ánægja yfir böðunum meðal yngri barnanna, en meðal hinna eldri, einkum stúlknanna varð vart við nokkra tregðu í því að notfæra sjer baðið.

## Áhöld

Áður en skólinn tók til starfa, voru efnuð skólaborð sem svaraði í eina kenslustofu og 2 kennaraborð. Voru áhöld þessi notuð í leigustofum þeim sem kent var í.

Í fyrrasumar voru dúktöflur settar á veggi í öllum kenslustofum í vesturálmu skólans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í byrjun skólaársins eignaðist bókasafnið mjög mikla viðbót, þar sem voru allar bækur Mortens sál. Hansen skólastjóra. Voru gerðir nýir skápar fyrir þessar bækur safnsins, því að skápar þeir sem áður voru fyrir voru bæði óhentugir og ónógir. Nýju skáparnir voru settir meðfram miklum hluta af vesturvegg kennarastofunnar.

Þá hefir skólinn eignast skuggamyndavjel ágæta og má sýna með henni bæði plötur og prentaðar myndir. Vegna húsrúmsleysis er ekki að svo stöddu hægt að nota vjel þessa eins og æskilegt væri. Þyrfti til þess að vera sjerstök stofa, þar sem vjelin gæti jafnan staðið og dagsbirta öll væri útilokuð, og mætti þá fara þangað með börnin í kenslustundum og sýna þeim myndir námsefni þeirra viðkomandi. Eins og nú er ástatt þarf mikinn tíma til að koma vjelinni fyrir, hengja tjöld fyrir alla glugga, koma upp tjaldinu sem myndirnar eiga að koma fram á, og setja vjelina í samband við rafmagnsleiðslu hússins, og er því ógerningur að nota vjelina í kenslustundum. Í jólaleyfinu var sýnt allmikið af landafræðismyndum og síðar á skólaárinu sýndi hr. læknir Davíð Sch. Thorsteinsson myndir náttúrufræðislegs efnis, einkum um áhrif tóbaks og áfengis á líkama mannsins.

Vegna matgjafa skólans var keyptur eldunarpottur einn mikill og sömuleiðis skápur til að geyma í matföng.

Í lok skólaársins hafa verið útveguð handa skólanum nokkur garðyrkjuáhöld við barna hæfi til að nota við ræktun skólagarðsins.

Önnur áhöld sem skólinn hefir eignast á árinu eru ekki teljandi, aðeins lítið eitt til endurnýjunar á því sem úr sjer hafði gengið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Skólalóðin

Umhverfi skólahússins hefir stórum verið bætt á síðari árum, er malbikað leiksvæði var gert frá skólanum upp undir Laufásveg og vegur lagður frá Laufásvegi niður að Lækjargötu meðfram norðurhlið hússins. Það sem nú er einkum áfátt í þessu efni, er brekkan ofanvert við nýnefnt leiksvæði. Veldur hún ýmsum óþægindum og sjerstaklega óþrifnaði með því að aldrei er unt að fyrirbyggja að börnin hlaupi upp í brekkuna, og vinna þau þá hvort í senn, gera grassvörðinn að moldarflagi og óhreinka sig, og bera þau síðan óhreinindin inn í skólahúsið. Brekka þessi þarf sem fyrst að aftakast og í hennar stað að koma steinveggur með hæfilegum fláa. Sömuleiðis þarf að taka burt tröppur þær, sem liggja frá leiksvæðinu miðju upp að Laufásvegi og nú eru alls ekkert notaðar. Efnið úr þeim mætti nota í tröppur við norðurdyr skólans. Steinsteyputröppur þær sem þar eru nú, eru alt af í slæmu standi, þótt árlega sje gert við þær.

Nú í lok skólaársins var byrjað á að laga lóðina meðfram suðurhlið hússins og breyta henni í skólagarð. Veitir Arngrímur kennari Kristjánsson forstöðu því verki, en að því vinna að svo miklu leyti sem unt er börn úr skólanum, einkum þau sem framhaldsnám stunda til loka júnímánaðar.

## Matgjafir skólans

Þær hófust 4. janúar og var þeim stöðugt haldið uppi til 15. apríl, eigi aðeins þá daga sem kensla fór fram, heldur einnig á sunnudögum og frídögum. Var útbýtt alls um 330 aðgöngumiðum að matgjöfunum, og voru þeir yfirleitt notaðir nema á sunnu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dögum og frídögum. Þá daga kom venjulega ekki meira en helmingur barnanna að matborðinu, og oft enn færra

Yfirumsjón með matgjöfum hafði hjúkrunarkona skólans eins og undanfarin ár

## Mánaðarleyfi.

Eins og tíðkast hefir undanfarin ár, var leyfi (var leyfi) gefið einn dag í mánuði hverjum. Voru dagar þessir notaðir til fundarhalda meðal kennaranna um ýmislegt kenslunni viðvíkjandi og skólahaldinu yfirleitt, svo sem umsjón með börnunum úti og inni, samræming kenslunnar o. s. frv. Meðal annars var lesskrá skólans yfirfarin og gerðar á henni þær breytingar sem nauðsynlegar þóttu vegna breyttrar aðstöðu. Húsrúmsleysið hefir einatt farið vaxandi á síðari árum, og hefir þar af leiðandi orðið óumflýjanlegt að draga úr kenslunni í flestum námsgreinum, og því ómögulegt á meðan ástandið er þannig, að fylgja lesskrá þeirri, sem samin var fyrir skólann á þeim tíma, er barnafjöldinn var ⅓ minni enn hann er nú

## Einkunnir

Auk prófseinkanna, voru nemendum gefnar einkunnir þrisvar á skólaárinu, í lok nóvember, janúar og og apríl. Í teikningu og handavinnu voru þó vetrareinkunnir ekki gefnar. Samkvæmt lögum skulu einkunnir þessar ef gefnar eru reiknaðar með við prófið og var svo gert. Má gera ráð fyrir að þetta fyrirkomulag hafi áhrif á nemendur yfirleitt í þá átt að það hvetji þá til að stunda námið jafnara alt skólaárið. En venjulega verður vetrareinkunn til að lækka endanlega prófseinkunn, og kemur ranglátlega niður þegar nemandi hefir verið ljelega undirbúinn í byrjun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skólaárs og þess vegna fengið lágar einkunnir framan af, en betri tekið góðum framförum á skólaárinu

## Próf

Kenslu var haldið áfram í skólanum til og með 26 apríl, en vorpróf byrjaði 28 s. m. Þó hafði áður (í kenslustundum) farið fram próf í munnlegri íslensku, dagana 9 + 26 apríl

Til aðstoðar sóknarprestinum voru af stjórnarráðinu skipaðir prófdómarar við vorprófið, 19 að tölu. Dæmdu þeir ásamt hlutaðeigandi kennurum um frammistöðu nemendanna í öllum þeim deildum, þar sem skólaskyld börn voru í meiri hluta, sem sje í öllum deildum 8., 7., 6., 5., og 4 bekkjar 3 bekk A–H og 2 bekk D En í 1. bekk. A–D, 2 bekk A–C og E og í 3 bekk I voru kennarar skólans prófdómarar.

Skrifleg próf voru viðhöfð í reikningi sögu landafræði og náttúrufræði, auk skriflegrar íslensku

Yfirlit yfir prófseinkunnir barnanna sjest á töflu þeirri er hjer fer á eftir og hve margir nemendur í hverri deild skólans fengu hverja aðaleinkunn

Sýnir taflan, að einkunnirnar í hverri deild fyrir sig eru nokkurnveginn jafnar, einkum ofantil í skólanum, þar sem nemendurnir eru flestir áður þektir og þeim skift í deildirnar eftir ~~(eftir)~~ kunnáttu og þroska samkv. prófi næsta ár á undan. En í neðri bekkjunum er margt nýrra nemenda og mismunur einkunna þar þess vegna meiri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Bekkir | Aðaleinkunnir 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 | Alls | Bekkir | Aðaleinkunnir 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8.A | " | 14 | 14 | " | " | " | " | " | 28 | Flutt | " | 56 | 261 | 286 | 136 | 35 | 4 | 1 | 779 |
| B | " | 2 | 20 | 7 | " | " | " | " | 29 | 4.A | " | 5 | 20 | 3 | " | " | " | " | 28 |
| 7.A | " | 9 | 20 | 2 | " | " | " | " | 31 | B | " | 1 | 13 | 14 | " | " | " | " | 28 |
| B | " | " | 22 | 5 | " | " | " | " | 27 | C | " | " | 13 | 12 | 3 | " | " | " | 28 |
| C | " | 1 | 8 | 18 | 1 | " | " | " | 28 | D | " | 1 | 8 | 6 | 4 | 8 | " | " | 27 |
| D | " | " | 5 | 19 | 7 | " | " | . | 31 | E | " | " | 4 | 17 | 7 | " | " | " | 28 |
| E | " | " | " | 6 | 15 | 3 | " | " | 24 | F | | | 5 | 14 | 9 | 1 | " | " | 29 |
| 6.A | " | 11 | 16 | 3 | " | " | " | " | 30 | G | " | 3 | 7 | 5 | 4 | 4 | 1 | " | 24 |
| B | " | 3 | 25 | 2 | " | " | " | " | 30 | H | " | " | 1 | 8 | 9 | 7 | 1 | " | 26 |
| C | " | 1 | 19 | 10 | " | " | " | " | 30 | I | " | " | 17 | 11 | 1 | " | " | " | 29 |
| D | " | " | 2 | 24 | 6 | " | " | " | 32 | J | " | " | " | 9 | 15 | 3 | 1 | " | 28 |
| E | " | " | 5 | 20 | 2 | " | " | " | 27 | 3.A | " | " | 16 | 7 | 2 | " | " | " | 25 |
| F | " | " | 2 | 17 | 7 | " | " | " | 26 | B | " | " | 10 | 16 | 1 | " | " | " | 27 |
| G | " | " | " | 17 | 13 | " | " | " | 30 | C | . | " | 3 | 13 | 10 | 2 | " | " | 28 |
| H | " | " | 3 | 7 | 15 | 2 | " | " | 27 | D | " | 1 | 3 | 12 | 11 | " | " | " | 27 |
| Í | " | " | " | 3 | 11 | 8 | 2 | " | 24 | E | " | " | 7 | 11 | 10 | 5 | " | " | 27 |
| 5.A | " | 10 | 16 | 6 | " | " | " | " | 32 | F | " | 1 | 4 | 9 | 8 | 4 | 1 | " | 27 |
| B | " | 3 | 17 | 11 | " | " | " | " | 31 | G | " | " | 7 | 8 | 10 | " | " | | 25 |
| C | " | " | 15 | 12 | " | " | " | " | 27 | H | " | 3 | 9 | 6 | 6 | 1 | " | " | 25 |
| D | " | " | 16 | 12 | " | " | " | " | 28 | I | " | 3 | 5 | 10 | 7 | " | " | " | 25 |
| E | " | " | 6 | 19 | 6 | " | " | " | 31 | 2.A | " | 3 | 14 | 10 | 1 | " | " | " | 28 |
| F | " | " | 7 | 21 | 3 | 1 | " | " | 32 | B | " | " | " | 12 | 8 | 8 | 1 | " | 29 |
| G | " | " | 2 | 17 | 7 | 1 | " | " | 27 | C | " | 5 | 11 | 9 | 3 | " | " | " | 28 |
| H | " | " | 1 | 10 | 13 | 6 | " | " | 30 | D | " | " | 7 | 14 | 2 | 3 | " | " | 26 |
| I | " | " | | 1 | 16 | 7 | 2 | 1 | 27 | E | " | 1 | 10 | 14 | 3 | 1 | " | " | 29 |
| J | " | " | 5 | 8 | 11 | 6 | " | " | 30 | 1.A | " | " | 6 | 4 | 9 | 4 | 1 | " | 24 |
| K | " | 2 | 15 | 9 | 3 | 1 | " | " | 30 | B | " | 4 | 15 | 5 | 3 | " | 1 | " | 28 |
| | | | | | | | | | | C | " | " | 8 | 8 | 6 | 2 | " | " | 24 |
| | | | | | | | | | | D | " | " | 3 | 9 | 12 | 1 | " | " | 25 |
| Flyt | " | 56 | 261 | 286 | 136 | 35 | 4 | 1 | 779 | Alls | | 87 | 481 | 562 | 300 | 89 | 11 | 1 | 1531 |

Það skal tekið fram til skýringar að í 5. bekk J voru eingöngu börn sem hlaupið höfðu yfir 4 bekk. Í 5 bekk K voru alt ný börn. — Í 4 bekk E og 4 bekk G var meiri hlutinn ný börn. Flestöll börnin í 4 bekk. H höfðu sakir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aldurs verið látin hlaupa yfir 3. bekk. Í 3 bekk Í voru eingöngu ný börn, ennfremur mörg í 3 bekk F, G og H. Helmingur barna í 2. bekk C voru nýog og öll börn í 2. bekk D og E og í öllum deildum 1. bekkjar.

Hæstu aðaleinkunn í skólanum, 7.30 fekk Friðrik Kristófersson í 6 bekk A. en Egill bróðir hans hlaut hæstu einkunn (7.18) í efsta bekk skólans, 8 bekk A.

## Verðlaun

Við skólauppsögn 14 þ. m. fengu þessi 9. börn verðlaun úr sjóði Thomsens kaupmanns„ fyrir siðprýði og góðar framfarir í skólanum:

Egill Kristofersson úr 8 bekk A fekk Biblíu
Ingólfur Einarsson úr sama bekk —„— Æfisögu J Garibalda
Sigríður Einarsdóttir úr sama bekk —„— Nýja Testamenti
Hólmfríður Þ. Guðmundsdóttir úr sama bekk —„— Nýja Testamenti
Loftur Helgason úr sama bekk —„— Æfisögu J Garibalda
Bergþóra Skarphjeðinsdóttir úr 8 bekk B —„— Nýja Testamenti
Sólveig Sigurbjörnsdóttir úr sama bekk —„— Nýja Testamenti
Einar Baldv. Pálsson úr 7. bekk A —„— Einfalt líf
Einar Kristjánsson úr sama bekk —„— Ísl. söngbók

## Sumarskólinn

Til innritunar í sumarskólann mættu 14 þ. m. rúm 50 börn, en eru nú, viku síðar orðin yfir 60, ýmist byrjendur eða skamt komin með nám. Er þeim kent í 4 deildum, 2 stundir á dag hverri deild, og annast kensluna 4 af kenslukonum skólans. Námsgreinarnar eru lestur, skrift og reikningur. Útigöngur eru iðkaðar, þegar veður leyfir.

## Niðurlag

Eins og þegar hefir verið minst á hjer að framan, og öllum er að vísu ljóst, stendur húsnæðisleysið skólanum mjög fyrir þrifum að öllu leyti. Er það jafnan mikið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verk í byrjun hvers skólaárs að koma nemendum þannig fyrir í þessum þröngu húsakynnum, að óþægindi af þrengslunum komi svo ljett niður á einstaklingnum, sem unt er.

Skráin yfir aldur barnanna ber það með sjer, að 246 af skólabörnunum verða orðin 14 ára fyrir 1. okt næstkomandi, og koma þau ekki í skólann aftur að undanteknum sárfáum, sem gert er ráð fyrir að sæki um skólavist næsta ár. Auk þessara óskólaskyldu barna má ganga að því vísu að mörg önnur börn fari nú úr skólanum eins og vant er, af ýmsum ástæðum, sum vegna brottflutnings eða veikinda, önnur vegna þess að þau fara í aðra skóla, t.d mentaskólann, og enn eru allmörg börn, sem að vísu verða ekki orðin 14 ára 1. október, en fylla 14 ára aldur snemma á næsta skólaári, og má samkvæmt venju gera ráð fyrir að ýms þeirra komi ekki í skólann í haust. Síðastliðið ár voru þessi skólaskyldu börn sem ýmsra ástæðna vegna hurfu úr skólanum, um 125. Sje nú gert ráð fyrir svipaðri tölu, fara þá samtals um 370. Hins vegar koma rúmlega 420 ný börn í skólann síðastliðið haust, og sje sama viðkoma áætluð næsta haust, virðist ekki fjarri sanni að fjölgun ætti að nema sem svarar 50, og myndi ~~(og myndi)~~ það að líkindum þýða sama sem tvær deildir í viðbót við þær 55, sem í skólanum voru nú í vetur. Má af þessu ráða, að vafalaust veitir ekki af að tryggja skólanum að minsta kosti eins mikið kensluhúsrúm utan skólahússins eins og það sem notað hefir verið síðastliðið skólaár.

Reykjavík 22 maí 1924

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 föstudaginn 1. ágúst hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

m/2 1. Lagt fram bréf frá frú Soffíu Jónsdóttur Claessen þar sem hún segir lausri stöðu sinni við barnaskólann frá 1. okt. næstkomandi.

2. Lagðar fram umsóknir um kennarastöður við skólann frá þessum:

Geir Gígja

Pálmi Jósefsson

m/2 Aðalsteinn Eiríksson

Halla R. Jensdóttir

Þórunn Jónsdóttir

Vigdís Gísladóttir Blöndal.

umsóknir um sundkennslu:

Hallgrímur Þorsteinsson

m/3. Helga Þorgilsdóttir

Málfríður Björnsdóttir

Margrét H. Einarsdóttir

Theodóra Sveinsdóttir (matreiðsla)

3. Samþykt að auglýsa kennarastöðu

m/2 í matreiðslu og óska eftir umsóknum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um aðrar kennarastöður sem kunna að verða lausar í haust. Umsóknarfrestur til 1. september.

M/9. 4. Skólastjóra ~~að~~ falið að festa nauðsynlegt húsnæði til kenslu í vetur.

M/12 5. Skólastjóra falið að tala við Gunnlaug Einarsson viðvíkjandi skólalæknisstarfinu og kynna sér, hvernig unt verði að ráðstafa tannlækningunum á viðunandi hátt.

M/1 6. Skólastjóra falið að auglýsa umsóknir um skólavist og eftirgjöf á skólagjaldi; og jafnframt ákveðið, að skólagjald skuli greiða fyrir fram fyrir alt skólaárið, er börn koma í skólann.

M/11 7. Nefndin telur nauðsynlegt og sjálfsagt að byggja nýtt skólahús næsta ár og felur borgarstjóra að eiga tal við húsagerðarmanninn Sigurð Guðmundsson frá Hofdölum um að flýta uppdráttunum og útreikningunum, er hann var beðinn að gera. Kom nefndin á sínum tíma gera tillögur til bæjarstjórnar um fjárveitingu til skólahússbyggingarinnar.

Á fund vantaði Magnús Jónsson dósent.
Fleira ekki gert. Fundi slitið

K Zimsen.
Ólafur Friðriksson Hallbjörn Halldórsson.
Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 laugardaginn 16. ágúst
hélt skólanefndin fund á skrifstofu
borgarstjórans.

1. Erindi frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands
þar sem beðið er um húsnæði í skólanum
í október og nóvember fyrir vefnaðar-
M/4 námsskeið. Skólanefndin leggur til að
heimilað sé afnot stofu þeirra sem
matgjafir skólans fara fram í, enda
komi það ekki í bága við hagnýting
hússins fyrir barnaskólann.

2. Garðyrkjufélag Reykjavíkur biður um
að mega halda sýningu á útiblómum
M/4 og garðávöxtum í 2 bekkjum barna-
skólans síðustu daga ágústmánaðar.
Lagt til að þetta verði leyft.

M/12 3. Rætt um tannlækninga í skól-
anum næsta vetur. Málinu frestað.

4. Mætti þá á fundinum Sigurður
Guðmundsson húsagerðarm. með plögg
sín um nýja skólahúsið. Var rætt
M/11 nokkuð um nýja skólahúsið og
ákveðið að halda fund aftur á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudag (~~mánudag~~) næstkomandi kl. 10 f.m.

Á fund vantaði Magnús Jónsson sem ekki er í bænum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson. K. Zimsen.
Ólafur Friðriksson
Hallbjörn Halldórsson Sig. Jónsson.

Ár 1924 miðvikudaginn 19. ágúst hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

m/12 1. Var samþykt að ráða Hall Hallsson tannlækni til að annast tannlækningar í barnaskólanum næsta vetur.

m/11 2. Var skrafað og skeggrætt um nýja barnaskólahúsið, og síðan farið upp í Skólavörðuholt þar sem skólanum er ætlað að standa, til athugunar á hússtæðinu.

Á fund vantaði Magnús Jónsson (fjarv.)
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson. K. Zimsen.
Ólafur Friðriksson
Hallbjörn Halldórsson
Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 föstudaginn 5. september
hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Sigurður Guðmundsson lagði fram
frumdrætti að nýju barnaskólahúsi
og voru teikningarnar athugaðar og ræddar
lengi.
M/11 Ákveðið var að greiða Sigurði 4000 Kr. fyrir
frumdrættina, og hefir hann þegar áður
fengið 2000 kr. af upphæðinni. Var
Sigurði falið að skila sem fyrst
aðalteikningunum.

2. Nýjar umsóknir um kennarastöður
lagðar fram þessar:
Jóhannes Lindal Jónasson
Kristín Þorvaldsdóttir Arason
M/2 Elías Eyjólfsson
Helgi Skúlason
Sigurvin Hjörleifsson.
um stundakenslu sækja:
Sigríður Briem
M/3 Ragnheiður Jónsdóttir
Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt til að ekki verði fastir kennarar:
Aðalsteinn Eiríksson (söngkennari).
Kristín Arason (matreiðsla).
M/2 Geir Gígja
Pálmi Jósefsson.
Á fund vantaði Ólaf Friðriksson og
Hallbjörn Halldórsson, sem er erlendis.
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson Steinunn Magnúsdóttir
Sig. Jónsson

Ár 1924 laugardaginn 20. september
hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgar-
stjóra.
1. Lagt fram bréf frá fræðslumála-
stjóra þar sem tillögur er að ekki
M/2 hafi verið kennarar um eitt ár frá 1. okt.
þau: Aðalsteinn Eiríksson og
Kristín Þorvaldsdóttir.
2. Lagðar fram umsóknir um tíma-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kenslu við barnaskólann frá:
Guðrúnu Björnsdóttur frá Grafarholti
Sigurði Sigurðssyni frá Kálfafelli
Sigríði Hjartardóttur og
Guðm. R. Ólafssyni úr Grindavík

Samþykt var að ráða þessa stundakennara:

M/3
Geir Gígju
Pálma Jósefsson
Ingibjörgu Guðmundsdóttur (ensku)
Hallgrím Þorsteinsson.
Höllu R. Jónsdóttur.
Jóhannes Lindal Jónasson
Elías Eyjólfsson
Guðrúnu Björnsdóttur

3. Erindi frá Íþróttafélagi Reykjavíkur, Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, Glímufélaginu Ármann og Væringjunum um að fá að nota leikfimishús barnaskólans næstk. vetur eins og áður.

M/4
Samþykt að haga þessum lánum hússins á sama hátt sem í fyrra.

4. Bréf frá Valdemar Sveinbjörnssyni leikfimiskennara um fjárhagslega aðstoð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að halda uppi leikfimiskenslu yngri skólabarna í þeim.

M/9. Skólanefndin leggur til að varið sé alt að 200 kr. til áhaldakaupa við leikfimiskensluna og kennaranum launuð áhöldin, en að öðru leiti vill nefndin ekki sinna erindinu.

Hallbjörn Halldórsson skrifar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.
Pétur Halldórsson Ólafur Friðriksson
Magnús Helgason. Sig. Jónsson.

Ár 1924 fimtudaginn 25. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð fram beiðni frá sóknarnefnd Dómkirkjusafnaðarins um að prestkosning safnaðarins sem fram á að fara 25.
M/4. október næstkomandi megi fram fara í barnaskólahúsinu. Skólanefndin mælir með að þetta verði heimilað.

2. Bref frá búendum í Þvottalaugamýri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um styrk til skólahalds þar innfrá í vetur eins og í fyrra. Fylgdi skrá yfir börn sem kenslu mundu njóta þar og eru þau 19 að tölu. Var ákveðið að leggja til að skólahaldið verði styrkt með 10 kr. mánaðalega fyrir hvert barn er skólann sækir.

M/9

3. Skólastjóri lagði fram skrá um óskólaskyld börn sem sótt hefir verið um kenslu fyrir í barnaskólanum í vetur, 40 að tölu. Samþykt að veita börnum þessum skólavist.

M/8

4. Lögð fram skýrsla frá Landakotsskóla um skólaskyld börn í þeim skóla veturinn 1924-25, 53 að tölu. Skýrslan afhent skólastjóra.

M/9

5. Skólastjóra heimilað að kaupa lestrarbækur til notkunar við lestrarkensluna í skólanum sem lána megi börnunum í kenslustundum, og er ætlast til að börnin greiði 1 kr. yfir veturinn fyrir notkun bókanna.

M/14

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ólafur Friðriksson

Pétur Halldórsson.

[illegible]

Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 miðvikudaginn 29. október hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tekin fyrir fjárhagsáætlun næsta ár, og leggur nefndin til að upphæðir þessar verði veittar til skólamála:

R/7.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Laun kennara | Kr. | 66.000.- |
| 2. Heilbrigðiseftirlit og tannlækningar | - | 7.500.- |
| 3. Starfræksla baðhússins | - | 2.500.- |
| 4. Hiti og ljós | - | 12.000.- |
| 5. Laun dyravarðar | - | 4.200.- |
| 6. Ræsting | - | 6.500.- |
| 7. Skólaeldhús | - | 2.500.- |
| 8. Til áhaldakaupa | - | 2.800.- |
| 9. Bókasafn kennara | - | 500.- |
| 10. Matgjafir | - | 5.000.- |
| 11. Viðhald á húsi og lóð | - | 7.500.- |
| 12. Kensluhúsrúm utan skólans | - | 4.000.- |
| 13. Til sumarskólans | - | 1.000.- |
| 14. Ýms gjöld | - | 5.000.- |

2. ~~Um~~ Um nýja barnaskólahúsið komu fram svolátandi tillögur:

Frá borgarstjóra:

M/11

Skólanefndin leggur til að bæjarstjórnin ákveði að ráðast í að byggja nýtt barnaskólahús með 20 skólastofum sem áætlað er að kosti alt að 1 miljón króna fullgert, og veiti til þess á árinu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1925 sem fyrstu greiðslu 300 þús. kr. en taki síðar ákvörðun um hvað byggja skuli í einu, alt skólahúsið eða fyrst aðeins hluta þess, ? rúmi 10 skólastofur, enda sé fengið lán til húsbyggingarinnar ? afborgist með 80-100 þús. kr. á ári.

Frá P. Halldórssyni:

M/11 Skólanefndin leggur til við bæjarstjórn að ákveðið verði að byrja á að byggja barnaskólahúsið fyrirhugaða á næsta ári, og að fullgera aðeins helming hússins í bili. Til þessa verks sé leitað láns að upphæð 500 þús kr., en talið sé árlega með útsvörum fyrir vöxtum af láninu og að auki 100 þús. kr. til afborgunar. M/8

Tillaga borgarstjóra samþ. með 3 atkv.

Till. P. Halldórssonar feld 2 atkv.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson

Hallbjörn Halldórsson

Ólafur Friðriksson

Magnúsdóttir [?]

Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924 föstudaginn 12. desember hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjórans.

1. Lagt fram bréf skólastjóra um skólaskyld börn í bænum veturinn 1924-25; eru börnin alls 1517 að tölu. Af þeim eru 1248 innrituð í barnaskólann, í öðrum skólum eru 143 börn, 72 eru ýmist útskrifuð úr skólanum og orðin nærri 14 ára, eða flutt úr bænum, 18 geta eftir fengnum upplýsingum ekki stundað nám vegna veikinda, 14 njóta kenslu utan skóla, en 22 börn liggja ekki fyrir um fullkomnar upplýsingar. Var skólastjóra falið að grenslast eftir hverrar kenslu hin síðasttöldu njóta og leggja þær upplýsingar fyrir skólanefnd.

M/8

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
settur borgarstj.

Pétur Halldórsson Magnús Helgason

Hallbjörn Halldórsson Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 fimmtudaginn 7. maí hélt skóla- M/3
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram erindi Listvinafélags Íslands
þar sem þess er óskað að sýning á 200 dönskum
listaverkum sem félagið „Den frie Udstilling" í Kaup- M/12
M/4 mannahöfn ætla að senda hingað í ~~næsta~~ maí mánuði
megi fram fara í barnaskólahúsinu. Skóla-
nefndin samþykkti fyrir sitt leyti að verða við
beiðninni, þó þannig að húsið yrði aðeins
notað niðri og í samráði við skólastjóra. M/11

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson Sig. Jónsson. M/14

M/9

Ár 1925, þriðjudag 7. júlí átti skólanefndin
fund með sér í skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð fram skýrsla um barnaskóla og unglinga-
R/2 skóla Ásgríms Magnússonar.

2. Lagðar voru fram umsóknir um fastar kennara-
stöður frá þessum, sem hér eru taldir:

Geir Gígja
M/2 Jóhannes Lindal Jóhasson
Pálmi Jósefsson
Sigurður Sigurðsson
Hafliði M. Sæmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/3 og um stundakenslu frá
Helga Elíassyni.

3. Var rætt um skólalækningarnar, og þá einkum hvort heppilegra mundi að hafa einn lækni við skólann, sem annaðist
M/12 bæði almennar lækningar og tannlækningar. ~~Var~~ Leit skólanefndin svo á, að ekki væri að svo komnu ástæða til að breyta frá því fyrirkomulagi, sem nú er.

4. Sendir hafa verið til skólanefndarmanna uppdrættir og lýsing á hinu fyrirhugaða skólahúsi. Er upplýst að Sig-
M/11 urður Guðmundsson húsameistari komi bráðlega heim og er frestað að taka nokkrar frekari ákvarðanir um þetta þangað til.

5. Ákveðið var að kaupa smíðaáhöld þau, sem þarf til
M/14 þess að hafa 20-40 pilta í kenslustund í einu, og sem kosta líklega kr. 1460 í Kaupmannahöfn.

M/9 6. Skólastjóra falið að festa leigu á 4 skólastofum utan skólahússins til kenslu á næsta vetri.

Pétur Halldórsson og Ólafur Friðriksson voru ekki á fundi.

Fleira ekki. Fundi slitið.

[illegible]

Magnús [illegible]

Hallbjörn Halldórsson

Sig. Jónsson

Ár 1925 miðvikudaginn 15. júlí
hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/4. 1. Borgarstjóri óskar að fá heimild til að
flytja 5 fjölskyldur úr Selbúðum í jafn-
margar skólastofur í vesturálmu barnaskól-
ans niðri um tveggja mánaða tíma meðan
stendur á viðgerð á húsnæði þeirra í Selbúð- M/11
um; mælir skólanefndin með að þetta
verði heimilað enda verði skólastofurnar
sótthreinsaðar og málaðar í tæka tíð áður en
skóli byrjar í haust.

Magnús Jónsson og ~~[illegible]~~ mætti ekki.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson. Pétur Halldórsson

Sig. Jónsson. Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 föstudaginn 17. júlí hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/11 1. Sigurður Guðmundsson húsameistari var á fundinum og var rætt um nokkrar breytingar á frumdráttum hans að nýju barnaskólahúsi til sparnaðar. Var Sigurði falið að gera frumdrátt með þessum tillögum til grundvallar, til þess að leggja fyrir fund nefndarinnar hið fyrsta, ásamt bráðabirgða kostnaðaráætlun.

Ólafur Friðriksson mætti ekki.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Magnús Helgason

Pétur Halldórsson

Hallbjörn Halldórsson

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 föstudaginn 11. sept. hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram ásamt bréfi frá skólastjóra:

a. Skýrsla um barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1924-1925

b. Skýrsla um vorpróf í sama skóla 1925, á 22 blöðum.

M/1 c. Skýrsla um próf utanskólabarna í Reykjavík vorið 1925.

Ákveðið að láta prenta skýrsluna um Barnaskólann ásamt skýrslu skólalæknis sem bráðlega er væntanleg.

2. Lagðar fram umsóknir um fastar kennarastöður frá þessum:

Þorvaldur Sigurðsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir

Umsóknir um stundakenslu frá:

~~Aðalsteinn Eiríks~~

M/2 Vilhelm Jakobsson
Ragnheiður Jónsdóttir
Ísak Jónsson
Guðrún Björnsdóttir
Þórunn Jónsdóttir
Hallgrímur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/2

3. Lagt til að skipaðir verði fastir kennarar frá 1. október þau:
Aðalsteinn Eiríksson og
Kristín Þorvaldsdóttir
en þau voru sett fastir kennarar um eitt ár frá 1. okt. síðastl.

M/3

4. Ennfremur er lagt til að settir verði fastir kennarar um eitt ár frá 1. október:
Geir Gígja
Pálmi Jósefsson
Jóhannes L. Jónasson

M/3

5. Ákveðið var að ráða stundakennara hina sömu sem síðastliðið ár, þessa:
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Hallgrímur Þorsteinsson
Halla R. Jónsdóttir
Elías Eyjólfsson,
Guðrún Björnsdóttir
og auk þeirra
Ragnheiður Jónsdóttir
Ísak Jónsson.

M/3

6. Aðalsteinn Eiríksson fer fram á eftirgjöf á 1000 kr. láni er veitt var honum til vesturfarar í fyrra. Frestað.

M/4

7. Erindi frá Íþróttafélagi Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um leikfimiskennslan á næsta vetri.
Málinu frestað.

8. Ákveðið að auglýsa hjúkrunarkonu-stöðuna við skólann til umsóknar frá 1. okt. næst, og skuli umsóknir komnar fyrir 20. september.

9. Samþykkt að greiða megi Guðjóni Guðjónssyni 50 kr. mánaðarlega (meðan) kenslumánuðina fyrir viðhald og skaping áhalda við smíðakenslu.

10. Sigurður Guðmundsson tilkynti að uppdrættir þeir að tillögum til breytingar á teikningu hans sem rætt var um á síðasta fundi (17. júlí) væru ekki fullgerðir enn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson.

Ólafur Friðriksson

Hallbjörn Halldórsson.

Magnús V. Jóhannesson

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 miðvikudaginn 23. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/12 1. Lögð fram skýrsla um tannlækningar í barnaskólanum veturinn 1924-25. Ákveðið að prenta skýrsluna ásamt skýrslu skólalæknis.

M/12 2. Lagt fram bréf frá Skúla V. Guðjónssyni lækni, sem spyr hvað hann megi vænta starfa ~~við~~ fyrir börnin, t.d. sem skólalæknir.
Skólanefndin sér ekki að svo komnu verkefni fyrir lækninum í þarfir skólans.

M/12 3. Lagðar fram umsóknir um hjúkrunarkonustarfið frá:

Guðný Jónsdóttir
Kristín Bárðardóttir
Ólafía Jónsdóttir
Vilborg Stefánsdóttir

Var samþykt að ráða Guðnýju Jónsdóttur frá 1. okt. næstkomandi.

M/12 4. Skólalæknir lagði fram frumvarp að erindisbréfi fyrir skólalækni. Samþykt að prenta það með skýrslu skólalæknis.

M/11 5. Lagðar fram nýjar teikningar af barnaskólahúsinu nýja samkv. ósk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skólanefndar um að teikningunni væri breytt nokkuð til að draga úr kostnaði við bygginguna. Hefir húsið styst um 2½ m. alls; og hefir skólastofum fjölgað um 2 við breytinguna.

Þar sem skólanefndin telur að ekki sé rétt að hafa fleiri skólastofur en 20 í hinu nýja húsi; var ákveðið að stytta aðalálmu hússins um lengd einnar skólastofu.

Samþykt að fela Sigurði Guðmundssyni að gera fullnaðarteikningu af húsinu á þessum grundvelli.

6. Skólastjóri lagði fram skrá um óskólaskyld börn sem sótt hefir verið um kenslu fyrir í barnaskólanum í vetur, 43 að tölu.

Samþykt að veita börnunum skólavist.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Friðriksson fór fyrir fundarslit. Skólalæknir sat fundinn.

Kinsey.

Pétur Halldórsson

Magnússon

Hallbjörn Halldórsson.

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, mánudaginn 19. október, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram bréf fræðslumálastjóra frá 22. sept., þar sem hann tilkynnir, að ráðuneytið hafi skipað tvo fasta kennara við barnaskólann, þau Aðalstein Eiríksson og Kristínu Þorvaldsdóttur, sem sett voru fastir kenn-
M/2 arar í fyrra. Jafnframt er kvið fram, að ráðuneytið sjái sér eigi fært að ~~[illegible]~~ setja fleiri kennara að svo stöddu. Skólanefndin ákvað að gefa ráðuneytinu frekari upplýsingar um málið og að fara fram á ~~[illegible]~~ aukningu fastra kennslukrafta.
2. Lögð fram skýrsla frá Landakotsskóla um skólaskyld
M/9. börn í skólanum, og eru þau 51 að tölu.
3. Tekin fyrir erindi frá Íþróttafélagi Reykjavíkur, Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og Glímufélaginu Ármann um leigu á leikfimishúsinu í vetur.
M/4 Var skólastjóra falið að leyfa félögunum húsnæðið hvert tvö kvöld í viku frá kl. 8-10 með sömu kjörum sem að undanförnu þó án leikfimisáhalda.
4. Söngstofa skólans heimiluð Karlakóri K.F.
M/4 U.M. til söngæfinga í vetur eftir nánara samkomulagi við skólastjóra.
5. Samþykkt að styrkja skólahald á Laugalandi fyrir börn frá nýbýlunum fyrir innan bæ
M/9. með 10 kr. á mánuði fyrir hvert barn eins og í fyrra.

Á fund vantaði Magnús Jónsson.
Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Halldórsson

Hallbjörn Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 föstudaginn 6. nóvember hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Sigurður Guðmundsson lagði fram grunnuppdrátt að skólahúsinu nýja á grundvelli þeim sem talað var um á fundi nefndarinnar 17. júlí. Hafði nefndin nú engar verulegar athugasemdir við fyrirkomulagið að gera, og var Sigurði falið að fullgera sem fyrst teikningar til að leggja fyrir bæjarstjórn og byggingarnefnd. M/11

2. Skólastjóri skýrði frá að í barnaskólanum væru nú 1786 börn, þar af 1288 skólaskyld. Í skólanum í Múla auk þessa 22, (22) þar af 17 skólaskyld. M/1 M/2

Ákveðið að endurnýja kröfu til stjórnarráðsins um 3 fasta kennara, ~~með~~ og gefa stjórninni upplýsingum um þenna barnafjölda.

3. Tekin fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og leggur nefndin til að þessar upphæðir verði veittar til skóla:

R/17

| | | |
|---|---|---|
| 1. Laun kennara | Kr. | 68.000.- |
| 2. Heilbrigðiseftirlit og tannlækningar | - | 7.500.- |
| 3. Starfræksla baðhúss | - | 2.500.- |
| 4. Hiti og ljós | - | 10.000.- |
| 5. Laun dyravarðar | - | 4.050.- |
| 6. Ræsting | - | 6.500.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Skólaeldhús Kr. 2500.-
8. Til áhaldakaupa - 2000.-
9. Bókasafn kennara - 500.-
10. Matgjafir - 4.500.-
11. Viðhald á húsi og lóð - 7.500.-
12. Kensluhúsrúm utan skólans - 6.000.-
13. Til sumarskólans - 600.-
14. Ýmis gjöld - 5000.-

M/11

4. Skólanefndin telur nauðsynlegt og væntir þess, að barnaskólinn nýji verði reistur fyrir haustið 1927, og leggur því til við bæjarstjórn, að byrjað sé á undirbúningi byggingarinnar snemma á næsta ári með það fyrir augum að skólinn verði tekinn til notkunar haustið 1927.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Hinsey.

Magnús Jónsson Ólafur Friðriksson

Hallbjörn Halldórsson

Pétur Halldórsson

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925 miðvikudaginn 9. desember kl. 11 árdegis hélt skólanefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra

M/4. 7/32. I. Lögð fram beiðni frá Kjörstjórn um barnaskólahúsið til bæjarstjórnarkosningar laugardaginn 23. janúar. Var samþykkt að verða við þeirri beiðni, en bæjarstjórn hefir áður lagt samþykki sitt til þessa.

M/10 II. Lagt fram bréf frá söngkennara Aðalsteini Eiríkssyni um söngkensluna í skólanum. Sá skólanefndin sér ekki fært að gera neina breytingu á söngkenslunni að svo komnu.

M/4. III. Lagt fram bréf frá skólalækni um hreingerningar í barnaskólanum. Hafði verið framkvæmd skoðun á ~~[illegible]~~ verki þessu og komið í ljós, að því var ~~[illegible]~~ ábótavant. Var formanni skólanefndar ásamt skólastjóra falið, að koma fullnægjandi lagi á hreingerningar skólahússins

Pétur Halldórsson og Ólafur Friðriksson vantaði á fundinn.

Fleira ekki

Fundi slitið

Kn. Zimsen.

Magnús Helgason

Hallbjörn Halldórsson.

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926 þriðjudaginn 23. febrúar hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/2
1. Lagt fram bréf frá Arngr. Kristjánssyni kennara þar sem hann óskar að fá meðmæli skólanefndar til að leggja með umsókn um styrk til utanfarar til að kynnast starfrækslu skólagarða erlendis. Var það samþykt.

M/9
2. Að gefnu tilefni leggur skólanefndin til að styrkur til skólahalds á Laugalandi sé færður úr 10 kr í 12.50 á barn frá áramótum síðustu.

M/5
3. Skólanefndin samþykkir að fara fram á þá breytingu á frumvarpi til laga um fræðslu barna sem liggur fyrir alþingi, að skólanefndir í kaupstöðunum – sérstaklega í Reykjavík – verði sem hingað til kosnar af bæjarstjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

K. Zimsen.

[illegible] Pétur Halldórsson

Ólafur Friðriksson Hallbjörn Halldórsson

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, föstudaginn 30. apríl, hélt skóla-nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/3

1. Samþykkt að veita Aðalsteini Eiríkssyni söngkennara sem styrk 1000 kr., er hann fékk að láni til utanfarar vorið 1924.

2. Tekið fyrir barnaskólabygginguin. Sigurður Guðmundsson lagði fram fullnaðaruppdrætti að skólahúsinu. Skólanefndin samþykkti uppdrættina og ákvað að leggja þá fyrir byggingarnefnd og bæjarstjórn til samþykktar. Nefndin leggur til, að byrjað sé nú þegar á undirbúningi skólahússbyggingarinnar, og að bæjarstjórn feli sérstakri nefnd, kosinni af bæjarstjórn, að annast um framkvæmd byggingarinnar. Nefndin ætlast til, að byggingunni sé hraðað svo, að skólinn verði tekinn til notkunar ~~1927~~ haustið 1927.

M/11

Á fundinum var Sigurður Guðmundsson húsameistari.

Á fund vantaði Magnús Jónsson og Pétur Halldórsson, sem er erlendis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ólafur Friðriksson

Hallbjörn Halldórsson.

Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926 laugardaginn 31. júlí hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögðar fram skýrslur skólastjóra
M/8 a. um barnaskólann skólaárið 1925-26.
b. um próf í barnaskólanum árið 1926
c. skýrsla um vorpróf utanskólabarna árið 1926.

M/1 Ákveðið var að láta prenta skýrsluna um barnaskólann og afgreiða allar skýrslurnar til fræðslumálastjórnar.

R/2 2. Lögð fram skýrsla um barnaskóla og unglingaskóla Ásgríms Magnússonar.

M/14 3. Erindi Guðmundar bóksala Gamalíelssonar um að skólanefnd kaupi upplag af smíðareglum er hann gaf út 1923 vegna smíðakenslu í barnaskólanum en aðferð sú sem kend er þar er ekki lengur notuð. Ákveðið að kaupa upplagið fyrir 300 krónur.

M/12 4. Bréf Helga Hjörvar kennara um utanför hans. Samþykt að veita honum orlof til janúarloka 1927.

M/21 5. Út af erindi Böðvars Péturssonar um kenslustarf við skólann að lokinni utanför samþykti nefndin svofelda ályktun:

Skólanefndin hefir ~~hefir~~ ekki vald til að gefa loforð fyrir kennarastöðum í framtíðinni, en hún telur sjálfsagt, að kennari, sem hefir sérkunnáttu í ákveðnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kenslugreinum verði, að öðru jöfnu, teknir fram yfir aðra umsækjendur til kenslu í þeim greinum.

6. Erindi Í. S. Í. um afnot af leikfimissalnum barnaskólans næsta vetur, til þess að halda þar íþróttanámsskeið. Frestað.

M/4

Á fund vantaði: Magnús Jónsson og Hallbjörn Halldórsson.

M/12

Fleira ekki gert. Fundi slitið

Pétur Halldórsson. Ásm. ... Ólafur Friðriksson.
Sig. Jónsson.

Ár 1926 laugardaginn 11. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/12

1. Lagðar fram þessar umsóknir um hjúkrunarkonustöðu við skólann:

Guðbjörg Árnadóttir
Kristín Bárðardóttir
Þuríður Sigurðardóttir
Ásthildur Briem
Sigríður Júníusdóttir
Helga Eggerts

M/12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var ákveðið að veita Guðbjörgu Arnadóttir stöðuna.

2. Lesið bréf frá tannlækni skólans um tannlækningar í skólanum. Var skólalækni falið að rannsaka með hvorjum kjörum hægt mundi að ráða aðstoðarmann & fengist við tannaðgerðir í skólanum.

M/12

3. Lagðar fram þessar umsóknir um kenslu:

Helgi Arnason
Hafliði M. Sæmundsson
Skúli Guðmundsson
Guðmundur Gíslason
Sigurlaug Björnsdóttir
Jóhannes Lindal Jónasson
Sigríður Hjartardóttir
Jón Ísleifsson
Fríða Hallgríms
Margrét Jónsdóttir
Ísak Jónsson
Hallgrímur Þorsteinsson
Vilborg Auðunnardóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sigurður Sigurðsson

M/12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Anna Þorvaldsdóttir

M/2 4. Ákveðið að mæla með að skipaðir verði fastir kennarar frá 1. okt. næstk.: F/3

Geir Gígja

Pálmi Jósefsson

M/2 5. Mælt með að settir verði fastir kennarar um 1 ár frá 1. okt.: M/4

Jóhannes Líndal Jónasson

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Ísak Jónsson

M/3 6. Ákveðið að ráða stundakennara hina sömu sem síðastliðinn vetur þessa:

Elías Eyjólfsson

Guðrún Björnsdóttir

Hallgrímur Þorsteinsson

Ragnheiður Jónsdóttir

Halla R. Jónsdóttir

og auk þeirra:

Jón Ísleifsson

Guðmundur Gíslason

Margrét Jónsdóttir

Sigríður Hjartardóttir.

M/8 7. Beiðnir um undanþágu frá skólasetu fyrir:

Stefán K. Þorsteinsson Klapp. 27

Marinó Sölbe... [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var samþykt af meiri hluta skólanefndar að verða við þessum beiðnum.

8. Skólanefndin heimilar fyrir sitt leyti að kosningar 23. okt. næstkomandi fari fram í barnaskólahúsinu.

7/36

9. Beiðni Ól. Þ. Kristjánssonar um afnot af kenslustofu í barnaskólanum að kvöldlagi í vetur til Esperanto-kenslu. Skólanefndin heimilar þetta og sé kenslunni hagað í samráði við skólastjóra.

11/4

Fundinn sat skólalæknir. Hallbjörn Halldórsson ekki á fundi.

Flera ekki gert. Fundi slitið

Guðm. Ásbjörnsson
settur borgarstjóri

Pétur Halldórsson   Ólafur Friðriksson

G. Einarsson.   Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926 föstudaginn 24. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Skólastjóri lagði fram skýrslu um óskólaskyld börn sem sótt hefði verið
M/8 um kenslu fyrir í barnaskólanum. Eru þau alls 492. Samþykt að veita þeim skólavist.

M/9 2. Ákveðið að halda skóla innan við bæinn eins og síðustu ár fyrir byggðirnar í Þvottalaugamýri og nálendið.

3. Skólanefndin krefst þess að bæjarstjórnin geri nú þegar ráðstafanir til að losa barnaskólann við þann voða sem
M/8 nú stafar af nágrenninu við Litla-Klepp, og óskar þess að borgarstjóri geri ráðstafanir til að sjúklingarnir sem þar nú verði fluttir þaðan sem allra fyrst.

4. Erindi Guðbrands Jónssonar um lán á kenslustofu í barnaskólanum til
M/4 gagnfræðakenslu 5 stundir á dag frá kl. 4 e.m. Skólanefndin sér engan veg til að verða við þessum tilmælum.

5. Umsóknir um lán á leikfimis-
M/4 húsi frá Íþróttasambandi Íslands, Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, Íþrótta-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagi Reykjavíkur og Glímufélaginu Ármann.
Skólanefndin sér ekki fært að verða við
neinni af þessum beiðnum fyrst og fremst
vegna þess að gólfið í leikfimishúsinu er
orðið mjög slitið.

6. Lagt fram bréf frá Guðnýju Jónsdóttur
hjúkrunarkonu nú prestskonu í Flatey, er
gegndi hjúkrunarkonustarfinu við skólann
M/12 síðastliðið ár. Skólanefndin leit svo á, að
Guðný væri afhuga frá skólanum er hún
fluttist úr bænum, með því að ekkert lá
fyrir um að hún vildi gegna starfinu
áfram. Nú hefir skólanefnd eins og
kunnugt er veitt starfið öðrum.

7. Skólalæknir skýrði frá athugunum
sínum um tannlækningar í barnaskól-
anum í vetur samkv. samþykkt á síðasta
fundi. Skýrði hann frá að völ væri á
hæfum manni hér á staðnum, og mundi
hann fást til að vinna að tannlækn-
ingum í skólanum fyrir 750 kr. á mánuði.
M/12 Hafði skólalæknir fregnað að áhugi
væri mikill fyrir tannlækningum hjá
„Rauða Krossinum“ og hafði átt tal við
framkvæmdastjóra félagsins um samvinnu
um þetta. Taldi læknirinn líklegt að
félagið mundi fást til að taka að
sér tannlækningar við skólann með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samkomulagi við skólanefnd ef þess væri óskað.

Ákvað nefndin að fela skólalækni að ráða tannlækninn til eins mánaðar meðan nánari samningar fara fram, og fela borgarstjóra ásamt skólalækni að leita samninganna við Rauða Krossinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson

Ólafur Friðriksson  Hallbjörn Halldórsson  Pétur Halldórsson

Sig. Jónsson.  Á. Einarsson

R/7

Ár 1926 þriðjudaginn 16. nóvember hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram bréf fræðslumálastjóra þar sem hann tilkynnir að borgarstjóri K. Zimsen sé skipaður formaður skólanefndarinnar þar til næst fara fram reglulegar kosningar til bæjarstjórnar.

M/7  M/12  M/4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Tekin fyrir fjárhagsáætlun 1927, 3 lagt til að veitt verði þessa fjárhæðir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun kennara kr. | 72.000.- |
| 2. | Heilbrigðiseftirlit og launlækningar | 12.000.- |
| 3. | Starfræksla baðhússins | 2500.- |
| 4. | Hiti og ljós | 10.000.- |
| 5. | Laun dyravarðar | 3.744.- |
| 6. | Ræsting skólans | 7.000.- |
| 7. | Skólaeldhús | 2.500.- |
| 8. | Til áhaldakaupa | 1200.- |
| 9. | Bókasafn kennara | 500.- |
| 10. | Matgjafir | 4.500.- |
| 11. | Viðhald á húsi og lóð | 6.000.- |
| 12. | Kennsluhúsrúm utan skólans | 6.000.- |
| 13. | Til sumarskóla | 600.- |
| 14. | Ýms gjöld | 5000.- |

R/7

m/12 3. Ákveðið að ráða aðstoðarlaunlækni til nýjárs fyrir óbreytt kaup.

m/4 4. Erindi Karlakórs K.F.U.M. um lán á söngstofu skólans til æfinga eins og síðasta vetur. Skólanefndin vill

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimila þetta.

5. Samþykkt að fela skólastjóra að lána Íþróttafélagi Reykjavíkur og Knattspyrnufélagi Reykjavíkur leikfimishús skólans til leikfimiæfinga eftir því sem við verður komið.

m/4 m/2

6. Lagt fram bréf Valdemars Sveinbjörnssonar fimleikakennara um eftirlit með leikfimishúsinu.

m/4 m/2

7. Lagt fram bréf frá stjórn Íþróttasambands Íslands, beiðni um kenslustofulán til kenslu. Upplýst að húsnæði hefði fengist. ~~(annarsstaðar)~~

m/4

Skólalæknir sat fundinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

m/10

P. Jónsson.

Ólafur Friðriksson ~~Guðmundur Ásgeirsson~~ Hallbjörn Halldórsson.

Sig. Jónsson. G. Einarsson.

Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, föstudaginn 31. desember, kl. 3½ síðdeg, var fundur haldinn í skólanefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilkynning frá fræðslumálastjóra um að ráðuneytið hafi 16. þ. m., skipað

m/2 Geir Gígju og
Pálma Jósefsson

fasta kennara við barnaskólann í Reykjavík frá 1. okt. þ. á. að telja.

Ennfremur að ráðuneytið hafi með bréfi dags. 21. þ. m., sett þau

m/2 Jóhannes Lindal Jónasson og
Ingibjörgu Guðmundsdóttur

kennara við barnaskólann í Reykjavík um eitt ár frá 1. okt. þ. á. að telja.

2. Heilbrigðisstjórnin hefir bannað börnum, sem ekki hafa haft kikhósta, að sækja barnaskóla og býst landlæknir við að bann þetta standi minst tvo til þrjá mánuði. Skólastjóri upplýsti að rúml. 9 hundruð börn, sem skólann sækja, hafi haft kikhósta. Nefndin ákvað að haga kenslunni þannig, fyrst um sinn, að deildir verði 45 til 50 og alt gert sem unt er til þess, að börn þau sem geta sótt skólann njóti kenslukraftanna sem best. Jafnframt ákvað nefndin að framlengja jólaleyfið til 7. jan. n. k. að þeim degi meðtöldum, til þess að tími vinnist til að breyta stundatöflunni. m/10

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson — Hallbjörn Halldórsson

Pétur Halldórsson — Ólafur Friðriksson

Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, föstudaginn 13. maí hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/4 1. Borgarstjóra og skólastjóra falið að leita samninga við Jónatan Þorsteinsson um leigu á skólastofum í húsi hans við Vatnsstíg um næstu 2 ár frá 14. maí og um nauðsynlega viðgerð á húsinu ef samningar takast.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

KZimsen.

Olafur Fridriksson

Pétur Halldórsson

Gudm. Asbjörnsson

Hallbjörn Halldórsson

Sig. Jónsson

Ár 1927, þriðjudaginn 9. ágúst hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

M/1 1. Lagðar fram skýrslur frá skólastjóra:

a.) Skýrsla um vorpróf í barnask. Reykjavíkur 1927 á 24 blöðum
b.) —"— " —"— í Laugalandsbekk " á 1 —"—
c.) —"— " —"— í æfingadeildum Kennaraskólans " á 5 —"—
d.) —"— " skóla Vigdísar Blöndal " á 2 —"—
e.) —"— " smábarnapróf í Reykjavík " ~~inn~~ hefti
f.) —"— " vorpróf skólaskyldra utanskólabarna í Rvík. 1927, 1 blað

Ákveðið að afgreiða skýrslurnar til fræðslumálastjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Þá var lögð fram skýrsla um barnaskóla Ásgríms Magnússonar skólaárið 1926-1927.
3. Kvenréttindafélag Íslands fer fram á að því verði lánað skólaeldhús barnaskólans ásamt öllum tækjum, sem þar til heyra, um næstkomandi septembermánuð, til að halda þar námsskeið fyrir efnaminni húsmæður og stúlkur í matreiðslu garðmetis o. fl.
   Nefndin mælir með þessari beiðni.
4. Ol. Þ. Kristjánsson fer þess á leit að honum verði heimilað að nota kenslustofu í barnaskólanum að kveldlagi í vetur til Esperanto-kenslu. Skólanefndin heimilar þetta og sé kenslunni hagað í samráði við skólastjóra og með sömu skilyrðum og í fyrra.
5. Skólanefndin ákveður að í leikfimistímum í vetur skuli kenna börnunum almennar umferðareglur.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði: Pétur Halldórsson og Hallbjörn Halldórsson.

Fundi slitið.

[illegible]

Guðm. Ásbjörnsson   Ólafur Friðriksson   Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927 fimtudaginn 15. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Umsóknir frá Karlakóri K.F.U.M. og Karlakóri Reykjavíkur og Hallgrími Þorsteinssyni um húsnæði til söngæfinga. Sömuleiðis lögðu fram umsóknir frá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og Glímufél. Ármann um heimild til fimleikaæfinga í leikfimishúsi skólans næsta vetur.
Var skólanefnd fyrir sitt leyti á einu máli um að leyfa þessi not húsanna og felur skólastjóra að skipa niður tímum í samráði við félögin.

2. Lögð fram beiðni Guðlaugar Arason um lausn frá kennarastörfum við skólann frá 1. okt. næstkomandi, og biður hún um að mega njóta fullra launa þar sem hún hefir kent 37 ár við barnaskóla Reykjavíkur.
Leggur skólanefndin til að henni sé veitt 2000 kr. eftirlaun með dýrtíðaruppbót.

3. Út af skólahaldi í vetur fyrir börn í Sogamýri og Laugamýri var formanni skólanefndar og skólastjóra falið að leita samninga um tvær skólastofur þar eystra fyrir kenslu þessa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/9 4. Jóni Jónssyni frá Hvoli heimilað að hafa sjálfur á hendi kenslu sonar hans Steingríms sem er á skólaskyldualdri.

M/12 5. Samþykt að ráða ungfrú Thyru Lange til þess að hafa á hendi tannlækningar í barnaskólanum í vetur gegn 600 kr. kaupi á mánuði yfir skólatímann.

6. Nefndin flytur svolátandi tillögu:
Bæjarstjórnin felur fátækranefnd til afgreiðslu umsóknir um ókeypis kenslu í barnaskólanum næsta skólaár og skólanefnd að ákveða um skólavist barna sem ekki eru á skólaskyldualdri.

7. Samþykt að leggja til við kenslumálaráðuneytið að skipaðir verði fastir kennarar
Jóhannes Lyndal Jónasson og
Ingibjörg Guðmundsdóttir
sem sett voru til 1 árs frá 1. okt. síðastl.

8. Lagðar fram þessar umsóknir um fastar kennarastöður ~~þessar~~:
× Ísak Jónsson Miðstr. 12
× Guðm. Gíslason Haðarstíg 10
× Sig. Sigurðsson frá Kálfafelli Hvg. 40
× Margrét Jónsdóttir Grettisg. 46
× Elías Eyjólfsson Sólvallagötu
× Sigríður Hjaltadóttir Þingh. 22a
Hafliði Sæmundsson Nönnug. 5.
Stefanía Ólafsdóttir, Hraungerði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur umsóknir um kenslu:
Fríða Hallgríms
Böðvar Pétursson Njálsg. 35
× Hallgrímur Þorsteinsson Aðalstr 16
× Jón Ísleifsson, Lindargötu 1 B.
Anna Haraldsdóttir, Tjarnarg. 4
× Halla R. Jónsdóttir, Lv. 33a
× Ragnheiður Jónsdóttir, Tjarnarg. 47.

9. Skólanefndin mælir með því að settir séu fastir kennarar frá 1. okt. til 1 árs:
Ísak Jónsson og
Elías Eyjólfsson

10. Ákveðið að ráða stundakennara í vetur þessa:
Guðmund Gíslason
Halla R. Jónsdóttir
Hallgr. Þorsteinsson
Jón Ísleifsson,
Margrét Jónsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sigríður Hjartardóttir
Hafliði Sæmundsson
Sigurður Sigurðsson.

Ólafur Friðriksson mótmælti því að tekinn sé að skólanum kennarar á bak við skólanefnd, einkum menn sem ekki hafa kennaraskólapróf, þegar að nógir hæfir menn er prófið hafa eru til. Hann mótmælti því að Sigurður Sig-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

orðsson kenni við skólann.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson   Guðm. Ásbjörnsson

Ólafur Friðriksson   Hallbjörn Halldórsson.

Sig. Jónsson.

Ár 1927, föstudaginn 23. september, kl. 4½ síðdegis, var fundur haldinn í skólanefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagðar fram skýrslur um barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1926 og um tannlækningar sama ár. Ákveðið var að láta prenta skýrslurnar ásamt skýrslu skólalæknis, þegar hún kemur.
2. Einvarður Hall~~grím~~varðsson og ~~Andrés~~ Jónsson sækja um að fá eina stofu í barnaskólanum til afnota fyrir kvöldskóla. Skólanefndin sér sér ekki fært að verða við þessari beiðni.
3. Formaður skólanefndar og skólastjóri tilkynntu að þeir hefðu samið um 2 stofur á Sjónarhól í Sogamýri fyrir 80 kr. á mánuði, til 1. maí að telja. Ræsting ljós og hiti innifalið í þessu gjaldi.

Ennfremur 1 herbergi í húsi Kristjáns Þorgrímssonar við Langanesveg fyrir 85 kr. á mánuði til 1. maí. Ljós hiti og ræsting einnig innifalin í þessu gjaldi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Skólastjóri lagði fram skýrslu um óskólaskyld börn, sem sótt hefir verið um kenslu fyrir í barnaskólanum. Eru þau alls 485. ~~[illegible]~~ úr Reykjavíkur skólahéraði. Samþykt að veita þeim skólavist.

5. Óskað er eftir skólavist fyrir 9 börn úr Seltjarnarneshreppi, 7 skólaskyld og 2 óskólaskyld. Meirihluti nefndarinnar vill ekki verða við þessum tilmælum.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Hallbjörn Halldórsson, sem er fjarverandi úr bænum.

Fundi slitið.

K. Zimsen.
Pétur Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson
Ólafur Friðriksson
Sig. Jónsson.

Ár 1927, föstudaginn 30. september, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Helgi Tryggvason sækir um leyfi til að nota kenslustofu í barnaskólanum til að kenna þar hraðritun. Vill skólanefndin heimila honum not af sömu stofu sem notuð er til Esperantó kenslu.

M/9

2. Samþykt að verða við beiðni foreldranna um að Kristinn Vilmar Pálsson fái leyfi frá skólavist í októbermánuði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.
Pétur Halldórsson
Ólafur Friðriksson
Hallbjörn Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson
Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, þriðjudaginn 8. nóvember hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/12 1. Samþykkt að ráða aðstoðarstúlku við samlækningarnar í barnaskólanum.

2. Tekin fyrir fjárhagsáætlun 1928 og lagt til að veittar verði þessar fjárhæðir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Laun kennara | Kr. | 72.500.– |
| 2. Heilbrigðiseftirlit og samlækningar | | 11.500.– |
| 3. Starfrækslu baðhússins | | 2.500.– |
| 4. Hiti og ljós | | 8.000.– |
| 5. Laun dyravarðar | | 3.640.– |
| 6. Ræsting | | 7.000.– |
| 7. Skólaeldhús | | 2.500.– |
| 8. Til áhaldakaupa | | 1.200.– |
| 9. Bókasafn kennara | | 500.– |
| 10. Matgjafir | | 4.500.– |
| 11. Viðhald á húsi og lóð | | 8.000.– |
| 12. Kensluhúsrúm utan skóla | | 10.000.– |
| 13. Til sumarskóla | | 800.– |
| 14. Ýms gjöld | | 6.000.– |

M/11 Skólanefndin beinir því til fjárhagsnefndar að hún athugi hvort ekki muni fært að taka upp á fjárhagsáætlun fyrir árið 1928 50–100 þúsund króna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjárveitingu til byggingar nýja barnaskólans.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Ólafur Friðriksson  Guðm. Ásbjörnsson

Hallbjörn Halldórsson.  Pétur Halldórsson

Sig. Jónsson.

Ár 1928, fimtudaginn 9. ágúst hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagðar fram prófskýrslur um vorpróf í barnaskólanum vorið 1928, og um próf ~~utan~~ utanskólabarna skólaskyldra og óskólaskyldra. Verða afgreiddar til fræðslumálastjórnar.

2. Samþykt að greiða Arngrími Kristjánssyni kennara kr. 345.- fyrir garðyrkjukenslu frá 14. maí til 1. júlí.

3. Erindi frá Hallgrími Jónssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kennara um leyfi frá kenslu við barna-
skólann með fullum launum til 31. janúar
næstkomandi og 1500 kr. styrk til að kynna
sér skólamál, aðallega í Englandi.

Skólanefndin treystist ekki að mæla
með styrkbeiðninni, en vill veita hið umbeðna
leyfi frá kenslu.

4. Erindi frá Kennarafélagi Barnaskólans
um að nema burtu brekkuna fyrir ofan
efra leikvöll barnaskólans, að gerður sé
steingarður milli Laufásvegar og skólalóðar-
innar og að gert sé þar leikskýli sem
bekkur & m. Borgarstjóra falið að
gera áætlun um þetta verk.

5. Umsóknir um fasta kennarastöðu
lagðar fram þessar:

Elías Eyjólfsson
Hafliði Sæmundsson
Halla Jónsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli.

Ennfremur umsóknir um stundakenslu:

Guðmundur Gíslason
Hallfríður Hallgrímsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundur Guðjónsson
Hallgrímur Þorsteinsson
Hólmfríður Jónsdóttir
Jón Ólafsson
Sigríður Hjartardóttir
Á fund vantaði Ólaf Friðriksson
og Hallbjörn Halldórsson (fjölendis).
Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Sig. Jónsson. P. Thinnsey. Pétur Halldórsson.
Guðm. Ásbjörnsson

Ár 1928, fimmtudaginn 13. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Skólastjóra falið að gera ráðstafanir um leigu á sama kennsluplássi fyrir börn utan bæjarins [struck: ...] leigt var síðasta vetur.

2. Lagt til við bæjarstjórn að lokað verði fyrir vagnaumferð um Vatnsstíg á meðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skólahald & í húsinu No 3 við götuna, útbú frá barnaskólanum.

3. Nefndin flytur svolátandi tillögu:
Bæjarstjórnin felur fátækranefnd til afgreiðslu umsóknir um ókeypis kenslu í barnaskólanum næsta skóla-ár, og skólanefnd að ákveða um skólavist barna sem ekki eru á skólaskyldualdri.

4. Samþykt að ráða ungfrú Thyru
Lange til þess að hafa á hendi saumkenslu
M/12 lækningar í barnaskólanum í vetur,
fyrir sama kaup sem í fyrravetur.
Var borgarstjóra falið í samráði við
skólalækni skólans að kaupa rafmagns-
saumborvél.

5. Lagðar fram umsóknir um kennarastaður
- tímakenslu:
Skúli Guðmundsson, Þórsgötu 19
Ragnheiður Jónsdóttir, Tjarnarg. 47
Böðvar Pétursson cand. theol. Freyjug. 17B.
Kristján Hannesson cand. phil. Bókhl. 10
Hannes Þórðarson Hverfisg. 96a

6. Lagt til að skipaður verði
fastur kennari við skólann frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. október næstkomandi:
Isak Jónsson.

7. Lagt til að setja undir fasta kennara frá 1. okt. næstkomandi:
Elías Eyjólfsson og
Hafliði Sæmundsson.

8. Ákveðið að ráða sömu stundakennara sem í fyrra, og var skólastjóra einnig falið að ráða Nilsínu Arndal til að kenna leikfimi í forföllum Ingibjarga Brandsd.

9. Umsóknir um húsnæði til afnota í skólanum frá íþróttafélögum og söngfélögum og frá Helga Tryggvasyni til hraðritunarkenslu, og Ól. Þ. Kristjánssyni til esperantokenslu. Skólanefndin heimilar þetta og felur skólastjóra að skipa niður tímum í samráði við umsækjendur, með sömu skilmálum sem undanfarið.

M/4.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson
Hallbjörn Halldórsson.
Ólafur Friðriksson
Sig. Jónsson
Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, þriðjudaginn 25. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lögð fram skrá yfir börn óskólaskyld, sem sótt hefir verið um skólavist fyrir, 518 alls. Samþykt að veita börnum þessum skólavist svo mörgum sem rúm leyfir.
2. Skólanefndin vill verða við tilmælum Jóns frá Hvoli um að hann megi kenna sjálfur syni sínum Steingrími í vetur.
3. Erindi skólastjóra Unglingaskólans um lán á smíðastofu barnaskólans fyrir nemendur í Unglingaskólanum 2 tíma í viku. Skólanefndin vill verða við þessum tilmælum með því skilyrði að smíðakennari barnaskólans hafi kensluna á hendi, og sé tímarnir ákveðnir í samráði við skólastjóra.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Pétur Halldórsson    Ólafur Friðriksson

Hallbjörn Halldórsson.    Guðm. Ásbjörnsson

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, miðvikudaginn 7. nóvember hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tekin fyrir fjárhagsáætlun fyrir 1929, og leggur nefndin til að þessar fjárhæðir verði veittar til skólans:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Laun kennara | Kr. | 73.500.- |
| 2. Heilbrigðiseftirlit og tannlækningar | - | 11.500.- |
| 3. Starfrækslu baðhússins | - | 2.500.- |
| 4. Hiti og ljós | - | 9.000.- |
| 5. Laun dyravarða | - | 3.640.- |
| 6. Ræsting | - | 7.000.- |
| 7. Skólaeldhús | - | 2.500.- |
| 8. Til áhaldakaupa | - | 1.500.- |
| 9. Til bókasafns kennara | - | 500.- |
| 10. Matgjafir | - | 4.500.- |
| 11. Viðhald húss og lóðar | - | 8.000.- |
| 12. Kensluhúsrúm utan skóla | - | 8.000.- |
| 13. Til sumarskóla | - | 800.- |
| 14. Til leikskýlis | - | 17.000.- |
| 15 Ýmis gjöld | - | 7.000.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Fræðslumálastjóri tilkynnir, að ráðuneytið hafi skipað Ísak Jónsson sem kennara við skólann frá 1. okt. síðastl. að telja.

3. Lögð fram beiðni Gunns Kr. Árnasonar á Bakka um að sonur hans, Leifur, fái undanþágu frá skólavist í vetur gegn því að honum verði veitt fullgild kennsla á annan hátt. Skólanefndin vill leyfa þetta gegn því að piltarinn komi til prófs í vor.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm Ásbjörnsson
settur borgarstjóri

Pétur Halldórsson Hallbjörn Halldórsson
Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, fimtudaginn 14. febrúar hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Skólastjóri gaf skýrslu um veikindi í barnaskólanum. 12. febrúar vantaði í skólann vegna inflúensuveikinda 12.6% af skólabörnunum, en í morgun vantaði í mörgum bekkjum frá 1/3 til helmings barna í marga bekkina. Auk þess eru margir kennarar veikir.

   Var út af þessu ákveðið að loka skólanum frá í dag og börnin komi í skólann aftur næstkomandi miðvikudag 20. þ.m.

2. Tilkynt að ráðuneytið hafi sett Elías Eyjólfsson og Hafliða Sæmundsson kennara við skólann frá 1. okt. síðastl.

M/2

3. Erindi frá Br. Björnssyni þar sem þess er beiðst fyrir hönd Ingibjargar Brands kennara sem er veik, að henni verði veittur sem ríflegastur fjárstyrkur meðan hún er sjúk. Ungfrú Brands nýtur nú þess styrks sem venja er til um

M/2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kennara við skólann undir sömu kringum-
stæðum, og gerir skólanefndin að svo stöddu
ekki tillögur um þetta starf.

M/2 4. Skólanefndin leggur til að Margrét Jóns-
dóttir verði sett fastur kennari við skólann
í stað Halldóru Matthíasdóttur sem lézt
í janúarmánuði.

M/2 5. Geir Gígja beiðist þess að mega halda
kennslukaupi sínu næsta vetur en sækja
Kennaraháskóla í Kaupmannahöfn,
þar sem hann ætlar að leggja stund á
náttúrufræði og skólasmíði. Nefndin
vill verða við þessum tilmælum.

6. Umsókn um dyravarðarstöðu við nýja
barnaskólann frá Birni Björnssyni Rán. 7a.
Nefndin vill ekki taka við umsóknum
um stöðu þessa fyrr en ákveðið hefir verið
að veita hana.

9/17 7. Erindi frá Framkvæmdarstjóra Alþingis-
hátíðarinnar 1930 um að bæjarstjórnin heimili
gamla barnaskólahúsið til gistingar fyrir
gesti meðan á hátíðinni stendur. Nefndin
mælir með þessari beiðni gegn því að ~~stofa~~
stofur og gangar sem notað verður verði sótt-
hreinsað og málað á eftir á kostnað beiðanda.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

K. Zimsen — Ósk. Friðriksson [illegible]
Guðm. Ásbjörnsson — með fyrirvara viðv. 7. lið
[illegible] — [illegible] — Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 11. maí hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/2 1. Tilkynning frá fræðslumálastjóra að ráðuneytið hafi sett Margréti Jónsdóttur kennara við barnaskólann frá 1. febrúar.

M/3 2. Umsókn frá Höllu Jónsdóttur um 600 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sér fyrirkomulag á handavinnukenslu. Nefndin getur ekki mælt með beiðninni.

M/1 3. Halldóra Bjarnadóttir beiðist þess fyrir nokkur félög í bænum að fá 5 kenslustofur að láni nokkra daga í vor til þess að halda þar heimilisiðnaðarsýningu. Nefndin vill leyfa þetta með venjulegum skilyrðum.

M/4 4. Glímufélagið Ármann biður um að mega æfa glímu í leikfimishúsi barnaskólans til undirbúnings utanfarar. Nefndin vill leyfa þetta.

5. Rætt um leikfimiskenslu telpna.

Felt var með 3 atkv. gegn 2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að auglýsa kennarastöðuna lausa frá 1. okt.
Felt var með 3 atkv. gegn 2 að leggja til að Nilsínu Ásbjarnardóttur Arndal verði sett í stöðuna frá 1. apríl (~~[illegible]~~) síðastliðnum.

Samþykt var með 4 atkv. gegn 1 að leggja til að Nilsínu Ásbjarnardóttur Arndal verði sett í stöðuna til 1 árs frá 1. október næstkomandi.

6. Samþykt var að festa leigu á skólastofum innan bæjar, í Sjómannaskóla og við Laugarnesveg, fyrir næsta vetur.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Á. Kinsey [?]

Guðm. Ásbjörnsson

Sigurbjörn Á. Gíslason [?]

Pétur Halldórsson

Ólafur Friðriksson

Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, mánudaginn 15. júlí hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagðar fram þessar skýrslur um skólahald:
   a. Um vorpróf í barnaskólanum vorið 1929.
   b. Um próf utanskólabarna 1929.
   c. Um framhalds utanskólabarna próf og próf skólabarna sem fjarverandi voru við vorpróf 1929.
   d. Um vorpróf óskólaskyldra utanskólabarna 1929.
   e. Prófskýrsla frá barnaskóla Á. M. í Bergstaðastræti 3 vorið 1929
   f. Skýrsla um skólann á Sóleyjargötu 16. og árspróf í honum 1929.

M/j

Skýrslurnar vísað afgreiðslu til fræðslumálastjórnarinnar.

2. Gunnlaugur Einarsson segir lausri skólalæknisstöðunni við barnaskólann.

M/12

Samþykkt var að ráða Ólaf Helgason lækni til að hafa starfið á hendi næsta vetur.

3. Samþykt að auglýsa hjúkrunarkonustöðuna við skólann næsta vetur, þar sem hjúkrunarkonan sú er hafði starfið

M/12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

síðastur vetur á Jani í Kenum.
Umsóknarfrestur til 31. júlí.

4. Lagðar fram umsóknir um fastar kennarastöður við skólann frá:
Bjarna Bjarnasyni, Bjarnastíg 10.
Guðm. Í. Guðjónssyni Grettisg. 36
Sig. Sigurðssyni frá Kálfafelli:
og um kenslu við skólann frá:
Vignir Andrésson (leikfimi)
Helgi Tryggvason
Ari Gíslason
Guðm. Gíslason
Ólaf Árnadóttir

M/2

M/3

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson og Guðm. Ásbjörnsson, sem er erlendis.
Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Hallbjörn Halldórsson
Steinunn
Pétur Halldórsson
Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, fimmtudaginn 9. ágúst hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagðar fram umsóknir um fastar kennarastöður við barnaskólann frá:

Helgi Elíasson
Sigurvin Einarsson
M/2 Hannes Þórðarson
Jón Eleifsson
Sigríður Hjartardóttir

og um tímakenslu frá:

Stefán Stefánsson
Halla R. Jónsdóttir
Gunnar M. Magnússon
Páll Halldórsson
M/3 Hallgrímur Jóhannsson
Fríða Hallgríms
Jóhanna Jónsdóttir
Jón Þórðarson
Kejser Christensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Lagðar fram umsóknir um hjúkrunarkonustöðuna við barnaskólann frá:

Elsa Kristjánsdóttir
Sigurbjörg Brynjólfs
11/12 Valgerður Jacobsen
Þuríður Jónsdóttir
Þuríður Þorvaldsdóttir

Samþykt var að veita Þuríði Þorvaldsdóttur stöðuna.

3. Yfirkennari barnaskólans, Thyra Lange, fer þess á leit að fá laun fyrir sumarmánuðina. Nefndin samþykkir að ráða hana árlangt frá 1. okt. næstk.
11/12 með sömu mánaðar-launum sem hingað til.

4. Kristín Þorvaldsdóttir biður um að fá að láni eldhús barnaskólans til að halda þar námsskeið í matreiðslu 4-6 vikur í ágúst-september. Samþykt að verða við beiðninni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Á. Sveinsson.
Guðmundur Ásbjörnsson
Hallbjörn Halldórsson.
Pétur Halldórsson.
Sig. Jónsson
Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 21. september hélt skólanefndin fund á skrifst. borgarstjóra.

1. Lagðar fram umsóknir um stundakenslu: M/16

Ásbergur (~~Jóhann~~) Jóhannesson M/4

Hannibal Valdimarsson

Friðrik Jónasson (leikfimi) M/4

Svanhildur Jóhannsdóttir

Aðalsteinn Hallsson (leikfimi)

M/3 Kristján Sig. Kristjánsson

Þorleifur Erlendsson

Þórður Ólafsson prestur,

Ragnheiður Jónsdóttir

Nanna Þ. Gíslason (hannyrðir)

Unnur Vilhjálmsdóttir

2. Tilkynt að Ragna Stephensen hafi vegna vanheilsu sagt af sér kenslustörfum við skólann. M/8

M/2

3. Elías Bjarnason kennari beiðist þess, að sonur hans Gissur, 13 ára, fái undanþágu frá skólagöngu í vetur. Skólanefnd vill veita þetta leyfi.

M/9

4. Lögð fram skýrsla Ungmenna-skólans í Reykjavík árið 1928-29. M/[illegible]

M/16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/16 5. Umsókn frá Ungmennaskólanum um að mega nota smíðastofu barnaskólans í vetur eins og í fyrra. Veitist með eftirliti skólastjóra og í samráði við hann.

M/4 6. Helgi Tryggvason sækir um að mega nota kenslustofu í skólanum í vetur til hraðritunarkenslu, eins og í fyrra. Samþykt, m.s.s.

M/4 7. Beiðni Karlakórs K.F.U.M. og Karlakórs Reykjavíkur um að mega nota söngstofu skólans til æfinga næsta vetur eins og síðasta ár. Samþykt m.s.s.

8. Umsóknir frá Glímufélaginu Ármann og Knattspyrnufélaginu Fram um afnot fimleikahúss skólans í vetur. Frestað.

M/8 9. Skólastjóri lagði fram skýrslu um óskólaskyld börn sem sókt hefir verið fyrir um skólavist. Eru þau alls 746. Skólanefndin ákveður að heimila skólavist þeim börnum sem verða 8 ára fyrir nýjár næstkomandi; auk þeirra sem notið hafa skólavistar síðastliðið ár.

M/11 10. Samþykt að fela umsjónarmanni barnaskólans að sjá um kyndingu og ræstingu á þeim skólastofum sem teknar verða til notkunar í nýja barnaskólanum í vetur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagður fram námsskrá 1–12 fyrir
M/5 barnaskóla, frá fræðslumálastjóra.

12. Lagt til að skipaðir verði fastir
kennarar frá 1. október:

Elías Eyjólfsson og
M/2 Hafliði Sæmundsson,

en þeir voru settir frá 1. okt. 1928.

13. Lagt til að settir verði fastir kennarar
frá 1. október:

Sigríður Hjartardóttir
M/2 Jón Ísleifsson
Sigurður Sigurðsson.

14. Samþykt að ráða stundakennara
næsta vetur:

×Halla R. Jónsdóttir
×Hallgrímur Þorsteinsson
×Ragnheiður Jónsdóttir
×Guðm. I. Guðjónsson
M/3 ×Hannes Þórðarson
×Gunnar Magnússon
×Bjarni Bjarnason
×Helgi Elíasson
×Helgi Tryggvason
×Ari Gíslason

Skólastjóra heimilast að ráða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Unni Vilhjálmsdóttur og sr. Páð Ólafsson til nokkurra stunda kenslu ef á þarf að halda. Samþ. með 3 atkv. gegn 1.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson  Pétur Halldórsson.

Hallbjörn Halldórsson.  Ólafur Friðriksson
með fyrirvara.

Sig. Jónsson

Ár 1929, þriðjudaginn 29. október hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Fræðslumálastjóri tilkynnir að skipaðir hafi verið fastir kennarar við
11/2 barnaskólann frá 1. þ. m. að telja:

Elías Eyjólfsson

Hafliði Sæmundsson og

Margrét Jónsdóttir,

og ennfremur settar frá sama tíma

Nilsína Ásbjarnardóttir og

Sigríður Hjartardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Valdimar Sveinbjarnarson beiðist þess, að Aðalsteinn Hallsson megi gegna leikfimiskenslu fyrir hann í vetur. Meiri hluti nefndarinnar mælir með þessu við fræðslumálastjórnina. M/2

3. Samþykt að greiða Aðalsteini Kristjánssyni kr. 175.- fyrir garðyrkjukenslu og eftirlit með garði barnaskólans í vor sem leið, og kr. 97.- fyrir trjáplöntur. M/10

4. Samþykt að heimila Ólafi Kristjánssyni skólastofu til Esperantó-kenslu í vetur með sömu skilyrðum sem áður. M/4

5. Samþykt að heimila Glímufélaginu „Ármann", Knattspyrnufélaginu „Fram" og Bandalagi íslenskra skáta að nota fimleikahús barnaskólans í vetur, með sömu skilmálum sem venja er um, og sé húsinu skipað í samráði við skólastjórann. M/4

6. Beiðni frá Ungmennafélaginu „Velvakandi" um að mega nota leikfimissal skólans til vikivaka-æfinga tvö kvöld í viku frá kl. 7-8 frá nýjári til vors næsta. M/4

Skólanefndin vill ekki mæla með heimild til þessarar notkunar á fimleikahúsi skólans.

Á fundi vantaði Ólaf Friðriksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson Hallbjörn Halldórsson K. Zimsen. Páll Sveinsson Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, fimtudaginn 14. nóvember hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

R/7

1. Tekin fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 1930, og leggur nefndin til að þessar fjárhæðir verði veittar til skólahalds:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laun kennara | kr. 83.000.- |
| 2. | Heilbrigðiseftirlit og tannlækningar | - 15.000.- |
| 3. | Starfræksla baðhúsa | - 4.000.- |
| 4. | Hiti og ljós | - 20.000.- |
| 5. | Laun dyravarða | - 6.000.- |
| 6. | Ræsting | - 12.000.- |
| 7. | Skólaeldhús | - 3.500.- |
| 8. | Til áhaldakaupa | - 3.000.- |
| 9. | Bókasafn kennara | - 1.000.- |
| 10. | Matgjafir | - 5000.- |
| 11. | Viðhald húss og lóðar | - 8000.- |
| 12. | Kensluhúsnæði utan skóla | - 500.- |
| 13. | Til sumarskólahalds | - 1000.- |
| 14. | Ýms gjöld skólans | - 10.000.- |
| 15. | Til barnaskólabygginga | - 100.000.- |

x2. Kensla var hafin í nýja barnaskólanum síðastliðinn laugardag, 9. nóvember, og eru þar alls 20 deildir í 7 kenslustofum.

x2/ Á fund vantaði Guðm. Ásbjörnsson (veikur) og Ólaf Friðriksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

[illegible]

Pétur Halldórsson

Hallbjörn Halldórsson

Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, föstudaginn 14. mars hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram erindi Jóns Jónssonar og Sig. B. Runólfssonar um heimild til að
9/17 nota barnaskólahúsið gamla til gistingar og greiðasölu í vor um alþingishátíðina. Nefndin vísar til fyrri samþykktar í þessu efni í febrúarmánuði 1929.

M/9 2. Lögð fram skýrsla um skólaskyld börn í Landakotsskóla 1929-30.

M/12 3. Lögð fram skýrsla skólalæknis um barnaskóla Reykjavíkur 1928-29.

4. Umsókn frá Pálma Jósepssyni kennara um leyfi frá kenslu næsta
M/2 vetur með fullum launum til þess að kynna sér kenslu í landafræði, reikningi og eðlisfræði í Englandi. Nefndin mælir með þessu.

5. Umsókn frá Gísla Jónassyni kennara um utanfararstyrk ~~til~~ næsta sumar til þess að kynna sér
M/2 kenslumál og skólamál, m. a. notkun skuggamynda og kvik-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nyrra við kenslu. Skólanefndin mælir með því að umsækjanda verði veittur 1500 kr. styrkur sá sem veittur er til þessa á fjárhagsáætlun ársins 1930.

M/5 6. Rætt um að færa skólaskyldualdur barna í skólahverfinu niður í 8 ár. Ennfremur rætt um kaup á kensluáhöldum til nýja barnaskólans. Báðum þessum málum frestað og ákveðið að

M/14 biðja fræðslumálastjóra að koma á fund með nefndinni til viðtals um þessi mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson — Guðmundur Ásbjörnsson

Pétur Halldórsson — Sig. Jónsson

Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, þriðjudaginn 18. mars hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Fræðslumálastjóri sat fundinn.

1. Rætt um kaup á skólaáhöldum til nýja barnaskólans og kenslutækjum.
M/14 Ákveðið að fela Sigurði Jónssyni skólastjóra og Helga Elíassyni kennara að undirbúa og leggja fyrir skólanefnd tillögur um kaup á þessum hlutum, og er gert ráð fyrir að þeir fái utan í sumar til kaupa á áhöldunum. Fræðslumálastjóri hét aðstoð sinni við undirbúning málsins.

2. Skólanefndin leggur til að bæjar-
M/5 stjórnin æski heimildar fræðslumálastjórnarinnar til að færa skólaskyldualdurinn í Reykjavíkur skólahéraði niður í 8 ár.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Gudm. Ásbjörnsson

Hallbjörn Halldórsson.

Sig. Jónsson

[illegible]

Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, laugardaginn 7. júní, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Bæjarstjórn hefði falið nefndinni að afgreiða tilboð um ýmis verk við nýja barnaskólann.

   a. Málning á gluggum utanhúss. Samþykt að taka tilboði Jóhanns & Finnjóns á 1400 kr.

   b. Járnsmíði. Samþykt að taka tilboði Jóns Sigurðssonar á 4300 kr.

   c. Trésmíði. Samþykt að taka tilboði Árna Jónssonar á 2912 kr.

   d. Málning innanhúss. Samþykt að taka tilboði Ágústs Hákanssonar á 18000 krónur.

   e. Samkvæmt ákvörðun skólabyggingarnefndar frá 9. okt 1928 lagði fyrir frumdrætti að lágmyndum til skreytingar á skólahúsinu. Samþykt að taka tilboði Ásmundar Sveinssonar um að gera myndirnar eftir þessum frumdráttum hans fyrir 6500 krónur.

M/11

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson  Guðmundur Ásbjörnsson  Sig. Guðmundsson

Pétur Halldórsson  Sig. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, laugardaginn 14. júní hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra

1. Lagður fram reikningur Guðrúnar Sigmundsdóttur, 200 kr. fyrir meðhöndlun á Laufeyju Þorvaldsdóttur nemanda barnaskólans. Nefndin álítur að málið heyri undir fátækranefnd.

M/12

2. Tilkynnt að settir hafi verið fastir kennarar við barnaskólann frá 1. okt. síðastl.

M/2

Sigurður Sigurðsson og
Jón Eyjólfsson.

3. Lögð fram skýrsla skólastjóra um:

I vorpróf í Barnaskóla Reykjavíkur 1930 og skýrsla um fullnaðarpróf og ársprófs skólaskyldra utanskólabarna í Reykjavíkur skólahéraði, alls 29 blöð.

II Vorpróf óskólaskyldra utanskóla-barna í Reykjavík 1930, innlieft.

M/1

III Um barnaskóla Vigdísar Blöndal (móðurkynsla) 4 blöð.

IV Um barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1929-1930

Skýrslur I-III verða sendar til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fræðslumálastjórnar.

M/11 4. Samþykt var að gera nokkrar smá-
vægilegar breytingar á nýja barnaskólanum
innanhúss — að skilja í sundur í tvennt
tvö af herbergjum í skólahúsinu.

5. Fór skólanefndin þá í nýja barna-
skólann og hélt fundinum áfram.
Ákveðið að setja gúmí á gólf á göngum
og kenslustofum, en kork í öðrum
M/11 herbergjum. Samþykt að taka til-
boði Haraldar Árnasonar um gúmí
1/4 þuml. þykt á 29/50 pr. ferm. á göng og stiga
3/16 — — — 23/- — — á skólastofur.
en tilboði Halldór Guðjohnsen um Kork
(Espanko) á kr. d. 8.90 pr m² af Kork
og x þar í falið 11. lim með m².

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

KZimsen.

Hallbjörn Halldórsson. Sig. Guðmundsson Sig. Jónsson
Pétur Halldórsson Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, þriðjudaginn 17. júní, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/5 1. Samþykkt að fela skólastjóra að skifta börnum milli skólanna til skólagöngu eftir barnafjölda.

M/12 2. Samþykkt að auglýsa hjúkrunarkonustöðu við nýja ~~við~~ barnaskólann til umsóknar með fresti til 15. ágúst.

M/2 3. Samþykkt að auglýsa matreiðslukennarastöðu við nýja barnaskólann til umsóknar með fresti til 15. ágúst.

M/14 4. Skólastjóri lagði fram áætlun um kaup á skólaáhöldum og kensluáhöldum í nýja barnaskólann, og að nokkru í gamla skólann. Er áætlunarkostnaður um 63 þúsund krónur, ef keypt eru öll borðin í nýja skólann og í fimm stofur gamla skólans. Samþykkt að fela Sigurði Jónssyni skólastjóra og Helga Elíassyni kennara að annast kaupin, og fari þeir utan í því skyni hið fyrsta.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen

Hallbjörn Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson

Sig. Jónsson

Pétur Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, mánudaginn 30. júní hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

P/17 1. Ákveðið að kosta skemmtiför norrænna kennara sem staddir eru hér á kennarafundi austur yfir fjall á morgun.

2. Samþykt var að kaupa P.H.-lampa í barnaskólann nýja frá firmanu
M/11 Louis Poulsen & Co í Kbh. fyrir samtals um d.Kr. 10600.-, samkvæmt tillögu rafmagnsstjóra sem athugað hefir tilboð um þetta.

3. Tilkynning frá skólastjóra um að hann hafi skift börnum í skólahverfi á þenna hátt:

Frá sjó ráði Klapparstígur að Skólavörðustíg, þá Týsgata, Óðinsgata og Urðarstígur
M/5 að Njarðargötu, en síðan Njarðargata niður í Vatnsmýri. Börn sem heima eiga við Klapparstíg, Týsgötu, Urðarstíg og Njarðargötu og öll þau börn sem eiga heima austan og sunnan þessara takmarka sem hér hefir verið greint skulu eiga skólasókn í skólann við Vitastíg, en þau börn sem heima eiga við Óðinsgötu og vestan og norðan takmarkanna sæki skólann við Fríkirkjuveg.

4. Lagt fram bréf frá Aðalsteini Sigmundssyni kennara um styrk til að koma

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

R/2 á skólafélagsskap barnaskólabarna,
en fjárhagsnefnd hefir óskað umsagnar skóla-
nefndar um málið. Frestað.

5. Félagið Hvítabandið beiðist þess að það
fái til umráða (~~Sjóð skól~~) „Heilsuhælis-
M/10 sjóð skólabarna í Reykjavík“ sem nú
mun vera að upphæð nálægt 9000 kr.
Frestað að taka ákvörðun um málið.

6. Lagt fram bréf Helga Valtýssonar þar sem
hann býðst til að taka að sér unglinga
R/2 úr Reykjavík til sumardvala á Nesjavöllum
í Þingvallasveit. Skólanefndin treystist
ekki til að mæla með því að tilboðinu
verði tekið.

7. Lagt fram málið Matvælaráðsnefnda-
L/2 rinnar út af Kvennafundi sem haldinn
var í Nýja Bíó á Pálmasunnudag.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson.

Guðm. Björnsson

Sig. Jónsson

Peter Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, föstudaginn 11. júlí, hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. – Á fundi voru allir nefndarmenn nema Pétur Halldórsson, sem var veikur. Skólastjóri er erlendis.

1. Samþykt að auglýsa dyravarðarstöðuna við nýja barnaskólann lausa til umsóknar með ~~[illegible]~~ ~~sóknar~~ fresti til 15. ágúst — M/11

2. Lagt fram tilboð um lýsingu í barnaskólann nýja frá Raftækjaverzlun Íslands h.f. Verðið er 5500 íslenzkar krónur. Rafmagnsstjóri hefir athugað tilboðið og mælti á fundinum með. Tilboð þetta er um 9000 kr. lægra en tilboðið, sem nefndin ákvað að taka á síðasta fundi; og leggur því nefndin til ~~[illegible]~~ í samráði við rafmagnsstjóra, að þessu tilboði sé þá heldur tekið. — M/11

3. Lagt fram bréf frá Jóhannesi Guðmundssyni frá Teigi í Dalasýslu, þar sem hann býður að selja nýja barnaskólanum íslenzkt plöntusafn. Samþykt að leita umsagnar skólastjóra um tilboðið. — M/14

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson

Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, fimtudaginn 24. júlí hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram símskeyti frá Louis Poulsen þar sem hann býður 20% afslátt á P. H.-lömpum í barnaskólann (sjá fundargerð skólanefndar 30. júní).
M/11 Skólanefndin ákvað að hvika ekki frá tillögu sinni um kaup á lömpum frá Raftækjaverslun Íslands sbr. fund 11. júlí.

2. Samþykt að auglýsa skólastjórastöðuna við nýja barnaskólann,
M/11 með umsóknarfresti til 15. ágúst, og kennarastöður við skólann með sama fresti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson
Ólafur Friðriksson

Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, miðvikudaginn 27. ágúst hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/14 1. Skólastjóri lagði fram skrá um kaup herra Helga Elíassonar á áhöldum til barnaskólanna.

M/5 2. Tilkynning frá fræðslumálastjóra um að ráðuneytið hefir samþykt, að skólaskylda barna í Reykjavík verði færð niður til 8 ára aldurs.

M/14 3. Erindi frá D. Sch. Thorsteinsson lækni þar sem hann leytar kaup á skuggamyndum til notkunar við kenslu í heilbrigðisfræði. Skólastjóra falið málið til athugunar.

M/11 4. Lagt fram bréf frá Raftækjaverslun Íslands um klukkur í nýja barnaskólanum. Samþykt var að ~~fela~~ biðja þess rafmagnsstjóra að hann gefi nefndinni álit um klukkusamstæðu í skólann.

M/11 5. Lýsing barnaskólans. Samþykt var að kaupa til skólans lampa samkvæmt tilboði Raftækjaverslunar Íslands að undanteknum 60 lömpum í 10 skólastofur sem keypti skulu af Louis Paulsen (P.H. lampa) enda fáist þeir með tilboðsverði frá báðum firmum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Lagðar fram umsóknir um skólastjórastöðuna við nýja barnaskólann frá þessum mönnum:

3 Hallgrímur Jónasson, Vestmannaeyjum
1 Guðján Guðjónsson Rvík
Helgi Hjörvar –
Helgi Valtýsson –
Isak Jónsson –
Jóhann Sveinsson –
Konráð Kristjánsson –
Sigurður Thorlacius –
Steingrímur Arason –

M/2

Skólanefndin (4 menn) mælir með því, að Steingrími Arasyni verði veitt staðan.
Ólafur Friðriksson mælir með Sigurði Thorlacius, Steingrími Arasyni eða Helga Hjörvar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Rínsey.
Pétur Halldórsson
Hallbjörn Halldórsson
Guðm. Ásbjörnsson Ólafur Friðriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, laugardaginn 27. september hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjórans.

M/2 1. Lagt fram bréf fræðslumálastjóra dags. 23. sept. þar sem hann tilkynnir að ráðuneytið hafi með bréfi dags. 22. þ. m. sett Sigurð Thorlacius til að vera skólastjóri nýja barnaskólans frá 1. okt. þ. á. að telja.

2. Samkvæmt skýrslu skólastjóra, er gert ráð fyrir að kenslustundir í báðum barnaskólunum samtals nemi nema 2100-2130 á viku, og því muni þurfa 70-71 kennara við skólann, en nú eru kennarar 46.

Skólanefndin mælir með að þessir verði settir kennarar til eins árs frá 1. okt.:

M/2
- × Aðalsteinn Hallsson (Leikfimi)
- × Unnur Jónsdóttir (Leikfimi)
- × Unnur Briem (Teikning)
- Kristín Thoroddsen (Matreiðsla)
- × Guðm. I. Guðjónsson
- × Helgi Elíasson
- × Gunnar M. Magnússon
- × Bjarni Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Guðrún Pálsdóttir
× Einar Loftsson
× Ásgerður Guðmundsdóttir
× Oddný Sigurjónsdóttir
× Sigríður Guðmundsdóttir
× Jón Sigurðsson
× Vigdís Blöndal
× Ragnheiður Kjartansdóttir
× Stefanía Ólafsdóttir
× Þorgerður Einarsdóttir
— Hólmfríður Jónsdóttir
— Klemens Þorleifsson
— Þóra Tryggvadóttir
— Sigurður Runólfsson
— Helga Þorgilsdóttir —
— Páll Halldórsson
og Vignir Andrésson sem sundkennari
frá því x sundkensla byrjar.

Hallbjörn Halldórsson og Ólafur Friðriksson
mæla auk þess með
Guðm. Ragn. Ólafssyni

Ólafur Friðriksson mælir með þessum:
× Sigurvin Hjörleifsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6

— Hallfríður Hallgrímsdóttir
× Hannes M. Þórðarson
— Rósa Eggertsdóttir
× Ragnheiður Jónsdóttir
— Helgi Valtýsson
— Stefán Stefánsson
— Jóhannes Sveinsson frá Flögu
— Böðvar Pétursson,
— Júlíana Eiríksdóttir

3. Skólanefndin samþykkti að ráða
M/12 sem hjúkrunarkonu: Magdalenu
G/41 Guðjónsdóttur (með 4: 1 atkv.) og sem dyravörð við
nýja skólann Lúter Hróbjartsson, (með 3: 2 atkv.)

4. Beiðni frá gagnfræðaskólanum í Reykjavík
M/4 um leyfi til að nota smíðastofu barnaskólans við Fríkirkjuveg 4-6 stundir á viku.
Samþykkt.

5. Beiðni frá forstöðunefnd Kvennaskólans um heimild til afnota af leikfimishúsi barna-
M/4 skólans eina stund daglega. Samþykkt að heimila þetta frá kl. 7-8 á kvöldin.

6. Beiðni frá Knattspyrnufél. Rvíkur og frá glímu-
M/4 fél. Ármann um húsnæði í vetur til fimleikaæfinga. Samþykkt – með samráði við skólastjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

M/4 7. Erindi frá Karlakóri Reykjavíkur og frá stjórn Tónlistarskólans um húsnæði til kenslu í vetur. Falið skólastjóra til athugunar.

x

M/2 8. Samkvæmt beiðni Hallgr. Jónssonar kennara leggur skólanefndin til að hann kenni framvegis aðeins 3 stundir á dag, þar til öðruvísi verður ákveðið, en ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ líti eftir stundvísi í skólanum og vinni að því að samræma íslenskukenslu í skólanum í samráði við skólastjóra.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið

H. Hansen.

Guðm. Ásbjörnsson

Hallbjörn Halldórsson.

Pétur Halldórsson

Ólafur Friðriksson

Sig. Jónsson

Sigurður Thorlacius

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, laugardaginn 4. október hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tilkynning frá fræðslumálastjóra þess efnis, að ráðuneytið hafi með bréfi dags. 1. okt. sett eftirtalda kennara um 1 ár frá 1. okt. þ. á.

Aðalsteinn Hallsson v –
Unnur Jónsdóttir v –
Unnur Bjarnadóttir v –
Helga Sigurðardóttir –
Guðm. Guðjónsson v –
Helgi Elíasson v –
M/2 Gunnar M. Magnússon v –
Björn Bjarnason v –
Guðrún Pálsdóttir v –
Elías Loftsson v –
Ásgerður Guðmundsdóttir v –
Oddný Sigurjónsdóttir v –
Sigríður Guðmundsdóttir v –
Jón Sigurðsson v –
Vigdís Blöndal v –
Ragnheiður Kjartansdóttir v –
Stefanía Ólafsdóttir v –
Þorgerður Einarsdóttir v
Sigurvigi Hjörleifsson –
Hannes M. Þórðarson –
Ragnheiður Jónsdóttir og
Jón Norðmann Jónasson –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Skólanefndin leggur til að skip-
aðir verði fastir kennarar frá 1. okt. þ. á.:
Sigríður Hjaltadóttir
Jón Ísleifsson
Sigurður Sigurðsson
M/2 Nielsína Ásbjarnardóttir Arndal.
sem settir voru frá 1. október f. á., og
að í stað Guðjóns Guðjónssonar verði
settur frá 1. okt.
Þórarinn Einarsson.

3. Samþykt að leysa þá Ásgeir Magnús-
son og Guðmund Davíðsson frá kenslustörfum
í vetur, og ráði skólanefndin tímakennara
M/2 í þeirra stað í vetur með venjulegu
tímakaupi er greiðist af launum þeirra.

4. Bréf frá fræðslumálastjóra þar sem
þess er óskað, í samráði við skólastjóra Kenn-
araskólans, að skólanefndin heimili, að
kensluæfingar Kennaraskólans fari fram
í nýja barnaskólanum með þeim hætti
sem um semst með skólastjórum beggja
M/11 skólanna, gegn því að Kennaraskólinn
skuldbindi sig til þess að sjá fyrir
60 stunda kenslu á vetri og haldi þá
áfram greiðslu úr bæjarsjóði til æfinga-
stjórans, Steingríms Arasonar, með sama
hætti sem verið hefir, 1250 kr. á ári.
Verður Steingrímur Arason, að því er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

segi í bréfinu skipaður eftirlitsmaður með allri barnafræðslu í Reykjavík bráðlega.
Skólanefndin samþykkir að gera kost á þessu fyrirkomulagi í vetur.

5. Samþykt að þessir kennarar verði ráðnir til stundakenslu í vetur:

M/3

Páll Halldórsson,
Þóra Tryggvadóttir
Sigurður Runólfsson
Hólmfríður Jónsdóttir
Helga Þorgilsdóttir
Skúli Guðmundsson
Unnur Vilhjálmsdóttir (5 st. á viku)
Halla Jónsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Pétursdóttir

M/8

6. Heimilað að Sigríður Jónasdóttir Lindarg. 8B fái skólavist í 8. bekk barnaskólans í vetur þótt eldri sé 14 ára.

M/9

7. Samþykt að verða við beiðnum um að þessi börn megi njóta kenslu utan skólans í vetur:

Bergþór Sinai Óðinsgötu 5
Ludvig Hansen
Ólafur Pálsson Vesturg. 38
Aðalst. Sigurðsson Lindarg. 3.
Anna Sigríður Hoffsdóttir, Fjallalandi
Hólmfr. V. Kristjánsdóttir Rán. 13.
Friðrik Sigurbjörnsson Bárug. 23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhanna Gunnarsdóttir, Vatnsstíg 4
Jóhanna Fossberg Laugav. 27
Guðrún Sigfúsdóttir Laugav. 27
Gunnar Eggertsson Þing. 30
Óskar Þór Óskarsson Framnv. 10
Guðjón Ásgrímsson Holtsg. 20
Axel Thorsteinsson Sellandsstíg 20
Kristjana Norðmann Skovallag. 8.
Pálmi Möller Tjarnarg. 3
Kristín Ólafsdóttir Skólav. 18
Margrét Eyjólfsdóttir Hafn. 16.
sonur María Hannesdóttur Laugav. 7B
sonur Guðjóns Jónssonar Njálsg. 42

8. Beiðni frá starfsmönnum við vafnsaganga-stöðina sem eiga 6 skólaskyld börn, um 50-60 kr. mánaðar-styrk til skólahalds þar á næsta skólaári. Samþykt að veita til þessa 30 kr. á mánuði. (Guðm. Ásbjörnsson á móti).

R/2

9. Beiðni um húslán í barnaskólanum fyrir kenslu frá Rigmor Hanson og lögreglustjóranum vegna lögreglunnar til leikfimiskenslu. Skólanefndin vill ekki verða við beiðni Rigmor Hanson, en leggur til að lögreglustjóra verði heimilað húsnæði í leikfimissalnum eftir kl. 8 á kvöldin í samráði við skólastjóra.

M/4 M/2 M/2

Beiðni frá Kalaban K.F.U.M um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsnæði til söngæfinga. Samþykt að verða við beiðninni, sem og beiðnum Karlakórs Reykjavíkur og Hljómlistarskólans sbr. síðustu fundargerð. Skólastjóra falið að skipa þessu niður.

M/12 10. Samþykt að ráða Ólaf Helgason lækni sem skólalækni við Barnaskólann við Fríkirkjuveg í vetur, en Óskar Þórðarson sem lækni við Barnaskólann við Vitastíg.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Hinrey.
Hallbjörn Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson
Ólafur Friðriksson
Sig. Jónsson.
Pétur Halldórsson
Sigurður Thorlacius

Ár 1930, fimtudaginn 6. nóvember, hélt skólanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Fræðslumálastjóri tilkynnir, að Þórarinn Einarsson hafi verið settur kennari frá 1. október að telja. M/2
2. Ennfremur tilkynnir fræðslumálastjóri, að skipaðir hafi verið fastir kennarar við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. okt. að telja þau:

Sigríður Hjartardóttir,
Jón Þorleifsson,
Sigurður Sigurðsson og
Nielsína Ásbjarnardóttir.

M/2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá 1. nóv.

M/2 3. Skólanefndin leggur til, að ~~settur~~ verði fastur kennari í stað Einars G. Þórðarsonar, er andaðist 31. f. m., Helga Þorgilsdóttir. V

M/12 4. Lagt fram bréf frá Læknafélagi Íslands og Óskari skólalækni Þórðarsyni um, að skólalæknisstaðan sé auglýst. Talið rétt, að taka þetta til athugunar framvegis.

B/41 5. Samþykkt að greiða Erlendi Þórðarsyni kaup fyrir dyravörslu og þrif ... frá 1. júlí til 31. október, 250 kr. á mánuði, og færa á byggingarkostnaðarreikning.

B/42 6. Ólafur Friðriksson lagði til, að baðvarðarstöðurnar við barnaskólann nýja væru auglýstar nú þegar. Felt með 2 atkv. gegn 2, að afgreiða málið á þessum fundi.

M/11 7. Samþykkt að fallast á það samkomulag, sem orðið hefir milli borgarstjóra og Eimskipafélags Íslands um greiðslu á flutningsgjaldi fyrir skólaáhöld frá Hamborg með „Detti-foss".

M/3 8 Lagt fram bréf frá Hallgrími Þorsteinssyni fyrrv. söngkennara við barnaskólann.

M/4 9. Samþykkt að lána Elinborgu Þórðardóttur og Öglu Jacobsen kenslustofu þrjú kvöld í viku til kenslu í enskri hraðritun.

M/4 10. Samþykkt að leyfa skátafélaginu „Væringjar" að hafa leikfimisæfingar í leikfimishúsi Miðbæjarskólans á sunnudagsmorgnum.

M/4 11. Samþykkt að leyfa nokkrum mönnum um afnot af skólastofu til teikninámsskeiðs ~~við~~ og ~~Gu~~ Guðrúnu Þorsteinsdóttur aðra stofu til teiknikenslu.

M/4 12. Samþykkt að leyfa reikningskenslu að kvöldi í einni stofu Miðbæjarskólans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþykkt að veita undanþágu frá skólagöngu í barnaskólanum fyrir:

Jón Magnús Sigurðsson, Baldursg. 8,
Jóhönnu Jónsdóttur, Bergst.g. 21,
Björn Kalman, Grundarstíg 4,
Thor Thors, Grundarstíg 24,
M/9 Sigurð Jónsson, Vesturgötu 36,
Soffíu Kr. Theódórsdóttur, Vesturg. 38,
Jón Magnússon, Ingólfsstr. 9,
Halldór Magnússon, Skólav. stíg 28,
Þorstein Árnason, Bergstr. 30,
Ásgeir Pétursson, Suðurgötu 18,
Sigríði Ólöfu Steingrímsdóttur, Laufásvegi 73,
Klöru Kristinsdóttur, Grettisgötu 24, og
Áslaugu Egilsdóttur, Laugavegi 46 a.

enda njóti þau fullgildrar kenslu í öðrum skólum.

R/2 14. Lagt fram bréf frá fræðslumálastjóra um kvikmyndasýningar fyrir skólana í Reykjavík. Málinu frestað.

L/2 15. Lagt fram bréf frá Hallgrími Jónssyni formanni kennarafélagsins, Sigurði Jónssyni og Sigurði Thorlacius skólastjórum um útivist barna á kvöldin. Málinu frestað til næsta fundar.

C/41 16. Lagt fram bréf frá aðalumsjónarmönnunum við kenslu í Miðbæjarskólanum um ráðningu gæslumanns við dyr ~~barna~~skólans. Málinu frestað til næsta fundar vegna fjárhagshliðar þess.

M/12 17. Samþykkt að greiða reikning Jóni Kristjánssyni fyrir nuddlækningu veitta Guðm. Guðmundssyni, Grettisgötu 43 með 100 kr. gegn fullnaðar kvittun.

M/14 18 Samþykkt ~~Fleira~~ að kaupa kenslumyndir í heilbrigðisfræði af Davíð Sch. Thorsteinsson lækni

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.
Hallgr. Halldórsson
Ólafur Friðriksson
Guðm. Ásbjörnsson
Sig. Jónasson
Sigurður Thorlacius

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1930, þriðjudaginn 18. nóvember, hélt skólanefndin fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Tekin fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið ~~(1930)~~ 1931 og leggur nefndin til, að þessar fjárhæðir verði veittar til skólahalds:

| | |
|---|---|
| 1. Laun kennara | kr. 100 000,00 |
| 2. Heilbrigðiseftirlit og Tannlækningar | — 16,000,00 |
| 3. Starfrækslu baðhúsa | — 6000,00 |
| 4. Hiti og gas | — 25000,00 |
| 5. Laun umsjónarmanna | — 7000,00 |
| 6. Ræsting | — 17000,00 |
| 7. Skólaeldhús | — 5000,00 |
| 8. Til áhaldakaupa | — 3000,00 |
| 9. Bókasafn kennara | — 2000,00 |
| 10. Lýsisgjafir | — 6000,00 |
| 11. Viðhald húsa og lóða | — 10000,00 |
| 12. Til sumarskólahalds | — 1000,00 |
| 13. Ýmis gjöld skólans | — 20000,00 |
| 14. Til barnaskólabyggingar við Vitastíg | — 150000,00 |

R/7

2. Samþykkt að heimila gagnfræðaskólanum í Reykjavík afnot af kennslustofu í barnaskólanum við Fríkirkjuveg til esperanto-kennslu. — Beiðni gagnfræðaskólans um kennslustofur síðdegis í nýja barnaskólanum var ekki unnt að verða við sakir húsnæðisleysis, en leikfimissalir ekki tilbúnir.

M/4

R. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson.

Pétur Halldórsson

Sigurður Thorlacius

Sig. Jónsson.

Guðmundur Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1931, laugardaginn 18. apríl hélt skólanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

M/12 1. Lögð fram skýrsla um barnaskólana veturinn 1929-30.

M/2 2. Tilkynning frá fræðslumálastjóra um að Helga Þorgilsdóttir hafi verið sett kennari frá 1. okt. þ.á. að telja.

M/2 3. Tilkynning frá fræðslumálastjóra um að nú séu 70 kennarar settir og skipaðir við barnaskólana í bænum og sé það í samræmi við fjölda skólaskyldra barna í bænum.

M/2 4. Lagðar fram umsóknir um fasta kennarastöðu frá Hólmfríði Jónsdóttur, Helgu R. Jónsdóttur og Vigni Andréssyni (frá nýjári síðasta).

M/2 5. Umsókn frá Konráði Kristjánssyni um að hann verði skipaður yfirkennari við Austurbæjarskólann. Nefndin vill ekki gera ákvarðanir um þetta að svo stöddu.

M/3 6. Bréf frá Steingrími Arasyni um að skólanefndin láti greiða fyrir hann gjald fyrir kenslustundir þær er hann hefir afsalað sér vegna eftirlits í skólanum.
Skólanefndin lítur svo á að ríkissjóði beri að greiða þetta fé.

R/2 7. Samþykt að leggja til við bæjarstjórn að greiða nú í þessu ári 200 kr. fyrir kenslu barnsins Rósu Guðmundsdóttur í Austurhlíð, sem er blind, en verður 8 ára í október næstkomandi. Fræðslumálastjóri tilkynnir að ríkissjóður muni greiða jafn háa upphæð í þessu skyni. Sig. Thorlacius skólastjóra falið að hafa eftirlit með kenslu barnsins og að ráða kennara.

8. Lagt fram bréf frá fræðslumálastjóra um prófdómendur við vorpróf.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ákveðið að skipa prófdómendur við fullnaðar-
próf við barnaskólana og ársprof utanskólabarna:

Steingrímur Arason — Ólafur Marteinsson mag art —
Svafa Þórleifsdóttir skólastj. — Kristinn Ármannsson —
Sveinn Stefánsson — Sigurður Pálsson stud theol —
Kristbjörg Eggertsdóttir — Valgeir Skagfjörð stud theol —
Garðar Svavarsson stud theol. — Guðrún Jóhannsdóttir —
Fríða Hallgríms kennari — Guðm. Gíslason kennari —
M/5 Kristinn Stefánsson cand theol. — Þorst. L. Jónsson stud theol. —
Björn Guðfinnsson stud mag — Jón M. Guðjónsson stud theol —
Sóli Brynjólfsson stud theol. — Garðar Þorsteinsson stud theol —
Bergur Björnsson cand theol. — Anna Bjarnadóttir kennari —
Þórarinn Jónsson kennari — Fanney Jónsdóttir leikfimik. —
Áslaug Guðmundsdóttir frú — Ríkharður Jónsson listam. —

Ákveðið að greiða kr. 2.- um klukkutímann
fyrir prófdómarastörf.

Á fund vantaði Ólaf Friðriksson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Hansen.

Pétur Halldórsson Sig. Jónsson.

Guðm. Ásbjörnsson

Hallbjörn Halldórsson.

Sigurður Thorlacius

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjav



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur